# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

280. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 26. NÓVEMBER 2016




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ekki bíta á jaxlinn

**Hver hughreystir þá sem hugga? Stefán Pétursson, formaður Landssambands slökkviliðsmanna, segir lífsnauðsynlegt að takast á við áföll í starfi.** →28



### Kallaðir mamma og pabbi →52



### Örlög íslenskra kvenna og karla í stríðinu →32



### Föstufæði á aðventu →56

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK ● JÓLABAKSTUR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**Margt smátt ...**

Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar fylgir Fréttablaðinu í dag!

Hjálparstarf kirkjunnar



SMÁRALIND



JÓLASPRELL Í SMÁRALIND

TENDRUM LJÓS OG KVEIKJUM GLEÐI KL. 14 Í DAG

SJÁÐU DAGSKRÁNA Á BLS. 14-15

TENDRUM LJÓSIN

KLUKKAN 15 Í DAG

Kringlan

## Veður




Breytileg átt, víða hæg en norðvestanstrekkingur og stöku él við norðausturströndina. Vaxandi suðaustanátt og hlýnar sunnan- og vestanlands þegar líður á daginn. SJÁ SÍÐU 70

# CNN sýndi klám í hálftíma

**BANDARÍKIN** Fréttastöðin CNN sýndi óvart klám í hálftíma aðfaranótt gærdagsins þegar til stóð að sýna nýjan þátt ferðamannsins og matgæðingsins Anthony Bourdain í þáttaröðinni Parts Unknown.

Það voru þó ekki allir Bandaríkjamenn sem þurftu að sitja undir klámsýningu CNN en mistökin náðu eingöngu til áhorfenda stöðvarinnar í borginni Boston í Massachusettsríki.

CNN átti þó ekki sök á mistökunum en sjónvarpsveitan RCN frá New Jersey endurvarpar útsendingum CNN til íbúa Boston.

Hvorki CNN né RCN tjáðu sig í gær um mistökin né báðust afsökunar á að varpa klámi inn á heimili fjölmargra Bandaríkjamanna. **– þea**



**Yfirborgarstjórinn vill hætta að borga fyrir dósirnar** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fái ekki greitt fyrir dósir sínar

**DANMÖRK** Fátækir innflytjendur eiga ekki lengur að geta aflað sér viðurværis með því að fá greitt fyrir dósir sem þeir safna. Þetta er mat yfirborgarstjóra Kaupmannahafnar, Franks Jensen. Bann við slíku muni koma í veg fyrir að fátækir útlendingar komi til borgarinnar og haldi til í almenningsgörðum og úti á götum. Því fylgi nefnilega hávaði og óöryggi.

Samkvæmt frétt Politiken leggur yfirborgarstjórinn til að eingöngu verði hægt að nota kvittun fyrir dósir og flöskur til að greiða fyrir vörur í þeirri verslun þar sem þeim var skilað og þá mögulega innan einnar klukkustundar. **– ibs**

# Gengið gegn ofbeldi



**Ljósaganga UN Women fór fram í gær, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women ásamt öðrum samtökum eru í forsvari fyrir. Yfirskrift göngunnar í ár var Konur á flótta.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bætir Søstrene Grene í safnið

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Greenwater sem á og rekur verslanirnar Húsgagnahöllina, Dorma og Betra bak hefur keypt einkahlutafélagið Kiosk sem rekur verslanir Søstrene Grene á Íslandi. Samkeppniseftirlitið hefur fallist á kaupin.

Í niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins segir að samrunaaðilarnir, Greenwater og Kiosk, starfi á sömu mörkuðum. Hins vegar hafi ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiði til þess að samrunaaðilar hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu á mörkuðum fyrir annars vegar smásölu á húsgögnum eða hins vegar smásölu á smávöru með samruna þessum.

Þess vegna séu engar vísbendingar um það að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Því sé ekki ástæða til að ógilda hann eða setja skilyrði vegna hans. **– sg**

# Katrín reyndi við Sjálfstæðismenn

**Stjórnmálamenn eru dasaðir eftir að síðustu stjórnarmyndunarviðræður runnu út í sandinn. Enginn fer með stjórnarmyndunarumboðið. Forseti Íslands segir að nú verði stjórnmálamenn að rísa til ábyrgðar. Óformlegar viðræður í gangi.**

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, ræddi við Bjarna Benediktsson um mögulegt stjórnarsamstarf með þriðja flokki áður en hún skilaði umboðinu til forseta Íslands fyrir hádegi í gær. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en jafnframt að Bjarni hafi hafnað tilboðinu þegar ekki kom til greina hjá Katrínu að setjast niður með Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki sem þriðja hjólinu. Katrín á að hafa lagt til þriggja flokka stjórn með Samfylkingu eða Pírötum þar sem Björt framtíð og Viðreisn hafa ekki slitið samstarfi sínu enn sem komið er.

Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur gætu myndað þriggja flokka meirihluta á Alþingi með öllum þingflokkum en samanlagt vantar þá aðeins einn þingmann upp á til að hafa meirihluta á þingi.

Þegar viðræður Vinstri grænna, Viðreisnar, Samfylkingar, Pírata og Bjartrar framtíðar runnu út í sandinn á miðvikudag reyndi Katrín að bjóða Framsóknarflokknum inn í stað Viðreisnar. Björt framtíð hafnaði þó að slíta samstarfinu við Viðreisn og Píratar útilokuðu Framsóknarflokkinn enn einu sinni. Þá hafði Katrín samband við Bjarna með áðurnefndri niðurstöðu áður en hún tók ákvörðun um að skila umboðinu til forseta.

Að loknum fundi forseta og Katrínar ræddi Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands við fjölmiðla og tilkynnti að enginn fengi stjórnarmyndunarumboðið enn um sinn. Óformlegar viðræður formanna á þingi verði að eiga sér stað og stjórnmálamenn þurfi að rísa undir þeirri ábyrgð sem þeim er lögð á herðar.



**Katrínu Jakobsdóttur mistókst að mynda ríkisstjórn á meðan hún hafði stjórnarmyndunarumboðið. Hún kannaði þrjá möguleika áður en hún gekk á fund forseta og skilaði umboðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**28**

**dagar eru frá kosningum.**

Gærdagurinn var þó helst til tíðindalítill. „Það virðist vera þannig að þegar upp úr slitnar þá er fólk dasað fyrst á eftir. Alla langaði til að þetta gengi en svo gekk þetta ekki og þá eru menn einhvern tíma að jafna sig,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. Viðreisn hefur nú þegar tekið þátt í báðum stjórnarmyndunarviðræðunum en án árangurs. „Ég var mjög bjartsýnn í upphafi beggja viðræðna en kannski á maður eftir að læra væntingastjórnun.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir ljóst að nú geti ekki allir fengið sínar ýtrustu kröfur uppfylltar. Þrátt fyrir heitstrengingar fyrir kosningar verði að horfast í augu við hver vilji kjósenda hafi verið. „Sjálfstæðisflokkurinn og VG eru á sitthvorum pólnum í stjórnmálum en það getur komið til þess að þeir þurfi að ná saman um ákveðin málefni ef önnur módel ganga ekki upp.“

Í síðustu viðræðum steytti á skattahækkunarhugmyndum Vinstri grænna. Guðlaugur segir öllum ljóst hver skattastefna Sjálfstæðisflokksins sé. „Ég held að nú þurfi fólk að draga andann djúpt. Þetta er búið að fara í nokkra hringi og það er ágætt að allir fari að hreinsa hugann og meta hvernig er best að gera þetta.“

snaeros@frettabladid.is



Í DAG KLUKKAN
15.00

# TENDRUM LJÓSIN

**Það verður töfrandi** jólastemning við jólatréð í Kringlunni þegar Afi, Íþróttaálfurinn og Solla stirða tendra ljósin á jólatré Kringlunnar.

**Árleg pakkasöfnun** Kringlunnar í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands hefst.



PÓSTURINN
Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Kringluna, sendendum að kostnaðarlausu.

GLEÐI
AFI, SOLLA OG ÍÞRÓTTAÁLFURINN

Kringlan
Af öllu hjarta

Opið Laugardag 10–18
Sunnudag 13–18

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 20.11.2016-26.11.2016

**60.616 kr.**
fá atvinnulausir í **desemberuppbót.**

**175 milljarða**
gætu bankarnir greitt til eigenda sinna ef krafa um **eigið fé** þeirra væri **lækkuð.**

**100%**
nýting er á sjúkrarýmum á LSH – en **85% nýting er talin ásættanleg** um allan heim.

**82,7**
ÁR ERU LÍFSLÍKUR ÍSLENDINGS

**500 umsóknir**
hafa borist Mæðrastyrks-nefnd Reykjavíkur um jólaúthlutun.

**8 einstaklingar**
hafa verið ákærðir af lögreglu fyrir haturs-orðræðu.

**444.000**
fleiri **ferðamenn** koma til Íslands árið 2017, gangi spá Isavia eftir.

## Þrjú í fréttum
## Kennarar, jólaúthlutun og gjafsókn

**Valgerður Eiríksdóttir,**
*kennari í Fellaskóla,*



sagði alvarlega stöðu blasa við. Þegar fleiri og fleiri kennarar segi upp störfum sé skólastjórum stillt upp við vegg. Þeir þurfi að ráða inn leiðbeinendur sem sé alls ekki gott. „Við kennarar erum þó búnir að fara á fleiri fleiri námskeið í bekkjarstjórnun og í agastjórnun og í öllu þessu. Og ég hef alveg séð leiðbeinendur koma inn og rústa heilum bekk.“

**Anna H. Pétursdóttir,**
*formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur,*



sagði yfir 500 umsóknir hafa borist um jólaúthlutun. Færri fjölskyldur hefðu komið nú en í fyrra það sem af er umsóknartímabilinu. Einstaklingum hefði þó ekki fækkað og flóttamönnum hefði fjölgað. Hægt er að sækja um jólaúthlutun í tvö skipti í viðbót, 28. nóvember og 5. desember. Alls sóttu 1.600 heimili í fyrra um jólaúthlutun.

**Reimar Pétursson,**
*formaður Lögmannafélags Íslands,*



kvaðst þekkja dæmi þess að lögmenn hefðu hætt þjónustu við hælisleitendur. Dæmi væru um menn sem hefðu lengi unnið að málaflokknum og náð miklum árangri treystu sér ekki til þess af tilliti til eigin velferðar. Rauði krossinn segir ganga illa að fá gjafsókn fyrir hópinn.

# Viðhald situr á hakanum á yfirfullum deildum Landspítala

**Níu legudeildir Landspítalans þurfa nauðsynlega á viðhaldi að halda. Spítalinn er hins vegar svo troðinn að ekki er hægt að skáka starfsemi til svo viðhald sé mögulegt. Þótt fjármagn fáist er ekki gefið að hægt sé að nýta það. Flest hús spítalans eru 50 til 80 ára gömul. Vatns- og skólplagnir farnar að gefa sig.**



**Svo þröngt er setið á LSH að viðhald eldra húsnæðis er háð uppbyggingu nýja spítalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**HEILBRIGÐISMÁL** Viðhald á mörgum af legudeildum Landspítalans er orðið mjög aðkallandi, enda húsnæðið áratuga gamalt. Allt húsnæði spítalans er hins vegar svo gjörnýtt að erfitt er að koma við viðhaldi innanstokks, því það er ekki hægt að flytja starfsemi legudeildanna annað.

Aðalsteinn Pálsson, deildarstjóri fasteignadeildar Landspítalans, segir viðhald utanhúss á mörgum af stærri húsum Landspítalans hafa staðið yfir undanfarin ár. Það er ekki beinlínis tengt fréttum af myglu og heilsutengdum vanda starfsmanna spítalans en þekkt mygluvandamál hafa verið í aðalbyggingu og á geðdeild spítalans við Hringbraut, endurhæfingardeildinni á Grensás og víðar.

Þá hefur viðhald innanhúss einnig verið í gangi undanfarin ár, þar á meðal í aðalbyggingunni, einni álmu kvennadeildar og geðdeildarbyggingunni við Hringbraut, Barna- og unglingageðdeildinni á Dalbraut og í húsnæði endurhæfingardeildarinnar við Grensás.

„Síðan erum við að vinna ýmis smærri verkefni vegna lagna sem hafa gefið sig. Skýringin er sú að stærsti hluti okkar húseigna er fimmtíu til áttatíu ára gamall – og fermetrarnir eru um 150.000. Því hefur mátt rekja staðbundnar rakaskemmdir til bilana í lagnakerfum. Uppbygging húsanna frá þessum árum er þannig að leki getur hafa verið að grassera í langan tíma áður en hann kemur fram,“ segir Aðalsteinn og bætir við að oft þurfi að ljúka framkvæmdum utanhúss áður en viðhald hefst innanhúss – en það viðhald er langt á eftir áætlun eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Er þar búið að framkvæma fjórðung af því sem áætlun verkfræðistofunnar Eflu gerði ráð fyrir árin 2014 til 2016.

„Vandinn hjá okkur er að spítalinn er svo yfirfullur af starfsemi að erfitt eða útilokað er að loka af heilu hæðunum í nægilega langan tíma til að sinna viðhaldi. Það setur okkur afar þröngar skorður. Nefna má átta til níu af legudeildum okkar sem við höfum skoðað sérstaklega með tilliti til aldurs og ástands. Þar erum við með starfsemi allan sólarhringinn, alla daga ársins. Þær ættu að vera komnar í endurnýjun fyrir nokkru síðan, enda orðnar 35 til 40 ára gamlar og hafa ekki fengið æskilega endurnýjun, og þar er því allt orðið slitið hvort sem það eru innréttingar eða hreinlætistæki og slíkt. Við erum að lenda í því að skólp- og vatnslagnir eru að gefa sig eins og vænta mátti,“ segir Aðalsteinn og játar því að hendur þeirra sem sinna viðhaldi séu í raun bundnar þangað til nýtt húsnæði spítalans rís.

„Við gátum þetta fyrst eftir sameiningu spítalanna – þá var borð fyrir báru. Síðan hefur starfsemi spítalans fyllt upp í hvert rými sem gerir viðhaldsvinnuna erfiðari. Þess vegna safnast verkefnin upp. Þó að fjármunir til viðhaldsins fáist þá komumst við illa að, vegna þess hversu mikil starfsemi er í húsunum,“ segir Aðalsteinn.

svavar@frettabladid.is

> **Vandinn hjá okkur er að spítalinn er svo yfirfullur af starfsemi að erfitt eða útilokað er að loka af heilu hæðunum í nægilega langan tíma til að sinna viðhaldi.**
>
> Aðalsteinn Pálsson, deildarstjóri fasteignadeildar Landspítalans

### 110% nýting – 85% er æskilegt

- Rúmanýting á Landspítalanum er komin langt yfir þau viðmið sem alþjóðlega teljast ásættanleg.
- Viðmiðið á Landspítalanum og öllum sambærilegum sjúkrahúsum í heiminum er um 85 prósent rúmanýting.
- Samkvæmt samantekt sem unnin var fyrir Fréttablaðið hefur rúmanýtingin nú í nóvember hins vegar verið 100 prósent á spítalanum í heild og farið svo hátt sem 102 til 110 prósent á einstökum sviðum og hæst á flæði-, lyflækninga- og skurðlækningasviði.
- Þessar tölur þýða í raun gangainnlagnir, verri þjónustu og minna öryggi – ekki síst vegna aukinnar sýkingarhættu.




HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# 25-40% afsláttur

## Allar seríur og jólaljós

Opið til **21:00** SKÚTUVOGI Alla daga til jóla



**Latibær** skemmtir kl. 14:00 laugardag

## Aðventuhátíð í Skútuvogi




Verðdæmi:
**Samtengjanlegar 100 ljósa LED útiseríur**
Margir litir
**3.900kr** ~~5.990kr~~
14500294-297
**35% afsláttur**



**1.190kr** ~~1.990kr~~
Aðventuljós
7 ljósa.
14500400-403
**40% afsláttur**



**Jólastjarna**
Stór og flott
**999kr** ~~1.990kr~~
**49% afsláttur**



**25% afsláttur** af gervijólatrjám



KAFFI GARÐUR
**Jólahlaðborð Skútuvogi**

Helgar: **13:00-20:00**
Virka daga: **17:00-20:00**
Aðeins: **1.980kr**
Börn 10 ára og yngri: **500kr**

## Latibær í dag

Íþróttaálfurinn úr Latabæ skemmtir börnunum í Skútuvogi kl. 14:00 í dag.

## Jólasveinar

Jólasveinar skemmta börnunum kl. 15-16 í Skútuvogi í dag.



## Jólalandið

í Skútuvogi hefur glatt börn og fullorðna í áratugi.



# Ógilding MS-sektar í dóm

**DÓMSMÁL** Samkeppniseftirlitið tilkynnti í gær að það muni höfða dómsmál til að fá hnekkt þeim úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála að fella úr gildi 440 milljóna króna sekt á MS sem Samkeppniseftirlitið ákvað vegna markaðsmisnotkunarfyrirtækisins.

„Miðar sú málshöfðun að því að fá úr því skorið hvort bann samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu taki að fullu til MS. Jafnframt verði fengin fullnaðarúrlausn um hvort fyrirtækið skuli sæta fullri ábyrgð vegna þeirrar háttsemi sem fjallað er um í málinu og Samkeppniseftirlitið hefur metið sem alvarleg brot gegn minni keppinautum,“ segir í tilkynningunni frá í gær. Brýnt sé að tryggja, eins og unnt sé, að á mjólkurmarkaði sé til staðar sú réttarvernd sem felist í bannreglu 11. gr. samkeppnislaga. Meirihluti áfrýjunarnefndarinnar hafi stórlega dregið úr þeirri vernd.

**MS hefur því örlög þessara smærri fyrirtækja í hendi sér.**

Úr tilkynningu Samkeppniseftirlitsins

„Á grundvelli undanþágu frá samkeppnislögum er MS í einstakri yfirburðastöðu á mjólkurmarkaði. Smáir framleiðendur á mjólkurvörum geta ekki starfað án þess að kaupa hrámjólk af MS/Auðhumlu og á sama tíma er MS helsti keppinautur þeirra í sölu á þeim vörum. Þessi staða er afar viðkvæm í samkeppnislegu tilliti. MS hefur því örlög þessara smærri fyrirtækja í hendi sér.“ – **gar**



**Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**

Umsóknir fyrir jólaaðstoð verða dagana **28. nóvember og 5. desember** á milli kl 10 og 12 í Hátúni 12b.

**Sýna þarf skattframtal 2016.**






**Jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins**

**Verður haldinn laugardaginn 26. nóvember frá kl. 13-16 í húsi Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9.**

**Á boðstólum verða fallegar handunnar prjónavörur, munir sem tengjast jólunum og heimabakaðar gómsætar tertur.**

**Allur ágóði af sölunni rennur óskiptur til mannúðarmála, innanlands.**

**Allir hjartanlega velkomnir og hvattir til að taka með sér gesti.**

**Nánari upplýsingar á www.raudikrossinn.is/reykjavik**

Rauði krossinn Reykjavík - Kvennadeild




# Berbrjósta mótmæli



Meðlimir samtakanna Femen kröfðust þess í gær fyrir utan dómhús í París, berbrjósta að sið samtakanna, að Jacqueline Sauvage yrði látin laus. Áfrýjunardómstóll í borginni úrskurðaði í gær að hún myndi ekki fá reynslulausn. Sauvage var dæmd í tíu ára fangelsi fyrir að myrða eiginmann sinn sem beitti hana ofbeldi. NORDICPHOTOS/AFP

**Fjöldi látinna í bílslysum**




# Mikil fjölgun banaslysa í umferðinni síðustu ár

**Aukna umferð má rekja til fjölda ferðamanna og að efnahagsástand hefur lagast eftir hrun. Banaslys síðustu tveggja ára eru langt yfir meðaltali fimm ára á undan. Brýnt að merkja vegi vel og búa svo um hnúta að þeir séu öruggir fyrir alla.**

**UMFERÐ** Fimmtán manns hafa látið lífið í umferðarslysum það sem af er ári. Á síðasta ári létust sextán manns í umferðinni. Banaslys síðustu tvö ár eru mun fleiri en meðaltal fimm áranna á undan. Á tímabilinu 2010 til 2014 var meðaltal dauðsfalla í umferðinni innan við tíu á ári.

„Þessi þróun er vegna aukinnar umferðar sem má rekja til breytts efnahagsástands en aðallega vegna aukinnar ferðamennsku,“ segir Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri umferðarslysasviðs hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Ágúst segir aukna umferð víða um land og á sumum vegum hefur bílaumferð tvöfaldast á síðustu árum. „Við höfum ekki séð eins marga erlenda ferðamenn lenda í banaslysum á þessu ári miðað við árið í fyrra. Engu að síður hefur hlutfall erlendra ferðamanna sem lenda í alvarlegum umferðarslysum ekki dregist saman,“ segir Ágúst.

**Því er brýnt að merkja vegi vel og búa svo um hnúta að þeir séu öruggir fyrir alla.**

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri umferðarslysasviðs hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa



Í fyrra komu sjö erlendir ökumenn við sögu í banaslysum. Sex þeirra létust en einn þeirra var valdur að banaslysi sem var rakið til gáleysis við akstur. Á árinu sem er að líða hafa tveir erlendir ferðamenn beðið bana í umferðinni.

Síðan bílaumferð hófst á Íslandi, fyrir um það bil 100 árum, hafa rúmlega 1.500 manns látist í umferðinni. Á árunum fyrir 2006 voru dauðsföllin sjaldan færri en 20 á ári en banaslysum hefur fækkað mjög á síðustu tíu árum.

Rannsóknarnefndin hefur lagt áherslu á margþættar aðgerðir til þess að auka öryggi í umferðinni. „Það þarf að auka eftirlit og löggæslu. Hingað koma erlendir gestir sem hafa ekki ekið á vegunum hér áður og þekkja því hvorki aðstæður á vegum né umferðarlögin. Því er brýnt að merkja vegi vel og búa svo um hnúta að þeir séu öruggir fyrir alla,“ segir Ágúst.

Þá segir Ágúst hraðakstur og vanrækslu við bílbeltanotkun standa upp úr í rannsóknum nefndarinnar á banaslysum. Síðustu ár hafi þó dregið úr slysum af völdum ölvunar- og lyfjaaksturs en þó megi rekja tvö dauðaslys á síðustu fjórum árum til ölvunaraksturs. Grunur er um að tvö banaslys á þessu ári séu af völdum ölvunaraksturs.

„Því miður er ölvunar- og lyfjaakstur fyrirbæri sem ekki er búið að skjóta loku fyrir,“ segir Ágúst Mogensen. **thorgeirh@frettabladid.is**


OUTLET
AUKA 30%
AFSLÁTTUR*
Í HAGKAUP
HOLTAGÖRÐUM
DAGANA 24.-28. NÓVEMBER
*Gildir ekki af snyrtivörum, ritföngum og DVD.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






Tveir fyrrverandi forsætisráðherrar, Francois Fillon og Alain Juppé, keppa um að verða forsetaefni Lýðveldissinna, stærsta hægri flokks Frakklands. NORDICPHOTOS/AFP

# Tveir reynsluboltar keppa um útnefningu

Hægri menn í Frakklandi velja sér forsetaefni á morgun. Valið stendur á milli François Fillon og Alain Juppé. Sem stendur bendir flest til að sigurvegarinn verði næsti forseti Frakklands. Sósíalistar eiga enn eftir að velja sitt forsetaefni.

**FRAKKLAND** Á morgun verður efnt til seinni umferðar forvals Flokks lýðveldissinna í Frakklandi, þar sem tveir fyrrverandi forsætisráðherrar keppa um að verða forsetaefni flokksins.

Þeir Alain Juppé og François Fillon mættust í sjónvarpskappræðum á fimmtudagskvöld, og þótti Fillon hafa staðið sig betur.

Fillon er gallharður frjálshyggjumaður sem lofar að gefa Frökkum raflost verði hann forseti. Raflostið eigi að gagnast fyrirtækjum, sem lengi hafa kvartað undan íþyngjandi regluverki sem hindri sveigjanleika í rekstri.

Juppé þykir frjálslyndari. Hann hefur varað við harkalegum umbótum sem myndu ekki skila tilætluðum efnahagsárangri. Hann hefur einnig verið opnari fyrir fjölmenningu og réttindum minnihlutahópa.

Samkvæmt skoðanakönnunum á Fillon meiri möguleika á sigri.

**23.** apríl fara fram forsetakosningar í Frakklandi.

Honum er spáð 65 prósentum atkvæða í forvalinu á morgun.

Hann er einnig talinn eiga meiri möguleika en Juppé í forsetakosningunum, sem haldnar verða 23. apríl næstkomandi.

Nicolas Sarkozy, fyrrverandi forseti, náði ekki nógu miklu fylgi í fyrri umferð forvalsins til að komast í seinni umferðina. Það kom nokkuð á óvart, en hann er þar með úr leik.

Sósíalistar, sem nú fara með stjórn landsins, eiga enn eftir að velja sér forsetaefni. Forval þeirra verður í janúar.

François Hollande, núverandi forseti, hefur enn ekki tekið af skarið um hvort hann gefi kost á sér.

Skoðanakannanir spá honum engum yfirburðasigri og reyndar þykir Sósíalistaflokkurinn enn sem komið er varla hafa roð við Lýðveldissinnum, hver svo sem frambjóðandi þeirra verður.

Ekki mælist þjóðernissinninn Marine Le Pen heldur með nógu mikið fylgi til að geta gert sér raunhæfar vonir um forsetaembættið.

Fylgi hennar hefur samt verið að aukast töluvert og óvæntar niðurstöður forsetakosninga í Bandaríkjunum og Brexit-kosninganna í Bretlandi hafa magnað upp óvissuna.

Hún þykir að minnsta kosti eiga góða möguleika á að komast í gegnum fyrri umferð forsetakosninganna, þannig að kjósendur þurfi að velja á milli hennar og frambjóðanda Lýðveldissinna, hvort sem það verður Fillon eða Juppé, í seinni umferðinni. **gudsteinn@frettabladid.is**

# Breyttur friðarsamningur kynntur

**KÓLUMBÍA** Nýr friðarsamningur, sem Kólumbíustjórn hefur gert við FARC-skæruliðahreyfinguna, verður borinn undir þjóðþing landsins.

Ekki verður efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu að þessu sinni, en þjóðin hafnaði fyrri samningi í kosningu í byrjun október. Sá samningur varð engu að síður til þess að Juan Manuel Santos forseti og Rodrigo Londono, leiðtogi FARC, fá friðarverðlaun Nóbels þetta árið.

Nóbelsnefndin, sem tilkynnti um úthlutunina stuttu eftir að samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu, segist hafa tekið þessa ákvörðun til að styðja við friðarferlið í von um að áfram yrði unnið að samningi.

Gerðar hafa verið ýmsar breytingar á ákvæðum samningsins, en andstæðingar hans segja að sum af helstu gagnrýnisatriðunum eigi enn við. Þar á meðal er í samningnum enn þá ákvæði um að liðsmenn FARC geta tekið sæti á þingi, jafnvel þótt þeir hafi brotið landslög.

Fastlega er reiknað með því að þingið samþykki samninginn þegar hann verður tekinn fyrir.

Það gerist líklega í næstu viku, enda er stjórnin með öruggan meirihluta á þinginu. **– gb**



Jose Manuel Santos, forseti Kólumbíu, og Rodrigo „Timochenko“ Londono, leiðtogi FARC. NORDICPHOTOS/AFP

» Fyrri friðarsamningur var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu 2. október.




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Fáðu nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Toyota**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Samstaða í Eyjafirði um að hunsa kjararáð

**VINNUMARKAÐUR** Öll sveitarfélög á í Eyjafirði utan Eyjafjarðarsveitar hafa ákveðið að hækka ekki laun kjörinna fulltrúa eftir hækkun kjararáðs á þingfararkaupi. Í flestum sveitarfélögum eru laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna hlutfall af þingfararkaupi.

Eyjafjarðarsveit hefur eitt sveitarfélaga ekki tekið ákvörðun um málið. Ólafur Rúnar Ólafsson sveitarstjóri segir málið einfaldlega ekki hafa verið tekið á dagskrá vegna anna við önnur verkefni en segir það eðlilega verða rætt innan stofnana bæjarins á næstunni.

Flest sveitarfélög gagnrýna hækkun kjararáðs á þingfararkaupi um 44 prósent. Í bókun Svalbarðsstrandarhrepps segir að úrskurður kjararáðs sé óheppilegur sem viðmið varðandi launahækkanir og samþykkti að halda launum óbreyttum. **– sa**



**Pollurinn á Akureyri**
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Elliðaárnar eru gjöfular á lax við liðsmenn Stangaveiðfélags Reykjavíkur.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Elliðaár skili hærri tekjum

**Orkuveita Reykjavíkur hefur framlengt leigusamning Stangaveiðifélags Reykjavíkur um Elliðaár þótt óvissa sé um áform Reykjavíkurborgar. Starfshópur vill meiri tekjur af ánum og að fleiri geti veitt þar.**

**STANGVEIÐI** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti nýlega að verða við ósk Stangaveiðifélags Reykjavíkur og framlengja samning um veiði í Elliðaánum út árið 2018.

Samningur um Elliðaárnar átti að renna út í lok þessa árs að því er fram kemur í greinargerð Bjarna Bjarnasonar forstjóra sem lögð var fyrir stjórn OR. Reykjavíkurborg er eigandi árinnar en OR umsjónaraðili út árið 2018 samkvæmt samningi frá 2001.

Framlenging samnings OR við Stangaveiðifélagið var reyndar tekin fyrir í stjórn fyrirtækisins í fyrra en ekki afgreidd vegna óvissu um fyrirætlan Reykjavíkurborgar varðandi svæðið.

„Stjórn taldi þá réttast að ákvörðun um framlengingu samnings biði niðurstaðna starfshóps um framtíð Elliðaárdals. Ekki liggur [fyrir] hvað Reykjavíkurborg hyggst með framtíð Elliðaárdals eftir því sem næst verður komist, en á þessum tímapunkti er mikilvægt að samningur við leiguaðila ánna liggi fyrir enda komið að því að markaðssetja og selja veiðileyfi vegna ársins 2017,“ segir í greinargerðinni.

Þá kemur fram að OR greiði 16,5 prósent af brúttótekjum seldra veiðileyfa til Veiðifélags Elliðavatns vegna afnota af uppeldissvæðum laxaseiða í samræmi við samkomulag á milli Reykjavíkurborgar og Veiðifélags Elliðavatns frá 1975. Stangaveiðifélagið sjái um þessar greiðslur svo framlenging samkomulagsins þýði ekki aukinn kostnað fyrir Orkuveituna.

> **Á þessum tímapunkti er mikilvægt að samningur við leiguaðila ánna liggi fyrir enda komið að því að markaðssetja og selja veiðileyfi vegna ársins 2017.**
>
> 
>
> Úr greinargerð Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR

Þess má geta að starfshópurinn sem forstjóri OR nefnir skilaði af sér skýrslu í apríl á þessu ári. Hópurinn segir æskilegt að auka tekjur og nýta þær í innviðauppbyggingu og umhirðu í Elliðaárdal.

„Skoða þarf verðlagningu, möguleikann á að bjóða upp á veiðileyfi í mismunandi verðflokkum. Ekki megi þó hækka verð of mikið, veiði í Elliðaánum á að vera öllum möguleg sem það vilja að mati starfshópsins og er mælt með að Stangaveiðifélagið skoði leiðir um hvernig megi rýmka fyrir umsækjendum um veiðileyfi þannig að fleiri eigi aðgang að því,“ segir starfshópurinn og leggur til að rætt verði við Stangaveiðifélagið um þessi mál.

**gar@frettabladid.is**








Allar jólaseríur
**20%**
afsláttur

# JÓLATILBOÐ!

# ALLA HELGINA!





Öll kerti, luktir og kertastjakar
**20%**
afsláttur





Öll húsgögn
**20%**
afsláttur

KRONBORG® OF DENMARK PLUS



Koddi
50 x 70 sm.
4.995

Sæng
**41%**
afsláttur

SÆNG FULLT VERÐ: 16.990

**9.990**

**KRONBORG HIMMELTINDEN**
Gæðasæng fyllt með 750 gr. af mjúkum andadúni, andafiðri og holtrefjum. Andadúnninn gefur sænginni mjúka fyllingu og holtrefjarnar stuðla að því að sængin þornar fyrr eftir þvott. Áklæði úr 100% bómull. Sængin er saumuð í ferninga svo dúnninn haldist jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Taska fylgir með. Stærð: 135 x 200 sm. **16.990** nú **9.990**
Vnr. 4025150, 4225104

GLAN myrkvunar-strimlar
**25%**
afsláttur



NÚ VERÐ FRÁ:
**4.495**

**GLAN STRIMLAGARDÍNA SEM MYRKVAR**
Flott strimlagardína sem myrkvar. Litir: Hvítur, svartur og grár.
Stærðir: 100 x 250 sm. **5.995** nú **4.495**
150 x 250 sm. **8.995** nú **6.745**
200 x 250 sm. **11.995** nú **8.995**
250 x 250 sm. **14.995** nú **11.245**
300 x 250 sm. **16.995** nú **12.745**
Vnr. 5402100

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 25.11 - 27.11**

HEKLA

**VW Golf** Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

KJARAKAUP 2.890.000 kr.

Fullt verð: 3.190.000 kr.

Afsláttur

300.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

**MMC Outlander** Intense / 4x4 / Dísil / Beinskiptur

KJARAKAUP 4.950.000 kr.

Fullt verð: 5.590.000 kr.

Afsláttur

640.000 kr.

TAKMARKAÐ MAGN



**Audi A4** B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 8.595.000 kr.

Fullt verð: 9.550.000 kr.

Afsláttur

955.000 kr.

NÝIR BÍLAR



**Skoda Octavia** G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinsk.

KJARAKAUP 3.190.000 kr.

Fullt verð: 3.510.000 kr.

Afsláttur

320.000 kr.



FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

**VW Cross Polo** 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 3.190.000 kr.

Fullt verð: 3.580.000 kr.

Afsláttur

390.000 kr.



**VW Caddy** Maxi 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur*

KJARAKAUP 2.750.000 kr.

Fullt verð: 3.210.000 kr.

Afsláttur

460.000 kr.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR



**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is





**Áslandsskóli var byggður í einkaframkvæmd um síðustu aldamót.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Reginn eignast skólabyggingar í Hafnarfirði

**Reginn og VÍS hafa keypt fasteignafélagið FM-hús sem á þrjár skólabyggingar í Hafnarfirði sem og Sjálandsskóla í Garðabæ. Salan kom á óvart segir bæjarstjóri Hafnarfjarðar. Máli verði skoðað ítarlega.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Kaup Regins og VÍS á fasteignafélaginu FM-húsum ehf. kom Hafnarfjarðarbæ í opna skjöldu. Með kaupunum eignast Reginn þrjár skólabyggingar í Hafnarfirði, auk skrifstofuhúsnæðis og Sjálandsskóla í Garðabæ. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar ætlar að skoða málið.

FM-hús ehf. er fasteignafélag sem á eignir upp á tæpa fjóra milljarða króna. Stærstu eignir fyrirtækisins eru Áslandsskóli í Hafnarfirði, leikskólarnir Hörðuvellir og Tjarnarás í Hafnarfirði, auk Sjálandsskóla í Garðabæ. Samningar Hafnarfjarðarbæjar við FM-hús um leigu á fasteignunum vegna skólastarfs renna út 2027 og þarf þá að semja að nýju um leigukjör.

Einkaframtak af þessu tagi var mikið notað hjá Hafnarfjarðarbæ um aldamótin síðustu. Fjöldi bygginga var byggður í einkarekstri. Nýsir átti einnig nokkrar byggingar sem Hafnarfjarðarbær keypti fyrir nokkrum misserum til baka.

„Þessi sala á eignum FM-húsa kom okkur hjá Hafnarfjarðarbæ á óvart og vissum við ekki um söluna á þessum eignum fyrr en búið var að selja fyrirtækið,“ segir Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar. „Í framhaldinu munum við skoða öll málsskjöl og fara ítarlega ofan í málið. Að öðrum kosti get ég ekki tjáð mig um þessa sölu núna.“

> **Það hefur gengið mjög vel til að mynda með Egilshöll í Reykjavík þar sem við erum í góðu sambandi við borgina**



Helgi S.. Gunnarsson, forstjóri Regins

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, segir samninganna sem Hafnarfjarðarbær eigi við FM-hús vera mjög hagstæða fyrir bæjarfélagið. Nú muni fara í hönd endurskipulagning á fyrirtækinu og eignir hreinsaðar úr því þannig að aðeins standi eftir skólahúsin fjögur, þrjú í Hafnarfirði og eitt í Garðabæ. „Reginn hefur sérhæft sig í samstarfi við opinbera aðila um rekstur fasteigna. Það hefur gengið mjög vel til að mynda með Egilshöll í Reykjavík þar sem við erum í góðu sambandi við borgina,“ segir Helgi.

Helgi segir það ekki útilokað að selja Hafnarfjarðarbæ þessar eignir í fyllingu tímans. „Það kemur allt til greina í þessum efnum,“ segir Helgi.
**sveinn@frettabladid.is**

# Landvernd gleðst yfir áætlun um raflínulagnir

**ORKUMÁL** Landvernd hrósar Landsneti fyrir kerfisáætlun fyrirtækisins. Segir félagið að ný kerfisáætlun sé til batnaðar. Landsneti ber á hverju ári að gefa út áætlun um þróun flutningskerfis raforku og framkvæmdir í náinni framtíð.



**Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.**

Að mati Landverndar er ánægjulegt að nýtingarflokkur rammaáætlunar er ekki lengur forsenda um þróun raforkuflutninga, jarðstrengir fá meira vægi og skoðaður er sá möguleiki að setja jarðstreng alla leið um Sprengisand. „Þessar breytingar eru allar í rétta átt og ber að fagna. Þær sýna að aðhald og athugasemdir almennings og umhverfisverndarsamtaka við eldri áætlanagerðir eru að skila árangri,“ segir í tilkynningu Landverndar.

„Við erum stolt af þeirri vinnu sem átti sér stað í undirbúningi nýrrar kerfisáætlunar. Áætlunin er með töluvert breyttu sniði frá síðustu áætlun,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets. „Við höfum innleitt breytt ferli við undirbúning og gerð áætlunarinnar, meðal annars við skilgreiningu á grunnforsendum og vonandi skilar það sér í betri sátt um hana en áður.“

Steinunn segir afstöðu Landverndar til merkis um að vel hafi til tekist við kerfisáætlunina. „Við erum mjög ánægð með að Landvernd skuli sjá jákvæðar breytingar á kerfisáætluninni og þökkum fyrir hrósið. Við leggjum upp með að sátt ríki í samfélaginu um hlutverk Landsnets.“ – **sa**

# HÉR LEYNAST JÓLABÆKUR!




7 venjur fyrir káta krakka
**VILDARVERÐ: 3.699.-**
Verð: 4.699.-




Heiða
**VILDARVERÐ: 5.499.-**
Verð: 7.499.-




Kökugleði Evu
**VILDARVERÐ:5.399.-**
Verð: 6.999.-




Allt fer - smásögur
**VILDARVERÐ: 4.999.-**
Verð: 6.999.-




Hrakningar á heiðavegum
**VILDARVERÐ: 5.299.-**
Verð: 6.999.-




Prjóna skáld
**VILDARVERÐ: 3.799.-**
Verð: 4.999.-




Þú flýgur aldrei einn
**VILDARVERÐ: 2.999.-**
Verð: 3.999.-




Perurnar í íbúðinni minni
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.499.-




Vasagrín fyrir golfara
og guðhrætt fólk
**VILDARVERÐ: 1.499.-**
Verð: 1.999.-




Konungur flónanna
**VILDARVERÐ: 2.299.-**
Verð: 2.999.-




Stjörnuskoðun
**VILDARVERÐ: 4.399.-**
Verð: 5.899.-




Það sem ég tala um
þegar ég tala um hlaup
**VILDARVERÐ: 3.999.-**
Verð: 5.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða og vildarverða er 26. nóvember, til og með 30. nóvember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




# SKEMMTIDAGSKRÁ

SMÁRALIND

# GEFÐU SMÁ AUKAGJÖF

MEÐ ÞVÍ AÐ LAUMA AUKAJÓLAGJÖF
UNDIR JÓLATRÉÐ Í SMÁRALIND GLEÐUR ÞÚ
LÍTIÐ HJARTA Á AÐFANGADAGSKVÖLD.

**PAKKAJÓL UM ALLT LAND**

PÓSTURINN FLYTUR PAKKANN FRÍTT
EF GJÖFIN ER SEND AF LANDSBYGGÐINNI.

# GLASSÚR OG GAMAN

*kl. 14–16 í dag*

**LEIKHÓPURINN LOTTA -** *tendrar ljósin og skemmtir*

**JÓLAÁLFAR -** *frá Sirkusi Íslands sýna listir sínar*

**ANDLITSMÁLNING -** *fyrir börnin á 1. hæð framan við Lyfju*

**PIPARKÖKUMÁLUN -** *í boði Kötlu*



Hrói Höttur    Gilli gríslingur    Gilitrutt

# HEFST KL. 14 Í DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



Helmingi jólafatasölunnar var lokið eftir þessa helgi í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Helmingur fatasölunnar líklega yfirstaðinn

Á síðasta ári var 51 prósent af innlendri fatasölu sem átti sér stað á þremur stærstu verslunarsvæðunum á Íslandi í aðdraganda jóla búin áður en desember hófst. Ef kauphegðun verður svipuð á milli ára má gera ráð fyrir að eftir þessa helgi verði líklega helmingi jólafatasölunnar lokið.

Söluhlutfallið var ólíkt milli svæða þegar Black Friday-helgin var yfirstaðin samkvæmt tölum Meniga. Í Kringlunni voru 54 prósent af fatasölunni búin áður en desember hófst. Í Smáralind var 55 prósentum af fatasölunni lokið, en í miðbænum voru aðeins 40 prósent af fatasölunni búin áður en desember hófst.

Samkvæmt tölum Meniga má sjá að fatasalan eykst jafnt og þétt frá októbermánuði en tekur verulegt stökk á miðnæturopnun Smáralindar og Kringlunnar í kringum mánaðamótin október/nóvember og að svo aukist salan örlítið vegna Black Friday. Hún tekur svo gríðarlegan kipp frá og með miðjum desember og er allveruleg á Þorláksmessu. Úrvinnsla Meniga byggir á tölfræðilegum samantektum sem aldrei eru persónugreinanlegar. **– sg**

# Netsala rauk upp á þakkargjörðarhátíðinni

Netverslun jókst verulega í Bandaríkjunum á síðustu dögum og var komin upp í 1,15 milljarða Bandaríkjadala, tæplega 130 milljarða í lok þakkargjörðardagsins á fimmtudag. Samkvæmt tölum Adobe Digital stuðulsins jókst verslunin um 14 prósent milli ára. Þetta er í takt við spár greiningaraðila sem spáðu aukningu í netsölu á milli ára.

**130**

**milljarða króna sala varð á netinu á fimmtudaginn í Bandaríkjunum.**

Svartur föstudagur, dagurinn eftir þakkargjörðarhátíðina, hefur sögulega verið mesti verslunardagur ársins í Bandaríkjunum og markað upphaf jólaverslunar. Eins og Fréttablaðið greindi frá hefur hátíðin þó eitthvað verið að missa vægi sitt hjá bandarískum neytendum sem versla nú meira fyrir jólin á netinu áður en dagurinn rennur upp.

Reuters greinir frá því að jólasala sé mjög veigamikil hjá smásöluaðilum í Bandaríkjunum en allt að fjörutíu prósent af heildarsölu ársins fer fram hjá verslunum í nóvember og desember. Reynt er að lokka að viðskiptavini með allt að 85 prósenta afslætti á þeim tíma. Áætlað er að jólaverslun aukist um 3,6 prósent á þessu ári og muni nema 655,8 milljörðum dollara. **– sg**




Bandaríkjamenn hafa barist fyrir hækkun lágmarkslauna; launaójöfnuður er gríðarlegur þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Laun ríkra hækkað mest frá kreppunni

**Launamisræmi er í sögulegu hámarki samkvæmt nýrri skýrslu OECD. Munur milli hæstu og lægstu launa er mestur í Síle meðal OECD-landa og minnstur á Íslandi. Launamismunur hefur aukist víða en hefur dregist saman á Íslandi.**

Hinir ríku hafa notið mest góðs af endurreisn alþjóðlega efnahagslífsins í kjölfar kreppunnar 2008 ef marka má nýja skýrslu efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD. Í henni kemur fram að raunlaun þeirra 10 prósenta sem eru með lægstu launin í OECD hafi lækkað um 16,2 prósent milli 2007 og 2010 á meðan raunlaun þeirra 10 prósenta sem eru með hæstu launin lækkuðu um 4,6 prósent.

Milli 2010 og 2014 hækkuðu laun þeirra 10 prósenta sem lægstu tekjurnar hafa um einungis 1,6 prósent, en laun þeirra tekjuhæstu hækkuðu um 5,2 prósent. Árið 2014 höfðu því hæstu launin náð sömu hæð og fyrir efnahagskreppuna á meðan þeir sem voru með lægstu launin voru ennþá með 14 prósent lægri laun en fyrir árið 2008.

**Gini-stuðull um ráðstöfunartekjur árið 2014***




Heimild: OECD *eða nálægasta ár

Launamismunur er í sögulegu hámarki. Samkvæmt Gini-stuðlinum, sem ber saman ráðstöfunartekjur heimila, hefur launaójöfnuður ekki verið meiri síðan á níunda áratug síðustu aldar og mældist 0,318 veturinn 2013/2014. Stuðullinn er hæstur í Síle þar sem hann er 0,46, en er einnig mjög hár í Bandaríkjunum þar sem hann mælist 0,394. Stuðullinn mældist aftur á móti lægstur, eða 0,244, á Íslandi árið 2014 og hafði þá lækkað töluvert frá 2007.

Bandaríkjamenn sem eru með 20 prósent hæstu launin eru að meðaltali með 8,7 sinnum hærri laun en þeir sem þéna 20 prósent lægstu launin. Á Norðurlöndunum; Íslandi, Noregi og Danmörku, er hins vegar minnstur launamunur. Þeir sem eru með 20 prósent hæstu tekjurnar á Norðurlöndum þéna að jafnaði 3,5 sinnum hærri launa en þeir sem eru með 20 prósent lægstu launin.

Launamismunur hefur dregist mest saman í Tyrklandi frá árinu 2010 eða um tvö stig, hann hefur hins vegar aukist mest í Eistlandi, eða um þrjú stig.

Í skýrslunni kemur fram að þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi minnkað á síðustu árum og atvinnuþátttaka hafi aukist haldi ójöfnuður launa áfram að aukast í OECD-löndunum. Langtíma atvinnuleysi og lítið launaskrið hefur komið í veg fyrir að laun hækki hjá hópnum með lægstu launin.

Kjarajöfnun í gegnum skatta og bætur hefur að meðaltali 27 prósent áhrif á laun í OECD-ríkjum. Þessi jöfnun mýkti áhrif efnahagskreppunnar á lægstu launin samkvæmt skýrslunni en kjarajöfnun hefur hins vegar veikst í flestum löndum frá árinu 2010. **saeunn@frettabladid.is**


LYFJA
– Lífið heil

20 ára

Fallegar gjafir fyrir jólin

Jólagjafahandbók Lyfju er komin út. Skoðaðu úrval fallegra gjafavara fyrir alla fjölskylduna í næstu verslun Lyfju eða í nýju netversluninni á lyfja.is.




Lyfja.is

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 82248 11/16

# FORD FOCUS BLACK FRIDAY EDITION

**BARA Í DAG!**

**-500.000 kr. frá listaverði!**




**+ 50% AFSLÁTTUR AF VETRARDEKKJUM OG AUKAHLUTUM!**

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn þinn upp í nýjan Focus.

Þetta tilboð gildir í dag, 26. nóvember.
Miðað er við Ford Focus Trend Edition sem til eru á lager og afhendast fyrir næstu mánaðarmót.
50% afsláttur af vetrardekkjum og aukahlutum
á bara við selda bíla með þessu tilboði.

**OPIÐ 12-16 Í DAG**
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

Ford

**Komdu og tryggðu þér glænýjan Ford Focus með 500.000 kr. afslætti!**

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Munum flugeldana



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Ekki er sjálfgefið að skipulag björgunarstarfs hjá herlausri smáþjóð í risastóru harðbýlu landi sé í lagi. Við eigum því láni að fagna að fjölmennar björgunarsveitir sjálfboðaliða annast öryggi okkar – og gera það prýðilega. Sveitirnar vinna þrekvirki á þrekvirki ofan og spara ríkinu stórfé í hverju útkalli.

Björgunarsveitirnar eru ein helsta skrautfjöður Íslands. Þær vinna verk sem hermenn og launaðar sveitir atvinnumanna sinna í nálægum löndum. Íslenskar björgunarsveitir eru umfjöllunarefni í nýjum útvarpsþætti BBC. Þar er ekki farið leynt með aðdáunina á ungu björgunarfólki, sem sjálft aflar fjár til starfsins.

Hátt í 500 björgunarsveitarmenn leituðu rjúpnaskyttu á Austfjörðum um síðustu helgi. Allt fór vel í það skiptið. Björgunarfólkinu varð ekki meint af og veiðimaðurinn fannst heill á húfi en kaldur og hrakinn eftir að hafa grafið sig í snjóskafl tvær langar nætur rammvilltur og farsíma- og staðsetningartækjalaus.

Fjölmiðlar greindu samviskusamlega frá gangi leitarinnar og þjóðin fékk gleðitíðindin, eins og vera ber, þegar skyttan fannst. Við urðum vitni að hetjudáðum björgunarsveitanna, sem reiða sig á eigin fjáröflun með flugeldasölu og styrkjum frá fólki og fyrirtækjum. Þær þurfa að kaupa tól og tæki og halda starfinu gangandi. Fjölmiðlum er skylt að segja frá sorgum þeirra og sigrum. Það styður vöxt og viðgang sveitanna að fólkið í landinu fái að vita hvað þær gera.

Því skaut skökku við þegar rjúpnaskyttan sem heimt var úr helju ásakaði fjölmiðla um ónærgætni. Slíkri ásökun er hvergi hægt að finna stað. Þegar þyrla Gæslunnar lenti og hann steig út á þyrlupallinn við sjúkrahúsið í Reykjavík var sjálfsagt og eðlilegt að taka myndir. Þær sýndu ekkert niðurlægjandi og ekkert ósiðlegt heldur gleðistund, sem deilt var með þjóðinni. Enginn var neyddur í viðtal. Þvert á móti fékk maðurinn sem bjargað var tækifæri til að þakka fyrir sig, sem hann gerði kurteislega. Sýndur var endir sigurgöngu, sem að vísu kostaði tugi milljóna og mikla fyrirhöfn. En enginn sá eftir peningunum. Enginn taldi eftir sér fyrirhöfnina.

Sérkennilegt var, að Landspítalinn skyldi taka undir gagnrýni rjúpnaskyttunnar. Fáir kunna betur að nýta sér fjölmiðla til að vekja athygli á bágri aðstöðu sinni en einmitt Landspítalinn. Fjölmiðlar bregðast við þeirra góða málstað. En stundum þykir stjórnmálamönnunum, sem ábyrgð bera á ríkiskassanum, nóg um og fjölmiðlarnir full leiðitamir.

Fjölgun ferðamanna að vetrarlagi hefur aukið álag á björgunarsveitir. Því má gera ráð fyrir, að hugmyndir um atvinnumannasveitir fái byr undir báða vængi. Það er góðra gjalda vert. En slíkar ráðagerðir verða að taka mið af því að varðveita og efla það góða starf sem fram fer. Sjálfboðaliðar, sem fá grunnþjálfun í heilbrigðu frístundastarfi barna og unglinga, verða áfram að vera í forystu. Sjálfboðaliðarnir rísa vel undir ábyrgðinni og þeir vilja bera hana.

Munum flugeldasöluna um áramótin.

**Sérkennilegt var, að Landspítalinn skyldi taka undir gagnrýni rjúpnaskyttunnar.**

Hátíðarstund
í Fríkirkjunni í Reykjavík
Jólatónleikar til styrktar Bráðamóttöku Landspítalans
fimmtudaginn 8. desember kl. 12



Hanna Dóra Sturludóttir, mezzosópran
Einar Clausen, tenór
Ágúst Ólafsson, barítón
Lilja Eggertsdóttir, píanóleikari og stjórnandi
Kvennakórinn Heklurnar
ásamt hljómsveit
Miðaverð 2500.-
Miðasala á tix.is og við innganginn

## Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Nútíminn er trunta

Nú, þegar ég er að verða miðaldra, langar mig að skrifa vel miðaldra pistil. Svona „Það var allt betra í gamla daga“-pælingu. Það er reyndar mjög erfitt, því það var ekki allt betra í gamla daga. Reyndar bara frekar fátt. En við höfum samt sem áður tapað nokkrum dýrmætum eiginleikum.

Mannfræðingar munu eflaust kalla þetta þróun, eins og þegar dýrategundir gengu á land og misstu tálknin. Hugsanlega er þetta ekki alveg sambærilegt, en samt.

Við kunnum til dæmis ekki að leita. Í gamla daga (þetta er ekki í síðasta skipti sem ég nota þetta hugtak) var bara heimasími. Föstudagskvöld og Steingrímur vinur minn er ekki heima. Þá eru góð ráð dýr. Þá breyttist maður í leynilöggu sem þurfti að reyna að komast að því hvert sá grunaði (besti vinur) hefði farið. Hvar væri líklegast að finna hann til þess að tapa ekki dýrmætum tíma við unglingadrykkju. Maður gat jafnvel tapað öllum hópnum og ráfað um einn og endað á að hanga heima hjá foreldrum sínum. Það var alltaf mikill skellur.

Í gamla daga var hægt að rífast um allt. Löng og hressandi rifrildi með aukinni hættu á vinslitum voru alltaf skemmtileg. Nú finnst mér eins og það sé bara rifist um pólitík. Helvítis Google er búið að skemma svo mörg frábær rifrildi. Þau eru kannski rétt að keyrast í gang þegar einhver bjáninn rífur upp símann og flettir ágreiningsefninu upp. Þar með er búið að skemma fínt rifrildi sem hefði getað staðið tímunum saman með tilheyrandi æsingi og yfirlýsingum og mögulega uppáhaldinu mínu: Veðmáli.

### Fundna kynslóðin

Nú kann enginn lengur að rata. Listin að keyra um með fangið fullt af korti (sem var alltaf í einhvers konar bjánalegu broti sem aldrei var hægt að ganga frá) er deyjandi. Nú nota menn bara símann og villast aldrei. Það getur ekki verið hollt fyrir fólk að villast aldrei. Það er fátt sem kennir manni meiri auðmýkt en að þurfa að spyrja til vegar.

Í gamla daga var töff að reykja (staðfest). Nú hef ég ekki hugmynd um hvað er töff. Samt klárlega ekki að reykja. Og alls ekki að veipa. Það hlýtur að vera það bjánalegasta af öllu. Stundum er þetta eins og að ganga framhjá ávaxtaborðinu í Krónunni. Hvernig getur í alvöru verið töff að reykja eitthvað með bláberjabragði?

### Í rauntíma

Og í gamla daga þurfti maður bara að segja frá því hvar maður hafði verið og hvert maður hefði farið. Og fólk varð einfaldlega að trúa því. Þá voru ekki allar manns athafnir í beinni útsendingu. Um daginn fór ég á leik í Barcelona. Leikurinn var mjög ómerkilegur, fyrir utan tvö mörk. Maðurinn fyrir framan mig missti af þeim báðum. Hann var að senda Snapchat um hvað það væri meiriháttar að vera á vellinum. Það er soltið glatað.

Ég gæti haldið áfram endalaust um hvað allt var hressandi í gamla daga. Fólk skammaðist sín ekki fyrir að borða unnar kjötvörur, fólk beið bara í rólegheitum í viku eftir næsta þætti í sjónvarpsseríum, fólk fór í banka með reikninga og gat valið um það í bakaríinu hvort það fengi franskbrauð, rúgbrauð, heilhveitibrauð eða normalbrauð. Það var ekkert verið að flækja málið með fleiri tegundum. Hver veit til dæmis hvað er í haustbrauði? Eða munkabrauði?

Vá, hvað ég hlakka til að verða röflandi gamalmenni!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð | BL ehf |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum | Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 | 525 8000 / www.bl.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 | |

B|L

# METSÖLU-HÖFUNDAR




Ævar hlaut viðurkenningu Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu

★★★★

„... skemmtileg og fyndin ...“
Halldóra Elín Einarsdóttir / Barnablað Fréttablaðsins
(um *Þín eigin þjóðsaga*)




Íslensku bókmenntaverðlaunin 2015

„Höfundur hefur þennan x-factor, neistann sem þarf til að geta skemmt lesendum. Maður hlær upphátt.“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan




Íslensku barnabókaverðlaunin 2010

„Það er mér mikill heiður að fá að vera ein af hetjunum í bókinni hans Þorgríms.“
Aron Gunnarsson, fyrirliði landsliðsins í knattspyrnu



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is






# Gjaldtakan byrjar á bílastæðinu



**Ragnheiður Davíðsdóttir**
framkvæmdastjóri Krafts

Það er eitt að greinast með krabbamein með allri þeirri angist sem því fylgir fyrir þann greinda og ástvini hans. Það er því varla ábætandi að þurfa einnig að kljást við fjárhagsáhyggjur sem því miður margir krabbameinsveikir þurfa að gera.

Varla þarf að fara mörgum orðum um óhóflega greiðsluþátttöku þeirra í heilbrigðiskerfinu; kostnað sem oft og tíðum hleypur á hundruðum þúsunda. Þeir krabbameinssjúklingar sem mæta reglulega í lyfjameðferð á Landspítalann þurfa, ofan á allan annan kostnað, að greiða stöðugjald á bílastæðum við spítalann. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt og enginn kvartar yfir því. Vandinn er aftur á móti sá að fæstir vita hvað þeir dvelja lengi á spítalanum og þurfa því að gera sér ferð út af spítalanum til að endurnýja stöðugjaldið, ef þeir vilja ekki fá sekt sem er 2.500 krónur.

**Þetta mál er hægt að leysa með einföldum hætti ef viljinn er fyrir hendi. Nógar eru áhyggjur þeirra sem berjast við lífsógnandi sjúkdóm svo ekki bætist við streita vegna bílastæða og kostnaðurinn sem kann af þeim að hljótast.**

Allir sem þurfa að gangast undir lyfjameðferð við krabbameini, þurfa að mæta oft og því geta stöðugjöld verið umtalsverð. Það sjá allir að veikt fólk á erfitt með að hlaupa frá í miðri meðferð til þess að endurnýja stöðugjaldið. Flestir sem mæta í lyfjameðferð eru það veikir að þeir eiga erfitt með að nýta sér almenningssamgöngur og þurfa því að mæta á einkabíl.

Við sem vinnum að hagsmunamálum krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra og heilbrigðisstarfsfólk, höfum margoft orðið vitni að óánægju þessa fólks. Í ljósi þess hefur verið haft samband við borgaryfirvöld og beðið um úrlausn þessara mála. Það sem hefur verið rætt á LSH er t.d. það að þeir sem mæta reglulega í lyfjameðferð á spítalann, greiði einungis tveggja klukkustunda stöðugjald og þeir einir njóti þess sem hafi sérstaka merkingu í bílnum sínum um að þeir séu í krabbameinsmeðferð. Til að fá þennan passa þyrfti vottorð sem er undirritað af lækni viðkomandi sjúklings. Þetta er í raun svipað og gert er varðandi p-merki fyrir hreyfihamlaða. Sá passi myndi einungis gilda á meðan á meðferðinni stendur.

Hugmyndir af þessum toga hafa verið bornar undir þá sem málum stýra hjá Reykjavíkurborg – en án árangurs. Því skal reyndar haldið til haga að fólk í sömu stöðu og krabbameinsgreindir getur sótt um niðurfellingu sektar en við teljum það niðurlægjandi fyrir krabbameinsveika. Þetta mál er hægt að leysa með einföldum hætti ef viljinn er fyrir hendi. Nógar eru áhyggjur þeirra sem berjast við lífsógnandi sjúkdóm svo ekki bætist við streita vegna bílastæða og kostnaðurinn sem kann af þeim að hljótast. Honum er ekki á bætandi við þann kostnað sem þeir þurfa þegar að bera vegna sjúkdóms síns. Við skorum því á borgaryfirvöld að koma til móts við krabbameinsgreinda hvað þetta varðar.

# Hátíð ljóss og friðar?



**Ingibjörg Þórðardóttir**
félagsráðgjafi

Nú er að fara í hönd árstíð ljóss og friðar með allri þeirri gleði og tilhlökkun sem ríkir, bæði hjá börnum og fullorðnum. Aðventan að hefjast og jólahátíðin á næsta leiti. Þetta er fyrir marga mjög skemmtilegur tími og mörg okkar njóta hans með fjölskyldu og vinum í þakklæti, umhyggju og gleði.

En það er því miður ekki þannig hjá öllum. Þessi tími, jólaundirbúningur og jólahátíðin, getur á sumum heimilum verið verulega flókinn og erfiður og einkennst af mikilli vanlíðan, streitu og jafnvel hættuástandi. Það kemur engum á óvart að flestir eyða meiri peningum í desember en aðra mánuði ársins og fyrir efnalitlar fjölskyldur getur þessi mánuður einkennst bæði af skorti og áhyggjum. Það er líka þekkt að neysla áfengis er meiri í desembermánuði en flesta aðra mánuði ársins og það getur á sumum heimilum valdið mikilli vanlíðan, skömm, sorg og ótta. Það sem hins vegar ekki alveg jafn margir vita er að ofbeldi á heimilum eykst líka í þessum mánuði, jólamánuðinum. Ofbeldi sem skapar óöryggi, vanlíðan, ótta, kvíða, skömm, sorg og hættuástand.

Á heimilum þar sem ofbeldi er beitt getur þetta verið erfiðasti og versti tími ársins og það er mikilvægt fyrir alla sem umgangast börn að vera meðvitaðir um þetta. Þegar mörg börn koma brosandi í skólann og full af tilhlökkun fyrir því sem koma skal, eru önnur börn sem koma brotin og án allrar tilhlökkunar. Þau koma full af kvíða yfir því sem koma skal því reynslan hefur kennt þeim að þessi tími er vondur, jafnvel hættulegur. Ég veit vel að flesta langar alls ekki til að heyra þetta, og alls ekki núna og sumir spyrja mig af hverju ég þurfi „alltaf að vera að tala um eitthvað leiðinlegt“ en það verður eiginlega bara að hafa það. Þetta er veruleiki ungra barna, fleiri barna en flesta grunar, sem hafa ekkert val um annað og þá verðum við sem erum fullorðin að taka á honum stóra okkar og hlusta. Hlusta á veruleika þessara barna og gera okkar til að grípa inn í eins og við á.

Sem félagsráðgjafi hef ég, eins og svo margir aðrir félagsráðgjafar, komið að heimilisofbeldismálum í mínu starfi. Ég hef unnið með brotaþolum kynferðis- og heimilisofbeldis um árabil og þekki vel hvað þessi tími hefur oft þýtt fyrir mína skjólstæðinga. Þessi tími einkennist af mikilli streitu og ótta og ótal tilraunum til að „halda öllum góðum“, sem ekki er raunhæft því ofbeldi er aldrei á ábyrgð þess sem því er beittur.

**Ekkert barn á að þurfa að lifa við það að orka þess fari í að halda pabba eða mömmu „á mottunni“ svo að jólin – eða hvaða annar tími á árinu sem er – geti verið þolanlegur og án mikilla átaka.**

Ekkert barn á að þurfa að lifa við það að orka þess fari í að halda pabba eða mömmu „á mottunni“ svo að jólin – eða hvaða annar tími á árinu sem er – geti verið þolanlegur og án mikilla átaka. Ekkert barn á að þurfa að vakna á aðfangadag – né nokkurn annan dag ársins – og þurfa að byrja á því að hlusta eftir aðstæðunum á heimilinu. Þurfa að læðast fram og athuga hvernig mamma og pabbi eru stemmd. Athuga hvort spenna liggi í loftinu, því trúðu mér börnin finna það um leið hvort spenna er í loftinu, þetta er þeirra veruleiki alla daga ársins. Þessi börn kvíða ekki minna fyrir jólunum heldur en þau hlakka til og stundum er kvíðinn alls ráðandi. Mín ósk til ykkar allra sem þetta lesið er að þið munið eftir þessum börnum fyrir þessi jól og látið ykkur það varða ef þið verðið vör við óviðunandi aðstæður barna á þessari aðventu.




epal



Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum* og þú gætir unnið gjafabréf frá Epal að verðmæti 100.000 kr.
Einnig verða dregin út 20 gjafabréf frá Epal að verðmæti 20.000 kr. hvert, alls að verðmæti 500.000 kr.
Dregið verður 22. desember.

Þátttökuumslög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

*Gildir fyrir alla Merrild pakka.




Hver fær kampavínsbaðið? Hamilton sprautar hér kampavíni yfir Rosberg og líklegt er að hann þurfi að gera það aftur um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Einvígi æskuvina í eyðimörkinni

Mercedes-félagarnir Nico Rosberg og Lewis Hamilton munu berjast um heimsmeistaratitilinn í Formúlu 1 í lokakeppni tímabilsins sem fram fer í Abú Dabí á morgun. Rosberg stendur vel að vígi í einvíginu.

**FORMÚLA 1** Það er aðeins ein keppni eftir á keppnistímabilinu í Formúlu 1 og ljóst að heimsmeistarinn verður annaðhvort Nico Rosberg eða Lewis Hamilton. Báðir keyra þeir fyrir Mercedes.

Hamilton hefur orðið heimsmeistari síðustu tvö ár en það þarf ansi margt að ganga upp hjá honum ef hann ætlar að vinna þriðja árið í röð og í fjórða sinn á ferlinum.

Rosberg er með tólf stiga forskot á Hamilton og það þýðir að honum dugar að lenda í þriðja sæti í Abú Dabí fari svo að Hamilton vinni keppnina. Ef Hamilton lendir í öðru sæti þá dugar Rosberg að lenda í fjórða til sjötta sæti.

### Komið að Rosberg?

Þjóðverjinn Rosberg hefur aldrei orðið heimsmeistari áður en nú er hans stóra tækifæri. Sumir sérfræðingar segja að það eina sem geti komið í veg fyrir að hann verði heimsmeistari sé að bíllinn hans bili eða ef einhver keyri á hann. Fyrir nokkrum vikum benti fátt til þess að Hamilton gæti ógnað Rosberg er Þjóðverjinn var með 43 stiga forskot á Bretann. Munurinn var 33 stig er aðeins fimm keppnir voru eftir.

„Þetta tímabil hefur verið mikil áskorun enda mikið gengið á. Ég hef samt náð því að styrkjast eftir því sem liðið hefur á tímabilið og breytt því neikvæða yfir í eitthvað jákvætt,“ sagði Hamilton.

„Ég er stoltur af þeim árangri sem ég hef náð á tímabilinu. Ég var 43 stigum á eftir og hélt að það væri ómögulegt að koma til baka. Þetta hefur sýnt mér að ekkert er ómögulegt og ég mun halda áfram að mæta til leiks með það hugarfar.“

Bretinn vill lítið velta sér upp úr ef og hefði á þessum tímapunkti. Hann leggur allt undir um helgina og vonar það besta.




Niki Lauda og James Hunt árið 1976. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Rosberg er með tólf stiga forskot á Hamilton og dugir að lenda í þriðja sæti ef Hamilton vinnur keppnina.

„Það er spennandi að mæta til leiks núna og eiga möguleika á heimsmeistaratitlinum. Stefnan hjá mér er að vinna keppnina og svo sjáum við til hvað gerist.“

### Lengi verið vinir

Mercedes-félagarnir hafa verið vinir frá því þeir voru efnilegir unglingar. Þá kepptu þeir í körtuakstri og urðu góðir vinir. Í Formúlunni hefur aftur á móti verið grunnt á því góða á milli þeirra þó virðingin sé augljóslega enn til staðar.

„Við búum enn að virðingu hvor fyrir öðrum frá því við vorum krakkar. Ég ber mikla virðingu fyrir Lewis sem ökumanni og sem persónu,“ sagði Rosberg og Hamilton sagðist vera stoltur af því hvernig Rosberg hefði staðið sig á þessu tímabili.

„Það hafa komið upp erfiðar stundir á þessu ári en í heildina höfum við náð framförum í samskiptum okkar. Samskiptin eru kannski ekki mjög djúp en við erum líka að vinna í mjög erfiðu umhverfi,“ sagði Rosberg.

**henry@frettabladid.is**

### Ekki fyrsta einvígið í Formúlu 1

Einvígi Rosbergs og Hamiltons um helgina gæti komist í sögubækurnar sem eitt af frægari einvígjum Formúlusögunnar.

Fyrsta alvöru einvígið var á milli Niki Lauda og James Hunt árið 1976. Því einvígi voru gerð skil í hinni stórgóðu mynd Rush sem kom út fyrir þremur árum. Þá missti Lauda aðeins af tveimur keppnum eftir að hafa brennst mjög illa og var í raun heppinn að hafa lifað af.

Í dramatískri lokakeppni í Japan hætti Lauda í rigningunni á öðrum hring og Hunt náði að lokum þriðja sæti og varð heimsmeistari með einu stigi.

Alain Prost háði mikið einvígi við Nigel Mansell og Nelson Piquet árið 1986. Prost var svo aftur á ferðinni í ógleymanlegu einvígi við Ayrton Senna þremur árum síðar.

Fræg einvígi á síðari árum voru meðal annars á milli Michaels Schumacher og Damons Hill árið 1994. Schumacher háði einnig mikið einvígi við Jacques Villeneuve árið 1997.

## Nýjast

### Dominos-deild karla

**Haukar - Keflavík 96-76**

Stig Hauka: Sherrod Wright 33/13 fráköst, Emil Barja 22/7 stoðs., Haukur Óskarsson 17, Kristján Leifur Sverrisson 11, Finnur Atli Magnússon 9/7 fráköst/6 stoðs., Hjálmar Stefánsson 4/10 fráköst.

Stig Keflavíkur: Amin Stevens 26/17 fráköst/5 stoðs., Hörður Axel Vilhjálmsson 20/5 stoðs., Magnús Már Traustason 8, Ágúst Orrason 8, Guðmundur Jónsson 6, Reggie Dupree 6, Daði Lár Jónsson 2.

**Þór Þ. - Tindastóll 92-95**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 12 | Skallagrímur | 8 |
| Stjarnan | 12 | Þór Ak. | 6 |
| Grindavík | 12 | Haukar | 6 |
| Tindastóll | 12 | Keflavík | 6 |
| Njarðvík | 8 | ÍR | 4 |
| Þór Þ. | 8 | Snæfell | 0 |

### Olís-deild karla

**ÍBV - FH 23-24**

**Mörk ÍBV:** Sigurbergur Sveinsson 7/2, Theodór Sigurbjörnsson 6, Kári Kristján Kristjánsson 4/1, Grétar Þór Eyþórsson 3, Elliði Snær Viðarsson 2, Dagur Arnarsson 1.

**Mörk FH:** Óðinn Þór Ríkharðsson 6/1, Halldór Ingi Jónasson 4, Einar Rafn Eiðsson 4/2, Gísli Þorgeir Kristjánsson 3, Ísak Rafnsson 2, Ágúst Birgisson 2, Arnar Freyr Ársælsson 2, Jóhann Karl Reynisson 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 18 | ÍBV | 12 |
| Haukar | 16 | Grótta | 9 |
| FH | 15 | Fram | 9 |
| Selfoss | 14 | Stjarnan | 9 |
| Valur | 14 | Akureyri | 8 |

### SARA OG STÖLLUR ÓHEPPNAR

Sara Björk Gunnarsdóttir og stöllur hennar í þýska liðinu Wolfsburg duttu ekki beint í lukkupottinn þegar dregið var í 8-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Wolfsburg mætir Evrópumeisturum Lyon en þessi lið mættust í úrslitum Meistaradeildarinnar á síðasta tímabili. Þar hafði Lyon betur eftir vítaspyrnukeppni. Takist Wolfsburg að slá Lyon úr leik mætir liðið annað hvort Fortuna Hjörring eða Manchester City í undanúrslitunum.



## Sjónvarpið um helgina

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 09.55 | **Formúla 1 - æfing** | Sport |
| 12.20 | **Burnley - Man. City** | Sport |
| 12.50 | **Formúla 1 - tímataka** | Sport 3 |
| 14.00 | **Davis Cup** | Sport 4 |
| 14.50 | **Liverpool - Sunderland** | Sport |
| 14.55 | **Wolves - Sheff. Wed** | Sport 3 |
| 15.10 | **Real Madrid - Gijon** | Sport 2 |
| 17.15 | **Swansea - Palace** | Sport 3 |
| 17.20 | **Chelsea - Tottenham** | Sport |
| 17.30 | **Bayern - Leverkusen** | Sport 2 |
| 19.30 | **Hull - WBA** | Sport 2 |
| 19.30 | **Leicester - Boro** | Sport |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.50 | **Watford - Stoke** | Sport |
| 12.30 | **Formúla 1 - keppni** | Sport 2 |
| 13.00 | **Davis Cup** | Sport 3 |
| 14.10 | **Arsenal - Bournem.** | Sport |
| 16.20 | **Man. Utd - West Ham** | Sport |
| 16.20 | **Southamp. - Everton** | Sport 2 |
| 19.40 | **Sociedad - Barcelona** | Sport 2 |
| 21.20 | **Oakland - Carolina** | Sport |



# Hlutafjárútboð í Skeljungi

## Almennt útboð á hlutabréfum í Skeljungi hf.

hefst kl. 12.00 mánudaginn 28. nóvember og lýkur kl. 16.00 miðvikudaginn 30. nóvember.

### Útboð á 23,5–31,5%

Útboðið tekur til 493.401.798 hluta eða 23,5% í félaginu í eigu SF IV slhf. og nemur söluandvirði þeirra að lágmarki 3.010 milljónum króna. Arion banki hf. og SÍA II slhf. áskilja sér rétt til að stækka útboðið í allt að 661.368.368 hluti (31,5%) og er söluandvirði þeirra að lágmarki 4.034 milljónir króna. Markmið útboðsins er meðal annars að það geri félaginu kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland um dreifingu hlutabréfa sem tekin eru til viðskipta á Aðalmarkaði, að hlutirnir verði seldir á sem hagstæðustu verði og að félagið verði ákjósanlegur fjárfestingarkostur á eftirmarkaði.

### Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is

Tvær áskriftarleiðir eða tilboðsbækur eru í boði en endanleg ákvörðun um stærð tilboðsbóka mun taka mið af eftirspurn í útboðinu, bæði hvað varðar verð og magn.

| Tilboðsbók A | Tilboðsbók B |
|---|---|
| Hver áskrift 100.000 – 10.000.000 kr. | Hver áskrift yfir 10.000.000 kr. |
| Verðbil 6,1–6,9 kr./hlut | Lágmarksverð 6,9 kr./hlut |
| Eitt endanlegt verð, jafnt eða lægra en í B | Eitt endanlegt verð, jafnt eða hærra en í A |

Meginregla við úthlutun verður að taka þeim áskriftum sem berast á hæsta gengi. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 1. desember. Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í félaginu verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Slíkt samþykki birtir Nasdaq Iceland ásamt tilkynningu um fyrsta mögulega viðskiptadag með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara. Eindagi kaupverðs er áætlaður 7. desember og stefnt að því að viðskipti geti hafist á Aðalmarkaði 9. desember.

### Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um félagið og skilmála útboðsins í lýsingu sem félagið birti 14. nóvember 2016 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti. Lýsinguna má nálgast á vef Skeljungs, www.skeljungur.is/um-skeljung/fjarfestar og á skrifstofu félagsins að Borgartúni 26 í Reykjavík.

### Nánari upplýsingar

Fyrirtækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. umsjón með skráningu félagsins. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna útboðsins má nálgast hjá söluaðilum þess, fyrirtækjaráðgjöf og markaðsviðskiptum fjárfestingabankasviðs Arion banka (www.arionbanki.is) eða hjá verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000 og tölvupóstfangi skeljungur-utbod@arionbanki.is.

Skeljungur

Arion banki
– fyrir framtíðina

FRAMLENGJUM BLACK FRIDAY EXTRA TILBOÐIN OKKAR
– GILDA ALLA HELGINA –

# BLACK FRIDAY

NATUZZI EDITIONS



## NATUZZI EDITIONS

**B940** vandaður tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.Svart vandað leður.
Stærð: 310 x 160 x 97 cm

BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**474.995 kr.** ~~949.990 kr.~~

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*

## PARKER

Þægilegur hægindastóll með slitsterku áklæði.
Fæst grár, svartur og ljós. Stærð: 82 × 86 × 104 cm

BLACK FRIDAY EXTRA 40% AFSLÁTTUR

**71.994 kr.** ~~119.990 kr.~~



## WILMA

Borðstofustóll, slitsterkt grátt áklæði.



BLACK FRIDAY EXTRA 38% AFSLÁTTUR

**9.914 kr.** ~~15.990 kr.~~

## FREYJA

Borðstofustóll, svart PU leður með viðarfótum.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**17.490 kr.** ~~24.990 kr.~~

## LIF

Borðstofustóll. Grátt stungið áklæði.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~

## MAGAN

Lobbístóll. Burgundi rauður eða grár. Fætur úr vengi eða olíubornar.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**13.995 kr.** ~~27.990 kr.~~

## IVV SPEEDY

kanna

**4.893 kr.** ~~6.990 kr.~~

BLACK FRIDAY EXTRA 30% AFSLÁTTUR





## IVV WAVE

kökudiskur 32cm

**4.893 kr.** ~~6.990 kr.~~

BLACK FRIDAY EXTRA 30% AFSLÁTTUR

ÖLL KERTI

# 30%

AFSLÁTTUR UM HELGINA



IVV Handmade in Italy home&table

IVV – HOLIDAY JÓLALÍNAN

# 40%

AFSLÁTTUR UM HELGINA

Servíettuhaldari

**2.394 kr.** ~~3.990 kr.~~



Kerstastjaki

**1.494 kr.** ~~2.490 kr.~~





Kökubox

**1.314 kr.** ~~2.190 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri Dalsbraut 1** — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# EXTRA

# AF VÖLDUM VÖRUM

## MORRISON

Borðstofuborð úr hvíttaðri olíuborinni gegnheilli eik.

MORRISON borðstofuborðið er 100 cm breitt, 200 cm langt og hæðin er 73 cm. Það er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Hægt er að kaupa viðbótarstækkanir sem gera það mögulegt að stækka borðið í 512 cm. Hvíttuð eða olíuborin eik.



BLACK FRIDAY
EXTRA
30%
AFSLÁTTUR

**279.993 kr.** ~~399.990 kr.~~



## SALLY

Hægindastóll PU-leður Litir: Brúnn og svartur.

BLACK FRIDAY
EXTRA
35%
AFSLÁTTUR

**25.994 kr.** ~~39.990 kr.~~

LA-Z-BOY®



BLACK FRIDAY
EXTRA
50%
AFSLÁTTUR

## ARLINGTON

Hornsófi frá La-Z-Boy. Slitsterkt grátt áklæði.
Stærð: 255 x 221 x 84 cm

**189.995 kr.** ~~379.990 kr.~~

## MOTALA

Barstóll. Svart PU og svartir fætur.
H: 74 í sessu



BLACK FRIDAY
EXTRA
30%
AFSLÁTTUR

**9.793 kr.** ~~13.990 kr.~~



## EBBA

Hægindastólar, fjórir litir.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
EXTRA
30%
AFSLÁTTUR

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN



Konur voru yfirleitt aldrei sýndar nema sem eign mannsins eða sem hugmyndir karla um konuna. Á portrettmyndum héldu þær í mesta lagi á lítilli bók, hundtetri eða vasaklút," segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona, sem opnar sýninguna Siðbót á sunnudag í safnaðarheimili Neskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Siðbót í safnaðarheimili

**Kristín Gunnlaugsdóttir** heillast af því sem snýr að innri líðan mannsins og sýnir verk sín í safnaðarheimili Neskirkju.

Ég er að velta upp spurningum um hvar nútímamaðurinn stendur í neyslusamfélaginu og m.a. bera það saman við barokktímann. Á því tímabili sögðu verk í myndlist ekki nema lítið brot sannleikans. Það var frekar verið að fjalla um eilífa fegurð og æsku – konur voru yfirleitt aldrei sýndar nema sem eign mannsins eða sem hugmyndir karla um konuna. Á portrettmyndum héldu þær í mesta lagi á lítilli bók, hundtetri eða vasaklút," segir Kristín Gunnlaugsdóttir myndlistarkona, sem opnar sýninguna Siðbót á sunnudag í safnaðarheimili Neskirkju, strax eftir messu.

„Þannig segja þau falska sögu ef maður hugsar um raunverulegt líf fólks á þessum tíma. Ég nota klassíska uppbyggingu portretta en sýni það sem liggur nær raunveruleika nútímamannsins, ekki síst með líf kvenna í huga. Nefni sem dæmi hugmyndir okkar um kvenhlutverk, öldrun og fólk með sjúkdómssögu sem kynverur. Þannig vinn ég úr listasögunni og velti fyrir mér hvernig sagan endurtekur sig."

> ÉG NOTA KLASSÍSKA UPPBYGGINGU PORTRETTA EN SÝNI ÞAÐ SEM LIGGUR NÆR RAUNVERULEIKA NÚTÍMAMANNSINS.

Kristín hefur haldið fjölda myndlistarsýninga um ævina, en segir inntak verkanna ef til vill sett í aðra umræðu með því að halda sýningu í safnaðarheimili kirkju. „Mér finnst það mjög til góðs og það hentar sérstaklega mínum verkum, því ég heillast af öllu sem snýr að innri líðan mannsins og veltir steinum. Og á það ekki einmitt vel við kirkjuna og húsakynni hennar? Það þarf engu að síður að hugsa vel hvað fer hér inn og taka tillit til starfseminnar en örva samt hugsunina og skilningarvitin. Að sýna í safnaðarheimili finnst mér gefa meira svigrúm en að sýna í kirkjuskipinu sjálfu. Mér finnst t.d. ekki öll verkin á sýningunni eiga erindi inn í kirkjuskipið sjálft þótt umræðan sem tengist þeim geri það svo sannarlega. En hugsunin um hvað hentar og hvers vegna á hverjum stað er til góðs, bæði fyrir listamenn og aðra."

Verkin á sýningu Kristínar eru öll ný og gerð á þessu ári, að undanskildu einu veggteppi. Við opnun sýningarinnar mun Kristín segja stuttlega frá verkum sínum og hugmyndum. **olof@frettabladid.is**



## Fallegur jólagluggi

Fallegustu jólaskreytingarnar eru oftast þær allra einföldustu og úr ódýru hráefni. Það má nota bómullarhnoðra og þræða upp á band og hengja upp í glugga. Einfaldar stjörnur á þráð og útklipptar jólastjörnur fara vel í glugga.

## Tínt í krans í skóginum

Í upphafi aðventu búa margir til sinn eigin aðventukrans. Það þarf ekki að vera flókið verk. Hinn hefðbundni aðventukrans er með fjórum kertum sem standa á grenihring og ekki er öllum lagið að útbúa slíkan krans. Þess í stað má sameina útiveru um helgina kransagerðinni og einblína á einfaldari lausnir. Það má til dæmis nota trékassa utan af mandarínum og tína greni og köngla til að setja ofan í hann ásamt kertum í glerkrukkum. Þá er hægt að útbúa fallegan og einfaldan krans úr könglum.



Það má nota kassa utan af mandarínum í einfalda skreytingu



Einfalt úr viðardrumbi



## Jólamarkaður í Elliðavatnsbæ

Heimsókn á jólamarkað Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur fest sig í sessi sem aðventuhefð hjá ótal fjölskyldum á höfuðborgarsvæðinu. Auk markaðs og Jólatréssölu er barnastund í Rjóðrinu á hverjum helgardegi kl 14, þar sem lesið er úr barnabók við varðeld og jólavseinninn kíkir við. Upplestrar og tónlistarflutningur á kaffistofu, harmonikkuleikur, kórar og alltaf heitt á könnunni. Keyrt er inn í Heiðmörk við Rauðhóla.




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is






„Hættum að bíta á jaxlinn. Það er ekki styrkleikamerki. Það er styrkur að glíma við og taka ábyrgð á eigin líðan. Opnum þetta, ræðum þessi mál. Ef við erum ekki með hausinn í lagi þá gerum við ekki gagn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# *Ekki* bíta á **jaxlinn**

Allir viðbragðsaðilar í neyðarþjónustu upplifa erfið útköll og þeim fylgja stundum áskoranir sem geta dregið dilk á eftir sér. **Stefán Pétursson,** nýr formaður Landssambands slökkviliðsmanna, segir mikilvægt að opna umræðuna. Hætta að bíta á jaxlinn. Það sé lífsnauðsynlegt.

Álag á viðbragðsaðila í neyðarþjónustu eykst með ári hverju á Íslandi. Álagið er margslungið, það stafar ekki eingöngu af fjölda útkalla heldur eðli þeirra að sögn Stefáns Péturssonar, nýs formanns Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

„Í fyrra fóru sjúkraflutningamenn á Suðurlandi í 3.800 sjúkraflutninga og það stefnir í 4.200 flutninga á þessu ári, það er mjög mikil aukning og helst í hendur við aukinn fjölda ferðamanna. Því miður þá kemur ekki fjármagn á móti. Staðan er mjög döpur, það er mikið álag bæði í sjúkraflutningum og í slökkviliðsstörfum. Það vantar fólk til starfa og það þarf að hlúa betur að því fólki sem er við störf vegna álagsins,“ segir Stefán.

**Dauðans alvara**

Stefán hefur starfað á þessum vettvangi í tólf ár. Hann hefur starfað við sjúkraflutninga í 10 og þar áður var hann hjá Landhelgisgæslunni sem stýrimaður og sjúkraflutningamaður. Hann tók við starfi formanns Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í apríl á þessu ári og ákvað strax að hlúa að mannskapnum.

„Mannauðurinn skiptir mestu máli og andlegi þátturinn hefur verið mjög vanræktur fram að þessu. Álagið hefur valdið miklum skaða, ég hef horft upp á félaga mína brenna út í starfi og hætta vegna tilfinningalegs álags. Við höfum líka misst fólk. Því miður. Fólk sér enga leið út. Hjónabönd hafa líka splundrast og fjölskyldur leyst upp. Það er lífsnauðsynlegt að takast á við þetta,“ segir Stefán og minnir á dauðans alvöru að baki.

**VIÐHORFIN ERU ENNÞÁ KARLLÆG, ÞÓ ÞAÐ STARFI BÆÐI KONUR OG KARLAR Á ÞESSUM VETTVANGI. ÞÚ ÁTT AÐ SÝNA AF ÞÉR KARLMENNSKU, VERA HARÐUR OG EKKI AÐ SÝNA AF ÞÉR NEINAR TILFINNINGAR. SLÍK HEGÐUN ER HÆTTULEG.**

**Átak um sálræna aðstoð**

Í byrjun nóvembermánaðar var haldin ráðstefna um sálræna aðstoð við viðbragðsaðila í neyðarþjónustu.

„Nú gerum við átak. Það hófst með veglegri ráðstefnu. Við fengum til landsins mjög þekkta einstaklinga sem starfa í þessum geira. Á ráðstefnunni ræddi til að mynda dr. Steven Hobfoll um áföll og þrautseigju. Hver áhrif stórra áfalla eru á samfélagið. Hann er frumkvöðull í þessum efnum og hefur starfað mikið fyrir Rauða krossinn og Rauða hálfmánann á alþjóðavettvangi. Dr. Sigríður Björk Þormar hjá Sálfræðingunum Lynghálsi fór einnig yfir það sem við vitum um þörfina fyrir aðstoð á Íslandi svo dæmi séu nefnd,“ segir Stefán, en enn fleiri einstaklingar héldu erindi og þá voru haldnar vinnustofur fyrir þátttakendur. Að ráðstefnunni komu Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, Neyðarlínan, Rauði krossinn, Háskólinn í Reykjavík, Landsbjörg, Sálfræðingar Lynghálsi og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. ➜

**AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

# „HÚRRA, YRSA!“

**GUÐRÚN BALDVINSDÓTTIR, DV (UM SOGIÐ)**




„YRSA ER HREIN DÁSEMD!“
SUNDAY EXPRESS

**Aflausn** eftir **Yrsu Sigurðardóttur** er mögnuð glæpasaga úr Reykjavík nútímans. Skuggaleg atburðarás, átakanleg örlög og frábær flétta.

FÆST EINNIG SEM HLJÓÐBÓK

VERÖLD

„Við erum ekkert hættir þar. Það má ekki halda svona ráðstefnu og hætta þar. Við erum að tengja okkur við Háskólann í Reykjavík, sem ég trúi að ætli að setja á fót þekkingarsetur varðandi sálfræðiþjónustu við viðbragðsaðila. Við fáum vonandi að vera þátttakendur í því ferli. Það er svo mikilvægt að hlúa að sálartetrinu,“ segir Stefán.

**Áföll á vettvangi**

Stefán nefnir áföll sem valda streitu. „Það getur verið t.d. að horfa upp á manneskju deyja. Að meðhöndla fólk sem hefur lent í alvarlegum slysum eða orðið fyrir ofbeldi. Og að vinna að málum sem varða slys, ofbeldi eða misnotkun á börnum. Aðkoman getur verið erfið. En þá er það okkar að veita styrk, hughreysta og aðstoða. Hann nefnir dæmi. „Ég get sagt þér frá aðstæðum sem margir í starfinu kannast við. Við erum kallaðir á vettvang. Komum á staðinn og verðum vitni að dauðsfalli. Stundum deyr fólk í fanginu á okkur og líður kvalir. Og stundum er blóð út um allt. Við hughreystum ekki bara þann sem deyr og hans nánasta aðstandanda. Við reynum líka að minnka áfallið fyrir aðra aðstandendur. Þrífum t.d. íbúðina og leggjum þann látna ef til vill til í rúminu. Gerum kveðjustundina eins fallega og við getum miðað við aðstæður og betri að glíma við.“

**Til staðar á versta degi fólks**

Hann segir hálfgert tabú að ræða um tilfinningar og áföll í stétt viðbragðsaðila þar sem helsta prýðin þykir seigla og sterkar taugar.

„Það er almennt ekki viðurkennt að við eigum að láta tilfinningar stjórna okkur og nú tala ég bara út frá minni stétt. Þegar við komum að ljótum atburðum, hvort sem þar eiga í hlut börn eða fullorðnir, andlát eða ljót og alvarleg slys, þá förum við í vinnugírinn. Við búum til veggi í kringum okkur, klárum verkefnið. Huggum og hjálpum. Við erum styrkur og til staðar á versta degi í lífi fólks. Ef við tölum ekki um það sem hefur gerst og vinnum úr því, þá vex það og verður að krabbameini, dregur okkur svo inn í svartnættið,“ segir Stefán og segir viðhorfin breytast hægt.

„Fólk er farið að viðurkenna að það þurfi að losa sig við ákveðna hluti. Við glímum bæði við almenningsálitið og viðhorf innan eigin stéttar. Við eigum öll sem störfum á þessum vettvangi atvik sem fylgja okkur. Ég vann með mín atvik. En þau eru samt með mér. Ég þarf til dæmis ekki annað en að sjá ákveðna hluti, sem öðrum finnast kannski hversdagslegir til að það komi upp í hugann skelfilegar sýnir og minningar,“ segir hann.

**Hugurinn sveik**

Hann nefnir dæmi um tilfinningalegt álag félaga síns sem varð til þess að hugurinn sveik hann. „Ég ætla ekki að nefna nein nöfn, það er óþarfi. En félagi minn sem hafði orðið fyrir verulegu áfalli sem tengdist barni fer stuttu síðar aftur í útkall. Það var banaslys. Hann mundi eftir sér þegar hann kom á vettvang. Svo mundi hann næst eftir sér á Hellisheiði. Hann varð fyrir hugrofi. Hreinlega slokknaði á honum. Ég hef séð þetta gerast oftar, þetta er vörn hugans,“ segir hann og varpar þannig ljósi á þungt fargið á fólki í framlínu neyðarþjónustu.

„Álagið er líka margslungið. Stundum felst álagið í því sem ekki er vitað fremur en því sem blasir við. Eins og með slökkviliðsmenn sem eru að fara inn í eldhaf og vita ekki hvort þar er einhver á lífi, þurfa líka að gæta að eigin lífi og félaganna. Eins er með neyðarverði, sem taka við símtölum og leiðbeina fólki, þeir vita ekki hvað gerist eftir að slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn koma á staðinn. Þá er þeirra hlutverki lokið, en kannski situr í þeim samtalið við viðkomandi. Nú viðrum við tilfinningar okkar eftir svona viðburði, það er nauðsynlegt því þá kemur hópurinn saman og fer yfir hlutina. Ef það eru einhverjir sem þurfa að tala frekar um þá erum við með mjög góða sálfræðinga að tala við,“ segir Stefán.

**Styrkleikamerki að tala**

Stefán segir mikilvægt að breyta menningunni og viðhorfum almennt í samfélaginu. Hjá almenningi jafnt sem fólki í framlínunni og yfirmönnum þeirra. „Það þarf að breyta menningunni og viðurkenna álag, streitu, vanlíðan og áföll. Það þarf að hjálpa yfirmönnum að skilja áföll og veita stuðning og opna umræðuna, halda fræðslu- og viðrunarfundi. Því þetta er mannlegt, eðlilegt og ekki merki um veikleika að viðurkenna álagið. Það er styrkleikamerki að takast á við starfið og það sem fylgir af ábyrgð. Það gerum við með því að ræða málin og bregðast við hættumerkjum en alls alls ekki með því að bíta á jaxlinn.“

**Karlmennskuímyndin hættuleg**

Stefán segir að seigustu viðhorfin, sem jafnframt gangi hægast að breyta, séu tengd karlmennsku.

„Viðhorfin eru ennþá karllæg, þó það starfi bæði konur og karlar á þessum vettvangi. Þú átt að sýna af þér karlmennsku, vera harður og ekki að sýna af þér neinar tilfinningar. Slík hegðun er hættuleg og ég ákvað strax þegar ég tók við í apríl að við þyrftum að breyta þessu og ræða vandann opinskátt. Það sem ég vil er að við vöknum til meðvitundar um að við erum öll mannleg og eigum okkur þolmörk. Einhvers staðar byrjum við að bogna og ef við bregðumst ekki við hættumerkjunum þá brotnum við. Við erum að horfa upp á þetta gerast í ríkari mæli,“ segir hann og segir algengt að fólk leiti sér ekki hjálpar. Það þurfi oft of mikið til.

**Tankur sem fyllist**

„Það sem er að grassera í höfðinu á fólki getur verið stórhættulegt. Það eru til rannsóknir sem sýna fram á að oft er það ekki fyrr en tólf árum eftir atvik að fólk fer fyrst að takast á við það eða leita sér aðstoðar. En þá er kannski allt farið í rúst, fjölskyldulífið til dæmis. Það er líka hætta á að fólk fari að misnota lyf og áfengi. Sumir vita ekki alveg hvað er að. Tengja sig ekki alveg. Af hverju er ég svona? Þeir fatta það ekki. En staðreyndin er bara þessi, við getum ekki vaxið í starfi, haldið áfram að vera sterk og að hugga aðra án þess að losa okkur við vanlíðanina. Þetta er bara tankur sem fyllist, við þurfum bara að tappa af honum til að halda áfram.“

Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum þjást að meðaltali um 11% lögreglumanna af áfallastreituröskun í kjölfar stærri atburða og 15% slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna af áfallastreituröskun. Það eru sjálfsvígshugsanir allt að fimm sinnum algengari en hjá almenningi. Þetta eru staðreyndir sem rætt var um á ráðstefnu í byrjun nóvember.

„Á minni starfsstöð eru starfandi sálfræðingar. Í flestum tilvikum hafa menn aðgang að sálfræðiþjónustu. En það þarf stundum að greiða fyrir aðgenginu, ekki síst fyrir þá sem starfa úti á landi. Nú er mikilvægt að opna umræðuna til þess að fólk leiti sér þessarar aðstoðar. Við erum búin að mynda tengsl við fullt af fólki og markmiðið er að það á enginn að þurfa að sitja eftir og hafa engan að ræða við. Í þessu samhengi þá langar mig að ítreka að það er ekki endilega gott að deila því sem gengur á í starfinu með sínum nánustu. Oft áttar fólk sig á þessu sjálft og gerir það ekki. Það vill ekki leggja það á herðar ástvina sinna. Þess vegna er nauðsynlegt að tala við einhvern annan, hlutlausan fagaðila. Annars er hætt við því að allt fari í rúst heima hjá þér. Þú ert reiður, uppstökkur, með martraðir og getur ekki sagt neitt. Þetta er ómöguleg staða að vera í,“ segir Stefán.

Ég er viss um að hlutfall þeirra sem eru haldnir áfallastreituröskun vegna álags í starfi er hærra en það sem er nefnt á alþjóðavísu, fimmtán prósent. Ég held að svo margir leiti sér ekki hjálpar, við sjáum merki þess. Við létum þess vegna útbúa einföld spjöld þar sem fólk getur svolítið tékkað líðanina. Hvernig því líður og til hvaða ráðstafana hægt er að grípa versni líðanin. Við bendum líka fólki í samfélaginu, almennt, á að vera meðvitað um þessi atriði til að halda geðheilsu.“

Stefán segir að mergur málsins sé þessi: „Hættum að bíta á jaxlinn. Það er ekki styrkleikamerki. Það er styrkur að glíma við og taka ábyrgð á eigin líðan. Opnum þetta, ræðum þessi mál. Ef við erum ekki með hausinn í lagi þá gerum við ekki



„Stundum deyr fólk í fanginu á okkur og líður kvalir. Og stundum er blóð út um allt. Við hughreystum ekki bara þann sem deyr og hans nánasta aðstandanda. Við reynum líka að minnka áfallið á aðra aðstandendur. Þrífum t.d. íbúðina og leggjum þann látna ef til vill til í rúminu. Gerum kveðjustundina eins fallega og við getum miðað við aðstæður og betri að glíma við.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Hvað er áfall?

Áfall er atburður sem ógnar lífi eða veldur dauðsfalli, veldur alvarlegum áverka eða kynferðislegt ofbeldi
Einstaklingurinn ýmist ...: upplifir atburðinn sjálfur, er vitni að atburði sem kemur fyrir einhvern annan eða fær vitneskju um að náinn fjölskyldumeðlimur eða náinn vinur hafi orðið fyrir áfallaatburði.
Atburðurinn þarf að hafa verið ofbeldisfullur eða slys, endurtekin eða öfgakennd upplifun á óþægilegum þætti áfallaatburðar, t.d. lögreglumaður sem endurtekið þarf að takast á við smáatriði kynferðisofbeldis gegn barni; björgunarsveitamaður sem aðstoðar við að safna saman líkamsleifum (á ekki við um upplifun í gegnum fjölmiðla, tölvur, o.s.frv., nema það tengist atvinnu).

### Mögulegar afleiðingar áfalls

Brotið sjálfstraust, erfiðleikar í félagslegum samskiptum, skert starfsgeta, líkamleg vandamál, löngun til að deyja (sjálfsvígshugsanir/sjálfsvígstilraunir)

## Hvernig líður þér?

| Í GÓÐU STANDI | FYRSTU EINKENNI | SLÆM EINKENNI | VEIK (UR) |
|---|---|---|---|
| • Eðlilegt skap<br>• Orkumikill<br>• Sefur vel<br>• Gott vinnuframlag<br>• Góð félagsleg virkni | • Pirringur, leiði<br>• Svefntruflanir<br>• Lítil orka, þreyta og líkamlegir verkir<br>• Minnkuð félagsleg virkni | • Kvíði, reiði, sorg<br>• Stöðugir líkamlegir verkir, meiri þreyta<br>• Minnkað vinnuframlag | • Mikill kvíði<br>• Uppstökk(ur)<br>• Sefur ekki, örmagna<br>• Getur ekki sinnt skyldum<br>• Félagsleg einangrun |

## Til hvaða ráðstafana er hægt að grípa?

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Viðhalda heilbrigðum lífsstíl<br>• Nýta félagastuðning<br>• Meðvitaður/-uð um andlega líðan | • Vera meðvitaður/-uð um þín þolmörk<br>• Góð hvíld, næring og hreyfing<br>• Nýta heilbrigð bjargráð | • Viðurkenna vanlíðan og streitu<br>• Tala við einhvern, leita eftir aðstoð<br>• Viðhalda félagslegri virkni | • Leita sérfræðiaðstoðar<br>• Fylgja ráðlögðum úrræðum<br>• Þekkja úrræðin og hvernig má nálgast þau |

**15%**

**SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA ÞJÁST AÐ MEÐALTALI AF ÁFALLASTREITURÖSKUN. EN STEFÁN TELUR LÍKLEGT AÐ HLUTFALLIÐ SÉ MUN HÆRRA.**

**VIÐ HÖFUM LÍKA MISST FÓLK. ÞVÍ MIÐUR. FÓLK SÉR ENGA LEIÐ ÚT. HJÓNABÖND HAFA LÍKA SPLUNDRAST OG FJÖLSKYLDUR LEYST UPP. ÞAÐ ER LÍFSNAUÐSYNLEGT AÐ TAKAST Á VIÐ ÞETTA.**




SOFÐU LITLA BARNIÐ MITT
UNDURFAGRAR VÖGGUVÍSUR VIÐ UNDIRLEIK
JÓNS ÓLAFSSONAR
VÖGGUVÍSURNAR
OKKAR
VÖGGUVÍSURNAR OKKAR
ÝTTU
Á TAKKANN
OG SYNGDU MEÐ
sögur
ÚTGÁFA



Skotgrafirnar voru margar mikil mannvirki. Vesturíslenski hermaðurinn Sigurður Johnsen varð agndofa þegar hann kom í skotgröf Þjóðverja, eins og hann lýsti í bréfi til móður sinnar.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



# Þökkuðu fyrir sig á *vígvellinum*

Um 400 hermenn, fæddir á Íslandi, börðust í skotgröfum heimsstyrjaldarinnar fyrri – 61 lét lífið. Íslenskar konur fóru til að hjúkra þeim særðu og niðurbrotnu. Þessa sögu segir **Gunnar Þór Bjarnason** sagnfræðingur í bók sinni Stríðið mikla. Sögu sem hefur lifað innra með honum frá því hann var strákur.

Þegar ég las bréfin á íslensku – frá ungum manni sem hafði kannski setið í sömu skólastofu og ég í Menntaskólanum í Reykjavík – þá var eins og ég stæði við hliðina á honum í skotgröfinni,“ segir Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur og höfundur bókarinnar Stríðið mikla 1914-1918 – Íslendingar og heimsstyrjöldin fyrri. Í bókinni er sagt frá nærri 400 hermönnum sem fæddir voru á Íslandi og börðust í skotgröfum heimsstyrjaldarinnar, en einnig fjölda kvenna sem héldu til hinna stríðshrjáðu landa til að hjúkra þeim særðu.

**Til fjandans**

Bók Gunnars, Þegar siðmenningin fór fjandans til, kom út fyrir síðustu jól og hlaut mjög góðar viðtökur, fékk meðal annars Íslensku bókmenntaverðlaunin. Bókin hefur nú verið endurútgefin í nýjum búningi, aukin að efni og ríkulega skreytt á sjötta hundrað ljósmyndum. ➔



Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur. Hann vinnur þessa dagana að bók um spænsku veikina – efni sem lítið hefur verið skrifað um á heimsvísu, merkilegt nokk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




„… áhrifamikil saga.“
Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá
KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
SVARTALOGN
3.
Metsölulisti Eymundsson
Innbundin skáldverk Vika 46
„Þessi skáldsaga Kristínar Marju er einstaklega falleg og oft á tíðum mjög spennandi … Svartalogn er falleg og áhrifamikil saga …“
Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá
„Svartalogn er vel skrifuð og sannfærandi samtímasaga sem heldur lesandanum við efnið …“
Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið
„Norræn samtímahöfundur sem ekki verður litið fram hjá …“
Berlingske
„… hún er að gefa konum rödd … rosalega margt sterkt þarna …“
Sunna Dís Másdóttir / Kiljan
Politiken
FORLAGIÐ
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardagar 11–15 | www.forlagid.is



Vesturíslensku hjúkrunarkonurnar í heimsstyrjöldinni voru fjórtán talsins – fjórar þeirra voru fæddar á Íslandi. Tíu störfuðu á hersjúkrahúsum í Evrópu, þar af tvær í herbúðum bandamanna í Þýskalandi fyrstu mánuðina eftir stríð. Hinar hjúkruðu hermönnum í Bandaríkjunum og Kanada.




**ÁHUGI MINN Á ÞESSUM TÍMA – OG STRÍÐINU, ER EIGINLEGA JAFN GAMALL MÉR. ÉG VAR BÚINN AÐ ÁKVEÐA AÐ LÆRA SÖGU ÞEGAR ÉG VAR STRÁKUR. ÞEGAR ÉG VAR TÍU ÁRA FÉKK ÉG AÐ VAKA FRAM EFTIR Á KVÖLDIN OG HORFA Á HEIMILDARÞÁTT BBC UM ÞESSA ATBURÐI OG EFTIR ÞAÐ HEFUR ÞESSI STYRJÖLD ÁTT Í MÉR HVERT BEIN.**

➡ „Áhugi minn á þessum tíma – og stríðinu, er eiginlega jafn gamall mér. Ég var búinn að ákveða að læra sögu þegar ég var strákur. Þegar ég var tíu ára fékk ég að vaka frameftir á kvöldin og horfa á heimildarþátt BBC um þessa atburði og eftir það hefur þessi styrjöld átt í mér hvert bein,“ segir Gunnar spurður um kveikjuna að bókinni, og bætir við að stríðið marki alla sögu 20. aldar þó heimsstyrjöldin síðari veki oft frekar áhuga fólks. Það eigi við um Ísland, og það sé líka auðvelt að færa rök fyrir því að atburðir dagsins í Sýrlandi og Austurlöndum nær eigi rætur sínar í þeirri uppstokkun sem varð við lok stríðsins.

„Þessi saga hefur alltaf átt sinn stað í mér. Svo áttaði ég mig á því að ef ég ætlaði einhvern tímann að skrifa þessa sögu þá væri réttur tímapunktur núna á 100 ára afmæli þessa hildarleiks,“ segir Gunnar sem hóf að leggja drög að bókinni haustið 2013. Og bók um stríðið hefur sjaldan átt brýnna erindi við okkur en nú. Mjög margt í samtímanum minnir á aðstæður fyrir stríðið þegar flestir töldu að stríð milli helstu menningarþjóða heims væri óhugsandi, bætir hann við.

„Þá var ég hættur að kenna og sökkti mér í þetta – fór meðal annars til Þýskalands og Belgíu og heimsótti sögusvið þessara atburða. Að ferðast þarna um var mjög mikilvægt fyrir mig sem höfund – það eru kirkjugarðar og minnismerki þarna um allt. Að sjá skotgrafirnar með eigin augum lætur engan mann ósnortinn,“ segir Gunnar, sem segir nýju bókina sérstaklega hugsaða út frá myndum sem fylla allar síður hennar. Þar geti lesandinn valið um að lesa bókina í heild, eða skoðað myndirnar sérstaklega sem vísa í einstaka texta. Sögu átakanna er hins vegar lýst frá íslenskum sjónarhóli, enda er Íslandssagan oft og að ástæðulausu klofin frá heimssögunni, segir Gunnar.

„Ég markvisst segi þessa sögu með því að flétta þetta tvennt saman. Ég vildi brjótast gegn því að hólfa Íslandssöguna af því mér finnst augljóst að þetta er sama sagan,“ segir Gunnar en bætir við að við frágang bókarinnar hafi hann hugsað mikið um miðlun sagnfræðilegs efnis. Myndavinnsla og uppsetning bókarinnar hafi opnað augu sín fyrir því hvernig má matreiða mikla sögu á aðgengilegan hátt.

„Það má segja að ég hafi fengið ný augu við að pæla í þessu með öllum þessum snillingum sem koma að útgáfu bókarinnar,“ segir Gunnar.

### Sendu mér sokka

„Þeir voru 400, þessir strákar sem börðust í stríðinu og voru fæddir hérna á Íslandi. Margir voru nýfarnir héðan og margir þeirra féllu. Þeir töluðu íslensku og hugsuðu á íslensku. Skrifuðu bréfin sín á íslensku til ættingja sinna hér og báðu þá um að senda sér eitthvað. Aðallega þurra sokka,“ segir Gunnar og vísar til þess hversu ömurlegt skotgrafalífið var, og óteljandi heimildir greina frá.

„Bréfin þeirra voru ritskoðuð, og sést kannski á því að menn segjast vera „einhvers staðar í Frakklandi“, þó þeir vissu auðvitað fullvel hvar þeir voru. Ekki mátti heldur gagnrýna yfirmenn, en þó eru lýsingar bréfanna oft ótrúlega berorðar. Gunnar Richardsson, sá sem sat á skólabekk í MR eins og ég, barðist á vesturvígstöðvunum og lýsir því þegar Kanadamenn komust inn í þýska skotgröf og drápu þar alla – meira að segja særða hermenn, fanga. Þetta slapp í gegnum ritskoðun en minnir okkur á þær ömurlegu aðstæður sem þessir menn voru í og að ákvarðanir voru teknar af mönnum sem voru lamaðir af ótta,“ segir Gunnar en hefur á orði að ekki séu síður merkilegar í hans augum þær íslensku konur sem voru þátttakendur í hildarleiknum og líknuðu særðum hermönnum.

„Það er margt í þessari bók um hlutskipti kvenna á stríðsárunum – bæði í stríðinu og hérna heima. Saga þeirra hefur oftast verið sögð í framhjáhlaupi en saga stríðs er ekki síður saga þeirra. Þessi ár, sérstaklega þegar líða tók á stríðið, eru alveg örugglega erfiðustu ár 20. aldar hérlendis. Þá var miklu meiri kreppa en á kreppuárunum sem svo eru





> ÞAÐ VAR LITIÐ NIÐUR Á ÍSLENDINGA Í KANADA, ÞÓ LÍTIÐ SÉ TALAÐ UM ÞAÐ. ÞEIR VORU AÐ ENDURGJALDA ÞAÐ SEM KANADA HAFÐI GEFIÐ ÞEIM, SÝNA AÐ ÞEIR VÆRU RAUNVERULEGIR GEGNHEILIR ÞEGNAR.

kölluð, og hungursneyð vofði raunverulega yfir.“

**Af fúsum og frjálsum vilja**
En af hverju gengu þessir íslensku strákar í herinn, má spyrja sig þegar fyrir liggur að 144 vesturíslenskir hermenn týndu lífi í heimsstyrjöldinni, þar af 96 á vígvellinum. Af þeim sem týndu lífi var 61 fæddur á Íslandi.

„Það er von að stórt sé spurt. Það var engin herskylda fyrr en undir lok stríðsins. Þeir fyrstu flykktust í herinn af fúsum og frjálsum vilja. Það lá eitthvað í loftinu, það varð einhver múgsefjun. Það er mikill þrýstingur alls staðar frá og til viðbótar frá frammámönnum Vestur-Íslendinga að endurgjalda Kanada fyrir það sem landið hafði gert fyrir þá. Það var litið niður á Íslendinga í Kanada, þó lítið sé talað um það. Þeir voru að sýna að þeir væru raunverulegir gegnheilir þegnar. Svo blandaðist ævintýraþráin inn í þetta líka,“ segir Gunnar að lokum.




# Jól2016

Hjá okkur færðu þýsk gæðatæki frá Siemens, Bosch og Gaggenau. Fyrir jólin bjóðum við fjölda glæsilegra tækja á sérstöku jólaverði. Komdu til okkar og gerðu frábær kaup þér og öðrum til ánægju.



**Bosch Handryksuga**
BKS 4043

Öflug, 14,4 V. Sýgur upp þurr óhreinindi, agnir og vökva.

Jólaverð:
**6.900 kr.**
Fullt verð: 8.900 kr.



**Rommelsbacher Vöfflujárn**
WA 1000/E

Glæsilegt 1000 W vöfflujárn úr burstuðu stáli frá þýska framleiðandanum Rommelsbacher. Viðloðunarfrítt yfirborð.

Jólaverð:
**10.900 kr.**
Fullt verð: 13.900 kr.



**Pralin Hangandi ljós**
65641-16

Jólaverð:
**16.900 kr.**
Fullt verð: 21.900 kr.



**Bosch Töfrasproti**
MSM 67170

Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring. Losanlegur neðri hluti sem má þvo í uppþvottavél. Skál með loki, stór hakkari, ísbrjótur og þeytari fylgja með.

Jólaverð:
**8.900 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



**Bosch Matvinnsluvél**
MCM 3110W

800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling. Tætir, sneiðir, rífur og sker. 2,3 lítra skál. Örugg í notkun: Fer aðeins í gang þegar lok er í læstri stöðu.

Jólaverð:
**9.500 kr.**
Fullt verð: 11.900 kr.



**SIEMENS Espressó-kaffivél**
TE 515209RW

Alsjálfvirk kaffivél sem býr til helstu kaffidrykki með einum hnappi. 15 bara þrýstingur. Kaffikvörn úr keramík sem gerir vélina hljóðláta.

Jólaverð:
**109.900 kr.**
Fullt verð: 139.900 kr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## BÆKUR

# Ein atburðarás á sér ekki eina sögu heldur milljón sögur

Gunnþórunn Guðmundsdóttir skrifar um gleymsku í sjálfsævisögum og er hugleikið hvernig minni birtist í bókmenntum. Hún er áhugasömust um bækur þar sem höfundurinn efast. Efast um hvað er munað og merkingu þess.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Gunnþórunn Guðmundsdóttir, prófessor í almennri bókmenntafræði og sérfræðingur í sjálfsævisögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég er að skrifa um gleymsku. Aðallega í sjálfsævisögum, en einnig í svokölluðum minnistextum, þ.e. skáldsögum sem byggja á minni um fortíðina,“ segir Gunnþórunn Guðmundsdóttir sem sendi nýverið frá sér afar áhugaverða bók hjá hinu virta forlagi Palgrave í Englandi. Gunnþórunn er prófessor í almennri bókmenntafræði og forseti Íslensku- og menningardeildar við Háskóla Íslands. „Bókin heitir Representations of Forgetting in Live Writing and Fiction. Ég er ekki komin með hana í hendurnar en það er hægt að nálgast hana sem rafbók á öllum bókasíðum.“

Aðspurð um hvað hafi orðið til þess að þetta efni varð fyrir valinu segir Gunnþórunn að það hafi verið svona ákveðin afleiðing af doktorsritgerðinni. „Ég skrifaði um sjálfsævisögur og tengsl sjálfsævisagna og skáldskapar. Þar var einn kafli um minni og eftir því sem frá hefur liðið þá hef ég verið að fá meiri áhuga á minni og hvernig það birtist í bókmenntum. Hvernig skrifum við um minningar og allt það. Svo hélt ég fyrirlestur, á alþjóðlegu þingi sjálfsævisögufræðinga, um gleymsku og þar kom einn þessara fræðinga og sagði mér að skrifa bók um þetta. Það vantar bók um þetta, sagði hann og þar með varð ekki aftur snúið.“

### Glíma við gleymskuna

Gunnþórunn segir að minnið og hvernig við tölum um það sé heillandi fyrirbæri. „Þegar við tölum um minni þá eigum við yfirleitt við einhvers konar lifandi minningar. Það er auðvitað miklu flóknara að tala um það sem við gleymum, en þó hlýtur það líka að vera hluti af okkur sjálfum. Sjálfsmynd okkar mótast af þessu samspili minnis og gleymsku því hún byggist á því að við veljum eitthvað til þess að muna umfram annað. Þegar við svo skrifum um það sem við munum þá á sér stað ennþá meira val.

En maður sér svo líka oft í textum hræðslu við gleymskuna. Hún birtist t.d. í þessari þörf til þess að skrifa til þess að koma í veg fyrir gleymsku. Þess vegna er viðkomandi alltaf meðvitaður um gleymskuna og hún þannig alltaf nálæg í textanum með einum eða öðrum hætti. Frásögn um minni og fortíð felur þannig alltaf í sér glímu við gleymskuna.“

Er þá drifkrafturinn til þess að skrifa sjálfsævisögu óttinn við það að gleymast? „Já, óttinn við að gleyma fortíðinni og að maður sjálfur gleymist er eitt af því sem liggur að baki. Að manns eigin minningar þurrkist hreinlega út og hverfi. Þess vegna er hvatinn að því að byrja að skrifa sjálfsævisögu mjög oft andlát foreldra eða þegar minni þeirra fer að hraka. Það virðist kalla fram þörf til þess að festa eitthvað niður á blað svo fortíðin hverfi ekki bara á braut. Að skrifa verður þá lausnin. Leið til þess að varðveita fortíðina í skrifum sem er svo í raun umdeilanlegt í sjálfu sér.“

> ÓTTINN VIÐ AÐ GLEYMA FORTÍÐINNI OG AÐ MAÐUR SJÁLFUR GLEYMIST ER EITT AF ÞVÍ SEM LIGGUR AÐ BAKI. AÐ MANNS EIGIN MINNINGAR HREINLEGA ÞURRKIST ÚT.

### Minnið er pólitískt

Eins og flestir þekkja þá eru það oft ákveðnir þjóðfélagshópar sem skrá sögu sína frekar en aðrir. Stjórnmálamenn og frægt eða valdamikið fólk innan samfélagsins. Fólk sem tilheyrir sömu stéttinni og er því að skrifa um sömu atburðina. Engu að síður virðast þeir birtast með mjög ólíkum hætti eftir því hver rifjar upp. „Nákvæmlega, þetta er vel þekkt fyrirbæri. Hjá stjórnmálamönnum er hugmyndin oft að gæta þess að þeirra sýn á liðna atburði varðveitist. „Ég hef rétt fyrir mér. Ég hafði rétt fyrir mér á sínum tíma og ég skil atburðarásina og þið hin eigið að læra af því. Ég er með lykilinn.“ Þetta er oft þeirra nálgun og það sýnir okkur að minnið er mjög svo pólitískt fyrirbæri. Minni samfélaga, minni þjóðar og hvernig það er varðveitt. Hvernig saga hvers er sögð. Allt er þetta mjög pólitískt.

En svo höfum við sögur fræga fólksins, þær bækur eru oft nær því að vera viðtalsbækur. Og þá er mjög mikil ímyndarsköpun sem á sér stað. Viðkomandi gætir þess vandlega að sagan passi inn í ímyndina sem er varpað fram í bókinni. Ég er snillingurinn og svona varð ég að þeirri frábæru stjörnu sem ég er og allt það, en það er satt best að segja ekkert endilega neitt rosalega spennandi fyrirbæri.“

### Bækur sem efast

Gunnþórunn segist hins vegar vera mun áhugasamari um bækur sem eru að fara annað. „Bækur þar sem höfundurinn efast. Efast um hvað er munað og merkingu þess. Höfunda sem gera sér grein fyrir því að þeir geti kannski í raun ekki dregið einhverjar svakalegar ályktanir af minningum sínum um það sem gerðist eða eru meðvitaðir um að minnið breytist með tímanum. Maður fer að muna aðra hluti þegar maður eldist, sögur sem maður segir oft þróast og breytast og á endanum hafa þær í raun lítið að gera með einhverja raunverulega atburði.“

En hvenær skyldi þetta fyrirbæri, þessi efi, fara að gera vart við sig í íslenskum ævisögum?

„Í raun og veru er þetta ekki mjög gamalt en það er alltaf einn og einn höfundur hér og þar í bókmenntasögunni sem tjáir þetta. Ég er ekki að segja að þetta sjáist aðeins í samtímanum en ég man sérstaklega eftir þessu hjá Jakobínu Sigurðardóttur, Í barndómi, þegar hún talar um sína æsku, þá vekur hún einmitt athygli á því að hún muni þetta ekki alveg. Hún reynir að sjá fyrir sér bæinn þar sem hún ólst upp og er svona að feta sig eftir húsakynnunum í huganum. Það er svo aftur gríðarlega ólíkt því sem Þórbergur Þórðarson gerir í Steinarnir tala, þar sem hann telur upp hvert einasta smáatriði af innanstokksmunum og er með þetta allt gjörsamlega á hreinu. En hún efast og leitar í fortíðinni og þessi samanburður er skemmtilegur.“

### Brigðult og ófullkomið

Gunnþórunn tekur fram að hún hafi ekki skoðað það sérstaklega hvort munur sé á körlum og konum hvað þetta varðar en það geti þó vel verið. „Það getur verið að þær hleypi óvissunni meira að. Það er kannski minni þörf fyrir að búa til hetjuímyndina sem var til að mynda mjög algeng í eldri sjálfsævisögum.

En svo er líka gaman að skoða verk sem fjalla um sama tíma eins og hjá Hannesi Sigfússyni og Jóni Óskari þar sem þeir eru að tala jafnvel um sömu atvikin en hafa á þau mjög ólíka sýn. Þórunn Jarla Valdimarsdóttir segir líka í Stúlka með höfuð, að þau systkinin öll ættu að skrifa því að þau hefðu öll sína sögu að segja því hver og einn á sína eigin bernsku.

Systkini og aðrir minnisfélagar, eins og fjölskylda og vinir, þekkja þetta vel. Maður heldur kannski að maður eigi einhverjar minningar með þessu fólki og fer svo að rifja upp en þá kemur bara nei, nei, þetta gerðist alls ekki svona heldur hinsegin. Þá fer maður að efast um eigin minningar og segir já, ætli ég hafi búið þetta til? Þetta gerist mjög mikið í fjölskyldum og þetta hefur svo sannarlega haft afleiðingar. Systur Hannesar voru til að mynda ekki ánægðar með hans sögu af pabba þeirra og skrifuðu í blöðin. Það hafa líka verið málaferli í svona málum, þannig að þetta getur verið mjög viðkvæmt.

Það er merkilegt hvað við reiðum okkur mikið á minnið og það tengist persónuleika okkar og sjálfsmynd en um leið er það ákaflega brigðult og ófullkomið og ekkert á það treystandi,“ segir Gunnþórunn og hlær við tilhugsunina.

### Tvö form í stöðugu sambandi

Í síðasta tölublaðið Skírnis birtist grein um nýlegar íslenskar sjálfsævisögur og þar er meðal annars komið inn á að að íslenskir höfundar væru að senda frá sér bækur undir þeim formerkjum að þær væru skáldævisaga. Er það einhver samruni á milli skáldskapar og hefðbundinna ævisagna? „Ég held að þetta hugtak, skáldævisaga, sé ekkert sérlega gagnlegt. Vegna þess að sjálfsævisagan og skáldsagan hafa alltaf verið tengdar greinar. Þær alast upp saman og þroskast saman. Veraldlegar sjálfsævisögur koma upp á átjándu öldinni þegar skáldsagan er að ryðja sér til ➡


DEBENHAMS
BLACK FRIDAY
GERÐU GÓÐ KAUP
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI, FYLGIHLUTUM & GJAFAVÖRUM*
*Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook
OPIÐ Laugardag 11 - 18
Sunnudag 13 - 18
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# BÆKUR

➜ rúms. Á nítjándu öldinni verður þetta mjög fastmótað form þar sem það sem við lítum á sem hefðbundna sjálfsævisögu er orðið að veruleika. En það er í raun bara ákveðin tegund af realisma sem við lítum á sem hefðbundna sjálfsævisögu.

Síðan þá hafa verið gerðar alveg ótal tilraunir á þessu formi. Ótal tilraunir með því að segja sögu sína á einhvern annan hátt. Til að mynda ekki endilega í tímaröð heldur þematískt, eða að taka eitt ár og láta það standa fyrir ævina, eða segja sögu sína í ljósmyndum og þannig mætti lengi telja. Þessar tilraunir lýsa í raun miklu frekar ákveðnum breytingum á sambandinu á milli sjálfsævisögu og skáldsögu. Þetta er alltaf í einhverju sambandi vegna þess að sjálfsævisagan notar sér svo mikið frásagnartækni úr skáldskap og öfugt. Þannig að tengslin hafa alltaf verið sterk en þau færast til og breytast.“

**Mín bók, mitt minni**

Gunnþórunn nefnir að bækur á borð við verk Jóns Gnarr séu kannski frekar nýtt fyrirbæri hér en að slíkar bækur séu vel þekkt fyrirbæri erlendis. „Það eru alls konar ástæður fyrir því að Jón Gnarr kallar þetta skáldaða ævisögu og er tregur til að gefa ákveðin svör þegar hann er spurður út í þetta. En í grunninn ganga þessi verk ákaflega mikið út á það að skapa ákveðna ímynd. Að skapa ákveðna hugmynd um hans fortíð og af því að þetta er samtímasaga og af því að þetta er dramatískt sem hann er að segja frá, þá er þetta í lifandi minni hjá mjög mörgum, þá getur fólk bara sagt nei, þetta gerðist ekki. Þetta var ekki svona.

Þannig að ef einhver vildi skrifa ævisögu Jóns Gnarr og halda fram




**Það getur reynst erfitt að fá fram umræðu um sjálfsævisögur karla þar sem tekist er á um áföll.**

þessum atriðum sem þar koma fram, þá væri þetta mjög svo siðferðislega gráu svæði. Einfaldlega vegna þess að ævisagan á að lúta ákveðnum lögmálum um heimildir og sagnfræði. En af því að þetta er sjálfsævisaga, og Jón getur sagt „ég man þetta svona og hitt skiptir ekki máli“, þá er þetta allt annað. En það er samt alltaf þannig þegar lesendur fá í hendurnar texta sem er kynntur til sögunnar með þessi tengsl við veruleikann að vera sjálfsævisaga, að þá les fólk þetta öðruvísi. Gerir aðrar kröfur og væntingar til textans.

Þetta eru mjög athyglisverðar deilur og Jón hefur m.a. verið sakaður um að taka á sig minningar annarra. Það eru reyndar til dæmi um það úti í heimi sem eru mun dramatískari en þetta þegar fólk þykist t.d. hafa lent í helförinni. Slíkir textar eru eðlilega mjög umdeildir en þeir segja okkur mikið um þær væntingar sem við höfum til svona texta og þá ekki síst þegar þetta er svona beint inn í samtímann þegar tiltölulega ungt fólk er að skrifa um nýliðna atburði.

En með því að skilgreina verkið með ákveðnum hætti þá fær höfundur á borð við Jón Gnarr ákveðið frelsi. Ályktanirnar sem hann dregur af þessu fyrir sína ímynd og það sem er sannfærandi í verkinu eru áhrifin. Þessi tilfinning fyrir því að vera á jaðrinum og utangarðs sem skapar hann sem persónu, það er sannfærandi. Þegar hann er að búa til Jónsa pönk sem fyrirbæri þá er það sannfærandi. Þannig er þetta freistandi tæki til þess að búa til sína mynd af sögunni, hvort sem það er pólitíkus eða höfundur sem stendur þarna að baki.“

**Líf annarra**

Gunnþórunn bendir á að höfundar nota líka eigin líf og annarra í sínum skáldskap og þar geta mörkin ekki síður orðið óljós. „Konan við þúsund gráður eftir Hallgrím Helgason er einmitt nærtækt dæmi um slíkt. Það er auðvitað viðkvæmt þegar höfundur tekur yfir annað líf og býr til úr því skáldsögu. En það er hins vegar svo vel þekkt í bókmenntasögunni að það er í sjálfu sér lítið við því að segja.“

Nokkrum árum síðar þá kemur önnur bók um ævi sömu konu og þar er farið í staðreyndir og líf hennar rakið frá vöggu til grafar. Byggir það á þörf fyrir að leiðrétta? „Slíkt er að minnsta kosti vel þekkt fyrirbæri. Það er frægt dæmi hjá höfundinum Michael Ondaatje sem skrifaði mjög frjálslega sögu um fólkið sitt á Sri Lanka og bróðir hans varð svo fúll að hann skrifaði sína eigin. Þannig að þetta er að minnsta kosti allt til.

En svo eru rithöfundar oft í sínum fyrstu bókum að byggja á eigin lífi, eins og Pétur Gunnarsson gerði í Andrabókunum, en svo seinna skrifa þeir einhverja sjálfsævisögulega texta og þá er eins og skáldsagan hafi ekki verið nóg. Þá þarf að heimsækja þetta aftur og skoða þetta og þá í einverju öðru formati. Fá einhvers konar staðfestingu. Eins og þegar Virgina Woolf skrifaði To the Lighthouse, sem fjallar mjög mikið um móður hennar, en þrjátíu árum seinna eða svo þegar Woolf fer að skrifa niður eigin minningar, þá verður móðirin aftur algjörlega alltumlykjandi. Hún verður aftur að efniviði.

Það er líka vegna þess að svona sögur úr fortíð þurfa ekki að vera bara ein saga. Þetta geta verið alls konar frásagnir og þær breytast í minninu og þegar við eldumst en líka vegna þess að við komum að þeim á öðruvísi máta. Ein atburðarás á sér ekki eina sögu heldur milljón sögur.“

**Mikil dómharka**

En hver er þá afstaða samfélagsins til ævisögunnar? „Ævisagan stendur lægra í stigveldi bókmenntanna en ljóð og skáldsögur og það hefur hún í raun alltaf gert. Þetta er alveg augljóst og ekki bara hér heldur meira og minna alls staðar. Maður talar við bókmenntafólk sem er með þetta alveg á hreinu og spyr svo; en hvað gerum við þá við Játningar Rousseau? Þá kemur svona smá hik en engu að síður er hún þarna fyrir neðan.

Þetta kom mjög berlega í ljós í fyrra í umræðunni um bækur Hallgríms, Jóns Gnarr og Mikaels Torfasonar og þeirri adeilu að þeir væru að segja einhverjar sorgarsögur af sjálfum sér. Slíkt þótti nú ókarlmannlegt og svo framvegis og að höfundur á borð við Hallgrím væri að skrifa sjálfsævisögu væri nú eitthvað sem hann setti niður við.“

Gunnþórunn segir að það sem veldur þessu sé einkum að sjálfsævisagan hafi á sér þetta orð frægra manna sögunnar. „Það er það sem fólk sér fyrir sér og líka þessi lengri blaðaviðtöl, Halla Linker og Sendiherrafrú segir frá.

Allt þetta sem maður ólst upp við og er oftar en ekki einhver játningar sem þykja ómerkilegri en það að skálda og þetta er mjög rótgróið í menningunni. Við gerum nefnilega siðferðislegar kröfur til þeirra sem skrifa sjálfsævisögur og við fellum dóma um það: Þessi er of ungur, þessi hefur ekki lifað neitt merkilegt, þessi er vinnukona að austan og allt þetta. Við sem samfélag viljum hafa sitthvað að segja um það hver á að skrifa sjálfsævisögu og um hvað þær eiga að vera. Og ef einhver skrifar sína sögu er hann gagnrýndur fyrir að sleppa hinu og þessu, og þannig fellum við stöðugt dóma um sjálfsævisöguleg skrif.“

**Íslenski markaðurinn**

Var það þessi dómharka sem litaði til að mynda alla umræðu um bækur Hallgríms og Mikaels á síðasta ári? „Já það fór allt að snúast um það sem þeir höfðu lent í, eins og sagt er. Að Hallgrími hefði verið nauðgað og að læknir hefði bjargað Mikael með blóðgjöf í óþökk foreldranna. Þetta snerist allt um það og það var erfitt að fá fram umræðu um þessi verk sem bókmenntaverk. En tökum eftir því að á undanförnum árum hafa ýmsar bækur eftir konur komið út þar sem er verið að lýsa einhverju áfalli úr æsku en þær fá ekki svona viðbrögð. Erum við virkilega enn þá svona föst í karlmannlegum staðalmyndum? Kannski var þetta bara hávær minnihluti sem talaði um þetta en svona fannst mér þetta að engu að síður vera. Það var ekki hægt að ná neinni umræðu um verkið af því að þetta var ýmist hlægilegt eða að maður átti að vorkenna þeim. Þetta var að minnsta kosti stórundarleg umræða.“

**En eru engar svona bækur í ár?**

„Þær eru a.m.k. mun færri en í fyrra. Íslenskur bókmenntaheimur er stundum svo öfgakenndur og gengur í skrykkjóttum bylgjum. Ég man að þegar ég var úti í London að skrifa mína doktorsritgerð var nánast ekk-




**Gunnþórunn segist hafa sérstaklega gaman af sjálfsævisögum sem nýta ljósmyndir og eiga í samræðum við þær fremur en að nota þær aðeins til myndskreytingar.**





**Aðalfundur Golfklúbbs Reykjavíkur 2016**
**verður haldinn þriðjudaginn 6. desember kl. 20:00.**
**Fundarstaður: Golfskálinn Grafarholti**

**Dagskrá:**

Í upphafi aðalfundar skal kjósa sérstakan fundarstjóra og ritara eftir tilnefningu.

1. Skýrsla formanns.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna um lagabreytingar ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur málefni ef einhver eru.

**Virðingarfyllst, Stjórn GR**



Jólablað Hjálparstarfs kirkjunnar 2016

# Margt smátt ...



# VATN ER LÍFSVON

## TAKTU ÞÁTT Í AÐ BYGGJA BRUNNA Í AFRÍKU.

**ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK!**

---

**SENDU HJÁLP NÚNA MEÐ ÞVÍ AÐ**

- greiða valgreiðslu í heimabanka – 2500 kr.
- hringja í söfnunarsíma 907 2003 – 2500 kr.
- leggja til framlag á framlag.is
- gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is
- leggja inn á söfnunarreikning okkar 0334-26-50886, kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

# Hjálparstarf kirkjunnar

- **Er óháð og sjálfstæð hjálparstofnun sem hefur starfað síðan 1969**
- **Starfið felst í neyðaraðstoð við fólk sem býr við fátækt og að stuðla að valdeflingu þess**
- **Faglegt mat á þörf liggur til grundvallar verkefnum innanlands og utan**
- **Öll aðstoð er veitt án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kynferðis eða skoðana þeirra sem á henni þurfa að halda**

**Á Íslandi** starfar Hjálparstarf kirkjunnar með prestum, félagsþjónustu sveitarfélaga, Hjálpræðishernum, Rauða krossinum, mæðrastyrksnefndum, kvenfélögum, heilbrigðisstofnunum og verkefnanefndum ráðuneyta. Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins laga aðstoð sem veitt er að þörfum einstaklinganna sem til stofnunarinnar leita og leggja áherslu á að haga starfinu þannig að það sé hjálp til sjálfshjálpar og leiði til raunverulegra breytinga í lífi fólks.

**Í þróunarsamvinnu erlendis** vinnur Hjálparstarfið með grasrótarsamtökum og Hjálparstarfi Lúthersku heimssambandsins, LWFDWS, en fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa hafa notið aðstoðar samtakanna á árinu. Yfir 8.000 starfsmenn vinna með heimamönnum á hverjum stað sem þekkja vandann af eigin raun og menninguna, venjur og tungumál. LWFDWS er fimmti stærsti samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNHCR, í heiminum.

**Mannúðaraðstoð erlendis** veitir Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við Alþjóðahjálparstarf kirkna ACT Alliance í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka. Aðstoðin er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um neyðaraðstoð og ströngum siðareglum. Í ACT Alliance bindast 146 kirkjutengdar hjálparstofnanir böndum og starfa fleiri en 25.000 sjálfboðaliðar og starfsfólk á þeirra vegum í 140 löndum að því að bæta líf fólks sem býr við fátækt og óréttlæti.

Hjálparstarf kirkjunnar

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt, 4 tbl. 28. árg. 2016
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Prentvinnsla:
Umbrot: PIPAR\TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## Afgreiðslutími á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, um jól og áramót 2016

| | | | |
|---|---|---|---|
| laugardagur 17. desember | opið kl. 13:00 – 16:00 | annar í jólum 26. desember | lokað |
| sunnudagur 18. desember | lokað | þriðjudagur 27. desember | opið kl. 10:00 – 16:00 |
| mánudagur 19. desember | opið kl. 08:00 – 17:00 | miðvikudagur 28. desember | opið kl. 08:00 – 16:00 |
| þriðjudagur 20. desember | opið kl. 08:00 – 17:00 | fimmtudagur 29. desember | opið kl. 08:00 – 16:00 |
| miðvikudagur 21. desember | opið kl. 08:00 – 17:00 | föstudagur 30. desember | opið kl. 08:00 – 16:00 |
| fimmtudagur 22. desember | opið kl. 08:00 – 17:00 | gamlársdagur 31. desember | lokað |
| Þorláksmessa 23. desember | opið kl. 08:00 – 18:00 | nýársdagur 1. janúar | lokað |
| aðfangadagur 24. desember | opið kl. 10:00 – 12:00 | mánudagur 2. janúar | lokað |
| jóladagur 25. desember | lokað | þriðjudagur 3. janúar | opið kl. 08:00 – 16:00 |

Aðalfundur Hjálparstarfs kirkjunnar var haldinn í Grensáskirkju laugardaginn 24. september 2016. Starfsskýrslu stofnunarinnar er að finna á vefsíðunni www.help.is undir liðnum um okkur – Ársskýrslur.
Í stjórn Hjálparstarfsins starfsárið 2016–2017 eru: Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Lóa Skarphéðinsdóttir og Páll Kr. Pálsson. Varamenn: Gunnar Sigurðsson og Hörður Jóhannesson.

Alcoa
Alþýðusamband Íslands
BRIM SEAFOOD
BYKO GERUM ÞETTA SAMAN
CINTAMANI
ZYMETECH
E YES LAND gler augu
FASTUS
FÉLAG ATVINNUREKENDA
FJELDSTED & BLÖNDAL Legal Services since 1909
LAXÁ FISKAFÓÐUR
Góa Stofnað 1968
HAPPDRÆTTI das
HB GRANDI
hjá Hrafnhildi Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is
HÝSI-MERKÚR
icelandic FISH & CHIPS
init
inter.
ISNIC
ÍSLENSK ERFÐAGREINING
ÍAV
J.E.SKJANNI
Jónar Transport

# Hvað skiptir máli í lífinu?

*Bjarni Gíslason og Ahmed Nur Abib starfsmaður verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga í Sómalífylki í Eþíópíu ræða við öldung þar um aðstæður og þarfir fólksins í héraðinu.*



Fólk sem lent hefur í lífsháska segir gjarnan frá því að það hafi eftir þá reynslu metið upp á nýtt hvað það er sem skiptir máli í lífinu. Sama segja margir sem hafa ferðast til fjarlægra landa og mætt aðstæðum sem þá óraði ekki fyrir að gætu verið raunveruleiki, mætt fólki sem býr við erfið kjör og heldur vart lífi en sýnir samt styrk og gleði þrátt fyrir allt. Þá vaknar oft löngun og vilji til að leggja sitt af mörkum til að bæta hag þeirra sem líða skort.

Ég vildi óska þess að ég gæti boðið öllum að koma í heimsókn á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Ekki bara til að sjá erfiðar aðstæður fólks og skilja betur stöðu þess heldur miklu fremur til að sjá möguleikana sem eru fyrir hendi til að bæta aðstæður, sjá þann góða árangur sem náðst hefur. Skynja og skilja þann styrk og getu sem Sómalífólkið í Jijiga-héraði býr yfir. Þann kraft og vilja sem það hefur til að vinna að eigin farsæld.

Hjálparstarf kirkjunnar gerir ekkert fyrir fólk, en það gerir mjög margt með fólki. Öldungar þorpsins þar sem grafa á brunn eru með í ráðum frá upphafi, samfélagið sjálft ber ábyrgð á framkvæmdum í samráði við starfsfólk verkefnisins. Þar sem vantar upp á, t.d. þegar vantar verkfæri til að grafa, steypu til að styrkja brunninn og pumpu til að pumpa vatninu upp, þá fæst það fyrir það fjármagn sem verkefnið hefur yfir að ráða. En brunnurinn er alltaf eign samfélagsins og á ábyrgð samfélagsins. Ekki gjöf frá neinum heldur grafinn og gerður af fólkinu sjálfu með stuðningi frá Íslandi.

**Vatn er von**

Ég vildi að ég gæti tekið þig með til að hitta stúlkurnar sem áður notuðu morgnana til að sækja vatn og komust því ekki í skóla en eftir að brunnurinn kom er svo stutt að fara að þær geta hafið skólagöngu. Þá skilur maður betur hvað skiptir máli í lífinu. Vatn er sannarlega von fyrir þessar stúlkur og allt samfélagið. Vertu með í að veita von, taktu þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins. Í þessu blaði getur þú lesið um fjölbreytt starf Hjálparstarfsins á Íslandi og erlendis. Lestu og láttu það hafa áhrif á þig, sjáðu hvað skiptir máli í lífinu.

**Bjarni Gíslason,**
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

K.C.-MÁLUN kcarter@internet.is GSM: 691-7979 Kristmundur Carter MÁLNING·SPARTSL·VEGGFÓÐUR·FLÍSALÖGN
Keiluhöllin EGILSHÖLL
KJARAN GÓLFEFNI OG SKRIFSTOFUTÆKI
Kjörís
KONE
keldan
Landsvirkjun
73
Lindin fjölmiðlun útvarp
LOGOS
málning - það segir sig sjálft -
Bed Breakfast Keflavík Airport · Iceland
PFAFF
Domino's
Póstdreifing
SAMSKIP
The Capital-inn GUESTHOUSE
VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
wise

**Hjálparstarf kirkjunnar þakkar einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum fyrir frábæran stuðning við starfið og óskar landsmönnum öllum gleði og friðar á aðventu og yfir hátíðirnar!**
















# Mannúðaraðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar vegna stríðsátaka og náttúruhamfara á árinu 2016:

**1)** Nepal: Aðstoð við 308 þúsund íbúa sem urðu illa úti í jarðskjálfta sem reið yfir landið í apríl 2015. Aðstoðin fólst í því að tryggja fólkinu hreint vatn og hreinlætisaðstöðu, heilbrigðisþjónustu, húsaskjól og stuðning við viðgerð á húsnæði, matarföng, áfallahjálp og sálrænan stuðning. Hjálparstarf kirkjunnar sendi í febrúar um 21 milljón króna til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance á svæðinu. Utanríkisráðuneytið kom að verkefninu með því að leggja til 95% framlagsins.

**2)** Flóttafólk frá Sýrlandi í Jórdaníu og Líbanon: Til að mæta brýnum grunnþörfum eru flóttafólkinu tryggð matarföng, húsaskjól með hreinlætisaðstöðu og aðgangur að heilsugæslu. Skólastarfi er haldið úti fyrir börn og unglingum og veittur sálrænn stuðningur en með honum er ungu flóttafólki frá Sýrlandi sem dvelur í flóttamannabúðum og ungu fólki í sveitarfélaginu sem tekur á móti því hjálpað við að takast á við erfiðar aðstæður. Í febrúar 2016 sendi Hjálparstarf kirkjunnar 22,5 milljónir króna, þar af 20 milljóna styrk frá utanríkisráðuneytinu, til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance.

**3)** Haítí: Neyðaraðstoð í kjölfar fellibylsins Matthíasar: Í byrjun október reið fellibylurinn Matthías yfir Haítí með þeim afleiðingum að meira en 500 týndu lífi og eyðileggingin er mikil. Á þeim svæðum sem ástandið er verst (Sud og Grande Anse) eru 75% íbúa í mikilli þörf fyrir neyðaraðstoð. 1,4 milljón manns á Haítí er í brýnni þörf fyrir aðstoð. Áherslan er á að tryggja öruggt skjól, aðgang að hreinu drykkjarvatni, reisa bráðabirgðavatnsstöðvar og gera við vatnskerfi sem hefur laskast, gera við hreinlætisaðstöðu sem hefur orðið illa úti og reisa nýjar. Konur og börn eru markhópur aðgerðanna, 1600 fjölskyldur munu fá öruggt drykkjarvatn og hreinlætisaðstöðu, 700 fjölskyldur fá stuðning til lífsviðurværis og ýmsan efnislegan stuðning. Í nóvember sendi Hjálparstarf kirkjunnar 21,1 milljón króna til neyðaraðstoðar Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, þar af 20 milljóna styrk frá utanríkisráðuneytinu.

**4)** Úganda: Neyðaraðstoð við flóttafólk frá Suður-Súdan. Vegna valdabaráttu og ófremdarástands í Suður-Súdan hefur verið stöðugur straumur flóttafólks þaðan til Adjumani héraðs í Norður-Úganda. Meira en 300.000 flóttamenn hafa komið til Úganda. Markmiðið er að tryggja fólki húsaskjól, hreint drykkjarvatn, hreinlætisaðstöðu og lífsviðurværi og menntun fyrir börnin. Einnig að stuðla að sátt og samlyndi ríki við heimasamfélagið með því að tryggja þeim viðunandi lífsafkomu. Markhópurinn er 27.348 flóttamenn, þar af eru 70% börn. Í nóvember sendi Hjálparstarf kirkjunnar 10,6 milljónir króna, þar af 10 milljóna króna styrk frá utanríkisráðuneytinu, til neyðaraðstoðar Alþjóða hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance.

**5)** Eþíópía: Miklir þurrkar ollu endurteknum uppskerubresti í norðurhluta Eþíópíu í fyrra og í vor þannig að búfé féll úr hor og milljónir íbúa urðu háðar aðstoð um lífsviðurværi. Stjórnvöld í landinu brugðust skjótt við með matarsendingum á verstu þurrkasvæðin en réðu ekki óstudd við ástandið. Auk þess að glíma við þurrkana sem raktir eru til El Nino veðurkerfisins er Eþíópía nú stærsta móttökuríki flóttafólks í Afríku með fleiri en 700.000 manns í flóttamannabúðum víðs vegar um landið. Hjálparstarf kirkjunnar svaraði neyðarbeiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, og sendi í júní 11,5 milljónir króna til neyðaraðstoðar við 4.670 sjálfsþurftarbændur í Lalibela í norðurhluta landsins. Utanríkisráðuneytið tók þátt í verkefninu með styrk að upphæð 10 milljónum króna.

Utanríkisráðuneytið úthlutaði nú í nóvember 85 milljónum króna til íslenskra borgarasamtaka vegna mannúðaraðstoðar. Mannúðaraðstoð felur í sér björgun mannslífa, vernd óbreyttra borgara, útvegun nauðþurfta og annarrar aðstoðar sem auðveldar afturhvarf til eðlilegs lífs í kjölfar hamfara. Hana ber ætíð að veita með ábyrgum og samhæfðum hætti samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og grundvallarreglum um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði.
Íslensk stjórnvöld reiða sig meðal annars á borgarasamtök til að koma mannúðaraðstoð sinni til skila og er styrkjum vegna mannúðaraðstoðar ætlað að svara alþjóðlegum neyðarköllum allt árið um kring. Þrettán umsóknir bárust að þessu sinni um styrki til mannúðarverkefna frá fimm borgarasamtökum að heildarupphæð rúmlega 183 milljónum króna. Úthlutunin nær til fimm verkefna, þrjú eru til aðstoðar flóttafólks, eitt vegna stríðsátaka í Sýrlandi og eitt vegna náttúruhamfara á Haítí eins og sjá má í eftirfarandi yfirliti um styrkina.

- 20 milljónir – Hjálparstarf kirkjunnar vegna mannúðaraðstoðar í kjölfar fellibylsins Matthíasar á Haítí.
- 20 milljónir – Rauði krossinn á Íslandi vegna stuðnings við flóttafólk frá Suður-Súdan í Úganda.
- 20 milljónir – Rauði krossinn á Íslandi vegna björgunar flóttafólks og farenda á Miðjarðarhafi.
- 15 milljónir – SOS Barnaþorpin á Íslandi vegna neyðaraðstoðar í Sýrlandi.
- 10 milljónir – Hjálparstarf kirkjunnar vegna neyðaraðstoðar við flóttafólk frá Suður-Súdan í Úganda.




*Þegar brunnur er kominn við þorpið þurfa íbúarnir ekki lengur að deila vatnsbólum með búfénaði.*

# Vatn er lífsvon

**Í Sómalífylki í Eþíópíu valda tíðir þurrkar viðvarandi matarskorti og vannæringu. Vatnsskorturinn leiðir til lélegs ástands bústofnsins en dýralæknaþjónusta er stopul. Afleiðingin er fátækt en vegna hennar er skortur á tækjum og tólum og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar. Allt leiðir þetta til þess að fæðuöryggi er mjög ábótavant og lífsskilyrði eru slæm.**

Hjálparstarf kirkjunnar hefur starfað með sjálfsþurftarbændum í Jijiga í Sómalífylki í níu ár. Starfið hefur borið góðan árangur en svæðið er stórt. Þegar aðstæður hafa breyst til batnaðar í einu þorpi höfum við fært okkur um set og hjálpað fólki til sjálfshjálpar í því næsta. Með þínum stuðningi höldum við áfram að hjálpa fólkinu í Jijiga, í hverju þorpinu á fætur öðru. Meginmarkmið Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga í Sómalífylki Eþíópu er að bæta lífsskilyrði fólks sem býr við sára fátækt. Það gerum við með því að:

### Tryggja aðgengi að hreinu vatni

Þegar brunnur er kominn við þorpið þurfa íbúarnir ekki lengur að deila vatnsbólum með búfénaði. Það kemur aftur í veg fyrir sjúkdóma af völdum óheilnæms drykkjarvatns. Fólk við góða heilsu hefur þrek til vinnu og sjálfshjálpar. Stúlkur sem áður þurftu að ganga eftir vatni um langan veg fá tíma til að ganga í skóla.

### Efla völd og áhrif kvenna

Múmína er 75 ára gömul ekkja sem fékk örlán, 18.000 krónur, frá Hjálparstarfinu árið 2007. Fyrir þann tíma var hún mjög fátæk og lifði af því að safna spreki og selja sem eldivið. Nú rekur hún verslun þar sem hún selur m.a. sykur, hrísgrjón og símkort. Hún stundar einnig nautgriparækt og á geitur. Örlánið hefur því margborgað sig og Múmína hefur fyrir löngu greitt það til baka. Örlán og fræðsla um möguleika á atvinnuskapandi tækifærum er einmitt leið Hjálparstarfsins að því markmiði að efla völd og áhrif kvenna á svæðinu, samfélaginu öllu til farsældar.



*Múmína hefur fyrir löngu greitt örlánið sitt til baka. Nú rekur hún verslun og stundar búfjárrækt.*



*Nýjar tegundir matjurta, þjálfun í jarðrækt, að fá búfé til umráða ásamt markvissri þjálfun í umönnun þess eykur fæðuval fjölskyldunnar.*

### Tryggja fæðuöryggi og framfærslu

Nýjar tegundir og bættar ræktunaraðferðir leiða til betri uppskeru og með þjálfun dýraliða fá bændur betri þjónustu og heilsufar búfjár verður betra. Einstæðar mæður sem eru í viðkvæmri stöðu í samfélaginu fá meðal annars geitur, hænur og uxa til að hjálpa til við jarðrækt, allt til að auka fæðuval fjölskyldunnar.


## Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju

**fyrsta sunnudag í aðventu, 27. nóvember kl. 11:00.**



**Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar. Dr. Sigurður Árni Þórðarson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjóna fyrir altari ásamt messuþjónum og fulltrúum Hjálparstarfs kirkjunnar.**

**Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar. Organisti: Björn Steinar Sólberg. Gjöfum til Hjálparstarfs kirkunnar veitt móttaka.**

Hjálparstarf kirkjunnar

# Er mataraðstoð leiðin til að takast á við fátækt?



*Guðrún Alda Linnet, 12 ára, afhenti forseta Íslands, Hr. Guðna Th. Jóhannessyni, teikningu frá PEP á Íslandi á alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna gegn fátækt þann 17. október síðastliðinn.*

**Þann 21. október síðastliðinn stóð tengslanetið PEP* (People Experiencing Poverty) á Íslandi fyrir morgunverðarfundi með Velferðarvaktinni og hjálparsamtökum um umfang mataraðstoðar á Íslandi, reynslu fólks af henni og leiðir til úrbóta. Á fundinum miðluðu notendur þjónustunnar af eigin reynslu og settu fram hugmyndir um fjölbreyttari þjónustu enda er notendastýrt samráð nauðsynlegt svo fagaðilar geti komið til móts við mismunandi þarfir fólks og séu reglulega minntir á að þarfir þeirra sem búa við fátækt eru sífelldum breytingum háðar.**

Meðal þess sem rætt var á fundinum var hvort hægt væri að finna betri leið en að veita fólki beina mataraðstoð. Fram kom að þar sem lítið samræmi væri á milli tekna og útgjalda reyndist lágtekjufólki erfitt að ná endum saman. Raunin væri því sú að slík aðstoð væri fólki lífsnauðsynleg við núverandi aðstæður.

Á fundinum kom hins vegar skýrt fram að nauðsynlegt væri að bæta aðferð í starfi og gera aðstoðina mannúðlegri. Skömm, niðurlæging og minnimáttarkennd voru orð sem notuð voru til að lýsa því hvernig væri að standa í biðröð eftir matarúthlutun. Fram kom að reynsla af því markaði djúp spor í lífi fólks sem vara ævilangt.

Að mínu mati er sú aðferð að fólk bíði í biðröð eftir mat barn síns tíma. Nú er mikilvægt að horfa fram á veginn og veita mataraðstoðina í ríkara mæli í formi inneignarkorta í matvöruverslunum. Upplifun notenda af slíkri þjónustu er mun jákvæðari einfaldlega af því að fólk heldur virðingu sinni þegar það getur sjálft ákveðið hvað það setur í matarkörfuna hverju sinni.

Að hlusta á skoðanir þeirra sem búa við fátækt og taka mark á þeim er lykilatriði góðrar þjónustu. Samráð á milli fagaðila og notenda þjónustu sem veitt er á jafningjagrundvelli gerir hana skilvirkari og skilar fólki sáttara út í samfélagið.

Frumkvæði PEP á Íslandi að þessari umræðu er bráðnauðsynlegt þar sem hún varpar ljósi á sjónarhorn þeirra sem búa við fátækt. Ég óska Pepperum góðs gengis í framtíðinni og hvet þá til að láta heyra í sér sem oftast.

**Jóna Hulda Pálsdóttir,**
félagsráðgjafarnemi í starfsnámi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar

*PEP á Íslandi er í evrópsku grasrótarsamtökunum EAPN (European Anti Poverty Network) sem leggja áherslu á valdeflingu fólks sem á undir högg að sækja í samfélaginu vegna fátæktar



*Teikningin, sem uppi verður á Bessastöðum, er af fátækt með augum stúlku úr 3. bekk skóla hér á landi. Nemendur úr þeim árgangi fengu fyrir skemmstu það verkefni að sjá fyrir sér og teikna fátækt í hinum ýmsu myndum.*

# „Lykillinn að farsælu lífi er að þekkja styrk sinn og getu“



*Til að hrista hópinn saman við upphaf verkefnisins í september síðastliðnum var farið í sumarbúðir skáta við Úlfljótsvatn þar sem gist var yfir nótt.*

*Konurnar stigu þar heldur betur út fyrir þægindarammann og reyndu sig við ýmislegt nýtt, þar á meðal bogfimi. Þótt sumar hefðu aldrei snert á boga fyrr hittu þær beint í mark.*

Að þekkja styrk sinn og getu er ein af forsendunum fyrir því að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar, um það eru þær sammála konurnar tíu sem taka þátt í tilraunaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára og ber yfirskriftina Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi. Verkefnið hófst í september síðastliðnum og er fyrir einstæðar mæður á örorkubótum sem eru með unglinga á heimilinu. Þegar börnin verða 18 ára gömul minnka tekjur heimilisins og þá geta kvíði og óöryggi gert vart við sig og eins er ekki óalgengt að konur upplifi sem þær séu án hlutverks þegar börnin eru orðin sjálfbjarga. Með tilraunaverkefninu gefst konunum sem í því taka þátt tækifæri til að styrkja sig, skipuleggja og undirbúa þessi tímamót. Konurnar tíu taka virkan þátt í fjölda námskeiða og hópavinnu og hafa einlægan vilja til að að breyta aðstæðum sínum. Þær vinna að því að finna lausnir með félagsráðgjöfum Hjálparstarfsins, allt út frá markmiðum sem þær setja sér, áhugasviðum sínum og styrkleikum.

Virkni og vellíðan – taktu ábyrgð á eigin lífi, tilraunaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar til tveggja ára:

- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Fjármálanámskeið
- Fjármálaráðgjöf
- Jákvæð sjálfræði
- Einstaklingsviðtöl
- Endurhæfing
- Eftirfylgni
- Sjálfboðaliðastarf



# Jólabakstur

26. nóvember 2016

**KYNNINGARBLAÐ**

# Girnilegur kökubæklingur Nóa Síríusar

Nói Síríus hefur fylgt Íslendingum í að verða 100 ár og í gegnum árin hafa vörur fyrirtækisins verið sérstaklega vinsælar í bakstur. Allir landsmenn þekkja Síríus súkkulaðið, en undanfarin ár hefur það einnig orðið æ vinsælla að nota sælgætið frá Nóa Síríusi í kökugerð og bakstur. Kökubæklingur Nóa Síríusar hefur notið mikilla vinsælda og er fyrir löngu orðinn fastur liður í undirbúningi margra Íslendinga fyrir hátíðarnar. Sem fyrr erum við stolt af kökubæklingnum og því að geta boðið Íslendingum upp á úrvalshráefni í ómótstæðilegar freistingar. Uppskriftirnar í bæklingnum í ár eru eftir Berglindi Guðmundsdóttur sem er eigandi uppskriftasíðunnar GulurRauðurGrænn&salt.

## NIZZA OSTAKAKA

*Botn*

**300 g hafrakex, mulið**
**3 msk. smjör, brætt**
**3 msk. sykur**

Blandið saman muldu kexi, smjöri og sykri. Blandið vel saman og látið í 28 cm form. Frystið þar til fyllingin er tilbúin.

*Fylling*

**300 ml rjómi, þeyttur**
**340 g rjómaostur, mjúkur**
**100 g sykur**
**125 g Nizza súkkulaðismjör**

Hrærið saman rjómaosti og sykri og bætið þeyttum rjóma varlega saman við. Blandið Nizza kreminu rólega saman við með sleif. Hellið blöndunni yfir botninn og frystið í að minnsta kosti fjórar klukkustundir. Hellið bræddu Nizza súkkulaðismjöri yfir kökuna.

*Skraut*

**100 g hindber, fersk eða frosin**
**1 dl Nizza súkkulaðismjör, brætt**

## KARAMELLUÍSTERTA MEÐ SALTHNETUMARENGSBOTNI

**Marengsbotn**
**3 eggjahvítur**
**2 dl sykur**
**50 g salthnetur, saxaðar**

Gerið marengsbotninn. Þeytið eggjahvíturnar þar til þær eru orðnar stífar, setjið sykurinn smátt og smátt saman við og þeytið í um 5-10 mínútur eða þar til marengsinn er orðinn þéttur og glansandi. Blandið salthnetunum varlega saman við með sleif. Setjið deigið í form klætt með smjörpappír og bakið í 130°C heitum ofni í um eina klukkustund.



Karamelluísterta.



NIZZA ostakaka.



Döðlugott með lakkrískurli.

## KARAMELLUKREM

**3 eggjarauður**
**1 dl sykur**
**200 g Síríus rjómasúkkulaði með karamellu og sjávarsalti**
**4 dl þeyttur rjómi**

Þeytið eggjarauður og sykur vel saman eða þar til létt og ljóst. Saxið rjómasúkkulaðið og blandið saman við. Þeytið að lokum rjómann og bætið varlega saman við með sleif. Setjið kremið yfir botninn og frystið í að minnsta kosti fjórar klukkustundir. Takið kökuna úr frysti 15 mínútum áður en hún er borin fram og skreytið með söxuðu Síríus rjómasúkkulaði með karamellu og sjávarsalti.




## KARAMELLUSÓSA

**1 dl rjómi**
**1 dl síróp**
**200 g Síríus Pralín með karamellufyllingu**
**100 g smjör**

Setjið rjóma, síróp og Síríus Pralín með karamellufyllingu saman í pott og bræðið við vægan hita. Hrærið vel í blöndunni. Takið pottið af hitanum þegar allt hefur blandast vel saman og bætið smjöri saman við. Kælið lítillega.

*Skraut*

**100 g Síríus rjómasúkkulaði með karamellu og sjávarsalti**

## DÖÐLUGOTT MEÐ LAKKRÍSKURLI

**Um það bil 25 stykki.**
**500 g döðlur, saxaðar smátt**
**250 g smjör**
**120 g púðursykur**
**150 g Kellogg's Rice Krispies**
**400 g Síríus rjómasúkkulaði**
**2 pokar Nóa lakkrískurl**

Döðlur og smjör brætt saman í potti. Púðursykurinn er bræddur með þangað til döðlurnar eru orðnar mjúkar.

Blandið Rice Krispies og lakkrískurli saman við og setjið í form í frysti í 10 mínútur. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Hellið yfir Rice Krispies blönduna og frystið í um það bil 30 mínútur. Skerið í bita, berið fram og njótið.




# Safnar fyrir bökunarbók

Bökunarsnillingurinn Lilja Katrín Gunnarsdóttir sem heldur úti bökunarsíðunni Blaka.is safnar nú á Karolina Fund fyrir bökunarbiblíu.

Margir muna eftir öðru söfnunarátaki sem Lilja Katrín stóð fyrir í september þar sem safnaðist um hálf milljón króna fyrir Kraft. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, mætti í eldhúsið og þau felldu tár saman sem víða hefur verið sagt frá.

Þeir sem vilja styrkja Lilju til útgáfunnar geta kíkt inn á karolinafund.com undir Bökunarbók Blaka.

Hér er ein gómsæt uppskrift úr ranni Lilju Katrínar.


Snickers- og karamellukökur

### ROSALEGAR SMÁKÖKUR MEÐ SNICKERS OG KARAMELLU

**4 bollar Kornax-hveiti**
**1 tsk. matarsódi**
**1 tsk. lyftiduft**
**2 tsk. maizena**
**1 tsk. salt**
**280 g smjör**
**1/4 bolli rjómaostur**
**1½ bolli púðursykur**
**1 bolli sykur**
**2 Nesbú-egg**
**1 msk. vanilludropar**
**1½ bolli dökkt súkkulaði (grófsaxað)**
**½ bolli Snickers (grófsaxað)**
**24 Freyju karamellur(skornar í helminga)**

Byrjið á því að brúna smjörið og leyfið því að kólna. Blandið þurrefnunum saman í skál og setjið til hliðar. Blandið rjómaosti, púðursykri og sykri vel saman við brúnaða smjörið. Bætið eggjunum við smjörblönduna, einu í einu, og síðan vanilludropunum. Blandið þurrefnunum varlega saman við smjörblönduna á meðan þið hrærið stanslaust. Blandið síðan súkkulaði og Snickers varlega saman við með sleif. Setjið plastfilmu yfir skálina og kælið í einn sólarhring. Hitið ofninn í 180°C og klæðið ofnskúffur með bökunarpappír. Búið til kúlur úr deiginu á stærð við golfbolta, gerið dæld í miðjuna og setjið einn karamelluhelming í hverja köku. Gerið boltann aftur kúlulaga þannig að deigið hylji karamelluna. Bakið í 10 til 12 mínútur og passið að hafa bil á milli kakanna því þær breiða úr sér. Leyfið kökunum að kólna áður en þið gúffið þeim í ykkur því karamellurnar þurfa að storkna aðeins.









KORNAX

Hveitið í
jólabaksturinn
- íslensk framleiðsla -

Kíktu á www.kornax.is og sjáðu verðlaunauppskriftirnar
úr smákökusamkeppni KORNAX 2016





Jólalegar piparkökur að hætti Ingibjargar.


Finnska kaffibrauðið er í miklum metum hjá Ingibjörgu og hún bakar það fyrir hver jól.

# Piparkökur og finnskt kaffibrauð ómissandi

**Ingibjörg Bragadóttir** bakaði meira fyrir jólin á meðan börnin hennar voru yngri. Nú eru þau flogin úr hreiðrinu en finnst samt gott að koma til mömmu í mat. Um daginn bakaði fjölskyldan piparkökur saman og þá var mikið hlegið.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Ingibjörg segir að það séu alltaf einhverjar tegundir sem séu ómissandi um jólin. Ingibjörg er þekkt fyrir að vera ástríðukokkur og fyrir nokkrum árum sá hún um að gera kökubækling fyrir Nóa Siríus. Hún er samt ósátt út í fyrirtækið að hafa hætt með kattatungur en þær notaði hún alltaf í spesíur. „Ég hætti að baka þær þegar ég fékk ekki lengur kattatungur,“ segir hún. „Ég býst ekki við að baka mikið fyrir þessi jól, kannski tvær til þrjár tegundir. Ég baka alltaf kökur sem ég lærði í Húsmæðraskólanum, það eru hvítar kökur með sultu í miðjunni og er síðan dýft í kókosmjöl.

Ég geri auðvitað alltaf piparkökur með fjölskyldunni og síðan finnska kaffibrauðið sem er mjög gott. Ég fann þá uppskrift í dönskum bæklingi eftir Morten Heiberg sem er þekktur kökugerðarmaður í Danmörku. Ég er búin að gera þessa uppskrift lengi og hún er í miklu uppáhaldi hjá mér. Annars borða ég ekki mikið af smákökum. Piparkökurnar sem við bökuðum um daginn eru þó allar búnar,“ segir María en yngsti sonur hennar sem býr í Englandi fór með kökur í boxi með sér heim á dögunum. „Þetta er mjög góð piparkökuuppskrift,“ segir hún.

Ingibjörg er meira fyrir að elda góðan mat en að baka, að eigin sögn. „Ég er alltaf með rjúpu og hreindýr á aðfangadag. Á jóladag set ég afganginn af rjúpunum í tartalettur með brúnuðum kartöflum, blönduðu Ora-grænmeti og sósu. Það finnst mér alveg ómissandi. Síðan er jólaölið drukkið með,“ segir Ingibjörg og gefur hér uppskriftir að piparkökum og finnsku kaffibrauði.


Hláturmilda piparkökugengið. Frá vinstri María, Sólveig, Ingibjörg og Bragi sem heldur á Gunnlaugi, syni Maríu.

### PIPARKÖKUR

**500 g hveiti**
**180 g smjör**
**250 g sykur**
**1 dl síróp**
**1½ dl sterkt kaffi**
**2 tsk. sódaduft**
**1 tsk. hjartasalt**
**2 tsk. kanill**
**1 tsk. engiferduft**
**1 tsk. negull**
**¼ tsk. hvítur pipar**

Öllum þurrefnum blandað saman í hrærivélarskál. Smjöri í litlum bitum bætt í og vélin látin vinna saman þurrefni og smjör með deigkróknum. Síðan er kaffi og sírópi bætt í og hnoðað rólega þar til falleg deigkúla hef myndast. Stundum þarf meiri vætu og stundum meira hveiti. Þá bara bætir fólk í.

Síðan fletur maður deigið út og notar hin ýmsu mót til að skera út kökur. Bakar svo við 180°C þar til réttum lit er náð. Listfengir skreyta svo sínar kökur. En það er ekki gert hér.

### FINNSKT KAFFIBRAUÐ MEÐ SÚKKULAÐI

**500 g hveiti**
**400 g smjör**
**100 g sykur**
**50 g fínrifið suðusúkkulaði**
**1 egg til að pensla**
**50 g saxaðar möndlur**
**2 msk. grófur sykur**



Hveiti, smjör, sykur og súkkulaði sett í hrærivélarskál. Mulið saman með deigkrók og hnoðað þar til komin er kúla af deigi. Þá rúllar maður út fingurþykkum „pylsum“ sem eru síðan skornar í bita, 5-6 cm, sem penslaðir eru með eggi og möndlum og sykri stráð yfir. Bakað við 200°C í 12-15 mín.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Ólafur H. Hákonarson| olafurh@365.is | s. 512-5433
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# SVEFNTRUFLANIR ÚR SÖGUNNI

**Icecare kynnir** Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Melissa Dream eru vísindalega samsettar vörur sem aðstoða fólk við að sofa betur og vakna endurnærðara. Elsa Ásgeirsdóttir og Sigríður Geirsdóttir mæla með Melissa Dream.

Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Sigríður Geirsdóttir er fimmtug kona í krefjandi stjórnunarstarfi og hefur átt við svefnvandamál að stríða af og til undanfarin tíu ár. „Svefnvandamálið lýsir sér þannig að ég næ ekki að „slökkva á mér“ á kvöldin, heilinn fer á fullt að hugsa um næstu vinnudaga og ég næ ekki að slaka nægilega á til að sofna. Fyrir nokkrum árum fékk ég vægt svefnlyf hjá lækni sem hjálpaði mér en ég var aldrei hrifin af því að taka svefnlyf að staðaldri. Lyfin fóru einnig illa í mig, til dæmis vaknaði ég á morgnana með hálfgerða timburmenn, en þá líðan tengdi ég beint við notkun svefnlyfja. Fyrir nokkru var mér ráðlagt að prófa Melissa Dream og hentar það mér mun betur en svefnlyfin,“ segir Sigríður. „Eftir að ég fór að nota Melissa Dream þá næ ég að slaka á og festa svefn. Ég sef eins og ungbarn og er hress morguninn eftir. Einnig hefur Melissa Dream hjálpað mér mikið vegna pirrings í fótum sem angraði mig oft á kvöldin. Það er líka góð tilfinning að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur.“

> Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel.
>
> Elsa Ásgeirsdóttir



Svefntruflanir eru gríðarlega algengar í okkar hraða og erilsama þjóðfélagi.






Kamillur eru meðal jurta sem eru í Melissa Dream.



Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

## EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir, klæðskeri og hönnuður. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina.“ Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það vel. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!“


## Feitur matur og sterkur örvar sýruframleiðslu

**ENGIN UPPÞEMBA LENGUR**

**Einar Ágúst Einarsson**, smiður mælir með **Frutin** töflunum en eftir að hann byrjaði að taka þær hálftíma fyrir svefn og mat finnur hann lítið sem ekkert fyrir óþægindum eða uppþembu.

„Ég hafði verið með mikla uppþembu og brjóstsviða eftir mat í langan tíma. Þetta kom sérstaklega fyrir ef ég borðaði seint á kvöldin eða fékk mér gosdrykki eða bjór stuttu fyrir svefninn. Þar sem ég er smiður og mikið á ferðinni milli vinnustaða er oft auðvelt að detta í skyndibitann og fylgir því brjóstsviði eða uppþemba í nær öll skiptin. Eftir að ég byrjaði að taka **Frutin** töflurnar finn ég ekki fyrir því lengur,“ segir Einar Ágúst ánægður.

*Frutin eru töflur sem geta hjálpað þér að neyta fæðu sem getur valdið brjóstsviða án þess að eiga hættu á að finna fyrir óþægindum eftir máltíðina.*






IceCare
Þín heilsa

Frutin fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. www.icecare.is

# FINNST BEST AÐ SEMJA Á KVÖLDIN

Tónlistarkonan **Greta Salóme** er afar upptekin þessa dagana en hún kemur fram á yfir fjörutíu viðburðum á aðventunni. Draumahelgin hennar er þar sem hún nær að gera allt sem hún ætlaði sér að gera, en það gerist aldrei.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Jólavertíðin er nú formlega hafin hjá tónlistarkonunni Gretu Salóme Stefánsdóttur og hefur hún í nógu að snúast næstu vikurnar. Í kvöld syngur hún og spilar á jólatónleikum Heru Bjarkar og á morgun spilar hún á aðventukvöldi í Fella- og Hólakirkju. „Svo nota ég lausar stundir til að fara yfir efni næstu jólatónleika þar sem ég syng með Siggu Beinteins á hennar tónleikum. Þannig að það er nóg að gera,“ segir Greta brosandi og bætir við að hún spili á yfir fjörutíu „giggum“ á aðventunni auk þess að fást við útsetningar fyrir Sinfóníuhljómsveitina líka. „En ég er að fara í þriggja vikna ævintýraferð til Taílands þann fyrsta janúar þar sem ég fer í æfingabúðir í bootcamp, crossfit og MMA og svo frí, þannig að ég er að taka vel á því í vinnu og ræktinni þangað til.“

Greta Salóme leyfir lesendum hér að forvitnast um hvernig hún hagar helgunum sínum.

**Hver er óskamorgunmaturinn um helgar?** Ég reyndar borða aldrei morgunmat en ef ég ætti óskamorgunmat þá væru það líklega pönnukökurnar hennar mömmu.

**Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn?** Ég borða yfirleitt vel eftir hádegi um helgar þar sem ég er nánast aldrei heima hjá mér um helgar og þær yfirleitt vel fullar af alls konar giggum. Þegar ég borða hádegismatinn þá er það oft eftir æfingu og þá finnst mér mjög gott að gera próteinpönnukökur með banana og haframjöli.

**Þegar þú ferð út að skemmta þér hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Mér finnst langskemmtilegast að hitta vini mína í heimahúsi og spila eða elda saman. Svo finnst mér alveg æðislegt að bjóða heim í mat, en þar sem ég er yfirleitt að spila um helgar verður þetta oft að hittingum eftir tónleika þar sem fólk fer út saman.

**Sefur þú út um helgar?** Það er misjafnt. Ég sef stundum út á sunnudögum eftir laugardagsgigg.

**Uppáhaldshelgarmaturinn?** Mér finnst æði að elda lasanja um helgar (en geri það samt nánast aldrei). Helgarnar eru oft meira umsetnar hjá mér en virku dagarnir þannig að mataræðið er oft bara lítið og ómerkilegt um helgar.

**Hvar er best að borða hann?** Ef það er lasanja þá er best að borða það heima hjá mömmu og pabba.

**Vakir þú fram eftir?** Já, ég vaki allt of seint fram eftir en mér finnst best að semja seint á kvöldin þannig að þegar ég er búin að spila á tónleikum eða á einhverju giggi þá finnst mér stundum gott að fara inn í stúdíó og semja seint um kvöld.

**Ef þú ferð út að dansa hvert ferðu þá?** Það er misjafnt. Ég geri ekki mikið af því að fara niður í bæ að dansa lengur heldur hitti ég vini mína meira í heimahúsum en annars er það B5 ef það er farið niður í bæ.

**Hvernig er draumahelgin?** Draumahelgin er þar sem ég næ að gera allt sem ég ætla að gera yfir eina helgi. Það væri draumur, en ég næ því aldrei.

**Ef þú ert næturhrafn, færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin?** Það er misjafnt. Yfirleitt borða ég ekki á kvöldin eftir kvöldmat og fram eftir morgni næsta dag. Það sem ég geri í staðinn er að drekka svona tvo lítra af Pepsi Max á kvöldi. Mögulega er það líka morgunmaturinn minn … bara mögulega.

**Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér?** Ég er ekki beint með nammidag. Ég geng í gegnum tímabil þar sem ég er á mjög hreinu mataræði og svo ekki. Ég elska súkkulaði og myndi lifa ótrúlega góðu lífi ef ég ætti alltaf nóg af Draumi og Pepsi Max. Ef ég er ströng á mataræðinu þá geri ég stundum lágkolvetnaköku sem er mjög góð.

**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Hvar sem fólkið mitt er. Mér finnst samt best að fara á Laugarvatn í bústaðinn okkar.

**Með hverjum er best að hanga um helgar?** Kærastanum og fjölskyldunni. Það er ekkert betra en að eiga helgi öll saman og gera eitthvað.

**Hvað verður í sunnudagskaffinu?** Próteinpönnukökur og mandarínur. Já, mataræðið mitt er svona spennandi þessa dagana.




Greta Salóme hefur í nógu að snúast á aðventunni en hún segir jólavertíðina nú formlega hafna. MYND/STEFÁN

„Yfirleitt borða ég ekki á kvöldin eftir kvöldmat og fram eftir morgni næsta dag. Það sem ég geri í staðinn er að drekka svona tvo lítra af Pepsi Max á kvöldi. Mögulega er það líka morgunmaturinn minn ... bara mögulega.

Greta Salóme Stefánsdóttir




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358
Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357 **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433


Jólaævintýri Marentzu
Einstakt jólahlaðborð í Flórunni Grasagarðinum.
Úrval skandinavískra jólarétta að hætti Marentzu Poulsen.
Hörpuleikarinn Monika Abendroth leikur fyrir matargesti.
Borðapantanir í síma 553 8872 og tölvupósti info@floran.is.
Frekari upplýsingar og matseðil má finna á www.floran.is
FLÓRAN
CAFÉ / BÍSTRÓ

# UMHVERFISVÆN JÓL Í NORRÆNA HÚSINU

Norræna húsið verður venju samkvæmt með jóladagskrá. Yfirskriftin í ár er umhverfisvæn jól og verður hægt að sækja hin ýmsu námskeið, vinnustofur og skemmtun. Lögð er áhersla á notalegar samverustundir og að sem flestir geti notið. Nær allir viðburðir eru ókeypis.


**Gun Hernes verkefnastjóri**

Síðustu ár hefur Norræna húsið boðið upp á jóladagatal og verið með viðburði á hverjum degi frá 1. desember og fram að jólum. „Í ár breytum við til og verðum með uppákomur og viðburði á þriðjudagskvöldum og um helgar og vonumst til að sem flestir hafi tök á að sækja okkur heim,“ segir Gun Hernes, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu. Yfirskriftin er umhverfisvæn jól en Norræna húsið vill að sögn Gun leggja sitt af mörkum til umhverfisins. „Það er rík umhverfisvitund víða á Norðurlöndunum og margt hægt að gera til að draga úr umhverfisáhrifum jólaneyslunnar. Við viljum benda á sitt lítið af hverju í þeim efnum og verðum meðal annars með námskeið í því hvernig búa má til fallegt jólaskraut úr gömlum bókum og öðru endurvinnanlegu hráefni. Sömuleiðis jólamarkað þar sem áhersla verður á gjafavöru úr endurunnum efnivið. Eins verður boðið upp á fræðslu um hvernig búa megi til vegan-jólamat í bland við bíósýningu, leikrit, tónleika og annað skemmtilegt,“ segir Gun.


**4. desember geta gestir lært að gera jólaskraut úr gömlum bókum sem Norræna húsið leggur til.**

Dagskráin hefst laugardaginn 3. desember en þá sýnir Möguleikhúsið leiksýninguna Hvar er Stekkjastaur? Hinn 4. desember flytur hljómsveitin Vísur&Skvísur ýmis norræn jólalög fyrir gesti og sama dag kennir Málfríður Finnbogadóttir hvernig búa má til fallegt jólaskraut úr afskrifuðu efni. Þann 11. desember munu hönnuðir og listamenn halda jólamarkað og sýna hvernig hægt er að nýta það sem hendi er næst til að skapa vandaða og eftirsótta vöru og 13. desember gefur matreiðslumeistarinn og sjónvarpskokkurinn Sveinn Kjartansson þeim sem vilja prófa að gera vegan-jólarétti góð og gagnleg ráð. Hinn 18. desember verður Pollapönk með jólaball og 20. desember verður jólabíó í boði Óslóarborgar. „Ósló hefur í gegnum tíðina gefið Reykjavíkurborg jólatré á Austurvöll en nú er það jóla- og fjölskyldumyndin Jól í Furufirði . Hún hefur verið íslenskuð og er bráðskemmtileg,“ segir Gun.

Ýmsar aðrar uppákomur verða í boði og vonast Gun til að sjá sem flesta. „Hingað er auk þess alltaf hægt að koma og föndra, hlusta á jólalög og eiga notalegar samverustundir.“


**3. desember sýnir Möguleikhúsið leikritið Hvar er Stekkjastaur?**


**18. desember verða tónleikar með Pollapönk.**

> Það er rík umhverfisvitund víða á Norðurlöndunum og margt hægt að gera til að draga úr umhverfisáhrifum jólaneyslunnar. Við viljum benda á sitt lítið af hverju í þeim efnum.“
>
> Gunn Hernes

**Allar nánari upplýsingar er að finna á nordichouse.is**






50-80%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
BLACK FRIDAY
ALLA HELGINA!
Ótrúleg tilboð dagana 24-27. nóvember
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 990 st. 42-50
Aðrir litir eru einnig fáanlegir á FRÁBÆRU tilboðsverði eða aðeins 8.990kr
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 st. 36-56
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 990 st. 42-50
Aðrir litir eru einnig fáanlegir á FRÁBÆRU tilboðsverði eða aðeins 8.990kr
ÚLPA ÁÐUR 12.990 NÚ 4.990 st. 36-56
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. 36-50
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. 36-50
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 990 st. S-XXXL
Tilboðsverð 2.990,- Áður 9.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 11.990,- st. 36-41
Tilboðsverð 2.990,- Áður 8.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314




Opnum augun á nýjum stað!

Ný gleraugnaverslun Eyesland á Grandagarði 13.
Mikið úrval af gæða gleraugum á góðu verði
– og þú færð frábæra þjónstu.

E YES LAND gler◦augu

Eyesland · Grandagarði 13 · sími 510 0110 · www.eyesland.is







Siggeir varð margs vísari við skrif bókarinnar sem hann vann með Ásgeiri Berg Matthíassyni. MYND/ANTON BRINK

# SLÁ UM SIG MEÐ FÁNÝTUM FRÓÐLEIK

**Þeir Ásgeir Berg Matthíasson og Siggeir F. Ævarsson eru höfundar bókarinnar Fánýtur þjóðlegur fróðleikur frá Sögum útgáfu. Bókina unnu þeir saman, einir og innilokaðir, á bókasafninu í Grindavík.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Við byrjuðum að vinna að bókinni síðasta haust eftir að Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu hafði samband við okkur. Hugmyndin er hins vegar mun eldri,“ segir Siggeir en Fánýtur fróðleikur er upprunalega bókasería frá Bretlandi. „Ásgeir þýddi fjórar fyrstu bækurnar yfir á íslensku, þá fyrstu árið 2006. Tomma hjá Sögum hafði síðan alltaf dreymt um að gera íslenska bók en það komst ekki í verk fyrr en nú.“

Siggeir og Ásgeir unnu bókina að mestu saman en það var dálítið púsluspil. „Ásgeir hefur verið úti í námi, fyrst í Hollandi og nú í Skotlandi. En alltaf þegar hann komst til landsins settumst við við skriftir. Við fórum mikið á kvöldin og um helgar á bókasafnið heima í Grindavík, fengum bara lykil að safninu og gátum verið þar eins og við þurftum,“ segir Siggeir en þeir félagar eru báðir frá Grindavík. „Þessa daga tókum við góða spretti og skrifuðum um tvö til þrjú hundruð staðreyndir á dag.“

Með þessum hætti viðuðu þeir að sér um 1.700 staðreyndum úr öllum áttum, fyndnum, merkilegum, furðulegum og fróðlegum. Þeir félagar urðu margs vísari í þessari staðreyndaleit sinni enda þurftu þeir að fletta í gegnum gagnleg rit af ýmsu tagi. Sem dæmi um áhugaverðar bækur sem urðu uppspretta ýmissa fróðleiksmola má nefna Vegvísi um jarðfræði Íslands, bækur Dr. Gunna um íslenska tónlistarsögu, bókaröðina Íslensk knattspyrna og hina fróðlegu bók Árna Björnssonar Íslenskir þjóðhættir og siðir.

Bókin er skemmtilega myndskreytt en hugmyndin að myndskreytingunni kom síðla í ferlinu þar sem þýddu bækurnar hafa hingað til verið myndalausar. „Tommi kom með þá hugmynd að poppa bókina aðeins upp með nokkrum teikningum og svo vatt þetta upp á sig eftir að verkefnið var komið í hendurnar á þeim Bjarneyju Hinriksdóttur og José Vásquez enda kemur þetta mjög skemmtilega út.“

Siggeir segir þá félaga almennt vera áhugamenn um fánýtan fróðleik og vilja meina að þessar, að því er virðist gagnslausu staðreyndir, séu í raun stórmerkilegar. Inntur eftir því hvort þeir slái nú um sig með þessum staðreyndum við hin ýmsu tækifæri svarar Siggeir glettinn: „Já, það kemur alveg fyrir.“












# INTELLECTUAL PROPERTY ANALYST

Össur is seeking for an Intellectual Property Analyst in the IP team within R&D. The role is to proactively interact with employees from all levels of the organization to enhance the innovation level at Össur by facilitating intellectual property and new or developing technology matters in the R&D department.

## RESPONSIBILITIES

- Serve as liaison with outside patent counsel regarding patent prosecution matters
- Coach and assist R&D employees in drafting invention disclosures
- Draft patent landscape reports and competition analyses
- Expand the knowledge of IP matters within the organization
- Aid in resolving legal and strategic IP concerns

## QUALIFICATIONS

- University degree in a technical field or natural sciences
- Excellent knowledge and experience in patenting processes and procedures, especially USPTO and EPO practice
- Excellent analytical and communication skills
- Excellent language skills, especially English
- Project management and time management skills

Application period until December 5th 2016.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources tel. 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM



Landsvirkjun

# Við óskum eftir sérfræðingi á starfsmannasvið með framúrskarandi samskiptahæfni

Landsvirkjun er rótgróið fyrirtæki í örri þróun. Við vinnum með virkum hætti að uppbyggingu í orkumálum og viðskiptalífi og viljum vera í fararbroddi við að móta ný tækifæri á þessum sviðum. Hjá okkur starfar hópur metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu.

**Um er að ræða fjölbreytt starf, bæði á sviði mannauðs- og kjaramála. Starfsmannasvið fyrirtækisins hefur verið í örri þróun, meðal annars hvað varðar upplýsingatækni og verkferla, frammistöðumiðaða stjórnun og þróun innri samskipta.**

- Framhaldsmenntun eða meistaragráða á sviði sálfræði, viðskiptafræði eða mannauðsstjórnunar
- Reynsla af starfi eða ráðgjöf á sviði mannauðsmála
- Reynsla af kjaramálum og launavinnslu
- Reynsla af greiningarvinnu og þekking á tölfræði

Sótt er um starfið hjá Capacent, á capacent.is. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (*audur.bjarnadottir@capacent.is*) og Sturla Jóhann Hreinsson (*sturla.johann.hreinsson @landsvirkjun.is*). Umsóknarfrestur er til og með 11. desember.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



# Software Engineer

TELEDYNE GAVIA ehf.
Everywhereyoulook™

Teledyne Gavia ehf. is looking for an software engineer to work on software development for the Gavia AUV.

Application deadline
**7. december**

Information and application
**capacent.is/s/4166**

Main Tasks

Teledyne Gavia ehf. is looking for an software engineer to work on software development for the Gavia AUV. The Gavia AUV is an autonomous underwater vehicle (AUV) capable of carrying out complex survey missions for commercial, scientific and defence applications.



Requirements

The position requires a BSc in software Engineering. Familiarity with any of the following, C, C++, Python, embedded development and microcontrollers is preferred. Knowledge about robotics, electronics and acoustics is plus. He/she must be a self-starter and able to work in a fast-paced, team environment. Three years or more work experience is preferred.

Teledyne Gavia is part of Teledyne Technologies Inc. Teledyne Technologies is a leading provider of sophisticated electronic subsystems, instrumentation and communications products, engineered systems, aerospace engines and energy and power generation systems. The unit in Iceland was acquired by Teledyne in 2010 and currently has about 20 employees. Teledyne Gavia ehf. is located in Kópavogur, Iceland and the Gavia AUV is developed and manufactured in Iceland. For further information visit our website: www.teledynegavia.com.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Electrical Engineer

TELEDYNE GAVIA ehf.
Everywhereyoulook™

Teledyne Gavia ehf. is looking for an Electrical Engineer to work on electronics development for the Gavia AUV.

Application deadline
**7. december**

Information and application
**capacent.is/s/4168**

Main Tasks

Teledyne Gavia ehf. is looking for an Electrical Engineer to work on electronics development for the Gavia AUV. The Gavia AUV is an autonomous underwater vehicle (AUV) capable of carrying out complex survey missions for commercial, scientific and defence applications.



Requirements

The position requires a BSc in Electrical Engineering (M.Sc. is preferred) and experience in circuit design. Familiarity with motors, motor controllers, power supplies and microcontrollers is a plus. Experience with Altium or other circuit design tool is preferred. He/she must be a self-starter and able to work in a fast-paced, team environment. Five years or more work experience is preferred. Experience with oceanographic equipment is a plus.

Teledyne Gavia is part of Teledyne Technologies Inc. Teledyne Technologies is a leading provider of sophisticated electronic subsystems, instrumentation and communications products, engineered systems, aerospace engines and energy and power generation systems. The unit in Iceland was acquired by Teledyne in 2010 and currently has about 20 employees. Teledyne Gavia ehf. is located in Kópavogur, Iceland and the Gavia AUV is developed and manufactured in Iceland. For further information visit our website: www.teledynegavia.com.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Mechanical Engineer

TELEDYNE GAVIA ehf.
Everywhereyoulook™

Teledyne Gavia ehf. is looking for an mechanical engineer to work on mechanical development for the Gavia AUV.

Application deadline
**7. december**

Information and application
**capacent.is/s/4167**

Main Tasks

Teledyne Gavia ehf. is looking for an mechanical engineer to work on mechanical development for the Gavia AUV. The Gavia AUV is an autonomous underwater vehicle (AUV) capable of carrying out complex survey missions for commercial, scientific and defence applications.



Requirements

The position requires a BSc in Mechanical Engineering and experience in mechanical design. Experience with oceanographic equipment is a plus. Experience with SolidWorks or other design tools is preferred. He/she must be a self-starter and able to work in a fast-paced, team environment. Five years or more work experience is preferred.

Teledyne Gavia is part of Teledyne Technologies Inc. Teledyne Technologies is a leading provider of sophisticated electronic subsystems, instrumentation and communications products, engineered systems, aerospace engines and energy and power generation systems. The unit in Iceland was acquired by Teledyne in 2010 and currently has about 20 employees. Teledyne Gavia ehf. is located in Kópavogur, Iceland and the Gavia AUV is developed and manufactured in Iceland. For further information visit our website: www.teledynegavia.com.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Sérfræðingur í lausafjár- og skuldastýringu

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að sérfræðingi í fjárstýringarteymi ráðuneytisins. Starfið felur í sér spennandi verkefni á sviði lausafjárstýringar, fjármögnunar og skuldastýringar. Markmið starfsins er að stuðla að hagkvæmri fjármögnun ríkisins, eftirfylgni með framkvæmd lánamála og hafa yfirsýn yfir horfur á fjármálamarkaði. Sérfræðingurinn þarf að vera lausnamiðaður, hafa góða skipulagshæfni og sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi. Starfið krefst góðrar samskiptahæfni og getu til að ávinna sér traust samstarfsaðila.

Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað. Innleiðing nýrra laga um opinber fjármál stendur yfir, sem fela í sér verulegar breytingar og tækifæri.

Umsóknarfrestur

**12. desember**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4158**

**Starfssvið**

- Uppbygging virkrar lausafjárstýringar.
- Áætlanagerð og eftirfylgni á sviði fjármögnunar og skuldastýringar ríkissjóðs.
- Ríkisábyrgðir og þróun áhættustýringar.
- Greining og framsetning fjármálalegra og annarra tölulegra upplýsinga.
- Vinna með gagnagrunna og þróun þeirra.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Samstarf við Seðlabanka Íslands, Fjársýslu ríkisins, ráðuneyti og stofnanir.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Meistaragráða sem nýtist í starfi , t.d. á sviði viðskiptafræði, hagfræði og fjármálaverkfræði.
- Þekking á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.
- Hagnýt reynsla, s.s. á sviði fjárstýringar, lánsfjármála eða áhættustýringar.
- Reynsla af þróun gagnagrunna er kostur.
- Kunnátta til að greina og miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun og góð samskiptahæfni.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Á skrifstofu stjórnunar og umbóta eru 16 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 80 starfsmenn.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Gagnavinnsla og viðskiptagreind

Fjármála- og efnahagsráðuneytið auglýsir starf sérfræðings á sviði gagnavinnslu, greiningar og miðlunar. Markmið starfsins er að efla greiningargetu og gagnavinnslu innan ráðuneytisins til að tryggja að ákvarðanir og ráðgjöf sem er veitt sé studd gögnum og greinargóðum upplýsingum. Sérfræðingurinn starfar í upplýsinga- og gagnateymi rekstrarsviðs og mun eiga í miklu samstarfi við allar skrifstofur ráðuneytisins og helstu samstarfsaðila þess.

Starfið hentar lausnamiðuðum og drífandi einstakling sem hefur reynslu af sambærilegum verkefnum. Í boði er áhugavert og krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað. Innleiðing nýrra laga um opinber fjármál stendur yfir, sem fela í sér verulegar breytingar og tækifæri.

Umsóknarfrestur

**12. desember**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/4159**

**Starfssvið**

- Bæta og efla gagnasöfn ráðuneytisins til að tryggja að gögn sem unnið er með séu alltaf rétt og tiltæk.
- Þátttaka í þarfagreiningu og smíði upplýsinga- og áætlanakerfa vegna stefnumótunar, áætlanagerðar og fjárlagagerðar.
- Samræma aðferðafræði og vinnubrögð innan ráðuneytisins, auk þess að fræða og aðstoða starfsfólk um rétta notkun gagna og byggja upp þekkingu á þeim.
- Öflun og aðstoð við greiningu og framsetningu upplýsinga sem tiltækar eru í gagnasöfnum ráðuneytisins og tengdra aðila.
- Sjálfvirknivæðing og skrásetning ferla og kerfislýsinga.
- Innleiðing og viðhald kerfa sem styðja við faglega starfsemi ráðuneytisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi, til dæmis tölvunarfræði, tölfræði, tæknifræði eða verkfræði.
- Marktæk reynsla sem nýtist við úrlausn verkefnanna.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og geta til að ávinna sér traust.
- Þekking og reynsla af úrvinnslu- og fyrirspurnargerð í vensluðum gagnagrunnum.
- Mjög góð kunnátta í Office hugbúnaði og forritun innan hans.
- Þekking á vefforritun.
- Sérfræðingurinn þarf að vera vel að sér í straumum og stefnum í upplýsingatæknimálum og viðskiptalausnum og geta lagt mat á hvaða lausnir henta hverju sinni.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.

Meginhlutverk fjármála- og efnahagsráðuneytis er meðal annars að bæta stjórnunarhætti ríkisins og áætlanagerð, ásamt því að vera virkur aðili á sviði umbóta og hagræðingar í rekstri ríkisins. Ráðuneytið hefur frumkvæði, fagmennsku og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Á rekstrarsviði eru 11 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 80 starfsmenn.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Sölumaður

Danfoss

Danfoss óskar eftir að ráða þjónustulundaðan sölumann í verslun sína. Um er að ræða sölu og afgreiðslu á stjórnbúnaði fyrir hita- og kælikerfi ásamt öðrum vörum fyrirtækisins. Um fullt starf er að ræða. Vinnutími er alla virka daga nema föstudaga frá kl. 8:00 - 17:00. Á föstudögum er unnið frá kl. 8:00 - 14:30.

Umsóknarfrestur
**4. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4156**

Starfssvið
- Sala í verslun á stjórnbúnaði fyrir hita- og kælikerfi.
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Afgreiðsla á lager og vörumóttöku.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði rafvirkjunar eða vélfræði, kostur.
- Þekking á rafbúnaði og innsýn inn í virkni hita- og kælikerfa skilyrði.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Reynsla og áhugi á sölumálum er mikill kostur.

Danfoss hf. er sölu- og þjónustufyrirtæki í eigu Danfoss A/S í Danmörku. Danfoss hf. er með aðsetur að Skútuvogi 6 í Reykjavík. Hjá Danfoss hf. starfa tæknimenn með góða sérþekkingu hver á sínu sviði, sem leggja sig fram um að aðstoða við val á rétta búnaðinum við hvert úrlausnarefni.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# MATREIÐSLUMAÐUR

MÚLAKAFFI

**Múlakaffi óskar eftir að ráða matreiðslumann til að sjá um rekstur á mötuneyti hjá einum af viðskiptavinum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vinnustað þar sem eldaðir eru um 400 matarskammtar á dag.**

HELSTU VERKEFNI
- Daglegur rekstur mötuneytis
- Verkefnastjórn og mannaforráð
- Innkaup og birgðahald
- Matseld og skipulagning

HÆFNISKRÖFUR
- Matreiðslumenntun og hæfni til að elda
- Reynsla af rekstri á mötuneyti er kostur
- Skipulagshæfni og reynsla af stjórnun
- Góð samskiptahæfni

SÆKJA UM

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Múlakaffi er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem rekur veitingastað í Hallarmúla. Þangað koma að jafnaði 300 manns á dag en auk þess er Múlakaffi með veisluréttaþjónustu, rekstur á veitingasölum og rekstur mötuneyta fyrir nokkur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

ráðum ráðningarstofa

**Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.**

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Reginn FASTEIGNAFÉLAG

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 130 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 319 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

# Rekstrar- og þjónustustjóri

Fasteignafélagið Reginn hf. óskar eftir að ráða rekstrar- og þjónustustjóra.

**Helstu verkefni**
- Stýring og utanumhald á þjónustusamningum vegna reksturs í fasteignum, s.s. ræstinga, þrifa, húsumsjónar, öryggisgæslu, þjónustuborðs o.þ.h.
- Leiðir og byggir upp nýjar og auknar áherslur til vistvænni fasteignarekstrar
- Umsjón og samræming ýmissar stoðþjónustu í fasteignum í eignasafni Regins
- Stýring og utanumhald minni viðhalds- og rekstrarverkefna
- Utanumhald húsfélaga og gerð uppgjöra
- Samskipti við viðskiptavini, leigutaka og verktaka
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum

**Hæfniskröfur**
- Menntun á sviði viðskipta eða tækni sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvætt viðmót og þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**
**Sverrir Briem**
sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 5. des. nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Grindavík er 3.200 manna bær sem hefur vaxið hratt í seinni tíð. Íbúafjölgunin er um 25% undanfarin 10 ár. Grindavík er einn öflugasti útgerðarbær landsins með kraftmiklum og vel reknum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Ferðamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár í takt við aukna ferðaþjónustu og Bláa Lónið, fjölsóttasti ferðamannastaður landsins, er í anddyri bæjarins. Grindavík leggur áherslu á fjölskyldugildi, er einn öflugasti íþróttabær landsins, með niðurgreidda íþróttaiðkun grunnskólabarna, niðurgreiddan skólamat og hagstæð leikskólagjöld. Grindavík er landmikið bæjarfélag, náttúrufegurð er mikil, stutt í margrómaðar gönguleiðir, fuglalíf mikið í klettunum meðfram ströndinni við Reykjanestá, og góður 18 holu golfvöllur í skemmtilegu umhverfi við sjóinn.

# Grindavík – Bæjarstjóri

Grindavík óskar eftir að ráða bæjarstjóra út yfirstandandi kjörtímabil.

**Verksvið bæjarstjóra er m.a.:**

- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- Ábyrgð á og stjórnun daglegs reksturs
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Framkvæmd á ákvörðunum bæjarstjórnar
- Þátttaka í uppbyggingu samfélagsins

**Menntunarkröfur og reynsla:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur
- Reynsla af vinnu við og eftirfylgni stefnumótunar

**Lykileiginleikar bæjarstjóra:**

- Leiðtogahæfileikar
- Stefnumótandi hugsun og áhugi á uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og metnaður sem og mjög góðir samskiptahæfileikar

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir**
katrin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. des. kl. 12.00.**

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Qlik®



## Qlik® leitar að forriturum.

Við hjá Qlik erum staðráðin í því að breyta heiminum með því að auðvelda öllum að taka ákvarðanir byggðar á innsæi og þekkingu og fylgja þeim eftir. Qlik er alþjóðlegt fyrirtæki sem þróar lausnir fyrir viðskiptagreiningu. Það eru meira en 2.000 starfsmenn hjá Qlik og það eru meira en 40.000 viðskiptavinir í 100 löndum.

Við erum með metnaðarfullt þróunarteymi í Reykjavík og við viljum fá kraftmikla og beinskeytta einstaklinga í lið með okkur. Villt þú vinna fyrir frábært fyrirtæki þar sem þú getur haft áhrif? Við leitum að áhugasömum aðilum í hugbúnaðarþróun.

**Sækið um á heimasíðu okkar** qlik.com/careers

© 2016 QlikTech International AB.

## Lausar stöður við Bláskógaskóla Laugarvatni

Bláskógaskóli Laugarvatni

Hefur þú áhuga á að koma að kennslu í litlum samreknum leik- og grunnskóla skóla úti á landi? Við erum staðsett um klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu og það er hálftíma keyrsla á Selfoss. Nemendur í skólanum eru 71 á leik- og grunnskólastigi. Það eru nokkrar áhugaverðar stöður í boði og ef þú hefur áhuga þá endilega sendu okkur línu eða hafðu samband símleiðis:

- **Deildarstjóri á leikskóla**
- **Leikskólakennari 100% staða**
- **Handavinnukennari á grunnskólastigi (hlutastarf)**
- **Dönskukennsla á grunnskólastigi (hlutastarf)**
- **Stuðningsfulltrúi á grunnskólastigi**
- **Aðstoð í eldhúsi leikskóla 40 %**

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Þar sem skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli hefur samfellan á milli skólastiga verið góð og markviss. Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám.

Skólinn er nú að endurvekja grænfánastefnu sína. Kennarar vinna í margskonar teymum á sama skólastigi og einnig þvert á skólastig og leggjum við ríka áherslu á góða samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma.



**Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð færni á öll helstu tölvuforrit sem tengjast skólastarfinu er mikilvæg
- Gleði og samstarfsvilji skipta miklu máli þegar horft er til starfsháttta.

**Umsóknarfrestur er til 15. des. 2016.** Störfin henta jafnt körlum sem konum.
Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is

## Við leitum að SÉRFRÆÐING Á UPPGJÖRSSVIÐ

Fjárstoð leitar að einstakling sem er að ljúka, eða hefur nýlega lokið námi í viðskiptafræði og hefur áhuga á að bæta við reynslu og menntun á næstu árum.

Uppgjörssvið Fjárstoðar annast margskonar verkefni fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

**Helstu verkefni**

- Ársreikningagerð og milliuppgjör
- Skattframtöl fyrir félög og einstaklinga
- Áætlanagerð, samrunar, ýmis verkefni tengd virðisaukaskatti og skattamálum
- Afstemmingar bókhalds til endurskoðunar
- Samskipti við viðskiptavini, uppgjörsaðila og endurskoðendur

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á Excel og upplýsingatækni
- Drifkraftur og skapandi hugsun
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð

Fjárstoð er alhliða þjónustufyrirtæki á fjár¬málasviði og við störfum eftir gildunum Þekking – Þjónusta – Þægindi.

**Umsóknarfrestur er til 4. des 2016.**

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á umsokn@fjarstod.is

FJÁRSTOÐ

**Fjárstoð ehf.**
**Smáratorgi 3**
**201 Kópavogur**

**Sími 556-6000**
**fjarstod@fjarstod.is**
**www.fjarstod.is**

# VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

## SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI HJÁ EINU STÆRSTA BÍLAUMBOÐI LANDSINS







ENNEMM / SÍA / NM78608

### DEILDARSTJÓRI BÓKHALDS

Óskum eftir að ráða öflugan og reyndan leiðtoga í stöðu yfirmanns bókhaldsdeildar. Viðkomandi stýrir deildinni, ber ábyrgð á daglegum verkefnum hennar og hefur yfirumsjón með afstemmingum og bókunum. Staðan heyrir undir fjármálastjóra.

**Hæfniskröfur:**

- Viðurkenndur bókari og/eða viðskiptafræðimenntun
- Framúrskarandi leiðtogahæfileikar
- Yfirgripsmikil þekking á bókhaldi
- Reynsla af uppgjöri og áætlanagerð
- Góð þekking á Navision og Excel
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæm vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Björk Reynisdóttir, fjármálastjóri á netfanginu bjork@bl.is

### STARFSMAÐUR Í TÖLVUDEILD

Óskum eftir að ráða starfsmann í tölvudeild félagsins. Starfsmaður sinnir NAV notendaþjónustu ásamt annarri notendaþjónustu og sérverkefnum. Næsti yfirmaður er deildarstjóri tölvudeildar.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af Navision eða sambærilegum bókhaldskerfum
- Menntun/reynsla af kerfisumsjón kostur
- Góð enskukunnátta
- Fljótur að tileinka sér nýjungar
- Brennandi tölvuáhugi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar veitir Steingrímur Gautur Pétursson, deildarstjóri tölvudeildar á netfanginu gautur@bl.is

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**

Umsóknarfrestur er til 4. des. nk.

BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp.

Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

LAND ROVER SUBARU BMW HYUNDAI ISUZU D-MAX RENAULT NISSAN DACIA

B|L

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is



# Okkur vantar fólk

**Við leitum að metnaðarfullum og drífandi einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni og eru með þjónustulundina í lagi. Verkefnin framundan eru fjölmörg og tækifærin spennandi.**

### Þróunarstjóri í Dynamics NAV
Viðkomandi mun fara fyrir hópi hugbúnaðarsérfræðinga og bera ábyrgð á þróun, skipulagi verkefna, stefnumótun og fleiri spennandi verkefnum.

### Ráðgjafi í Dynamics NAV
Við leitum að aðila til að veita ráðgjöf og þjónustu til viðskiptavina okkar í Microsoft Dynamics NAV.

### Sérfræðingur í viðskiptagreind
Vegna aukinna verkefna óskum við eftir sérfræðingi í viðskiptagreind. Menntun í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði og þekking á gagnagrunnum er kostur.

### Launafulltrúi í H3
Við leitum að reyndum launafulltrúa til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði launavinnslu, ráðgjafar og þjónustu.

### Starfsmaður í mötuneyti
Við leitum að líflegum og þjónustuliprum aðila til að taka þátt í undirbúningi máltíða, áfyllingum, frágangi og uppvaski.

### Starfsmaður í tækniþjónustu
Ef þú ert með þekkingu á kerfisstjórnun, ríka þjónustulund og brennandi áhuga á tækni, þá smellpassar þú í tækniþjónustuteymi Advania.

Við þurfum að bæta við fullt af hugbúnaðarsérfræðingum og leitum því logandi ljósi að tölvunarfræðingum eða hugbúnaðarverkfræðingum í eftirfarandi störf:

### Hugbúnaðarsérfræðingar
- Forritun og ráðgjöf í **SharePoint** ásamt ráðgjöf og kennslu í öðrum Office 365 lausnum
- Þróun og forritun hugbúnaðar í **Microsoft Dynamics NAV**
- Þróun í **Outsystems**, nýju umhverfi sem býður uppá hraða afhendingu lausna
- Forritun á sviði **samþættingar upplýsingakerfa** og rafrænna viðskipta
- Framendaforritun við skólalausnir Advania í **JS umhverfi, Java, Python og CSS**
- Þróun og forritun eininga við hugbúnaðarkerfi Advania í **PHP, JavaScript og HTML/CSS**
- Þróun og forritun á sviði **opinberra lausna**
- Ráðgjöf og forritun í **SalesForce** og Force.com
- **Framenda- og C# forritun** á veflausnasviði Advania
- **Almenn hugbúnaðargerð** innan hugbúnaðarlausnasviðs Advania

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2016**

Tekið er á móti umsóknum á **www.advania.is/atvinna**
Frekari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir,
**radningar@advania.is**, 440 9000

---

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnur þú það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

advania
Welcome to IT

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is



# VILTU KOMA Í LANDSPÍTALAHÓPINN?

**Landspítali auglýsir m.a. eftirtalin störf laus til umsóknar:**

- Nýtt starf deildarlæknis - Blóðbankinn
- Ný staða deildarstjóra - Sýkla- og veirufræðideild
- Skurðhjúkrunarfræðingur - Skurðstofur við Hringbraut
- Sjúkraliði - Dag- og göngudeild augnlækninga
- Starfsmaður - Matsalur Landspítala við Snorrabraut

**Ef þú hefur áhuga á að takast á við krefjandi starf í líflegu og skemmtilegu umhverfi þá erum við að leita að þér.**

**Nánari upplýsingar á heimasíðu Landspítala; www.landspitali.is/mannaudur og Starfatorgi; www.starfatorg.is**

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

**UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN**

# INNHEIMTA & BÓKHALD

CENTER HOTELS

Í ♥ BORGARINNAR

CenterHotels óskar eftir að ráða til sín starfsmann í innheimtu og bókhald í 100% starf.
Starfið felst einkum í innheimtu, umsjón með útsendum reikningum, afstemmningum og almennri bókhaldsvinnu.

Við leitum að starfsmanni með reynslu af sambærilegum störfum. Góð íslensku og enskukunnátta er skilyrði og einnig almenn tölvukunnátta. Unnið er í ÓPUSallt bókhaldskerfi og Amadeus bókunarkerfi.

Umsóknir óskast sendar á jobs@centerhotels.is merkt "**Bókhald**" fyrir 7. desember 2016.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

CenterHotels er fjölskyldurekin hótelkeðja í miðborg Reykjavíkur sem leggur áherslu á góða þjónustu og leitar því að starfsfólki sem hefur ríka þjónustulund og metnað til að standa sig í starfi.

CENTERHOTEL SKJALDBREIÐ · CENTERHOTEL KLÖPP · CENTERHOTEL ÞINGHOLT
CENTERHOTEL ARNARHVOLL · CENTERHOTEL PLAZA · CENTERHOTEL MIÐGARÐUR

#CenterHotels #BorgarGisting #IHjartaBorgarinnar

www.centerhotels.is

## Forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn í Hornafirði

Óskað er eftir öflugum aðila í starf forstöðumanns Þekkingarsetursins Nýheima. Þekkingarsetrið er samfélag fjölmargra stofnana sem starfa undir merki Nýheima. Starfið er fjölþætt og heyrir undir stjórn setursins.

Meginmarkmið Þekkingarsetursins Nýheima er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á samþættingu menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna.

**Helstu ábyrgðarsvið:**
- Að efla innra starf í Nýheimum og vera talsmaður setursins
- Að vinna að stefnumótun og útfærslu á starfsemi þess
- Að styrkja tengsl við atvinnulíf og samfélag
- Að þróa samstarfsverkefni og styrkja tengsl við innlenda og erlenda aðila
- Að afla styrkja úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum
- Að annast fjármál og rekstur setursins

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileika
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

**Ennfremur er æskilegt að umsækjendur hafi:**
- Reynslu af rannsóknastarfi
- Reynslu af verkefnastjórnun
- Reynslu af umsóknarskrifum í samkeppnissjóði

Búseta í Sveitarfélaginu Hornafirði er skilyrði fyrir ráðningu

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember. n.k.**

Ráðning frá 1. febrúar 2017. Með umsókn skal fylgja kynnisbréf auk ferilskrár með yfirlit yfir námsferil og fyrri störf. Umsóknir skulu merktar **„Þekkingarsetur Nýheima"** og berast á rafrænu formi til formanns stjórnar Nýheima á netfangið: eyjo@fas.is Öllum umsóknum verður svarað.

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

# Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

**NAUST marine**

Naust Marine ehf var stofnað árið 1993 með það að markmiði að þróa og markaðsetja búnað fyrir sjávarútveg og annan iðnað.

Aðalverkefni fyrirtækisins til þessa er þróun og framleiðsla á sjálfvirku togvindukerfi sem við köllum ATW Catch Control.

Hjá okkur starfa 26 starfsmenn, hver og einn með sérfræðiþekkingu á sínu sviði. Sérfræðingar okkar vinna við krefjandi verkefni í samhentum hóp sem leggur áherslu á gott skipulag og stöðugar úrbætur. Gætir þú verið góð viðbót á okkar vinnustað?

Ferilskrá ásamt kynningarbréfi berist fyrir 9. desember 2015 til Bjarna Þórs. Sendist til Naust Marine, Miðhellu 4, 221 Hafnarfjörður eða netfangið bjarni@naust.is

Öllum umsóknum verður svarað.

## Sérfræðingur á rafmagnssviði

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði, verkfræði, iðnfræði eða sambærilegt nám
- Þekking á forritun iðnstýrivéla, rafstýrðum hraðabreytum og CAD teikniforritum
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við lausn verkefna

Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að ferðast og starfa erlendis á vegum fyrirtækisins, jafnvel með skömmum fyrirvara.

Merkið umsóknina
*"Sérfræðingur á rafmagnssviði"*




# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

**SPENNANDI** OG **FJÖLBREYTT** FRAMTÍÐARSTÖRF Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

### FARÞEGAÞJÓNUSTA

Við leitum að glaðlyndum, snyrtilegum og þjónustulunduðum einstaklingum til starfa við farþegaþjónustu. Helstu verkefni fela í sér að veita farþegum bestu þjónustu sem möguleiki er á, umsjón og eftirlit á þjónustuborðum og eftirlit með búnaði sem farþegar nota. Um vaktavinnu er að ræða.

Hæfniskröfur:
- 20 ára aldurstakmark
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð kunnátta í ensku og íslensku, bæði í rituðu og mæltu máli. Þriðja tungumál er kostur

### FARÞEGAAKSTUR

Við leitum að þjónustuliprum og snyrtilegum einstaklingum til að sinna rútuakstri farþega á flughlaði, til og frá flugstæðum að flugstöðinni og umhirða bifreiða. Um vaktavinnu er að ræða.

Hæfniskröfur:
- Próf á hópferðabifreið er skilyrði
- Fullnaðarskírteini fyrir B réttindaflokk í ökuskírteini
- Vandvirkni og skipulag nauðsynleg
- Góð kunnátta í ensku og íslensku

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.


**Arnar** starfar við flugvernd á Keflavíkurflugvelli. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

STARFSSTÖÐ:
**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR**

UMSÓKNARFRESTUR:
**11. DESEMBER, 2016**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

ALVERK
FRAMKVÆMDARÁÐGJÖF

Al-Verk er framsækið stjórnunarfyrirtæki í mannvirkjagerð með megináherslu á framkvæmda- og verkfræðiráðgjöf. Fyrirtækið er í dag stjórnunarráðgjafi við eina stærstu bygginga-framkvæmd á höfuðborgarsvæðinu og hefur innan sinna raða kraftmikið, vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk með langa reynslu.

Al-verk hefur yfirumsjón með framkvæmdum, og sinnir verkefnis- og byggingastjórn. Fyrirtækið veitir einnig ráðgjöf við undirbúning framkvæmda, virðisgreiningu og hönnun.

# Húsasmíðameistari / Húsasmiður

Okkur vantar góðan liðsauka. Umsækjendur þurfa að vera með reynslu af sambærilegum störfum, liprir í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.

## Helstu verkefni

- Verkþáttastýring í samstarfi við verkefnastjóra
- Verkstjórn
- Skráning og utanumhald verkferla
- Þátttaka í verkfundum
- Þátttaka í rýnifundum tengdum verkefna- og gæðastjórnun

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í húsasmíði, meistararéttindi æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð tölvufærni
- Gott vald á íslensku í rituðu og töluðu máli, ásamt góðri enskukunnáttu

**Umsóknarfrestur er til og með 5. desember 2016.** Umsóknum um starfið þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir sendist á adalgeir@alverk.is.

Nánari upplýsingar veita:
Aðalgeir Hólmsteinsson (adalgeir@alverk.is) og Halldór Karlsson (halldor@alverk.is).

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Stuðningsfulltrúi

**Garðaskóli**
- Grunnskólakennari

**Sjálandsskóli**
- Þroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

HEILSUGÆSLAN



# Sérfræðingur á sviði mannauðsmála
## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði mannauðsmála. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í líflegu og annasömu umhverfi. Næsti yfirmaður er mannauðsstjóri. Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á www.heilsugaeslan.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

## *Helstu verkefni*

- Þátttaka í stefnumótun, skipulagningu og samhæfingu mannauðsmála
- Ráðgjöf og fræðsla við starfsmenn og stjórnendur
- Samantekt upplýsinga og framsetning tölulegra gagna um mannauð
- Þátttaka í mótun, samræmingu og eftirfylgni verklagsreglna
- Þátttaka í gerð stofnanasamninga
- Ráðningar og ráðningarferli ásamt umsjón með ráðningarkerfi
- Ábyrgð á gerð kynningarefnis og kynningum fyrir nýja starfsmenn
- Þátttaka í gerð og samræmingu starfslýsinga
- Önnur tilfallandi verkefni á mannauðssviði

## *Menntunar- og hæfnikröfur*

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Reynsla á sviði mannauðsmála
- Þekking og/eða reynsla á úrvinnslu tölfræðilegra gagna
- Þekking og reynsla af kjaramálum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að vinna í teymi
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR Á UPPLÝSINGATÆKNIDEILD REYKJAVÍK

VEGAGERÐIN

**Starf hugbúnaðarsérfræðings á upplýsingatæknideild Vegagerðarinnar er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.**

Vegagerðin safnar upplýsingum frá hundruðum myndavéla, veðurstöðva, mælitækja og skynjara víðs vegar um landið til birtingar í landupplýsinga- og hugbúnaðarkerfum innanhúss og fyrir vegfarendur. Upplýsingatæknideild er ábyrg fyrir úrvinnslu, meðhöndlun og birtingu þeirra gagna sem er safnað. Á upplýsingatæknideild starfa tólf starfsmenn.

**Starfssvið**
Starfið felst í hugbúnaðarþróun, viðhaldi, innleiðingu og þjónustu við hugbúnaðarlausnir hjá Vegagerðinni. Starfsmaður mun taka þátt í verkefnum tengdum nýsmíði, endurskrift á eldri hugbúnaði, mótun framtíðarstefnu og tækniumhverfi stofnunarinnar, bætingu útgáfuferla, vinnuaðferða og högun kerfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- BSc gráða í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Góð forritunarkunnátta (.Net)
- Reynsla af hugbúnaðargerð fyrir vef er kostur (HTML5, CSS, Javascript)
- Reynsla af hugbúnaðargerð fyrir öpp er kostur
- Reynsla af Oracle gagnagrunnsforritun kostur (PL/SQL)
- Þekking á Scrum og Agile aðferðafræði er kostur
- Þekking á git og Jira er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og rík þjónustulund

Starfið hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

Umsóknir berist mannauðsstjóra á netfang oth@vegagerdin.is.

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Viktor Steinarsson upplýsingatæknistjóri í síma 522 1201.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

# ÞRJÚ SPENNANDI STÖRF FYRIR ÖFLUGT FÓLK

*Samtök iðnaðarins leita að metnaðarfullum einstaklingum til að taka þátt í öflugu starfi samtakanna.*

## Forstöðumaður hugverkasviðs

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með leiðtogahæfileika og brennandi áhuga á málefnum fyrirtækja í hugverkaiðnaði. Hér gefst tækifæri til að koma að fjölbreyttum verkefnum og hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfi hugverkaiðnaðarins.

### Starfssvið

- Tengiliður og viðskiptastjóri fyrirtækja og starfsgreinahópa á hugverkasviði
- Leiðir vinnu faghópa sviðsins undir merkjum Hugverkaráðs SI
- Vinnur að stöðugri þróun og mótun starfsumhverfis fyrirtækja á hugverkasviði
- Mótar áherslur í samvinnu við hugverkaiðnaðinn
- Ábyrgð á álitsgerðum og umsögnum í málefnum er varða hugverkaiðnaðinn
- Samskipti við hagsmunahópa og opinbera aðila

### Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogafærni og reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðað viðhorf
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

## Sérfræðingur í greiningum

Við leitum að einstaklingi með góða greiningarfærni, gagnrýna hugsun og áhuga á að greina hagrænar upplýsingar og miðla á skýran og greinargóðan hátt. Starfið felst í fjölbreyttri greiningar- og gagnavinnu sem unnin er í samstarfi við einstök fagsvið og starfsgreinahópa.

### Starfssvið

- Greining og túlkun upplýsinga
- Leit að upplýsingum sem gagnast í samanburðargreiningum
- Framsetning gagna með skýrum hætti
- Greining á áhrifum breytinga sem lög og reglugerðir kunna að hafa á tiltekna starfsgreinahópa
- Önnur greiningarverkefni og faglegur stuðningur við verkefni sem unnið er að hverju sinni

### Menntun og hæfni

- Hagfræðimenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Afburðagóð greiningarhæfni og tölvufærni
- Færni í markvissri framsetningu upplýsinga bæði skriflega og munnlega
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

## Verkefnastjóri í mennta- og hugverkamálum

Við leitum að kraftmiklum og skipulögðum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á sviði menntamála auk verkefna sem snúa að hagsmunum aðildarfyrirtækja á hugverkasviði. Starfið gefur tækifæri til að skipuleggja og taka þátt í þróun verkefna í samstarfi við einstök fagsvið.

### Starfssvið

- Verkefnastjórn í afmörkuðum verkefnum á sviði menntamála
- Leiðir teymisvinnu í verkefnum sem snúa að mennta- og þróunarverkefnum
- Útfærsla, innleiðing og framkvæmd menntaverkefna
- Skipulagsvinna og viðskiptastjórn í samráði við forstöðumenn
- Kynning og miðlun einstakra verkefna

### Menntun og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðað viðhorf
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til og með 6. desember næstkomandi.** Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknir þurfa að berast í gegnum vef SI, www.si.is. Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um störfin veitir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, í síma 824 6111 og í netfanginu almar@si.is.

Í Samtökum iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda um allt land. Fjölbreytni einkennir starfsemi samtakanna enda eru fyrirtækin og félögin af ýmsum stærðum og gerðum. Þrjú meginsvið samtakanna eru byggingar og mannvirki, framleiðsla og matvæli og hugverk. Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að efla íslenskan iðnað með samkeppnishæfni að leiðarljósi því öflugur iðnaður leiðir til aukinnar verðmætasköpunar og góðs lífs. Helstu stefnumálin eru á sviði menntunar, nýsköpunar og framleiðni. **www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins



**Sunnuhlíð**
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.
Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar www.sunnuhlid.is.

## Sjúkraliði

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða sjúkraliða í 50-80% starf.
Reynsla og þekking í öldrunarhjúkrun æskileg.
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg.
**Umsókanrfrestur er til 15.12.2016**

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Starfskjör eru samkvæmt samningum Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Hægt er að sækja um á heimasíður Sunnuhlíðar
**www.sunnuhlid.is**

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar s. 864 4184.

## Hjúkrunarfræðingur

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða til starfa hjúkrunarfræðing í 50-80% starf.
Reynsla og þekking í öldrunarhjúkrun æskileg
Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg.
**Umsóknarfrestur er til 15.12.2016.**

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn i að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar
**www.sunnuhlid.is**

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir framkvæmdarstjóri hjúkrunar s. 864 4184

---

**EFLA**

# Spennandi störf á sviði umhverfis- og skipulagsmála

Hjá EFLU verkfræðistofu vinnur eitt færasta teymi landsins í ráðgjafarþjónustu á sviði umhverfis- og skipulagsmála. EFLA leitar að öflugum einstaklingum til starfa, sérfræðingi / verkefnisstjóra í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og skipulagsfræðingi. Um framtíðarstörf er að ræða.

**Sérfræðingur í mati á umhverfisáhrifum**
Hæfniskröfur:
- M.Sc. gráða á sviði náttúruvísinda eða annarra raunvísinda
- Sérþekking á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Reynsla í verkefnisstjórnun og þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum
- Gott vald á íslenskri tungu og færni í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

**Skipulagsfræðingur**
Hæfniskröfur:
- M.Sc. gráða í skipulagsfræði, skipulagslínu landslagsarkitektúrs eða skipulagsarkitektúrs
- Þekking á umhverfismati áætlana
- Þekking á vistvænu skipulagi og skipulagsáætlanagerð æskileg
- Þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum og helstu hönnunarforritum
- Gott vald á íslenskri tungu og færni í rituðu máli
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vefsíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 10. desember næstkomandi.

**Umsóknarfrestur**
10. desember 2016

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

---



## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR

**Vantar starfsmenn við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli**

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.
Hreint sakavottorð er skilyrði

**Upplýsingar veitir Helgi í netfanginu helgi@eak.is**
**Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli**

EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

---

## Seltjarnarnesbær

**Grunnskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá áramótum:**

- **Þroskaþjálfi,** 75% starf.
- **Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund,** engda viðveru fyrir nemendur í 1.- 4. bekk, og **stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.**

**Leikskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá febrúar nk.:**

- **Þroskaþjálfi,** fullt starf.
- **Leikskólakennari,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 11. desember næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

**seltjarnarnes.is** SELTJARNARNESBÆR

---

# Starfsmaður á lager

**Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa á miðlagerinn okkar í Reykjavík. Umsækjandi þarf að vera vandvirk/ur í vinnubrögðum og ábyrgðarfull/ur í garð viðskiptavina okkar. Rétt manneskja fær tæifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08.00 til 17.00.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**
- Ábyrgð á vöruafgreiðslu til viðskiptavina og verslana.
- Samantekt á pöntunum og áfyllingum á lager.

**Hæfniskröfur**
- Góð tölvukunnátta
- Vandvirk vinnubrögð
- Ábyrgðarfull/ur
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 4. desember.

Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is

**Stilling**
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

REYKJALUNDUR endurhæfing

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2016

## Hjúkrunarfræðingur á gigtarsviði

Laus er til umsóknar 60% staða hjúkrunarfræðings á gigtarsviði frá og með 2. janúar 2017 eða eftir nánara samkomulagi.

Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi og þarf viðkomandi að búa yfir þekkingu á gigtarsjúkdómum og meðferð þeirra ásamt hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðis í starfi.

Laun byggja á kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Reykjalundar.

Upplýsingar um starfið gefa Hafdís Gunnarsdóttir, hjúkrunarstjóri gigtarsviðs í síma 585-2110 hafdisgunn@reykjalundur.is og Lára M. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóra hjúkrunar í síma 585-2129 laras@reykjalundur.is

***Umsóknarfrestur er til 10. desember 2016.***

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegum teymum þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn.

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

## Þjónustufulltrúi

strætó.is

**Strætó bs. óskar eftir framúrskarandi fólki til að ganga til liðs við öflugan starfsmannahóp í þjónustuveri. Um er að ræða framtíðarstarf.**

**Helstu verkefni:**
- Þjónusta við viðskiptavini og starfsfólk Strætó bs.
- Talstöðva- og símasamskipti
- Úrvinnsla ábendinga og vinna í upplýsingakerfum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Góð tölvuþekking
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð skipulagshæfni og geta til að starfa undir álagi
- Rík þjónustulund og góð samskiptafærni
- Sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni
- Reynsla af þjónustustörfum er mikill kostur

**Ráðið verður í starfið sem fyrst. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Um er að ræða vaktavinnu.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur Pálsson sviðsstjóri farþegaþjónustu, erlendur@straeto.is

Vinsamlegast sækið um starfið á www.strætó.is
Umsóknarfrestur er til og með 10. desember 2016

## FORSTÖÐUMAÐUR FJÁRMÁLA- OG UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN LEIÐTOGA Í STARF FORSTÖÐUMANNS FJÁRMÁLA- OG UPPLÝSINGATÆKNISVIÐS

Forstöðumaður sviðsins ber ábyrgð á öllum rekstri þess og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**STARFIÐ**
- Daglegur rekstur fjármála- og upplýsingatæknisviðs
- Undirbúningur og umsjón með rekstraráætlunargerð
- Greiningarvinna og umsjón með upplýsingum til stjórnenda
- Ábyrgð á fjárstýringu, greiðsluflæði og innheimtu
- Mánaðarleg fjárhagsuppgjör og undirbúningur uppgjörs til endurskoðenda
- Kostnaðareftirlit og leiðaútreikningar
- Virk þátttaka í stefnumótun
- Ýmis verkefni sem snúa að innleiðingu nýrra kerfa, samningagerð o.fl.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða fjármálafræða
- Marktæk reynsla af fjármálastjórnun er skilyrði s.s. fjárhagsuppgjörum, kostnaðareftirliti og gerð rekstraráætlana
- Faglegur metnaður og hæfni til að miðla upplýsingum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mjög góð greiningarhæfni og færni í notkun upplýsingatækni
- Jákvæðni, leikni í samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi

**Umsóknarfrestur er til 15. desember.** Umsókn, ásamt kynningarbréfi og ferilskrá, óskast fyllt út á vef félagsins www.flugfelag.is/upplysingar/mannaudur/storf-i-bodi
Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Þórðardóttir mannauðsstjóri, ingig@flugfelag.is



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



# RÁÐGJAFI VARAHLUTA OG ÞJÓNUSTU FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku fyrir Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT LÝSING Á STARFI

- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef

## HÆFNISKRÖFUR

- Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími 07.45-17.00 virka daga.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 5. desember næstkomandi.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.



# Vilt þú koma hlutum í verk?

Nefnd á vegum sýslumanna, er vinnur að stefnumótun með innanríkisráðuneytinu fyrir sýslumannsembættin í heild og að sameiginlegum verkefnum þeirra, leitar að starfsmanni til að annast framkvæmdastjórn fyrir hönd hennar. Starfsmaður nefndarinnar vinnur með henni að tillögum og framkvæmd varðandi hvaðeina sem getur orðið til úrbóta í störfum og sameiginlegum verkefnum sýslumanna.

Á vettvangi nefndarinnar starfa fagráð um einstök málefnasvið embætta sýslumanna, skipuð starfsmönnum þeirra. Starfsmaðurinn verður tengiliður nefndarinnar og fagráðanna og vinnur að því að koma tillögum þeirra í framkvæmd.

## Óskum eftir að ráða verkefnastjóra hjá sýslumannsembættinu á Vesturlandi

Leitað er að einstaklingi sem hefur frumkvæði, drifkraft og ánægju af því að koma hlutum í verk. Hefur áhuga á störfum sýslumanna og á auðvelt með að vinna með fólki.

### Helstu verkefni:

- Hrinda í framkvæmd tillögum til úrbóta á störfum sýslumanna.
- Annast útgáfu ársskýrslu fyrir embættin í heild.
- Umsjón með sameiginlegri vefsíðu.
- Vinna með nefndinni að þróun starfs- og upplýsingakerfa embætta sýslumanna, sem og að símenntun starfsmanna.

### Aðrar helstu kröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í að koma hugsun til skila í rituðu máli.
- Þekking á umbroti er kostur.
- Góð almenn tölvuþekking.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi er formaður nefndarinnar og starfsmaðurinn mun starfa hjá embætti hans, með aðstöðu á skrifstofunni á Akranesi. Ráðið er í starfið tímabundið til eins árs, með möguleika á framlengingu. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf um næstu áramót.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur K. Ólafsson sýslumaður, í síma 458 2300. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknarfrestur er til 10. desember 2016. Umsóknum skal skila rafrænt á netfangið oko@syslumenn.is.

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til Sýslumannsins á Vesturlandi, Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmi. Athygli er vakin á því að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



# Organisti / Tónlistarstjóri

**Sóknarnefndir Brautarholts- og Reynivallasókna auglýsa eftir organista/tónlistarstjóra í 30% fasta stöðu við Reynivallaprestakall frá 1. janúar 2017.**

**Leitað er eftir einstaklingi sem:**

- Er tilbúinn til að byggja upp kórstarf í sóknunum
- Hefur metnað fyrir tónlistarþætti helgihaldsins
- Er tilbúinn í gott samstarf við sóknarprest prestakallsins

Laun skv. kjarasamningi organista hjá FÍH og launanefndar Þjóðkirkjunnar. Umsóknir skulu sendar rafrænt til: **bjorn@brautarholt.is.**
**Umsóknarfrestur er til 15. desember n.k.**

Allar upplýsingar um starfið gefa formenn sóknarnefndanna sem ráða munu í starfið:

Björn Jónsson formaður Brautarholtssóknar, bjorn@brautarholt.is s: 892 3042

Sigríður Klara Árnadóttir formaður Reynivallasóknar, sigridur@kjos.is s: 841 0013

Einnig er hægt að hafa samband við sóknarprest sr. Örnu Grétarsdóttur, arna.gretarsdottir@kirkjan.is






## Iðnaðarmenn óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir faglærðum iðnaðarmönnum til starfa með reynslu af viðhaldsverkefnum. Getum bætt við okkur kraftmiklum smiðum, múrurum og málurum. Meistararéttindi kostur en ekki skilyrði.

Óskum einnig eftir að ráða reynslumikinn smið til starfa á verkstæði fyrirtækisins að Vagnhöfða. Í starfinu felst m.a. umsjón með verkstæði, lager, verkfærum og bílum. Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð eru skilyrði.

Áhugasamir sendi inn umsókn á **vidhald@vidhald.is**

Viðhald sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna fyrir fagaðila í fasteignarekstri. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru fasteignafélög, opinberar stofnanir, fyrirtæki og húsfélög. Við leggjum áherslu á fagleg og vönduð vinnubrögð í öllu verkferlinu hvort sem það snýr að tilboðs- og samningagerð, verkþættinum sjálfum eða verkefnastjórnun og samskiptum við viðskiptavini.

**Viðhald fasteignaviðgerðir**

Vagnhöfða 19 | Sími 567-6699 | www.vidhald.is



ÁS STYRKTARFÉLAG

# Störf á heimilum fatlaðs fólks

Ás styrktarfélag óskar eftir starfsfólki á heimili í Reykjavík og Kópavogi. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja íbúa í daglegu lífi, innan heimilis og utan.

**Heimili í Reykjavík**
Starfsmaður óskast til starfa í Langagerði. Um er að ræða 25% starfshlutfall og staðan er laus nú þegar. Unnið er aðra hvora helgi, föstudag, laugardag og sunnudag.

Nánari upplýsingar veitir Margét K. Guðnadóttir á virkum dögum í síma 551 4478 og 699 8409. Umsóknir sendist á margret@styrktarfelag.is.

**Heimili í Kópavogi**
Starfsmaður óskast til starfa á Kópavogsbraut 5a og 5c í 71% starf. Unnið er aðra hvora helgi auk dag- og kvöldvakta. Staðan er laus nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Vigfúsdóttir í síma 555 7015 og 823 1088 á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið hronn@styrktarfelag.is

Einnig má sækja um í gegnum heimasíðu félagsins: www.styrktarfelag.is, atvinnuumsókn.

**Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum við SFR.**



# MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR

**Vantar starfsmenn við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli**

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.
Hreint sakavottorð er skilyrði

**Upplýsingar veitir Helgi í netfanginu helgi@eak.is**
**Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli**

EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

# NPA
## aðstoðarkona



Ung kona með hreyfihömlun og samþætta sjón og heyrnarskerðingu leitar að sjálfstæðum og drífandi aðstoðarkonum á sveigjanlegar vaktir, á öllum tímum sólarhringsins. Starfið felst í aðstoð við allar hversdagslegar athafnir svo sem persónulegri hirðu, hreinlæti, matreiðslu, háskólanámi og félagsstörfum, svo ekki sé minnst á allt það óvænta í lífinu. Í boði eru bæði fullt starf og hlutastörf.

Starfið krefst samviskusemi, vandvirkni, stundvísi, áreiðanleika og færni í mannlegum samskiptum, auk frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða. Góð almenn menntun, og almenn tölvuþekking er mikill kostur og bílpróf og góð tök á annað hvort íslensku eða ensku eru skilyrði. Samskiptaleiðir verða kenndar á vinnustað auk þess sem starfsfólki standa táknmálsnámskeið til boða.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi NPA-miðstöðvar við Eflingu stéttarfélag (sjá www.npa.is).

Áhugasömum er bent á að hafa samband við gegnum netfangið: snaedis8@gmail.com.

STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

# SÉRFRÆÐINGUR Í RANNSÓKNAR- OG HEILBRIGÐISDEILD VINNUEFTIRLITSINS

Vinnueftirlitið auglýsir eftir sérfræðingi í rannsóknar- og heilbrigðisdeild til að starfa við rannsóknir.

Helstu verkefni eru rannsóknir á sviði vinnuverndar m.a. með áherslu á skipulags- og félagslega þætti vinnuverndar, þátttaka í fræðslu á sviði vinnuverndar og stuðningur við eftirlit.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rannsóknum
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Sveigjanleiki í starfi m.t.t verkefna
- Færni í framsetningu upplýsingaefnis
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan hátt

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins **www.vinnueftirlit.is**.

VINNUEFTIRLITIÐ
FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA
Bildshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is



Icepharma leitar að
# sérfræðingi í skráningardeild (Regulatory Affairs)

Icepharma leitar að öflugum liðsmanni í skráningardeild fyrirtækisins.
Um er að ræða 100% starf.

## Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum.

## Starfssvið
- Umsjón með öllu sem lýtur að nýskráningu lyfja og viðhaldi markaðsleyfa
- Samskipti við lyfjafyrirtæki, heilbrigðisyfirvöld og dreifingaraðila.

## Umsóknarfrestur er til og með 5. desember
Umsóknir skal senda á atvinna@icepharma.is merktar **Atvinnuumsókn skráningardeild**. Upplýsingar veitir Elísabet Tómasdóttir, deildarstjóri skráningardeildar á netfangið elisabet.tomasdottir@icepharma.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2013 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2009 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008 | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

icepharma Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • icepharma.is

Deloitte.



# Vilt þú leiða öflugan hóp SAP sérfræðinga?

Þann 1. júní sl. sameinuðust félögin Staki Automation ehf. og Talenta ehf. undir merkjum Deloitte, sem nú leitar að öflugum liðsmanni til að styðja við aukin verkefni og áframhaldandi vöxt.

## Leiðtogi fyrir áframhaldandi vöxt SAP þjónustu og reksturs

Við leitum að einstaklingi til að leiða öflugan hóp sérfræðinga í ráðgjöf og þjónustu við SAP viðskiptavini, jafnt innanlands sem erlendis.

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi hæfileikar í mannlegum samskiptum
- Umtalsverð þekking og reynsla á SAP lausnum
- Brennandi áhugi á að fylgjast náið með þróun SAP lausna
- Gott tengslanet innanlands sem erlendis er kostur
- Framsöguhæfni á ensku og helst einu Norðurlandamáli

Við hvetjum þá að sækja um sem hafa metnað til þess að takast á við spennandi verkefni við uppbyggingu upplýsingatækniþjónustu og ráðgjafar á íslenskum markaði, fólk sem getur unnið sjálfstætt, tekið frumkvæði og vill starfa í nánum tengslum við alþjóðlegt fyrirtæki með þátttöku í alþjóðlegum verkefnum.

Umsókn ásamt prófskírteini skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**. Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, **harpa.thorlaksdottir@deloitte.is**

**Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði upplýsingatækniþjónustu og ráðgjafar.**
**Um 50.000 manns starfa hjá fyrirtækinu í upplýsingatækniþjónustu í meira en 150 löndum.**
**Deloitte leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð - Impact that matters**

# Starfsmaður á verkstæði

## Nú vantar okkur annan snilling !

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla æskileg.
- Stundvísi.
- Sjálfstæði.
- Metnaður.
- Útsjónarsemi.
- Góð framkoma.
- Sveigjanleiki.
- Ensku kunnátta.
- Bílpróf.

**Starfslýsing:**
Um er að ræða léttar viðgerðir á bílum og tækjum ásamt tilfallandi verkefnum innan fyrirtækisins.
Gott tækifæri fyrir handlaginn einstakling
Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsókn er að finna á **www.gardlist.is**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Friðrik í síma 554-1989 eða bjorn@gardlist.is.

## Now we need one more genius!

**Requirements:**
- Experience.
- Independent.
- Disciplined.
- Ambition.
- Resourcefull.
- Good appearance.
- Flexibility.
- Drivers licence.
- English skills.
- Icelandic kennitala

**Job description:**
Light repair on cars and machinery among working in other projects.
Good opportunity for handyman.
Future employment.

Please fill out an application at **www.gardlist.is**.
For further information contact Björn Friðrik, tel: 554-1989 or bjorn@gardlist.is.

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
Ljósaseríusala og uppsetningar
Snjóhreinsun - söltun og söndun
27 ára fyrirtæki

## Karlmaður um sextugt óskar eftir atvinnu

Í boði er áratuga starfsreynsla úr viðskiptalífinu hér á landi og í útlöndum auk háskólamenntunar og framhaldsnáms.

Reglusamur, reykir ekki og getur hafið störf strax.
Áhugasamir vinsamlega sendið skilaboð með tölvupósti til
***mikilstarfsreynsla@gmail.com***

## Arkitektar - Hönnuðir

Höfum til leigu 2 til 3 vinnustöðvar í opnu eða lokuðu umhverfi í bjartri og velbúninni teiknistofu í miðborginni.

**Upplýsingar í síma 893 5435.**

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri hjúkrunar

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar starf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Hamraborg. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samráði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvar og að þjónustuþarfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til tveggja ára frá og með 1. janúar nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er í gangi breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samráði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

### *Hæfnikröfur*

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Nánari upplýsingar*

Kristjana S. Kjartansdóttir, yfirlæknir Heilsugæslunni Hamraborg – kristjana.kjartansdottir@heilsugaeslan.is sími 594 0500 og
Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, thorunn.olafsdottir@heilsugaeslan.is, sími 585 1300.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

## Verkefnastjóri - Almenningsíþróttasvið ÍSÍ

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) óskar eftir að ráða verkefnastjóra á Almenningsíþróttasvið ÍSÍ.

**Starfssvið:**
- Almenn verkefni á Almenningsíþróttasviði ÍSÍ
- Vinna við heimasíður og samfélagsmiðla almenningsíþróttaverkefna
- Aðkoma að gerð frétta- og fræðsluefnis
- Önnur tilfallandi verkefni
- Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða starfsreynsla sem nýst getur í starfinu.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Mikill áhugi á heilsueflingu og hreyfingu.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík eða á netfangið isi@isi.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. desember 2016.

**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu ÍSÍ í síma 514 4000.**

*Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili hinnar frjálsu íþróttastarfsemi á Íslandi með um 287.000 félagsaðildir og 124.000 iðkendur. Hátt í 1.000 starfseiningar eru innan ÍSÍ þ.e. 32 sérsambönd, 25 íþróttahéruð, 450 íþrótta- og ungmennafélög og rúmlega 400 deildir þeirra. Starfsemi ÍSÍ skiptist í þrjú svið; Almenningsíþróttasvið, Afreks- og Ólympíusvið og Þróunar- og fræðslusvið. ÍSÍ er aðili að Alþjóðaólympíunefndinni (IOC).*

GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

## Bílstjóra- og lagerstörf
# 100% VINNA

**Hægt er að hefja störf strax.**

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

**vinna@ger.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.

HÚSGAGNA HÖLLIN · Betra BAK · DORMA Láttu drauminn rætast

ÞÚSUND FJALIR EHF

# PÍPARAR ÓSKAST

**Fyrirtækið Þúsund Fjalir ehf óskar eftir Pípurum til starfa.**

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu á sviði Pípulagna, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar trausta verkkaupa, rótgróin fyrirtæki og stofnanir. Hjá fyrirtækinu starfa auk pípara, smiðir, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður pípari, áhugasamur um að auka getu sína og færni á sviði endurlagna og viðhalds. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði.

Starfsandi, er einkar góður. Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Aðstaða fyrirtækisins er mjög góð og verkefnaferli byggir á rúmlega 16 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin, en hafa skal samband við Björgvin 897 7983 eða retturmadur@gmail.com

# Verkefnastjóri

## Fab Lab á Sauðárkróki

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir eftir verkefnastjóra Fab Lab smiðju á Sauðárkróki. Verkefni á sviði frumgerðasmíði, kennslu, þjálfunar, þróunar og ýmiss konar nýsköpunarverkefna í samstarfi við skóla, fyrirtæki, nemendur og frumkvöðla.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með rekstri, aðstöðu, tækjum og innra starfi Fab Lab
- Fræðsla og þjálfun kennara grunnskóla og framhaldsskóla
- Viðhald búnaðar og lagers, innkaup og endursala
- Móttaka gesta í Fab Lab, kynningarmál og þróunarstarf

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, frumkvæði, dugnaður og sköpunargleði
- Reynsla af verkefnastjórnun/forritun æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Færni og geta til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Frekari upplýsingar veita Frosti Gíslason *frosti@nmi.is* og Hildur Sif Arnardóttir *hildur@nmi.is.* Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Allar umsóknir þurfa að berast á netfangið hildur@nmi.is

**Umsóknarfrestur til og með 12. desember 2016**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri lækninga

## Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar störf fagstjóra lækninga við Heilsugæsluna Hvammi og Heilsugæsluna Seltjarnarnesi og Vesturbæ. Um er að ræða ábyrgðarmikil og krefjandi störf sem reyna á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í störfin til 5 ára frá og með 1. janúar nk. eða eftir nánara samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er í gangi breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Skipulag, verkstjórn og samhæfing innan fagsviðs með svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Hefur umsjón með sérnámslæknum stöðvar, veitir fræðslu til nema, nýliða og starfsmanna fagsviðs í samvinnu við aðra starfsmenn stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða

### *Hæfnikröfur*

- Sérfræðingur í heimilislækningum
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu

### *Nánari upplýsingar*

Óskar Reykdalsson, settur framkvæmdastjóri lækninga, oskar.reykdalsson@heilsugaeslan.is sími 585-1300.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Allar umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjá Landlæknisembættinu. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Jafnframt skal fylla út eyðublaðið „Umsókn um læknisstöðu" og setja það í viðhengi. Umsóknareyðublaðið má nálgast á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) undir útgefið efni.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**





# Skrifstofustjóri

**Óskað er eftir að að ráða skrifstofustjóra í 50% starf hjá Norðurskautsvísindanefndinni (IASC) sem hýst er á skrifstofu Rannís í Háskólanum á Akureyri.**
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri IASC. Starfið felur í sér umsjón með skrifstofu og fjármálum IASC ásamt öðrum verkefnum í umboði framkvæmdastjóra, s.s. samskipti IASC við samstarfsaðila hér á landi. Ráðningin er tímabundin til fimm ára og er lok starfstíma miðað við 31. desember 2021. Á hluta starfstímans er möguleiki á því að auka starfshlutfallið upp í fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun verkefna, ásamt reynslu af fjármálastjórnun og traust bókhaldskunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfni og skipulagshæfileikar
- Reynsla í alþjóðlegu samstarfi
- Mjög góð tölvufærni (Office forrit eða sambærileg)
- Fyrirtaks kunnátta í ensku, bæði tal- og ritmáli
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu
- Haldgóður skilningur á málefnum sem tengjast norðurslóðum er kostur

### Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 12. desember 2016

Senda skal umsókn á ensku um starfið til rannis@rannis.is Með umsóknarbréfi skal m.a. fylgja ítarleg ferilsskrá, afrit af prófskírteini og upplýsingar um þrjá mögulega meðmælendur.

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á rannis.is/starfsemi/laus-storf/**
Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Gunnarsson,
thorsteinn.gunnarsson@rannis.is.

Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin (IASC) sameinar opinberar stofnanir og samtök á sviði norðurslóðavísinda frá 23 ríkjum og er mikilvægur alþjóðlegur samstarfsvettvangur fyrir rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Rannís hýsir skrifstofu IASC í fimm ár frá og með 1. janúar 2017 að Borgum Akureyri, þar sem nokkrar aðrar miðstöðvar fyrir norðurslóðastarfsemi er að finna.

rannís IASC

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

GER INNFLUTNINGUR

GER Innflutningur óskar eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu við bakvinnslu í birgðahaldi. Í starfinu felst umsjón með bókun reikninga innan félagsins og eftirlit með birgðageymslum.

### Helstu störf:

- Eftirlit með birgðageymslum
- Bókun sölu- og innkaupakreditreikninga milli félaga innan samsteypunnar
- Færsla vara á milli birgðageymsla

### Hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á Navision
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður í starfi

### Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

**vinna@ger.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg.

HÚSGAGNA HÖLLIN · Betra BAK · DORMA Láttu drauminn rætast




# Viltu vinna með okkur?

### Hjúkrunarstjórnandi Hrafnistu Reykjanesbæ

Leitum að metnaðarfullum hjúkrunarstjórnanda með brennandi áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun. Starfs- og ábyrgðarsvið deildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Um er að ræða 100% starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- BS próf í hjúkrun, viðbótanám er kostur
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækinu kostur
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

Á Hrafnistu Reykjanesbæ er unnið eftir hugmyndafræði sem byggir á sjálfræði, sjálfstæði og styrkleikum íbúa heimilisins.
Nánari upplýsingar veitir Þuríður Elísdóttir hjúkrunardeildarstjóri í síma 664 9587 og Hrönn Ljótsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Reykjanesbæ í síma 664 9550.

Umsóknarfrestur er til og með 10. desember og skal skila umsóknum á hronn@hrafnista.is
Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

das HRAFNISTA Reykjavík | Hafnarfjörður Kópavogur | Reykjanesbær

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

# Dýrahirðir

### Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal leitar eftir dýrahirði í fullt starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

Ber ábyrgð á velferð dýra innan garðsins og framfylgir lögum og reglum er varða starfsemina.
Annast fóðrun, hirðingu og fylgist með heilsufari dýra.
Hefur eftirlit með aðbúnaði dýra og heldur aðstöðu þeirra hreinni og þrifalegri.
Sinnir daglegri dagskrá tengdri dýrunum og talar til gesta.
Tekur á móti nemum, sjálfboðaliðum o.fl. og verkstýrir þeim sem koma til að vinna við dýrin.
Sér til þess að aðstaða gesta sé þrifaleg og tryggir öryggi þeirra í umgengni við dýr garðsins.
Tekur þátt í hugmyndavinnu og stefnumótun garðsins ásamt öðru starfsfólki.

**Hæfniskröfur:**

Búfræðingur eða með sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
Reynsla af vinnu með dýrum.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Öguð og skipulögð vinnubrögð.
Líkamleg færni er nauðsynleg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
**Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu Reykjavíkurborgar reykjavik.is/laus-storf, en umsóknafrestur er til og með 8. desember 2016.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Thorlacius í síma 4115922 eða í netfanginu sigrun.thorlacius@reykjavik.is

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Löggiltur fasteignasali óskast til starfa.**

Óskum eftir löggiltum fasteignasala til starfa í skjalagerð, þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir skulu sendar á freyja@hraunhamar.is**

## Reykjadalur, sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra auglýsir eftir einstaklingi til að stýra sumar- og helgarstarfi félagsins í Reykjadal frá byrjun árs 2017 til loka ágúst 2017. Um tímabundna ráðningu er að ræða vegna fæðingarorlofs.

**Í starfinu felst meðal annars:**

Að hafa umsjón með helgarstarfi félagsins í Reykjadal en boðið er upp á 6 helgar frá byrjun febrúar til loka mars.

Að hafa umsjón með sumarstarfi félagsins sumarið 2017. Í því felst meðal annars, ráðningu starfsfólks, skipulag vakta, röðun í hópa, launaskýrslugerð starfsmanna, undirbúa staðinn fyrir sumarið o.fl.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumarbúðir í Reykjadal. Árlega koma þangað um 300 börn og ungmenni. Sumarbúðirnar hafa það að leiðarljósi að gefa þeim börnum og ungmennum sem þurfa sérstaka þjónustu vegna fötlunar tækifæri til að komast í sumarbúðir líkt og ófatlaðir jafnaldrar þeirra. Starfsemin hefst í lok maí og lýkur um miðjan ágúst en starfsmenn eru um 50 talsins og vinna á tvískiptum vöktum.

Um krefjandi og skemmtilegt starf er að ræða þar sem mikil áhersla er lögð á öryggi gesta og að þeir njóti dvalarinnar með fjölbreyttu og skemmtilegu starfi.
Reynsla og þekking á starfi með börnum og ungmennum skiptir miklu máli.

**Nánari upplýsingar um fyrirkomu gefur framkvæmdastjóri í síma 535-0900. Umsóknarfrestur er til 5. desember.**

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA
REYKJADALUR

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Leikskólakennari í leikskólann Núp
- Starfsmaður í ræstingu í leikskólann Rjúpnahæð

**Grunnskólar**

- Stuðningsfulltrúi í Hörðuvallaskóla
- Sérfræðingur í upplýsingaver Salaskóla
- Skólaliðar í Salaskóla

**Velferðarsvið**

- Starfsmaður á hæfingarstöð fyrir fatlaða

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is



## LEKTOR Í JARÐEFNAFRÆÐI

**Laust er til umsóknar fullt starf lektors í jarðefnafræði við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands.**

Leitað er eftir umsækjanda með þekkingu og reynslu til að efla rannsóknir og kennslu í jarðefnafræði. Starfið er tengt meistaranámi á sviði endurnýjanlegrar orku og deildin nýtur stuðnings Landsvirkjunar við að koma starfinu á fót. Kennsla og rannsóknir á sviði jarðvísinda fara fram við Jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskólans.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Doktorspróf í jarðefnafræði eða skyldum greinum
- Reynsla af rannsóknum á viðkomandi sérsviði
- Góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2017, en gert er ráð fyrir að umsækjendur geti hafið störf haustið 2017.** Nánari upplýsingar veita forseti Jarðvísindadeildar, Magnús Tumi Guðmundsson, mtg@hi.is, sími 525 5867 og Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, formaður faghóps í jarðefnafræði, sigrg@hi.is, sími 525 4497.

Jarðvísindadeild er ein sex deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Við deildina stunda rúmlega 200 nemendur nám í jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði, þar af eru framhaldsnemar um 70, bæði meistara- og doktorsnemar. Af 50 starfsmönnum eru um 30 akademískir, bæði kennarar við Jarðvísindadeild og sérfræðingar á Jarðvísindastofnun. Stofnunin veitir ennfremur norrænum styrkþegum, nýdoktorum og framhaldsnemum aðstöðu til náms og rannsókna. Jarðvísindastofnun hefur sterk alþjóðleg tengsl og mörg rannsóknaverkefni eru unnin í víðtæku samstarfi vísindamanna hérlendis og erlendis.

**Sjá nánar um starfið www.hi.is/laus_storf**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur á sviði vatna- og straumfræði

Veðurstofa Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í vatna- og straumfræði í fullt starf á ***Úrvinnslu- og rannsóknarsviði***. Í boði er spennandi, krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Á ***Úrvinnslu- og rannsóknasviði*** Veðurstofu Íslands starfa rúmlega 40 manns m.a. við ýmis spennandi þróunar- og rannsóknarverkefni er tengjast veður- og loftslagsrannsóknum, jökla- og vatnafræði, haffræði, jarðskorpuhreyfingum, eldgosum og ofanflóðum. Veðurstofa Íslands annast kerfisbundnar vatnamælingar í ám, stöðuvötnum og grunnvatni, þ.m.t. mælingar á rennsli, vatnshæð, vatnshita, aurburði og öðrum eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum vatns. Á sviðinu er unnið að margvíslegum verkefnum er varða vatnafræði- og straumfræðilega líkangerð auk þess sem unnið er að þróun flóðagreininga og flóðaspáa. Unnið er að samþættingu ofangreindra líkana við veður-, jökla- og haflíkön eftir því sem við á. Sömuleiðis eru stundaðar rannsóknir á grunnvatni og unnið að kortlagningu vatnsauðlindarinnar.

**Helstu verkefni**
Sérfræðivinna við vatnafræði- og straumfræðilega líkangerð, bæði hvað varðar aðferðafræði, úrvinnslu og tengingu líkana við aðrar afurðir. Vinna við tímaraðaúrvinnslu, úrvinnslu vatnafræðigagna og skýrslugerð.

Verkefnisstjórn tilgreindra verkefna eftir atvikum. Aðkoma að mótun stefnu í vatnafarsrannsóknum og -mælingum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- Farsæl reynsla í vatna- og/eða straumfræðirannsóknum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Færni og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð tölvukunnátta, þ.á m. forritunarkunnátta
- Góð tungumálafærni í íslensku og/eða ensku nauðsynleg
- Góð kunnátta í landupplýsingakerfum (LUK) er kostur
- Farsæl reynsla í verkefnastjórnun er kostur

Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Jórunn Harðardóttir**, framkvæmdastjóri (**jorunn@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma **522 6000**.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið **www.starfatorg.is**

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***



www.vedur.is
522 6000

# Viltu ganga til liðs við **Valitor?**

## **Valitor** leitar að öryggisstjóra (CSO)

Öryggisstjóri er ábyrgur fyrir umsjón alls aðgengis og öryggis hjá Valitor. Öryggisstjóri skal hafa frumkvæði í þróun allra þátta í upplýsingaöryggisstefnu (IS) og öryggisferlum fyrirtækisins og skal tryggja að farið sé eftir ákvæðum PCI öryggisvottunar svo og þeim öryggisstöðlum er varða eftirlit, t.d. vegna kortakerfa, sem krafist er. Öryggisstjóri skal einnig efla aðgerðir dótturfyrirtækja fyrirtækisins í upplýsingatækni og upplýsingaöryggi (IT/IS), þegar og ef þess er óskað, sem hluta af IT/IS stjórnuaraðgerðum sem ná til allrar samstæðunnar.

Öryggisstjóri er ábyrgur gagnvart deildarstjóra áhættustýringar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Mótun, rýni og rekstur á öllum stefnumálum vegna öryggis og starfsferla upplýsingaöryggiskerfa (ISMS)
- Stjórna og aðstoða við framkvæmd á viðvarandi öryggiseftirliti og vinna að stöðugum endurbótum á upplýsingakerfum
- Tryggja samhæfni við allar viðeigandi innri og ytri öryggiskröfur
- Tryggja að tekið sé mið af IT/IS öryggi í þróun/og kaupferlum á upplýsingakerfum og tengdum vörum og þjónustu
- Tryggja að IT/IS upplýsingatækni- og upplýsingaöryggiskerfi hafi tilæk viðeigandi ferli um endurreisn og endurheimtur (DR og BCP)
- Koma á fót og viðhalda ferlum til að tryggja að allir notendur njóti þjálfunar í að hegða sér á þann hátt að þeir uppfylli IT/IS öryggisábyrgð sína

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Fagleg vottun: Viðkomandi þarf að vera með einhverja af eftirfarandi vottunum: CISSP, CISM, CISA, ISA/QSA (PCI DSS), ISSAP eða sambærilegt
- Þekking og reynsla á sviði staðlanna PCI og ISO 27001:2013
- Mjög góð hæfni í skriflegum og munnlegum samskiptum
- Hæfileiki til að starfa með góðum árangri án eftirlits
- Viðkomandi þarf að sýna fram á reynslu í að tryggja samhæfni við kröfur fyrirtækisins, viðskiptavina og eftirlitsaðila
- Hæfileiki til að stjórna flóknum verkefnum og samhæfa alla helstu hagsmunaaðila til að tryggja samstarf þeirra til að ná fram æskilegri lausn mála
- Hæfileiki til að gera grein fyrir tæknilegu efni og koma því á framfæri á öllum sviðum fyrirtækisins þannig að það sé skiljanlegt og veki athygli

Umsóknarfrestur er til og með **7. desember, 2016**.

Nánari upplýsingar fást hjá Robert Gray, deildarstjóra áhættustýringar. Netfang: **robertg@valitor.is**, sími: **525 2000**.
Umsækjendur skulu skila ferilskrá og kynningarbréfi á ensku þar sem greint er frá ástæðu umsóknarinnar og hvers vegna þeir teljist hæfir til starfsins.

**Valitor** er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-3492

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

STÖRF HJÁ
# GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Stuðningsfulltrúi

**Garðaskóli**
- Grunnskólakennari

**Sjálandsskóli**
- Þroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

Sveitarfélagið ÁRBORG

HVERAGERÐISBÆR

# VERKEFNASTJÓRI
## MÓTTAKA FLÓTTAMANNA

Sveitarfélagið Árborg og Hveragerðisbær auglýsa starf verkefnisstjóra vegna móttöku flóttamanna. Um tímabundna ráðningu er að ræða til eins árs. Starfið verður 100 % starf fyrstu 6 mánuði ársins og 75 % síðari 6 mánuði ársins 2017. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Ákveðið hefur verið að Sveitarfélagið Árborg og Hveragerðisbær taki á móti hópi sýrlenskra flóttamanna. Starfið er í því fólgið að hafa umsjón með móttöku þeirra og þjónustu við þá. Náið samráð verður við ýmsar deildir sveitarfélaganna, Rauða krossinn og fleiri aðila. Lögð er áhersla á heildstæða þjónustu og þverfaglega vinnu og að nýir íbúar nái að finna fyrir öryggi og kynnast nýjum tækifærum.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með móttöku og þjónustu við flóttamenn
- Samþætta og skipuleggja þjónustu í samvinnu við þá sem hana veita
- Veita flóttamönnum aðstoð og leiðbeiningar um þjónustu ríkis og sveitarfélaga og aðstoð við daglegt líf í nýju landi
- Skipuleggja fræðslu og kynningu
- Meta stöðu einstakra flóttamanna og þörf fyrir þjónustu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af sambærilegum störfum
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er kostur svo og reynsla af starfi með fólki af ólíkum uppruna og með ólíkan bakgrunn
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og atvinnulífi í sveitarfélögunum báðum
- Góð tungumálakunnátta er nauðsynleg a.m.k. enska

Umsókn skal fylgja ítarlegt yfirlit yfir starfsferil og greinargóðar upplýsingar um störf umsækjanda, menntun og starfsreynslu ásamt upplýsingum um þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til starfsins.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið, kaup og kjör veita Guðlaug Hilmarsdóttir, gudlaug@arborg.is, sími 482-5000 og María Kristjánsdóttir, maria@hveragerdi.is 483-4000.

Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skilað til Sveitarfélagsins Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss eða til Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði.

**Umsóknum skal skilað fyrir miðnætti þann 5. desember 2016**




— RAFIÐNAÐARMAÐUR

# VILT ÞÚ KOMA FÓLKI Í SAMBAND VIÐ FRAMTÍÐINA?

**Það er brjálað að gera hjá Ljósleiðaranum við að koma heimilum á Eitt gíg netsamband og okkur vantar aðstoð. Við leitum því að rafiðnaðarfólki til starfa við að afhenda viðskiptavinum okkar Ljósleiðarann á 1000 megabita hraða.**

Við leitum að jákvæðu, útsjónarsömu og samskiptalipru fólki í hóp skemmtilegra og hæfra félaga sem vinna sem teymi við að veita viðskiptavinum Ljósleiðarans framúrskarandi þjónustu.

**Þú kemur heimilum í hágæðasamband:**

- mætir nýrri áskorun á hverjum degi
- setur upp ljósleiðarabox á heimilinu
- finnur bestu lagnaleiðir fyrir ljósleiðara og netlagnir
- virkjar þjónustu heimilis: net, sjónvarp og síma
- kemur öllum tækjum í gott samband
- og lýkur hverri heimsókn með ánægju

Auk þess að sinna alls kyns öðrum spennandi verkefnum.

## Viltu vinna með okkur?

Ljósleiðarinn býður upp á frábæra vinnuaðstöðu á Bæjarhálsi, virka **starfsþjálfun**, gott **mötuneyti** og aðstöðu til líkamsræktar í heimsklassa. Við erum með vel mótaða **starfsmanna- og jafnréttisstefnu** og erum í fremstu röð hvað varðar **öryggi, vinnuumhverfi** og möguleika til að samræma vinnu og **einkalíf.**

Við útvegum starfsmönnum **allt sem þarf**: bíl á vinnutíma, fatnað, verkfæri, fartölvu, heimatengingu, farsíma og spjaldtölvu. Við skipuleggjum allar þínar heimsóknir þannig að þú getur notið þess að kynna viðskiptavinum nýjustu tækni í fjarskiptamálum og koma þeim í snertingu við framtíðina.

Þú getur sótt um starfið á ráðningarsíðu okkar hér: starf.or.is/gagnaveitan/

**Umsóknarfrestur** er til og með 5. desember 2016.
Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir, ráðgjafi í Starfsmannamálum í netfanginu starf@gagnaveita.is

**Finndu okkur á Facebook.com/Ljosleidarinn**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-3466

Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur hefur sameiginlega starfsmannastefnu og býður upp á fjölbreyttan vinnustað fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað varðar öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Fyrirtækið hlaut Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2011 og 2013, sem og Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2015.

GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

LJÓSLEIÐARINN

# VILTU GANGA LENGRA?

## Útivera í hjarta miðborgarinnar

Óskum eftir jákvæðum og liprum einstaklingum, konum og körlum

Nánari upplýsingar um laus störf stöðuvarða á www.reykjavik.is/laus-storf

www.bilastaedasjodur.is

---

# BLÓMASKREYTIR ÓSKAST Í BLÓMAVAL GRAFARHOLTI

**Viljum ráða blómaskreyti í fjölbreytt og skemmtilegt starf í verslun Blómavals í Grafarholti.**

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Vinnutími er virka daga 10-18 og helgavinna skv. samkomulagi.

**Ábyrgðarsvið**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Umhirða blóma ásamt blómvanda- og skreytingagerð
- Vöruframsetningar og útstillingar

**Hæfniskröfur**
- Fagþekking eða haldgóð reynsla úr blómaverslun nauðsynleg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Metnaður og rík þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknir sendast á netfangið atvinna@husa.is
Umsóknarfrestur er til 5. desember



Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking

blómaval heillandi heimur

---

corivo

Corivo er ört vaxandi hugbúnaðarfyrirtæki sem framleiðir hugbúnaðarlausnir fyrir íslenska ferðaþjónustu. Saga Corivo nær aftur til ársins 2002 og hafa því lausnir fyrirtækisins verið notaðar hjá íslenskum ferðaþjónustu fyrirtækjum í meira en 14 ár. Vegna aukinna verkefna leitum við að viðskiptastjóra og hugbúnaðarsérfræðingum til að bæta í liðið okkar og taka þátt í þeim öra vexti sem við erum í.

## Viðskiptastjóri

### Helstu verksvið
- Verkefnastýring og þáttaka í teymisvinnu við framleiðslu á Corivo Travel Platform, kjarnahugbúnaðarlausn félagsins.
- Ráðgjöf, hugmyndavinna og þjónusta við núverandi viðskiptavini Corivo.
- Gera innleiðingaráætlanir með nýjum viðskiptavinum og aðstoða við val á kerfislausnum og kerfisuppbyggingu.

### Menntun, kunnátta og reynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni í greiningu vandamála.
- Reynsla úr ferðaþjónustu mikill kostur.

## Hugbúnaðarsérfræðingar

### Við leitum að svona sérfræðingum
- Háskólamenntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði, eða sambærileg starfsreynsla.
- Þekking og reynsla af forritun í .NET umhverfinu (C#) æskileg.
- Þekking og reynsla af framendaforritun (React / CSS / JavaScript / HTML).
- Þekking á Git / Continuous integration / Continuous deployment æskileg.
- MS SQL þekking kostur.

### Gott væri ef þú hefðir
- Framúrskarandi frumkvæði.
- Mikilfenglegan metnað.
- Taumlausan tækniáhuga.

Umsóknarfrestur: 1. des 2016

+354 415 00 00 | Umsókn berist til corivo@corivo.is | www.corivo.is

---

Apótek Hafnarfjarðar

**Apótek Hafnarfjarðar óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu. Í boði er bæði fullt starf og hlutastarf.**

**Helstu verkefni:**
- Afgreiðsla í verslun
- Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Móttaka og frágangur á vörum
- Samskipti við birgja

Reynsla úr apóteki er æskileg en ekki nauðsyn.
Lágmarksaldur er 18 ár.

Áhugasamir geta sent umsókn ásamt ferilskrá á netfangið **magnus@apotekhfn.is**
**Umsóknafrestur er til 30.nóvember.**

---

# Forstöðumaður Kötluseturs - afleysing

Kötlusetur ses. auglýsir tímabundna stöðu forstöðumanns setursins á árinu 2017.

Kötlusetur ses. er hvoru tveggja í senn Rannsókna- og fræðasetur og Menningarmiðstöð í Vík í Mýrdal.

Höfuðáherslan í starfsemi Kötluseturs er á sviði ferðamála, náttúruvísinda og menningarmála. Stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar á síðustu árum hefur snúið að uppbyggingu ferðaþjónustunnar í fjölbreyttri náttúru svæðisins. Kötlusetur er tengiliður Mýrdælinga við samstarfsverkefnið Kötlu Jarðvang um verndun og nýtingu jarðminja í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingar byggðarinnar. Þá veitir Kötlusetur einnig upplýsingar og ráðgjöf á vegum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands.

Góð menntun sem nýtist starfi, frumkvæði og metnaður er skilyrði fyrir ráðningu í starfið. Mikill kostur er ef menntun og reynsla umsækjanda tengist ferðaþjónustu, jarðfræði og/eða menningarstarfsemi.

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst á árinu 2017.

**Umsóknarfrestur er til 15. desember 2016.**
Fyrirspurnir og umsóknir berist til Ásgeirs Magnússonar stjórnarformanns í síma 8983340 eða á netfangið sveitarstjori@vik.is.

**Stjórn Kötluseturs**

Kötlusetur Miðstöð menningar, fræða og ferðamála
KATLA GEOPARK

---

# Jafnréttisstofa auglýsir starf rekstrarstjóra

Laust er til umsóknar starf rekstrarstjóra hjá Jafnréttisstofu. Um er að ræða hlutastarf og er starfsstöð á Akureyri. Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og hefur víðtækt eftirlits-, ráðgjafar- og fræðsluhlutverk.

**Helstu verkefni:**
- Bókhald
- Skjalavarsla
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Starfsmannamál sem beinast að launum o.fl.
- Ferðareikningar
- Móttaka gesta
- Birgðahald og kaup á vörum og þjónustu
- Önnur almenn skrifstofustörf og tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf, góð kunnátta í íslensku, ensku og norðurlandamálum
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á Oracle bókhaldskerfinu og skjalakerfum æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Þekking og reynsla af jafnréttismálum er æskileg

Umsókn og ferilskrá skal senda á netfangið ***jafnrétti@jafnretti.is***

Upplýsingar um stafið veitir Kristín Ástgeirsdóttir

**Ráðning miðast við byrjun árs 2017**
**Umsóknarfrestur er til 5. des. 2016**



# GOTT FÓLK ÓSKAST

## Við leitum að öflugum bókara til starfa.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking og reynsla af bókhaldi skilyrði
- Reynsla af Navision æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á **hg@velafl.is**
Umsóknarfrestur er til **28. nóv. 2016.**

VÉLAFL
VÉLA- & TÆKJASALA

Rauðhellu 11 | 220 Hafnarfirði | S: 575 2400 | www.velafl.is

HEILSUGÆSLAN



## Kennslustjóri sérnáms - Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar starf kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum og heilsugæsluhluta kandídatsárs hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða 50% starf sem veitist frá 1. janúar 2017 eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að ráða viðkomandi í 50% starf heimilislæknis hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins samhliða starfi kennslustjóra.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016.**

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Umsjón með skipulagningu sérnáms í heimilislækningum á landsvísu
- Umsjón með skipulagningu heilsugæsluhluta kandídatsárs fyrir Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Seta í nefndarstörfum sem tilheyra starfi kennslustjóra
- Leiðbeinandi lækna í sérnámi, kandídata og læknanema
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum

### *Hæfnikröfur*

Þess er krafist að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum, að þeir búi yfir mikilli skipulagshæfni, séu sjálfstæðir í starfi og viðhafi öguð vinnubrögð. Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði og reynsla af teymisvinnu er æskileg. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu sem leiðbeinandi sérnámslækna og af verklegri og bóklegri kennslu læknanema. Reynsla af rannsóknarvinnu og gæða- og umbótaverkefnum er kostur.

### *Nánari upplýsingar*

Margrét Ólafía Tómasdóttir, s. 585-1800, margret.olafia.tomasdottir@heilsugaeslan.is.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og kennslustörf.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**



# Hilton Reykjavík Spa leitar að snyrtifræðingi

## Við óskum eftir öflugum liðsmanni í hópinn okkar á Hilton Reykjavík Spa.

**Starfssvið**

- Þjónusta við viðskiptavini snyrtistofu
- Snyrtimeðferðir
- Sala á vörum fyrirtækisins
- Afgreiðsla og móttaka viðskipta
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Rík þjónustulund og vönduð framkoma
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sveinsmenntun á sviði snyrtifræði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Snyrtimennska og stundvísi
- Góð tungumálakunnátta
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni

**Nánari upplýsingar veitir:**
Ragnheiður K. Guðmundsdóttir, deildarstjóri Hilton Reykjavík Spa, ragnheidurkg@icehotels.is

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Icelandair hótela, www.icelandairhotels.is. Umsóknarfrestur er til og með 5. desember.

Hilton Reykjavík Spa er hluti af Icelandair hótelkeðjunni.

Hjá Icelandair hótelum starfar úrvals hópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum.

Icelandair hótelin leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Hilton
REYKJAVIK SPA



# Lögfræðingur á skrifstofu almanna- og réttaröryggis

Innanríkisráðuneytið óskar eftir að ráða lögfræðing á skrifstofu almanna- og réttaröryggis.

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi lögfræðingi sem hefur áhuga á að starfa með öflugum hópi starfsmanna að málum á sviði réttarvörslu. Í starfinu felst m.a. stefnumótun á málum tengdum fullnustu refsinga og vopnamálum, samningu frumvarpa, reglugerða og reglna. Starfið felur einnig í sér þátttöku í alþjóðlegri samvinnu á málefnasviði skrifstofunnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi.
- A.m.k. þriggja ára starfsreynsla sem lögfræðingur.
- Þekking eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar kostur.
- Þekking eða reynsla af stefnumótun og gerð lagafrumvarpa æskileg.
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góð þekking á ensku. Þekking á einu Norðurlandamáli æskileg.
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til 5. desember 2016.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/

**Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsstjóri í síma 545 9000.**

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins við fjármálaráðherra. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ




# EFLA leitar að verkefnastjóra

**Verkefnastjóri**

Vegna góðrar verkefnastöðu og spennandi verkefna framundan leitar EFLA að öflugum verkefnastjóra til starfa á verkefnastjórnunarsviði fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa víðtæka þekkingu á byggingum og byggingastarfsemi ásamt því að búa yfir mikilli reynslu af verkefnastjórnun. Vottun sem verkefnastjóri er kostur.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði byggingaverkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Framúrskarandi skipulags- og samskiptahæfileikar
- Góð almenn tölvuþekking

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 11. desember næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
11. desember

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

# INNHEIMTA & BÓKHALD

CENTER HOTELS

Í ♥ BORGARINNAR

CenterHotels óskar eftir að ráða til sín starfsmann í innheimtu og bókhald í 100% starf.
Starfið felst einkum í innheimtu, umsjón með útsendum reikningum, afstemmningum og almennri bókhaldsvinnu.

Við leitum að starfsmanni með reynslu af sambærilegum störfum. Góð íslensku og enskukunnátta er skilyrði og einnig almenn tölvukunnátta. Unnið er í ÓPUSallt bókhaldskerfi og Amadeus bókunarkerfi.

Umsóknir óskast sendar á jobs@centerhotels.is merkt "**Bókhald**" fyrir 7. desember 2016.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

CenterHotels er fjölskyldurekin hótelkeðja í miðborg Reykjavíkur sem leggur áherslu á góða þjónustu og leitar því að starfsfólki sem hefur ríka þjónustulund og metnað til að standa sig í starfi.

CENTERHOTEL SKJALDBREIÐ · CENTERHOTEL KLÖPP · CENTERHOTEL ÞINGHOLT
CENTERHOTEL ARNARHVOLL · CENTERHOTEL PLAZA · CENTERHOTEL MIÐGARÐUR

#CenterHotels #BorgarGisting #IHjartaBorgarinnar

www.centerhotels.is

# Forstöðumaður Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn í Hornafirði

Óskað er eftir öflugum aðila í starf forstöðumanns Þekkingarsetursins Nýheima. Þekkingarsetrið er samfélag fjölmargra stofnana sem starfa undir merki Nýheima. Starfið er fjölþætt og heyrir undir stjórn setursins.

Meginmarkmið Þekkingarsetursins Nýheima er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á samþættingu menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna.

**Helstu ábyrgðarsvið:**

- Að efla innra starf í Nýheimum og vera talsmaður setursins
- Að vinna að stefnumótun og útfærslu á starfsemi þess
- Að styrkja tengsl við atvinnulíf og samfélag
- Að þróa samstarfsverkefni og styrkja tengsl við innlenda og erlenda aðila
- Að afla styrkja úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum
- Að annast fjármál og rekstur setursins

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileika
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

**Ennfremur er æskilegt að umsækjendur hafi:**

- Reynslu af rannsóknastarfi
- Reynslu af verkefnastjórnun
- Reynslu af umsóknarskrifum í samkeppnissjóði

Búseta í Sveitarfélaginu Hornafirði er skilyrði fyrir ráðningu

**Umsóknarfrestur er til og með 17. desember. n.k.**

Ráðning frá 1. febrúar 2017. Með umsókn skal fylgja kynnisbréf auk ferilskrár með yfirlit yfir námsferil og fyrri störf. Umsóknir skulu merktar „**Þekkingarsetur Nýheima**" og berast á rafrænu formi til formanns stjórnar Nýheima á netfangið: eyjo@fas.is Öllum umsóknum verður svarað.

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

MOSFELLSBÆR

## Leikskólinn Hulduberg – deildarstjóri og annað starfsfólk

**Auglýst er eftir leikskólakennara í stöðu deildarstjóra**

**Jafnframt er auglýst eftir almennu starfsfólki með menntun og reynslu**

Hulduberg er sex deilda leikskóli með um 100 börn. Deildir eru aldursblandaðar en mikið samstarf er milli deilda.
Áherslur í starfi leikskólans er umhverfismennt og að njóta og nýta náttúruleg gæði. Leikskólinn Hulduberg er staðsettur við Lágafellsskóla og íþróttamiðstöðina Lágafelli.

Upplýsingar um störfin veita skólastjórnendur, Þuríður Stefánsdóttir í síma 586 8170
**Umsóknarfrestur er til 5.desember** og skal umsóknum skilað á netfangið hulduberg@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu.

## Leikskólinn Hlíð – deildarstjóri og annað starfsfólk

**Auglýst er eftir leikskólakennara í stöðu deildarstjóra**

**Jafnframt er auglýst eftir almennu starfsfólki með menntun og reynslu**

Hlíð er um 80 barna leikskóli, staðsettur í friðsælu umhverfi með fallega náttúru allt um kring. Hlíð er „skóli á grænni grein" Áherslur í starf leikskólans eru vinátta, jákvæð samskipti og skapandi hugsun

Upplýsingar um störfin veita skólastjóri, Ragnheiður Halldórsdóttir í síma 566 7375

**Umsóknarfrestur er til 5.desember** og skal umsóknum skilað á netfangið hlid@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu.

Kjör eru skv. stéttarfélagi KÍ og stéttarfélagi STAMOS

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Verkefnastjóri Fab Lab | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | Sauðárkrókur | 201611/1527 |
| Deildarstjóri í klíník | Háskóli Íslands, tannlæknadeild | Reykjavík | 201611/1526 |
| Sérfræðingur | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201611/1525 |
| Sérfræðingur | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201611/1524 |
| Skrifstofustjóri | Rannís, Norðurskautsvísindanefnd | Akureyri | 201611/1523 |
| Framhaldsskólakennari, eðlisfræði | Kvennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201611/1522 |
| Sérnámsstaða heimilislækningar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201611/1521 |
| Starf kennslustjóra | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201611/1520 |
| Sérfræðingur á matssviði | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201611/1519 |
| Sérfræðingur, bókhald og viðskipti | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201611/1518 |
| Sérfræðingur á matssviði | Menntamálastofnun | Reykjavík | 201611/1517 |
| Deildarstjóri | Alþingi, upplýsinga-/rannsóknaþjón. | Reykjavík | 201611/1516 |
| Sérfræðingur, mannauðsmál | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201611/1515 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, lyfjafræðideild | Reykjavík | 201611/1514 |
| Fagstjórar lækninga | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðborgarsv. | 201611/1513 |
| Fagstjóri hjúkrunar | Heilsugæslan Hamraborg | Kópavogur | 201611/1512 |
| Almennur læknir | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201611/1511 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Vesturlandi | Borgarnes | 201611/1510 |
| Sérfræðingur í umbótum | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201611/1509 |
| Þjónustufulltrúi | Útlendingastofnun | Reykjavík | 201611/1508 |
| Lektor í jarðefnafræði | Háskóli Íslands, jarðvísindadeild | Reykjavík | 201611/1507 |
| Framhaldsskólakennari, spænska | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201611/1506 |
| Hugbúnaðarsérfræðingur | Vegagerðin, upplýsingatæknideild | Reykjavík | 201611/1505 |
| Deildarstjóri sjúkradeildar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201611/1504 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201611/1503 |
| Sjúkraliði/sjúkraliðanemi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201611/1502 |
| Deildarstjóri | Landspítali, sýkla- og veirufræðideild | Reykjavík | 201611/1501 |
| Starfsmaður í matsal | Landspítali | Reykjavík | 201611/1500 |
| Sjúkraliði | Landspítali, dag-/göngud. augnlækn. | Reykjavík | 201611/1499 |
| Deildarlækir | Landspítali, Blóðbankinn | Reykjavík | 201611/1498 |
| Skurðhjúkrunarfræðingur | Landspítali, skurðstofur Hringbraut | Reykjavík | 201611/1497 |
| Flokksstjóri | Vegagerðin | Ólafsvík | 201611/1496 |
| Framhaldsskólakennarar | Verkmenntaskóli Austurlands | Neskaupsstað | 201611/1495 |
| Fulltrúi á skrifstofu | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201611/1494 |
| Sérfræðingur | Vinnueftirlitið, rannsóknar-/heilbrigðisd. | Reykjavík | 201611/1493 |
| Lögfræðingur | Ferðamálastofa | Akureyri | 201611/1492 |
| Sérfræðingur | Ferðamálastofa | Reykjavík | 201611/1491 |

OPTIMA
Stofnað 1953

# Hugbúnaðarmaður

**Optima óskar eftir að ráða öflugan einstakling til að sinna starfi á hugbúnaðarsviði fyrirtækisins. Viðkomandi aðili mun koma inn í sterkan hóp 10 starfsmanna á tæknisviði Optima.**

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf í síbreytilegu umhverfi þar sem tekist er á við fjölbreytt viðskiptatækifæri, flókin tæki og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis

**Starfssvið:**

- Þjónusta viðskiptavini með tæknileg vandamál.
- Uppsetning og rekstur á hugbúnaðarlausnum fyrirtækisins.
- Rekstur á tölvukerfi og aðstoð við starfsfólk.
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Lágmark 3 ára reynsla af rekstri tölvukerfa.
- Þekking á netþjónum, netkerfum og gagnagrunnum.
- Brennandi áhugi á hugbúnaði og tækni.
- Tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Microsoft vottun er kostur.
- Góð enskukunnátta.
- Þjónustulund og jákvætt hugarfar.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember nk. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf. Umsjón með starfinu hefur Þorsteinn G.A.Guðnason, netfang: thag@optima.is

# Sérfræðingur

Sérfræðingur óskast í fullt starf hjá Rannís. Starfið felst í umsýslu samkeppnissjóða á vegum Rannís, einkum Tækniþróunarsjóðs auk annarra verkefna s.s. þátttöku í uppbyggingu upplýsingakerfis Rannís.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði eða sambærilegum greinum. Meistarapróf æskilegt
- Þekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnarmáli
- Þekking á hugbúnaðargerð
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku, bæði tal- og ritmál
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og færni í samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

**Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2016**
Nánari upplýsingar er að finna á: www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/

**Upplýsingar um starfið veita:**
Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs í síma 515 5801 eða netfanginu sigurdur.bjornsson@rannis.is.
Lýður Skúli Erlendsson, sérfræðingur á rannsókna- og nýsköpunarsviði, í síma 515 5810 eða netfanginu lydur.skuli.erlendsson@rannis.is

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

## STAÐA ÞJÓÐGARÐSVARÐAR Á VESTURSVÆÐI VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐS

### MEÐ STARFSSTÖÐ Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI ER LAUS TIL UMSÓKNAR

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á vestursvæði er meginstarfsstöðin á Kirkjubæjarklaustri *(samkvæmt lögum nr. 60/2016, með síðari breytingum og reglugerð nr. 608/2008).*

**HELSTU VERKEFNI:**

- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri á rekstrarsvæðinu og ábyrgð á að hann sé innan heimilda.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofu og tjaldsvæða.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Samvinna við atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæði við Kirkjubæjarklaustur.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnsýsla og leyfisútgáfa fyrir vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og/eða reynsla af fræðslu til mismunandi hópa. Þekking á náttúrutúlkun og landvörslu er kostur.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulsþjóðgarði Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, eigi síðar en 5. desember nk.**
**Upplýsingar um starfið veitir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, thordur@vjp.is eða í síma 575 8400.**

PORT hönnun






## MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR

**Vantar starfsmenn við eldsneytisáfyllingar á flugvélar á Keflavíkurflugvelli**

Vaktavinna. Viðkomandi þarf að hafa meirapróf.
Hreint sakavottorð er skilyrði

**Upplýsingar veitir Helgi í netfanginu helgi@eak.is**
**Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli**

EAK ehf.
Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland

## Seltjarnarnesbær

**Grunnskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá áramótum:**

- **Þroskaþjálfi,** 75% starf.
- **Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund,** engda viðveru fyrir nemendur í 1.- 4. bekk, og **stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.**

**Leikskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá febrúar nk.:**

- **Þroskaþjálfi,** fullt starf.
- **Leikskólakennari,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 11. desember næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR

# Starfsmaður á lager

**Við leitum að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi til starfa á miðlagerinn okkar í Reykjavík. Umsækjandi þarf að vera vandvirk/ur í vinnubrögðum og ábyrgðarfull/ur í garð viðskiptavina okkar. Rétt manneskja fær tæifæri til að vaxa í starfi og taka virkan þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins. Vinnutími er frá kl 08.00 til 17.00. Um framtíðarstarf er að ræða.**

**Starfssvið**

- Ábyrgð á vöruafgreiðslu til viðskiptavina og verslana.
- Samantekt á pöntunum og áfyllingum á lager.

**Hæfniskröfur**

- Góð tölvukunnátta
- Vandvirk vinnubrögð
- Ábyrgðarfull/ur
- Bílpróf
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur er til 4. desember.**

**Umsóknir sendist á atvinna@stilling.is**

Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



# NPA aðstoðarkona

Ung kona með hreyfihömlun og samþætta sjón og heyrnarskerðingu leitar að sjálfstæðum og drífandi aðstoðarkonum á sveigjanlegar vaktir, á öllum tímum sólarhringsins. Starfið felst í aðstoð við allar hversdagslegar athafnir svo sem persónulegri hirðu, hreinlæti, matreiðslu, háskólanámi og félagsstörfum, svo ekki sé minnst á allt það óvænta í lífinu. Í boði eru bæði fullt starf og hlutastörf.

Starfið krefst samviskusemi, vandvirkni, stundvísi, áreiðanleika og færni í mannlegum samskiptum, auk frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða. Góð almenn menntun, og almenn tölvuþekking er mikill kostur og bílpróf og góð tök á annað hvort íslensku eða ensku eru skilyrði. Samskiptaleiðir verða kenndar á vinnustað auk þess sem starfsfólki standa táknmálsnámskeið til boða.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi NPA-miðstöðvar við Eflingu stéttarfélag (sjá www.npa.is).

Áhugasömum er bent á að hafa samband við gegnum netfangið: snaedis8@gmail.com.

STÖRF HJÁ VINNUEFTIRLITINU

# SÉRFRÆÐINGUR Í RANNSÓKNAR- OG HEILBRIGÐISDEILD VINNUEFTIRLITSINS

Vinnueftirlitið auglýsir eftir sérfræðingi í rannsóknar- og heilbrigðisdeild til að starfa við rannsóknir.

Helstu verkefni eru rannsóknir á sviði vinnuverndar m.a. með áherslu á skipulags- og félagslega þætti vinnuverndar, þátttaka í fræðslu á sviði vinnuverndar og stuðningur við eftirlit.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rannsóknum
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Sveigjanleiki í starfi m.t.t verkefna
- Færni í framsetningu upplýsingaefnis
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan hátt

Nánari upplýsingar á vef Vinnueftirlitsins **www.vinnueftirlit.is.**

VINNUEFTIRLITIÐ

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

Bíldshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 550 4600 • vinnueftirlit@ver.is

# Teymisstjóri og stuðningsfulltrúi óskast

## Teymisstjóri

Sæbraut er íbúðakjarni fyrir fatlað fólk á aldrinum 20-40 ára. Þjónustan miðar að því að efla færni, sjálfstæði og auka lífsgæði íbúa. Öll skipulagning á starfsemi heimilisins er í miklu breytingaferli. Mikið kapp er lagt á að auka gæði þjónustu og öryggis.

Óskað er eftir háskólamenntuðum einstaklingi til starfa á Sæbraut. Um vaktavinnu er að ræða og starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi.

### Verkefni og ábyrgð

- Hvatning og stuðningur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.
- Leiðsögn og aðstoð við athafnir daglegs lífs.
- Aðstoð við almenn heimilisstörf, svo sem þrif og matseld.
- Þátttaka í sköpun og þróun nýrra tækifæra með íbúum.
- Ber faglega ábyrgð á og hefur umsjón með framkvæmd þjónustu.
- Gerir einstaklingsáætlanir með íbúum og stjórnendateymi og fylgir þeim eftir.
- Hefur samvinnu við starfsfólk, aðstandendur og aðra þjónustuaðila íbúa.
- Tekur virkan þátt í þróunar- og uppbyggingarvinnu.
- Ber ábyrgð á daglegu skipulagi í samráði við forstöðumann.
- Tekur þátt í virku þróunarstarfi ásamt forstöðumanni og félagsþjónustu Seltjarnarness.

### Hæfniskröfur

- Starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði félags- heilbrigðis- og/eða menntavísinda.
- Reynsla af því að vinna með fólki með fötlun, hegðunarvanda eða geðrænan vanda eftirsóknarverð en ekki skilyrði.
- Samviskusemi, gagnrýnin hugsun og frumkvæði.
- Umhyggja, þolinmæði og góð samskiptahæfni.
- Geta til að takast á við krefjandi vinnuumhverfi.
- Góð íslenskukunnátta.

## Stuðningsfulltrúi

Óskað er eftir stuðningsfulltrúa til starfa á heimili fyrir fatlað fólk á Sæbraut. Um vaktavinnu er að ræða og starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Verkefni og ábyrgð

- Hvetur og styður þjónustunotendur til sjálfshjálpar og félagslegrar virkni.
- Leiðbeinir þjónustunotendum og aðstoðar þá við athafnir daglegs lífs, heimilishald og dagleg störf varðandi húshald eftir því sem við á og þörf krefur.
- Sinnir umönnun og er vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustunotenda og aðstoðar þá varðandi félagslega og heilsufarslega þætti.

### Hæfniskröfur

- Góð almenn menntun.
- Reynsla af starfi með fötluðum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga.

Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá Seltjarnarnesbæ þurfa að skila sakavottorði eða veita heimild til að leitað sé upplýsinga af sakaskrá. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um störfin.

Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns. Lögð er áhersla á að tryggja íbúum góða alhliða þjónustu.
Nánari upplýsingar veita Jóhanna Ó Ásgerðardóttir forstöðumaður (johannao@grunnskoli.is) og Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri (snorri@seltjarnarnes.is)

Sótt er um störfin á vef Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði.**

Umsóknarfrestur er til og með **12. desember n.k.**

seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is



# Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara

Við hjá Æfingastöðinni leitum að aðstoðarmanni sjúkraþjálfara í 100% starf frá 1. febrúar 2017. Starfið felur í sér aðstoð við þjálfun en meirihluti skjólstæðinga eru börn á öllum aldri. Einnig felst starfið í allri almennri aðstoð við skjólstæðinga og þrifum í þjálfunarrými. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu eða áhuga á starfi með börnum og menntun í íþróttafræðum er kostur. Óskað er eftir öflugum, jákvæðum starfsmanni sem er góður í mannlegum samskiptum og samvinnu.

***Hlutverk Æfingastöðvarinnar er að efla börn og ungmenni með skerta færni og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu. Unnið er eftir hugmyndafræði um fjölskyldumiðaða þjónustu.***

Æfingastöðin er sjálfstæð heilbrigðisstofnun, rekin af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra sjá nánar á www.aefingastodin.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari í síma 535-0900.
Áhugasamir sendi starfsumsókn (sjá www.slf.is) á asa@slf.is.

æfingaStöðin

## Verkefnastjóri - Almenningsíþróttasvið ÍSÍ

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) óskar eftir að ráða verkefnastjóra á Almenningsíþróttasvið ÍSÍ.

**Starfssvið:**
- Almenn verkefni á Almenningsíþróttasviði ÍSÍ
- Vinna við heimasíður og samfélagsmiðla almenningsíþróttaverkefna
- Aðkoma að gerð frétta- og fræðsluefnis
- Önnur tilfallandi verkefni
- Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða starfsreynsla sem nýst getur í starfinu.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Mikill áhugi á heilsueflingu og hreyfingu.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík eða á netfangið isi@isi.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. desember 2016.

**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu ÍSÍ í síma 514 4000.**

*Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er æðsti aðili hinnar frjálsu íþróttastarfsemi á Íslandi með um 287.000 félagsaðildir og 124.000 iðkendur. Hátt í 1.000 starfseiningar eru innan ÍSÍ þ.e. 32 sérsambönd, 25 íþróttahéruð, 450 íþrótta- og ungmennafélög og rúmlega 400 deildir þeirra. Starfsemi ÍSÍ skiptist í þrjú svið; Almenningsíþróttasvið, Afreks- og Ólympíusvið og Þróunar- og fræðslusvið. ÍSÍ er aðili að Alþjóðaólympíunefndinni (IOC).*



# FRAMTÍÐARSTARF Í BÚVÖRUDEILD SS Á FOSSHÁLSI

**Sláturfélag Suðurlands leitar að starfsmanni til framtíðarstarfa í búvörudeild félagsins á Fosshálsi í Reykjavík. Við leitum að kraftmiklum, jákvæðum og reyklausum einstaklingi til að bætast í öflugan hóp SS fólks á góðum vinnustað.**

**STARFSLÝSING**
- Starfið felur að mestu í sér reikningagerð en einnig aðstoð við tollskýrslugerð, innheimtu reikninga, tiltekt og afgreiðslu pantana ásamt fleiri spennandi verkefnum í lifandi og skemmtilegri deild.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu félagsins www.ss.is fyrir 5. desember nk.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**
- Tölvu- og ritfærni
- Skipulagshæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund

**Frekari upplýsingar um starfið gefur Elías Hartmann í síma 5756005.**

Sláturfélag Suðurlands er 109 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðanda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar er auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Á Selfossi rekur félagið sláturhús ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð. Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is

SS fremstir fyrir bragðið

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.**

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

Laus störf:
**Stærðfræði – og náttúrufræðikennsla á unglingastigi**
**Staða matreiðslumanns skólans**
**Skólaliðastaða**

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu skólans www.lagafellsskoli.is og á heimasíðu Mosfellsbæjar **www.mos.is**

Laun vegna auglýstra starfa eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. **Umsóknarfrestur er til 2. desember 2016.**

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**



# Rekstrarstjóri
## á Plastiðjunni Bjargi/Iðjulundi

Laus er til umsóknar 100% staða rekstrarstjóra Plastiðjunnar Bjargs/Iðjulundar (PBI). Um er að ræða vinnustað fyrir fólk með skerta starfsgetu. Æskilegur ráðningartími er frá 2. janúar 2017.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með rekstrarþætti vinnustaðarins
- Tekur þátt í gerð fjárhags- og starfsáætlunar PBI
- Vinnur að fjárhagslegu eftirliti
- Ber ábyrgð á gæðum vöru og vöruþróun
- Er staðgengill forstöðumanns

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðskiptafræði
- Þriggja ára starfsreynsla sem viðskiptafræðingur
- Iðn- og tæknimenntun er kostur
- Reynsla af framleiðslu er kostur
- Reynsla af vinnu með fötluðu fólki er æskileg
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi er nauðsynlegt
- Mjög góð samskiptahæfni er nauðsynleg svo og jákvætt viðhorf til fatlaðs fólks og réttinda þeirra
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2016**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

SIXT rent a car

# Stöðvarstjóri Sixt

Langar þig að takast á við skemmtilegt stjórnunarstarf hjá spennandi og framsækinu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi? Þá er Sixt rétti staðurinn fyrir þig. Sixt leggur mikla áherslu á skemmtilegt og metnaðarfullt starfsumhverfi og við leitum nú að leiðtoga í starf Stöðvarstjóra í Reykjavík.

Starfið felst í stjórn og yfirumsjón með daglegum rekstri útleigustöðvar í Reykjavík, markmiðasetningu og að sjá til þess að metnaðarfullum markmiðum séð náð og rekstraráætlunum framfylgt.

**Önnur mikilvæg verkefni:**
- Leiða vaktstjóra og sölufulltrúa í afgreiðslu.
- Hafa yfirumsjón með öllum verkefnum á stöðinni.
- Kynna og selja þjónustu Sixt og stuðla að vexti og þróun.
- Hafa eftirlit með því að stöðlum fyrirtækisins sé fylgt eftir
- Tryggja að sölu og þjónustumarkmið séu uppfyllt.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af daglegum rekstri
- Viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfsmannahaldi er kostur
- Reynsla af sölustörfum er kostur

Áhugasamir sendi ferilskrá á **atvinna@sixt.is** merkta: Stöðvarstjóri.
Umsóknarfrestur er til og með 4. desember.

Sixt rent a car er alþjóðleg bílaleiga sem starfar í yfir 105 löndum með yfir 4.000 afgreiðslustaði út um allan heim. Sixt á Íslandi er með útleigustöðvar í Reykjavík og Keflavík, auk þess sem Sixt býður upp á skutluþjónustu á Reykjavíkurflugvelli. Við leggjum mikinn metnað í að skapa skemmtilegt og gott andrúmsloft á vinnustaðnum ásamt því að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á.

**Sixt rent a car - Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík - 540 2222 - www.sixt.is - atvinna@sixt.is**

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta


lind@talent.is


bryndis@talent.is

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

---

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

## Sérfræðingur á sviði innflytjendamála/fræðslufulltrúi

Laus er til umsóknar staða sérfræðings á sviði innflytjendamála sem einnig á að sinna starfi fræðslufulltrúa á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 100% starf í 12 mánuði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Mannréttindaskrifstofa ber ábyrgð á því að fylgja eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Framfylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar með áherslu á málefni innflytjenda.
- Vinna með fjölmenningarráði Reykjavíkurborgar.
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Til sölu




Krossgátufjör - Nýtt frábært krossgátublað - 50 gátur www.fristund.net

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**






## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið



**ÍSLENSKA F. ÚTENDINGA -ENSKA**
ICELANDIC I, II, III. ENSKA f. Fullorðna - ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 5/12, 9/1, 6/2 , 6/3: Morgna/Síðd/Kvölds. Morn/Aftern/ Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 -5 nem/students - www.iceschool.is. ff@icetrans.is - facebook.com/fullordinsfraedslan. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## HEIMILIÐ

### Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGÖRÐUM**
Fullt starf vinnutími frá 11:30 til 18:30 og önnur hvor helgi
**Vinsamlega hafið samband við Lindu 863-7579 eða á linda@joifel.is**

HEILDSALA í Reykjavík óskar eftir fullorðnu fólki (60+) í hlutastörf, nokkra tíma í viku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt "heildsala"

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.




GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

### skemmtanir




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 25. nóv**

14:50 Liverpool - Sunderland
17:20 Chelsea - Tottenham

**Sunnudaginn 26. nóv**

14:10 Arsenal - Bournemouth
16:20 Man.United - W.H. United

**Hljómsveitin Sín og Ester Ágústa**



Sigurðar Hafsteinss, og Guðmundur Símonars. spila í kvöld.

Allir velkomnir

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn


KITCHENAID HRÆRIVÉLIN
Fæst í þrjátíu litum
Verð frá kr. 89.990
Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett að verðmæti 14.990.
Aukahlutir á KitchenAid hrærivélina
KitchenAid
Sleikjuarmur
Frábær í baksturinn
VERÐ 5.990
KitchenAid
Pastagerðarvél
Fyrir heimagert pasta
VERÐ 29.990
KitchenAid
Ísgerðarskál
Hrærivélin verður ísvél
VERÐ 19.990
KitchenAid
4,8 lítra hitaskál
Eldaðu með hrærivélinni
VERÐ 64.990
KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



## Klassísk jólakaka

Stollen er hefðbundin þýsk jólakaka sem er nauðsynlegur hluti af aðventunni í Þýskalandi. Kakan, sem raunar er mitt á milli þess að vera kaka og brauð, nýtur líka sívaxandi vinsælda hér á landi og sést æ oftar á borðum landsmanna fyrir jólin.

Hægt er að rekja tilurð Stollen-jólakökunnar til loka fimmtándu aldar en í upphafi líktist hún meira brauði enda mátti ekki nota smjör og mjólk á aðventunni á þeim tíma. Seinna fengu bakarar sérstakt leyfi frá páfanum til að nota mjólk og smjör og þá tók hún smátt og smátt á sig þá mynd sem við þekkjum í dag.

Bakarar í Dresden voru skyldaðir til að greiða konungi sínum skatt frá 1500-1918. Það gerðu þeir með því að baka tvær Stollen jólakökur á annan í jólum en hvor kaka var um einn og hálfur metri að lengd og 18 kg.

Dresden hýsir líka árlega Stollen-hátíð sem fer næst fram laugardaginn 3. desember. Mörg hundruð þúsund gestir sækja daginn hvert ár sem er einn af hápunktum ársins í borginni.

Ótal uppskriftir eru til af Stollen-jólakökunni en flestar útgáfur innihalda m.a. romm, þurrkaða ávexti, marsipan, hrásykur og vanillustangir.



## Kalkúnsalat á brauð

Ef afgangur er af kalkúninum er ágætt að útbúa salat ofan á snittubrauð. Uppskriftin miðast við átta.

200 g kalkúnakjöt
½ box sýrður rjómi
1 msk. majónes
½ msk. gróft sinnep
½ poki klettasalat, skorið niður
Salt og pipar
Safi og börkur af ½ appelsínu
16 sneiðar af snittubrauði
3 msk. ólífuolía
1 hvítlauksrif

Skerið kjötið smátt niður. Hrærið saman rjóma, majónesi, sinnepi og klettasalati. Bætið síðan appelsínuberki og safa út í. Bragðbætið með salti og pipar. Loks er kalkúninum hrært saman við. Geymið í ísskáp í nokkra tíma áður en borið er fram svo sósan fái að jafna sig.

Hitið ólífuolíu á pönnu og steikið brauðsneiðarnar á báðum hliðum. Leggið þær síðan á bökunarpappír og strjúkið hvítlauksbátnum eftir brauðinu. Setjið um það bil matskeið af salatinu á hverja brauðsneið. Í staðinn fyrir kalkún má nota kjúkling.

## SMJÖRIÐ SKAL VERA VIÐ RÉTT HITASTIG



Sumum finnst það ekkert tiltökumál í hvaða ástandi smjörið er þegar það er notað í bakstur en það er lykilatriði í því að ná áferðinni á kökunni sem bestri að smjörið sé eins og kveðið er á um í uppskriftinni að henni. Í sumum uppskriftum á smjörið að vera bráðið og kælt, í öðrum kalt en í flestum uppskriftum á það að vera við stofuhita eða mjúkt.

Smjör við stofuhita er oft hrært við sykur þar til það er létt og ljóst, smjörið hjálpar þá við að lyfta kökunni og gerir áferðina mýkri. Mjúkt smjör á að vera mjúkt en ekki bráðið eða fitugt hið minnsta. Smjör sem hefur til dæmis verið mýkt í örbylgjuofni gerir það að verkum að baksturinn fær á sig fituga áferð. Látið því smjörið alltaf standa úti í um klukkutíma fyrir notkun til að ná fullkominni áferð.

Þegar smjör á að vera kalt samkvæmt uppskrift er auðvitað best að taka það beint úr ísskápnum. Þannig er það oft í uppskriftum þar sem smjörið á ekki að bráðna á meðan því er blandað við önnur hráefni. Þannig verður til áferð sem gerir það að baksturinn molnar eins og til dæmis á bökum.

Smjör sem á að vera bráðið og kælt á að vera á vökvaformi og hálfvolgt. Ef bráðið smjör er of heitt getur það soðið deigið og eggin þannig að það er mikilvægt að það fái að standa í góða stund eftir að það er brætt.



# Jólaaðstoð 2016

**Í desember ár hvert aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar, ásamt samstarfsaðilum, efnalítið fólk svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Aðstoðin tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 19. desember. Barnafjölskyldum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess að fá jólafatnað og jóla- og skógjafir fyrir börnin.**

**Umsóknarfrestur um jólaaðstoð er til og með 7. desember 2016.**

**Tekið er á móti** umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfsins, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, dagana 5., 6. og 7. desember kl. 11–15. Athugið að gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar skulu fylgja með umsókn.

**Þær fjölskyldur** sem hafa fengið inneignarkort í matvöru-verslunum frá Hjálparstarfinu á árinu 2016 geta fyllt út umsóknareyðublað á www.help.is.

**Þar sem Hjálparstarfið** aðstoðar aðeins barnafjölskyldur í Reykjavík er fullorðnum einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri bent á að hægt er að leita til annarra hjálparsamtaka um aðstoð.

**Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarða**r aðstoðar fjölskyldur jafnt sem einstaklinga með lögheimili í sveitarfélaginu dagana 28. og 29. nóvember milli kl. 16 og 18.

**Í Kópavogi** aðstoðar Mæðrastyrksnefnd Kópavogs fjölskyldur og einstaklinga í fjárhagslegum vanda dagana 29. nóvember og 6. desember milli kl. 15 og 18.

**Á Suðurnesjum** verður tekið á móti umsóknum til Velferðarsjóðs Suðurnesja og Hjálparstarfs kirkjunnar í Keflavíkurkirkju 29. og 30. nóvember og 1., 6. og 8. desember kl. 09:00-12:00.

**Á Eyjafjarðarsvæðinu** hafa Hjálparstarf kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn á Akureyri með sér samstarf um aðstoð. Tekið er á móti umsóknum í síma 570 4090 frá 30. nóvember til 9. desember milli kl. 10–12.

**Í Árnessýslu** hefur Hjálparstarfið samstarf um jólaaðstoð við Rauða krossinn og kvenfélögin. Tekið er á móti umsóknum 29. og 30. nóvember kl. 10–12 og 1. desember kl. 15–18 í Selinu við Engjaveg á Selfossi og hjá sóknarprestum.

**Annars staðar** á landinu taka prestar í heimasókn við umsóknum um aðstoð frá einstaklingum jafnt sem fjölskyldufólki til og með 12. desember.

**www.help.is Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400**

# Christmas Assistance 2016

**Icelandic Church Aid provides assistance to low income families before Christmas so that they may experience joyful times during the holidays. Debit cards for use in grocery stores are issued at the latest on December 19. Parents in need are also invited to apply for clothing and presents for their children.**

**Application deadline is December 9, 2016**

**Families with children,** living in Reykjavík, can apply for assistance before Christmas at the Icelandic Church Aid´s office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application dates are: December 5, 6, and 7 between 11 AM and 3 PM. Remember to bring documents as proof of income and expenses (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

**Families already** in posession of grocery stores debit cards from ICA can apply online at www.help.is.

**Outside Reykjavik** (see neighbouring communities below) families and individuals alike can approach the pastor of the local parish or town. Application deadline is December 12.

**We refer individuals** in Hafnarfjörður to Mæðrastyrksnefnd in Hafnarfjörður. Application dates there are November 28 and 29. between 4 and 6 PM.

**In Reykjanesbær** individuals and families alike can apply at the church Keflavikurkirkja on November 29 and 30 and December 1, 6 and 8 between 9 and 12 AM.

**In Kópavogur** families and individuals can apply at Mæðrastyrksnefnd in Kópavogur on November 29 and December 6, between 3 and 6 PM.

**In Akureyri** and surrounding area, please call 570 4090 from November 30 to December 9, between 10 – 12 AM for information.

**In Selfoss,** families and individuals can apply on November 29 and 30 between 10 AM and 12 AM and on December 1, between 3 PM and 6 PM at Selið, Engjavegur, Selfoss and or approach the postor of the local parish before December 12.

**www.help.is Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, tel. 528 4400**

Hjálparstarf kirkjunnar

actalliance

## Nýtt verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar með börnum og unglingum í fátækrahverfum

# Neyðin rekur unglingana út í vændi,



**Hvergi er fátækt jafn bersýnileg og í skítugum óskipulögðum fátækrahverfum í stórborg eins og Kampala og samt er ljótasti hluti hennar ósýnilegur: Unga fólkið sem ánetjast fíkniefnum, vændi og glæpastarfsemi.**

Í Úganda eru 77% íbúa yngri en 30 ára. Atvinnuleysi meðal ungs fólks er mikið eða yfir 60% og það er meira meðal stúlkna en pilta. Í höfuðborg Úganda búa hátt í 1,7 milljón íbúa. Paul Onyait er starfsmaður Lútherska heimssambandsins þar. Hann segir að líkast til sé unga fólkið í fátækrahverfunum verst staddi þjóðfélagshópurinn í öllu landinu. Hann segir ungmennin upp til hópa ómenntuð. Flest hafi þau sjálfsagt reynt fyrir sér í skóla annað hvort í Kampala eða í sveitaþorpum en að í borginni sé enga atvinnu að hafa nema fyrir þá sem kunni eitthvað fyrir sér. Þeir sem það geri geti séð fyrir sér með því að bjóða þjónustu. Komi ungmennin í fátækrahverfin án nokkurrar menntunnar séu þau ákaflega varnarlaus og auðveld bráð fyrir þá sem vilja nýta sér bágindi þeirra. Þau ánetjist auðveldlega fíkniefnum, vændi eða glæpum. Unglingarnir eru þannig útsettir fyrir misnotkun af ýmsu tagi. Margir koma til höfuðborgarinnar úr sveitunum með miklar væntingar en veruleikinn er allt annar og verri og ungmennin í borginni miklu berskjaldaðri en ungmenni í sveitaþorpum.

Í janúar 2017 fer Hjálparstarf kirkjunnar af stað með verkefni í þágu 1500 ungmenna í slömmum Kampala. Umsjón verkefnisins verður í höndum Lútherska heimssambandsins í Úganda og samtakanna Ugandan Youth

### Verkefnið Í hnotskurn

Stuðningur við 1500 unglinga á aldrinum 13–24 ára í fátækrahverfum Kampala, höfuðborg Úganda

Markmið 1: Að unglingarnir öðlist aukna verkkunnáttu og geti nýtt sér hana til að sjá sér farborða

Markmið 2: Að unglingarnir séu upplýstir um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.


HÉRAÐSSKÓLINN
HOSTEL
SINCE 2013
SCHOOL SINCE
1928
LAUGARVATNI

Héraðsskólinn er opinn allan ársins hring. Hjá okkur kemstu í veitingar og gistingu á góðu verði.
Við sjáum um ráðstefnur, vinnufundi og veislur í skemmtilegu umhverfi gamla skólans á Laugarvatni.
Verið ávallt velkomin

Ást og friður

## Kampala, höfuðborgar Úganda:

# glæpi og fíkniefnaneyslu





Development Link, UYDEL sem styðja við bakið á ungu fólki í þremur fátækrahverfum Kampala. Verkefnið nær til þriggja ára og nemur heildarkostnaður við það um 33 milljónum króna eða um 11 milljónum króna á ári. Utanríkisráðuneytið hefur veitt Hjálparstarfinu styrk fyrir 80% af verkefniskostnaðinum, 8,8 milljónir á ári, alls 26,4 milljónir króna.

Samtökin UYDEL hafa rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Þau reka verkmenntamiðstöðvar þar sem unglingarnir geta valið sér ýmiskonar svið til að öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði eins og hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun og fleira. Félagsráðgjafi sem starfar að verkefninu segir að í gegnum samtökin fái ungmennin starfsnemastöður sem oft leiði til atvinnutækifæra.

Af þeim 1500 ungmennum sem koma til með að fá sérstakan stuðning í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar verða stelpur 60% og strákar 40%.

*Unglingarnir geta valið sér ýmis svið til að öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði eins og hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun og fleira. Í gegnum verknám fá þeir starfsnemastöður sem oft leiða til atvinnutækifæra.*




Disneymyndin Queen of Katwe, sem frumsýnd var í Bandaríkjunum í september síðastliðnum, segir frá skákdrottningunni Phionu Mutesi, ungri stúlku sem ólst upp í Katwe, fátækrarhverfi í Kampala, og reyndist búa yfir miklum skákhæfileikum. Margir vænta þess að vinsældir myndarinnar leiði til þess að fátækrahverfi stórborga fái meiri athygli og sett verði meira fjármagn í verkefni til að bæta lífskjör íbúanna.

# Kærleiksverkin breyta heiminum

„Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra" (Matt.7:12) segir Jesús í Fjallræðunni.

Stúlkan, sem getur nú sótt skóla af því að búið er að grafa fyrir brunni í þorpinu svo fyrir henni liggi ekki margra klukkustunda ferðalag til þess að ná í vatn, skiptir máli. Drengurinn, sem veit að hann fær mat í kvöld og hvar hann sefur, skiptir máli.

Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi í samstarfi við alþjóðlegt hjálparstarf kirkna stendur fyrir faglegu hjálparstarfi þar sem leitast er við að styðja og reisa fólk upp sem þarfnast aðstoðar og hjálpa þeim að leita leiða til þess að lifa með reisn og standa á eigin fótum bæði hérlendis og erlendis.

Í sameiginlegri helgistund Lútherska heimssambandsins og Páfagarðs í Lundi í október síðastliðnum steig biskupinn frá Aleppo í Sýrlandi fram og færði mörg þúsund manns friðarkveðju.

Þegar einstaklingur, sem býr við einhverjar þær verstu aðstæður ofbeldis, ógna og stríðs sem fyrirfinnast í heiminum, færir fólki frá öllum heimsins hornum slíka friðarkveðju minnir það okkur öll á að það er svo sannarlega von í heiminum. Hlutverk okkar er að gefast ekki upp og missa ekki sjónar á því að hver einasti einstaklingur sem við getum komið til aðstoðar skiptir máli.

Mannskilningur kristinnar trúar felur í sér að standa beri vörð um réttindi fólks hvar sem það er statt og í öllum aðstæðum, sama hverjar þær eru. Boðskapur jólanna minnir okkur á fæðingu frelsarans og líka það kærleiksverk þegar gistihúsaeigandinn leyfði unga parinu að gista í fjárhúsinu sínu. Ekki grunaði hann að þar myndi frelsari heimsins fæðast.

„Sannarlega segi ég yður: Allt sem þér gerðuð einum mínum minnstu bræðrum, það hafið þér gert mér."

Magnea Sverrisdóttir, djákni,
verkefnisstjóri biskupsstofu

## Vilt þú bætast í hóp okkar frábæru sjálfboðaliða?



Mjöll Þórarinsdóttir, Erla Adolfsdóttir, Dúfa Einarsdóttir, Elsa Sveinsdóttir, Bergþóra Njálsdóttir og Rannveig Sigurðardóttir eru í hópi öflugra sjálfboðaliða sem leggja Hjálparstarfinu lið í viku hverri með því að flokka föt, brjóta saman og raða í hillur ásamt því að aðstoða þá sem koma til að fá notaðan fatnað hjá stofnuninni. Sjálfboðaliðar sjá einnig um skráningu gagna og frá október og fram yfir áramót taka þeir á móti söfnunarbaukum eftir fjáröflun fermingarbarna fyrir vatnsverkefnum Hjálparstarfsins, raða þeim í númeraröð og ganga frá. Stuðningur sjálfboðaliða er ómetanlegt framlag til Hjálparstarfsins.

Hefur þú áhuga á að bætast í hópinn? Hafðu þá samband við Atla Hafliðason í síma 528 4407 eða skrifaðu tölvupóst til atli@help.is.

### Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í fjárhagslegri neyð á Íslandi efnislegan stuðning

Meginmarkmið með stuðningi Hjálparstarfsins:
- grunnþörfum fólks er mætt
- fjárhagslegir erfiðleikar ógna ekki heilsu fólks
- fjárhagslegir erfiðleikar takmarka ekki möguleika barna og unglinga til farsæls lífs

**Á árinu 2016:**

- fengu efnalitlar barnafjölskyldur um allt land sem og einstaklingar sem búa utan starfssvæða annarra hjálparsamtaka inneignarkort í matvöruverslunum
- var efnalitlu fólk veitt aðstoð við lyfja- og gleraugnakaup í neyðartilvikum
- fékk fólk notaðan fatnað hjá Hjálparstarfinu
- fengu efnalitlir foreldrar stuðning til að kaupa skólafatnað á börn
- fengu foreldrar grunnskólabarna inneignarkort í ritfangaverslunum í upphafi skólaárs
- fengu efnalítil ungmenni styrk fyrir námsgögnum og fartölvur
- fengu ungmenni styrk til að standa straum af hluta kostnaðar vegna náms í framhaldsskóla
- fengu börn sem búa við kröpp kjör styrk til að stunda íþróttir og tónlistarnám
- fá efnalitlar barnafjölskyldur aðstoð til að halda jól
- fengu efnalitlar fjölskyldur stuðning vegna fermingar barns



*Million Shiferaw og Ahmed Nur Abib með börnum í fermingarfræðslu í Grafarvogi ásamt sr. Sigurði Grétari Helgasyni sóknarpresti í október síðastliðnum.*

# Kveðja frá Million

Í lok september komum við Ahmed Nur samstarfsmaður minn til Íslands til þess að hitta börn í fermingarfræðslu víðs vegar um landið. Í október heimsóttum við 37 sóknir og tvo framhaldsskóla til að fræða íslenska unglinga um lífið í Eþíópíu og um mikilvægi vatnsverkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi þar. Við hittum fjölda presta, kennara og líka fjölskyldur, sums staðar hittum við jafnvel öll sóknarbörnin á svæðinu. Þessi heimsókn okkar til Íslands líður okkur seint úr minni. Það var stórkostlegt að verða vitni að því hvað krakkar á Íslandi eru áhugasamir um að hjálpa fólki sem þeir þekkja ekki neitt og sem býr í 8.000 km fjarlægð. Við komum til að fræða börnin en þau kenndu okkur eiginlega miklu frekar því þau sýndu okkur fram á gildi samkenndar. Þátttaka þeirra í fjáröflun fyrir verkefnið verður til þess að líf fátækra sjálfsþurftarbænda í Sómalífylki í Eþíópíu og ekki síst barna þeirra breytist verulega til batnaðar. Mig langar til að þakka tilvonandi fermingarbörnum um allt land og öllu því góða fólki sem við Ahmed Nur hittum og kynntumst meðan á dvöl okkar stóð hér á Íslandi kærlega fyrir okkur og fyrir að hugsa til og hjálpa fólki sem býr í órafjarlægð. Það er mikil manngæska. Að lokum langar mig að nefna að um leið og ég kom til Íslands fékk ég þá skrýtnu en notalegu tilfinningu að vera komin heim. Hér eftir verður Ísland því í huga mínum sem mitt annað heimili og ég bið fyrir kærar kveðjur til ykkar allra sem heima eruð.

Bless í bili eða Dena húnú eins og við segjum á amharísku,

**Million Shiferaw**,
verkefnisstjóri hjá hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu

**Málstofa á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri miðvikudaginn 30. nóvember 2016:**

## Ímyndarsköpun fátæktar – fátækt, fjölmiðlar og valdefling

Á málstofu á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri miðvikudaginn 30. nóvember næstkomandi munu Ásta Dís Guðjónsdóttir og Laufey Líndal Ólafsdóttir samhæfingarstjórar Pepp Ísland fjalla um mikilvægi valdeflingar sem leiðar út úr fátækt og hlutverk fjölmiðla í að stýra valdeflandi umræðu í stað neikvæðrar og niðrandi umfjöllunar sem elur á fordómum í garð einstaklinga sem búa við fátækt.

EAPN (European Anti-Poverty Network) eru samtök sem vinna að því að útrýma fátækt í Evrópu og EAPN á Íslandi er samband frjálsra félagasamtaka sem vinna að sama málstað á Íslandi. PEP (People Experiencing Poverty) eru grasrótarsamtök EAPN og er Pepp Ísland íslensk útgáfa þess starfs.

Pepp Ísland vinnur með samheldni og valdeflingu fólks sem býr við fátækt og skapar samtal milli þess hóps, stofnananna sem þjónustar hann og ráðamanna sem setja reglur þeirra stofnana. Hópurinn skipuleggur fundi, ráðstefnur og málþing sem byggja á þátttöku allra sem koma að málunum.

Fjölmiðlaverðlaun götunnar er verkefni á vegum Pepp Ísland unnið eftir austurískri fyrirmynd. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja til málefnalegrar umfjöllunar um fátækt með því að verðlauna fjölmiðlafólk sem skilar góðu verki og skapa samræður milli þessara hópa um hvernig á að standa að slíkri umfjöllun.

Ásta Dís er formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og situr í stjórn EAPN á Íslandi fyrir hönd þess félags. Laufey er varaformaður EAPN á Íslandi og situr í stjórn þess fyrir hönd Félags einstæðra foreldra. Laufey er jafnframt BA nemi í stjórnmálafræði með fjölmiðlafræði sem aukagrein í Háskóla Íslands og vinnur nú að lokaverkefni sínu.

Peppið er öllum opið sem vilja láta rödd sína heyrast í umræðunni um fátækt á Íslandi og eru tilbúnir til þess að berjast í sameiningu fyrir alla sem líða skort í okkar ríka samfélagi.

# Bráðum koma blessuð jólin



Hjálparstarf kirkjunnar nýtur góðs stuðnings frá jólasveinunum en síðustu sautján árin hefur Jólasveinaþjónusta Skyrgáms látið 20% af veltu þjónustunnar renna til verkefna Hjálparstarfsins, samtals um tíu milljónir króna. Í lok síðustu jóla afhentu Grýla, Skyrgámur og bræður hans Hjálparstarfinu 961.500 krónur áður en þau yfirgáfu byggð.

Skyrgámur og bræður hans heimsækja leik- og grunnskóla, fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir og stórfjölskyldur á suðvesturhorni landsins í desember ár hvert. Nánari upplýsingar um Skyrgám Leppalúðason og bræður hans er að finna á skyrgamur.is en svo er víst líka hægt að senda honum tölvupóst á skyrgamur@skyrgamur.is eða hringja í hann í síma 660 2430.





# GEFÐU JÓLAGJÖF

**ALLIR FÁ ÞÁ EITTHVAÐ FALLEGT**

**Fyrir andvirði þessa gjafabréfs á gjofsemgefur.is fá efnalitlir foreldrar á Íslandi gjafakort í verslun með leikföng, bækur og föt og geta þeir valið barni sínu gjöf eftir þörfum þess og óskum.**

**www.gjofsemgefur.is**

Hjálparstarf kirkjunnar

PIPAR\TBWA • SÍA • 165476

# Þú hélst ekki að lífið væri svona

**BÆKUR:**

**Tvísaga**

★★★★☆

**Ásdís Halla Bragadóttir**

**Veröld 2016**
**335 bls.**

Ásdís Halla Bragadóttir hefur skrifað ævisögu sem kannski er einsdæmi í íslenskum bókmenntum. Þar tekst hún á við sögu móður sinnar, fjölskyldu sinnar og um leið sína eigin sögu af miklum heiðarleika og skilar sterkri sögu úr íslenskri nærfortíð, sem á köflum fær lesandann til að grípa andann á lofti og velta því fyrir sér hvers konar þjóðfélag þetta sé sem við búum í. Ásdís Halla tekur reyndar fram að auðvitað sé sagan sem hún skráir aðeins sögð frá hennar eigin sjónarhóli og sjónarhóli móður hennar, sannleikurinn sé alltaf bundinn viðhorfi þess sem segir frá og ef einhver annar hefði sagt þessa sögu væri hún kannski öðruvísi. Fortíðin er alltaf að einhverju leyti skáldskapur, bundinn sýn þess sem á hana horfir og frá henni segir. Sögumaðurinn er alltaf afsprengi síns umhverfis og síns bakgrunns. Þetta er góður og þarfur varnagli og kemur í veg fyrir að lesandinn fitji upp á nefið og finnist sagan gera óþarflega mikið fórnarlamb úr móðurinni. Detti jafnvel í hug útbrunnir frasar eins og meðvirkni.

Bókin skiptist í kafla frá mismunandi tímum og segir til skiptis sögu Ásdísar Höllu sjálfrar í 1. persónu og móður hennar og annarra fjölskyldumeðlima í 3. persónu. Þetta er sniðug aðferð við að setja fortíðina í búning skáldskapar en um leið dálítið truflandi þar sem lesandanum er eðlilega mest umhugað um að fá framvinduna í sögu móðurinnar án refja. Enda engin smáræðis saga þar á ferð, saga höfnunar, misnotkunar, mistaka og endalausrar baráttu við mannfjandsamlegt kerfi, en um leið saga fíknar og áhrifa hennar á fjölskyldur langt aftur í ættir til dagsins í dag. Símtalið dularfulla um faðerni Ásdísar Höllu, sem hratt að hennar sögn þessum skrifum af stað, er nánast aukaatriði í hinu stóra samhengi sögunnar og eiginlega það sem snertir lesandann minnst.

Við höfum öll lesið fjöldann allan af skáldsögum og ævisögum um baráttu undirokaðrar alþýðu Íslands fyrir viðurkenningu og mannsæmandi lífi en sú saga sem hér er sögð er með þeim sterkari í þeim flokki. Þar kemur ýmislegt til. Ásdís Halla er prýðilegur penni, frásögnin rennur vel og persónur eru skýrar en mestu skiptir þó að hér er skrásetjari sögunnar í henni miðri, finnur afleiðingar gjörða úr fortíðinni á eigin skinni nánast daglega og hefur varið miklum tíma og orku til að leita skýringa og finna sátt. Sú vinna skilar sér til lesandans í texta Tvísögu og það verður að segjast að hversu skeptískur sem maður er á að vandamál móðurinnar séu að mestu öðrum að kenna – hin eilífa réttlæting fíkilsins – þá hrífst maður með og þykir vænt um þessa konu, finnur til með henni og óskar þess svo innilega að allt fari vel að lokum. Hvað svo sem það nú þýðir.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel unnin, vel skrifuð og firnasterk saga sem spilar á alla tilfinningastrengi lesenda.

ert verið að gera tilraunir með þetta form hérna heima. Þá komu út fjölskyldusögur Einars Más, Fótspor á himnum og þær bækur, og ég man að ég velti því fyrir mér af hverju hann gaf þær ekki út sem fjölskyldusögur, heldur hreint og beint faldi tengslin. Þá var mér sagt að slíkt hreinlega gengi ekki á íslenskum bókamarkaði. Það væri ekki hægt því það yrði lítið gert úr því og það sett skör lægra en hitt. En það hefur breyst að einhverju leyti á síðustu tuttugu árum en þó ekki meira en þetta eins og við fengum að sjá á síðasta ári.“

**Það er gaman**

En skyldi sjálfsævisagnafræðingurinn eiga sér íslenska uppáhaldssjálfsævisögu? „Þetta er mjög erfið spurning. Það sem heillar mig eru minnispælingarnar og svo formtilraunirnar. Annars vegar minnispælingarnar eins og í bókum Sigurðar Pálssonar sem mér finnst alveg frábærar, vangavelturnar um minnið sem spíral og tengslin við frásögnina og sjálfið. Og svo hins vegar svona formtilraunir eins og hjá Oddnýju Eir Ævarsdóttur þar sem hún er að prófa sig áfram með dagbókarform og mikla nálægð við lesandann, sem ákveðin áhætta er fólgin í og í bók eins og Jarðnæði þá fannst mér þetta takast ákaflega vel.

Bók Guðmundar Andra Thorssonar um föður sinn, Og svo tjöllum við okkur í rallið, fannst mér líka ákaflega vel heppnuð. Það er svo gaman þegar höfundar birta ekki aðeins ljósmyndir heldur nýta þær markvisst, tala við þær og um þær. Þegar best tekst til þá kalla sjálfsævisagnahöfundar fram minningar hjá manni sjálfum. Þá fer maður að minnast hluta úr eigin ranni. Bara eins og litla bókin hans Þórarins Eldjárns, Ég man, sem er nú byggð á ákveðnum fyrirmyndum sem eru listi af ákveðnum hlutum sem maður getur tengt við og skilið eða ekki og það er gaman.“








# Kallaðir *mamma* og pabbi

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



**Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar fagnar tuttugu árum í farsælum rekstri. Kormákur og Skjöldur leggja mikið upp úr breskri klæðahefð og mýkri hliðum karlmennskunnar, greiðvikni og háttvísi. Í vinnunni kallar starfsfólkið þá mömmu og pabba.**

Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar var stofnuð í Reykjavík fyrir jólin 1996 af Kormáki Geirharðssyni og Skildi Sigurjónssyni. Þá bjuggu þeir í sama húsi á Lindargötunni og létu sig dreyma um frama og skjótfenginn gróða.

„Herrafataverslunin byrjaði sem svolítið grín,“ segir Kormákur frá. „Ég bjó niðri með Dýrleifu og Skjöldur bjó uppi með systur minni, Halldóru. Við sátum stundum við bjórdrykkju og fengum þá alls konar hugmyndir sem enduðu með því að við slógum í gegn og urðum ríkir. Eitt kvöldið fengum við þessa hugmynd um Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Vorum að spá í að hafa nafnið Herrafataverslun Kormákus og Skjölds, beygja heitið vitlaust og fá alla málfræðinga þjóðarinnar í stríð við okkur. Þetta fannst okkur voðalega sniðugt og fyndið. En þá fengu konurnar okkar bara alveg nóg og börðu í borðið. Þær voru komnar með alveg nóg af öllum þessum hugmyndum sem ekkert varð úr. „Þið gerið aldrei neitt! sagði Dýrleif og skoraði á okkur.“

### Seldu spjarir af ættingjum

Daginn eftir voru þeir komnir með húsnæði í verslun Dýrleifar Örlygsdóttur, Dýrinu, sem þá var á Hverfisgötunni.

„Við tókum ákvörðun og keyptum málningu. Það var eina fjárfestingin sem við lögðum í. Við fundum svo einhver rör sem við felldum í veggina. Svo hringdum við bara í alla ættingja okkar og vini og spurðum hvort þeir gætu gefið okkur gömul föt. Við ætluðum að selja það mikið um jólin að við gætum boðið konunum okkar á nýárskvöld eitthvað fínt út að borða,“ segir Kormákur.

„Þetta tókst og við fórum á nýársfagnað í Þjóðleikhúskjallaranum, það þótti fínt þá, rosa matseðill og dansiball. Við stóðum okkur vel,“ segir hann.

Skjöldur segir þá hafa verið nokkuð ánægða með sig. „Við fengum mann til að gera lógó fyrir okkur, þegar það var komið upp þá fannst okkur það svo flott,“ segir hann og spyr Kormák hvort hann muni ekki vel eftir því hvað þeir voru uppnumdir.

### Sat og prjónaði

„Jú, og síðan sækir Ragnar Kjartansson listamaður um vinnu hjá okkur,“ rifjar Kormákur upp.

„Við gerðum hann strax að verslunarstjóra. Við trúðum því að hann hefði mikið til brunns að bera, hann gæti líka gert þetta leikhús sem við vildum hafa í kringum reksturinn. Það var gaman að koma inn í búðina þegar hann stýrði henni. Hann kannski sat í stól og prjónaði í jakkafötunum,“ segir Kormákur.

### John töff í Amsterdam

Skjöldur segir eftirspurn í borginni eftir notuðum fötum fyrir karlmenn hafa haft sitt að segja. Það voru til verslanir með notuð föt fyrir konur en það vantaði verslun með notaðan fatnað fyrir herra.“

„Já,“ segir Kormákur. „Ég fékk lán hjá pabba og við brunuðum til Amsterdam. Ég hafði svo oft farið með Dýrleifu þangað og ég þekkti hennar kontakta. Við straujuðum tvo Johnna sem voru alveg í sitthvorum geiranum. Annan kölluðum við John töff. Hinn var bara týpískur Hollendingur sem vissi alveg hvað hann var að gera. Báðir með risavörugeymslur sem við gátum kafað í. Sérstaklega John töff. Í geymslunni hans voru dýrindis loðfeldir sem hann gat ekki selt vegna ágangs PETA. Þeir kostuðu ekkert. Við hefðum átt að kaupa þetta og búa til eitthvað fallegt úr þessu en við áttum bara ekki pening til að vera gáfaðir,“

Þeir komu drekkhlaðnir af fatnaði frá Amsterdam og var skömmu síðar bent á húsnæði á Skólavörðustíg.



Kormákur og Skjöldur eiga að baki ævintýralegan feril í rekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Fyrsta 100% lánið

„Við fengum það leigt en með forkaupsrétti. Það er það sniðugasta sem við höfum nokkurn tímann gert,“ segir Skjöldur. „Við náðum festu þar og öll okkar viðskipti voru í Spron þar fyrir neðan. Við sáum um menningarnótt fyrir Sparisjóðinn og áttum í góðum samskiptum við þá. Svo kemur einhver og ætlar að kaupa þetta hús en þá erum við með forkaupsrétt,“ rifjar Skjöldur upp.

„Já, hah! Þá löbbum við bara yfir í Spron og fáum fyrsta 100% lánið,“ segir Kormákur sigri hrósandi. „Þeir reiknuðu bara út að það sem við vorum að borga í leigu var meira en greiðslur af húsnæðinu,“ segir Skjöldur.

„En þetta var mikið streð,“ segir Kormákur. „Okkar laun voru fyrst einn bjórkassi og ein rauðvín á viku, eða var það ekki Skjöldur?“

„Jú, það var bara akkúrat þannig og í mörg ár,“ segir Skjöldur.

„Ég trommaði auðvitað með og fékk einhvern tittlingaskít fyrir það. Þetta var erfitt en gaman,“ segir Kormákur.

Já, já …

Þrátt fyrir streðið nutu þeir góðs af að hafa tekið ákvörðun um að kaupa fasteignina á Skólavörðustíg. „Erfitt var að finna notuð föt í góðum stærðum og við ákváðum að loka versluninni og selja húsnæðið. Ég borgaði allar vísaskuldirnar, sem ég var búinn að safna yfir langt tímabil. Skjöldur ákvað að kaupa fyrstu fasteignina sína. Þannig byrjuðum við á einhverjum eðlilegum núllpunkti,“ segir Kormákur. „Þannig að við værum ekki að drepast hreinlega,“ bætir hann við.

Það líður eitt og hálft ár þar sem þeir félagar eru ekki að vinna saman eftir að fasteignin er seld. Þar til hugmyndin um Ölstofu Kormáks & Skjaldar er borin upp. „Þá kemur kunningi minn til mín og vill opna bar. Spyr hvort ég vilji koma inn í reksturinn. Ég samþykki það og hringi svo í Kormák og spyr hann: Hæ, ertu til í að kaupa bar? Já, já, allt í lagi, sagði hann og þar með var það ákveðið,“ rifjar Skjöldur upp.

„Já, mér var farið að leiðast,“ útskýrir Kormákur.

„Við opnum barinn og meðeig- ➡

## Öll stærri tæki með 20% afslætti

Gildir ekki um sértilboð og uppseldar vörur

65 STK

**DOMO**

DO-2924 Örbylgjuofn
23L 800W ofn með skjá
Fullt verð kr. 19.990

**11.990**
40% AFSLÁTTUR

## PAKKATILBOÐ
## OFN + SPANHELLA

**88.888**
39% AFSLÁTTUR

25 SETT

**Electrolux**

EEB-4231POX ofn + EHH-6240ISK spanhella
Vandaður 8 kerfa XL 72 lítra blástursofn í stáli með klukku og flott spanhelluborð með Booster og barnalæsingu. Selt saman í pakka.
Fullt verð 144.800

## XL 8 KG
## 1400 SNÚNINGA

**55.555**
30% AFSLÁTTUR

150 STK

**Electrolux**

FW-33L8143 Þvottavél
Frábær 1400 snúninga XL 8 kg hraðþvottavél með TimeManager. Þvoðu meira á mettíma með þessari. Fullt verð kr. 79.900.

150 STK

**DOMO**

Spirelli spíralskeri
Notaðu spíralskorið grænmeti í staðinn fyrir pasta eða núðlur í klassíska rétti. Hollt, girnilegt og bragðgott.
Fullt verð kr. 12.990.

NÝTT!

**7.777**
40% AFSLÁTTUR

**DOMO**

DO-486BL Pro blandari
Þetta tryllitæki og toppmódel frá Domo er án efa einn besti blandarinn á markaðinum. 2,2 hestafla mótor. Hágæða hnífur, nær óbrjótanlegt XL kanna án BPA efna. Getur einnig hitað og blandað súpur. Betri græja er vandfundin!
Fullt verð kr. 29.990.

75 STK

2,2 hestöfl!

Toppmódel

**19.990**
33% AFSLÁTTUR

35 STK

**magimix**

3200XL Matvinnsluvél
Þetta er móðir allra matvinnsluvéla. Frönsk gæðavara sem stenst ströngustu kröfur. Stór fylgihlutapakki og iðnaðarmótor meðlífstíðarábyrgð.
Fullt verð kr. 49.990.

**29.990**
40% AFSLÁTTUR

DO-9047W
Belgískt vöfflujárn.
1400W með hitastillir og ljósi.
Fullt verð kr. 12.990

**6.990**
46% AFSLÁTTUR

100 STK

## OPIÐ 11-17 ALLA HELGINA!

# BLACK FRIDAY

Öll pottasett með **50%** afsl.

**Ekki missa af tilboðsveislu ársins!**
Opið alla helgina 11-17
Sjáðu miklu fleiri Black Friday tilboð á **www.rafha.is**
Tilboð gilda á meðan birgðir endast og til og með sunnudags.

NÝTT!

65 STK

**19.990**
50% AFSLÁTTUR

**WMF**

WMF Collier pottasett
4 pottar úr 18/10
Cromagen hágæðastáli
1,5L, 2L, 3,5L & 6L
Fullt verð kr. 39.990.

**BaByliss** REMINGTON | **BOSCH**

## Öll hársnyrtitæki með 35% afslætti

**DOMO**

DO-327L Vakúmpökkunarvél
Geymdu kjöt, fisk, grænmeti og annan mat við kjöraðstæður í lofttæmdum umbúðum og lágmarkaðu þannig matarsóun. Maturinn geymist lengur, heldur bragði sínu og ferskleika betur.
Fullt verð kr. 14.990.

**9.990**
33% AFSLÁTTUR

50 STK

**Char-Broil** TRU INFRARED

Big Easy 3 í 1 gasgrill
Grill, reykofn og steikarofn, allt í einu grilli. Með Big Easy getur þú reykt og steikt kjöt, rif, fisk, steikur og jafnvel 11 kílóa kalkún! Fullt verð kr. 54.900.

**39.900**
SPARAÐU 15.000

25 STK

## Öll hnífaparasett & pottjárnspottar með 50% afslætti

200 STK

**sola**

Pottjárnspottar
3 stærðir í boði, 2 litir

**sola**

Hnífaparasett - margar gerðir
Lúxushnífaparasett úr 18/10 stáli.
Þola áralanga notkun án þess að tapa glæsileika sínum.
24, 32 og 50 hluta sett í boði

# Rafha

**Opið**
laugardag 11-17
sunnudag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**



**Kormákur og Skjöldur rifja upp minningar og skoða úrklippubækur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

endur okkar detta svo fljótlega út, við erum þá tveir eftir með reksturinn,“ segir Skjöldur frá.

**Pökkuðu breskri verslun í gám**

Herrafataverzlunin lá í dvala um skeið og þeir félagar skenktu ölið á Ölstofunni. Þá hefur samband vinur þeirra, Kjartan Sveinsson í Sigur Rós, sem þá bjó í gömlu draumaverksmiðju þeirra félaga á Lindargötunni.

„Í gegnum viðskiptin höfðum við kynnst herrafataverslun í London sem við urðum mjög hrifnir af. Hún hét Bertie Wooster og bauð upp á ekta ensk herramannaföt úr miklum gæðaefnum og var að auki skemmtilega innréttuð. Við höfðum bent Kjartani á þessa verslun þar sem hann var áður viðskiptavinur hjá okkur. Hann hringir í Kormák sem þá er í sumarleyfi á Spáni, segist staddur í versluninni í London og hún og allt sem í henni er sé til sölu.

Við hreinlega keyptum búðina með öllu sem í henni var og nutum aðstoðar frá vinum okkar, Þorláki Einarssyni, fyrrverandi innanbúðardreng, og Villa naglbít sem þá voru úti í námi. Við pökkuðum búðinni saman í risastóran gám og sendum heim. Þessi verslun eignaðist svo nýtt heimili í þessum kjallara hér,“ segir Skjöldur frá.

**Uppsveifla í heiladingli**

„Það var uppsveifla í heiladinglinum á okkur. Þetta var nefnilega ekkert dáið í okkur,“ segir Kormákur. „Við ákváðum síðan að hætta í notuðum fatnaði og hefja vandaða framleiðslu á fatnaði. Guðmundur Jörundsson, ungur piltur með mikinn áhuga á fatnaði, var ráðinn til starfa og var eins og hugur okkar. Þegar hann hefur nám sitt í fatahönnun gerðum við okkar fyrstu fatalínu. Nú framleiðum við gríðarlega mikið sjálfir, jakkaföt, skyrtur og peysur. Einnig erum við með gott teymi sem velur inn vörur í verslunina af kostgæfni og þar fer fremstur í flokki Guðbrandur kaupmaður,“ segir Skjöldur frá.

**Gæði og fegurð**

Skjöldur segir að þótt þeir félagar hafi farið úr notuðum fatnaði yfir í hágæðamerki og eigin framleiðslu hafi þeir alltaf viljað halda í ákveðinn stíl sem þeir kenna við herramann. „Þetta er svona breskur hefðarstíll og stefnan er alltaf gæði og fegurð. Fatnaður sem hentar okkur Íslendingum vel. Vöruúrvalið hefur aukist til muna, þá sérstaklega hversdagslegur fatnaður fyrir menn á öllum aldri.“

Hvernig er hinn vel klæddi herramaður að þeirra mati?

Skjöldur reisir sig við í sætinu. „Ég skal segja þér það. Hann heitir Egill Ólafsson,“ segir hann og hlær.











**Kormákur og Skjöldur keyptu búð í London, pökkuðu henni niður í gám og settu upp í kjallara á Laugavegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Þrjátíu nei og eitt já**

Nú hafa þeir félagar opnað nýja verslun á Skólavörðustíg 28 og bjóða þar einnig upp á fatnað fyrir dömur. „Löngu tímabært, við eigum húsnæðið og getum leyft okkur að þróa þessa verslun,“ segir Kormákur.

En fá þeir enn þá svona margar hugmyndir? „Já, hvort við gerum,“ segir Kormákur. „Við fáum enn margar góðar hugmyndir saman.“

„En erum að verða svo gamlir að við gleymum þeim,“ segir Skjöldur.

„Við ættum að fá okkur einkaritara til að fylgja okkur eftir,“ segir Kormákur.

Hvað er karlmennska í ykkar huga? Hafið þið eitthvað þroskast?

„Nei, við höfum lítið þroskast en karlmennska er í okkar huga herramennska. Maður sem ég myndi líta upp til er alltaf til í að aðstoða aðra. Í hans orðabók eru þrjátíu já á móti einu neii,“ segir Kormákur.

„Að standa við orð sín og gjörðir, það finnst mér líka lýsa þessum góðu gildum.“

**Mamma og pabbi**

En hvað er í alvöru leyndarmálið á bak við velgengnina?

„Ég held að það sé starfsfólkið sem okkur auðnaðist að fá til okkar. Starfsfólkið, það kallar okkur mömmu og pabba,“ segir Kormákur.

Hvor er hvað? „Æi, ég er víst mamman, en það verður að hafa það,“ segir Kormákur og hlær.

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2016



# Ó, SÓL MÍNS LÍFS

## JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU

### SUNNUDAGINN 4. DES. KL. 17 OG ÞRIÐJUDAGINN 6. DES. KL. 20









FLYTJENDUR:

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

MARIA KEOHANE SÓPRAN

MATTIAS WAGER ORGEL

STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

**MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU HEFUR UM ÁRABIL GLATT ÍSLENDINGA Á JÓLUM OG SKIPA JÓLATÓNLEIKAR KÓRSINS VEGLEGAN SESS Í TÓNLEIKAHALDI REYKJAVÍKUR Á AÐVENTUNNI.**

Í ár verður norrænn blær á tónleikum kórsins og verða sérstakir heiðursgestir frá Svíþjóð en það eru Mattias Wager, höfuðorganisti við Stórkirkjuna í Stokkhólmi og einn virtasti organisti Svíþjóðar og sópransöngkonan Maria Keohane, ein af stjörnum sænska söngheimsins en hún sérhæfir sig í barokk- og þjóðlagasöng.

Á efniskránni verður hátíðleg aðventu- og jólatónlist, einkum skandinavísk eða íslensk sönglög og kórverk en einnig verður sérstök áhersla lögð á orgelspuna í samspili við söng kórsins.

Reykjavíkurborg

Gunnar Eggertsson

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Miðaverð: 5.900 kr
Miðasala á www.tix.is og í Hallgrímskirkju, sími: 510 1000.
LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 35. STARFSÁR
listvinafelag.is - motettukor.is



**Á diskinum er kryddlegin síld og síldartartar með soðnu eggi, kartöflum, rúgbrauði, þurrkuðum beltisþara, loðnuhrognum, dilli og svo brennivínsstaup.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

# Síldarglaðningur á aðventunni

Nú í upphafi jólaföstu beinum við sjónum að sjávarafurðum og öðru fiskmeti. Þar er úr mörgum góðum tegundum að velja en hér verður staðnæmst við síld og lax. Sveinn Kjartansson, kokkur á Aalto Bistro, leiðbeinir okkur hér við gerð tveggja sælkeraréttar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég hef alltaf verið talsmaður fisksins og oft algerlega skipt kjöti út á aðventunni fyrir fisk," segir Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari á Aalto Bistro í Norræna húsinu. Hann segir uppistöðuna í sinni matreiðslu þar vera fiskmeti og grænmeti í svipuðum hlutföllum. „Í sambandi við fiskinn legg ég áherslu á þetta klassíska sem er náttúrlega síldin, líka lax í ýmsu formi og svo humar," lýsir hann.

Sveinn útbjó fyrir okkur síldarrétt annars vegar og laxarétt hins vegar. Hvort tveggja einfaldir réttir, en fallegir og hollir. Hér eru leiðbeiningar frá honum um gerð þeirra.

**Hráefni:**

**Marinerað síldarflak**
**Egg**
**Soðin kartafla**
**Rauðlaukur**
**Rúgbrauð**
**Þurrkaður beltisþari**
**Loðnuhrogn**
**Dill**
**Valhnetur**
**Rósapipar**



**Laxabrauð**

**Gróft brauð**
**Reyktur lax sem álegg**

*Laxafrauð sem búið er til þannig:*
Reyktur lax og soðinn lax er maukaður í matvinnsluvél. Út í hann er sett smávegis af ferskum jurtum sem tiltækar eru og léttþeyttur rjómi. Allt hrært varlega saman.

Laxinn settur á grófa brauðið og laxafrauðið ofan á. Skreytt eftir smekk.

Harðsjóðið eggið og kælið. Takið það í sundur og þvoið hvítuna þannig að hún sé alveg hrein. Skerið kartöfluna í bita og ristið hana í ofni, ásamt valhnetunum. Skerið rúgbrauðið í teninga.

Leggið marinerað síldarflakið á disk. Berið fram með bökuðum kartöfluteningum og valhnetum sem stráð er á diskinn, skerið rúgbrauðið í teninga og stráið þeim einnig á diskinn. Takið harðsoðið egg og skerið eggjahvítuna í teninga og setjið á diskinn á milli kartöflunnar og brauðsins.

Setjið eggjarauðuna heila á diskinn og loðnuhrognin ofan á og einnig inn á milli kartaflnanna og eggjanna. Myljið rósapipar yfir ásamt þurrkuðum beltisþara í flögum og fersku dilli. Setjið snaps í glas og berið fram með.

**Síldartartar**

**400 g kryddlegin síld í bitum**
**1 rautt chilli**
**4 stilkar kóríander**
**Smá bútur engifer**
**1 rauðlaukur**
**Safi úr ½ límónu**
**Nýmulinn pipar**

Saxið síldina frekar fínt, saxið chilli, engifer og kóríander saman við.

Kreistið límónusafann saman við, piprið og blandið saman og látið standa í ca. 40 mín. í kæli fyrir neyslu.



**Sveinn, vert á Aalto Bistro í Norræna húsinu, segir fisk og grænmeti til helminga uppistöðuna í sinni matargerð.**

Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

# ENDALAUS GSM

365

365.is
Sími 1817

## Hvaða leið hentar þér?

### LEIÐ 1

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki*
- ✓ 0 GB gagnamagn

**790kr.**

### LEIÐ 2

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki*
- ✓ 1 GB gagnamagn

**1.680kr.**

### LEIÐ 3

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki*
- ✓ 5 GB gagnamagn

**2.680kr.**

### LEIÐ 4

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki*
- ✓ 30 GB gagnamagn**

**2.990kr.**

365.is | Sími 1817

365

*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn
**30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB

# Bölvun grænu dísarinnar

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um úthrópað áfengi

Stúlkan á myndinni situr við borð á veitingahúsi og horfir tómum augum fram fyrir sig. Andlitið er lífvana og líkamsstaðan ber vott um uppgjöf. Hún er þokkalega til fara, í það minnsta miðað við manninn við hliðina á henni sem reykir pípu dauflegur á svip. Í glasinu fyrir framan ungu konuna er ljósgrænn vökvi. Þau sitja í þögn.

Listamaðurinn sem skapaði þetta fræga verk árið 1876 var Edgar Degas. Rytjulegi karlinn á myndinni var félagi hans og starfsbróðir, Marcellin Desboutin, en stúlkan var Ellen Andrée, leikkona og fyrirsæta.

Óhætt er að segja að verkið hafi fallið í grýttan jarðveg og vakið reiði sem nútímafólk á bágt með að skilja að unnt sé að kveikja með málverki. Gagnrýnendur tættu það í sig fyrir ljótleika þegar myndin var fyrst sýnd skömmu eftir að hún var tilbúin. Sextán ár liðu uns næsti sýningarstjóri lagði í að sýna verkið á ný og enn urðu viðbrögðin á sömu leið. Reiðir listvinir kröfðust þess að ófögnuðurinn yrði fjarlægður úr sýningarsalnum.

Árið eftir var myndin sýnd í Lundúnum og enn urðu viðbrögðin hörð. Undir lok nítjándu aldar var siðprúðum listasafnsgestum misboðið að sjá ölvaða konu á málverki. Listgagnrýnendur kölluðu verkið hneisu og einn þeirra sló því meira að segja föstu að stúlkan á myndinni hlyti að vera skækja. Í Bretlandi fékk verkið þó að hanga uppi, ekki hvað síst vegna þess að það styrkti í sessi staðalmyndir þarlendra um hina siðspilltu nágranna sína handan Ermarsunds.

Í Bretlandi var málverkinu gefið nýtt heiti L'Absinthe, Absint-glasið eða Absint-drykkjukonan. Vísaði það í görótta græna drykkinn á myndinni, alræmdustu áfengistegund þeirra tíma.

Absint hafði áratugina á undan breiðst ótrúlega skjótt út um heiminn. Mestar voru þó vinsældir þess í Frakklandi, þar sem það var nálega orðið þjóðardrykkur. Absint-drykkja brúaði stéttabilið, þar sem það var jöfnum höndum drukkið af fátækum verkamönnum og efri millistétt samfélagsins. Í hugum flestra var þó absint einkum tengt listaspírum og bóhemum. Ófáir rithöfundar og myndlistarmenn vísuðu til þess í verkum sínum, einkum þeir sem hallastir voru undir sopann. Af frægum slíkum mátti telja málarana Vincent van Gogh og Henri de Toulouse-Lautrec. Nafnkunnir ofdrykkjumenn áttu vafalítið stóran þátt í að þessi tegund fékk öðrum fremur á sig illt orð.

### Allra meina bót

Absint er rammsterk áfengistegund, með vínandainnihald á bilinu 55-70%. Það er þó yfirleitt þynnt nokkuð út fyrir neyslu, en absint þykir prýðilegur lystauki á undan mat. Við framleiðsluna er notast við ýmsar jurtir sem gefa drykknum afgerandi bragð og hinn einkennandi græna lit. Má þar nefna plöntuna ísóp, fenniku eða fennel, anís og síðast en ekki síst malurtarrót.

Malurtin nefnist Artemisia absinthium á latínu og dregur áfengistegundin nafn sitt af því. Er plantan raunar nafngjafi fleiri tegunda úr heimi Bakkusar, því á þýsku nefnist hún Wermut. Drykkurinn vermút heitir eftir henni, en blöð malurtarinnar eru notuð við framleiðslu á vermút.

Það voru þó ekki eiginleikar malurtar sem krydds í áfengi sem fyrst vöktu athygli manna á henni. Hún er einhver elsta lækningajurt sem þekkt er og var talin koma að gagni við hinum ýmsu kvillum – einkum hvers kyns verkjum. Sagan segir raunar að absintdrykkurinn hafi í fyrstu verið hugsaður sem mixtúra og er uppfinning hans eignuð nafngreindum frönskum lækni sem flúði til Sviss árið 1792 í umróti frönsku byltingarinnar. Töframeðal sitt hafi læknirinn kallað „grænu dísina“ (franska: La fée ferte) vegna hins skringilega græna litar. Það nafn átti lengi eftir að loða við drykkinn.

Ef marka má þessa frásögn gekk uppskrift doktorsins franska manna á milli í Couvet-héraðinu í Neuchâtel þar til athafnamaður nokkur festi kaup á henni, ekki með grasalækningar í huga heldur til snapsaframleiðslu. Aðrir benda á að bændur í Neuchâtel hafi um miðja átjándu öld verið kunnir fyrir malurtarsnapsa sína.



Í glasinu fyrir framan ungu konuna er ljósgrænn vökvi. Þau sitja í þögn. Listamaðurinn sem skapaði þetta heimsfræga verk árið 1876 var Edgar Degas, einn af upphafsmönnum impressjónismans í málaralist.

Hvað sem þeirri forsögu líður hófst fjöldaframleiðsla á absint í Sviss á fyrstu árum nítjándu aldar. Fjölskyldufyrirtækið Pernod Fils ruddi brautina. Árið 1805 hóf það framleiðslu og gat þá afkastað að jafnaði sextán lítrum á dag. Þegar komið var fram á árið 1850 nam dagsframleiðslan 20 þúsund lítrum.

Frá Sviss barst absint-hefðin til nágrannalandanna og reyndust Frakkar sérstaklega móttækilegir. Skilin milli áfengis sem vímugjafa og læknislyfs voru enn óljós á nítjándu öld og fengu læknar franska hersins tröllatrú á absint sem fyrirbyggjandi lyfi við blóðkreppusótt sem herjaði mjög á hermenn í stríðinu í Alsír á árunum 1844-47. Hermennirnir fengu sinn daglega absint-skammt, vöndust á bragðið og þegar herdeildirnar sneru aftur heim að stríði loknu rauk neysla á tegundinni upp í Frakklandi.

Í fyrstu voru þó einkum meðlimir borgarastéttarinnar sem gátu leyft sér munaðinn, enda absint framan af frekar dýr drykkur. Sú trú var almenn í Frakklandi að heilnæmt væri að drekka staup af sterku áfengi áður en sest væri að kvöldverðarborði til að örva matarlyst og bæta meltingu. Mörg hundruð ólíkar tegundir snapsa voru fáanlegar í því skyni, en absint var val efnameiri borgara og þegar verðið tók að lækka gátu fleiri þjóðfélagshópar leyft sér slíkan munað hvunndags.

Á tímabilinu 1880-1910 hríðféll verðið á absint með tilkomu fjölda nýrra framleiðenda, stórra jafnt sem smárra. Framleiðslan jókst og absint var komið á hvers manns borð. Það var drukkið af konum jafnt sem körlum, háum sem lágum og ríkum sem snauðum. Árið 1874 var ársneysla Frakka af drykknum græna 700 þúsund lítrar, en árið 1910 var talan komin upp í 36 milljónir. Absint gerði harða hríð að víninu sem eftirlætisdrykkur Frakka, en vínræktendur áttu á sama tíma í miklum vandræðum vegna plöntusjúkdóma sem herjuðu á vínekrurnar.

> „STÚLKAN Á MYNDINNI HLYTI AÐ VERA SKÆKJA.

### Syrtir í álinn

En framleiðsluaukningin og verðhrunið var í mörgum tilfellum á kostnað gæða. Absint-brugghús skutu upp kollinum eins og gorkúlur og störfuðu án nokkurs eftirlits. Margir framleiðendur freistuðust til að nota aukaefni, sem í sumum tilvikum reyndust háskaleg. Vafalítið átti slíkt glundur stóran þátt í því að athygli læknavísindanna tók að beinast að absint. Franski sálfræðingurinn Valentin Magnan, sem var sérfræðingur í rannsóknum á samspili geðsjúkdóma og áfengisneyslu, komst að þeirri niðurstöðu að absintdrykkjumönnum væri hættara við að fá ofskynjanir. Tilgáta hans var sú að efni í malurtarrótinni hefðu þessi áhrif á heilann. Til að sannreyna þetta gerði hann tilraunir á dýrum sem hann lét innbyrða malurt og tókst að sýna fram á einkenni eitrunar.

Í dag draga vísindamenn þessar niðurstöður Magnans í efa og benda á að þótt jurtin hafi vissulega að geyma efni sem reynst geta spendýrum skaðleg, hafi magn þeirra í absint-drykknum yfirleitt verið talsvert undir hættumörkum. Á nítjándu öld höfðu menn þó enga ástæðu til að efast um rannsóknirnar og þá niðurstöðu að absint væri líklegra en aðrar áfengistegundir til að hrinda af stað geðveiki. Íslendingar, sem lítið þekktu til drykkjarins voru jafnsannfærðir og aðrir um skaðsemina. Þannig flutti íslenskt blað þá frétt árið 1911 að hagfræðiskýrslur sýndu að af 9.938 geðveikistilfellum í Frakklandi væri absint orsök 4.882 þeirra. Verða það að teljast furðunákvæmar tölur.

Absint varð sérstakur skotspónn ört vaxandi bindindishreyfingar í Evrópu undir lok nítjándu aldar og varð ímynd þess sífellt tengdari ógæfu og örvilnan, meðal annars í bókmenntum og myndlist. Hryllilegur atburður í Sviss árið 1905 reyndist svo kornið sem fyllti mælinn.

Svissneskur bóndi að nafni Jean Lanfray skaut þá eiginkonu sína og tvær barnungar dætur til bana og reyndi að drepa föður sinn í ölæði. Lanfray var langt leiddur alkóhólisti sem sagður var drekka allt að fimm lítra af víni á degi hverjum. Daginn örlagaríka hafði hann setið að sumbli og drukkið óhemjumagn af víni, koníaki, brandíi og fleiri áfengistegundum.

Verjendur morðingjans gripu hins vegar til þeirrar málsvarnar að kenna tveimur absint-glösum sem hann drakk fyrr um daginn um morðin og að eitrið hefði í raun tekið af honum völdin. Ekki féllst dómarinn á þá málsvörn og hlaut Lanfray 30 ára fangelsisdóm, en slapp þó við dauðadóm vegna þess að drápin voru framin í ölæði. Hann hengdi sig fáeinum dögum síðar í fangaklefa sínum.

Absint-morðin í Sviss fengu gríðarlega athygli í evrópskum dagblöðum. Í heimalandinu reis upp reiðibylgja þar sem tugþúsundir hvöttu til þess að drykkurinn yrði bannaður með lögum. Svissneska þingið samþykkti að binda slíkt bann í stjórnarskrá. Absintframleiðendur töldu sig illa svikna og kenndu því um að á þingi ættu sæti margir gamlir aðalsmenn sem tengdust vínframleiðslu og væru að losa sig við keppinaut.

Á næstu árum var absint bannað í hverju landinu á fætur öðru, þar á meðal í Frakklandi. Þótt nokkur lönd heimiluðu það ennþá varð neyslan aldrei svipur hjá sjón. Breyttar reglugerðir Evrópusambandsins hafa á síðustu árum opnað á ný fyrir framleiðslu á absint, þó án tiltekinna aukaefna. Ólíklegt er þó að græna dísin öðlist aftur sinn gamla sess meðal einbeittra evrópskra drykkjumanna.




markhönnun ehf

netto

# GEFÐU BÓK *um jólin*




**AFLAUSN**
**4.549 KR**




**ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN**
**4.874 KR**




**DRUNGI**
**4.549 KR**




**HARRY POTTER OG BÖLVUN BARNSINS**
**3.574 KR**




**HEIÐA**
**4.549 KR**




**LEITIN AÐ SVARTA VÍKINGNUM**
**4.549 KR**




**SKEGG RASPÚTÍNS**
**4.874 KR**




**TVÍSAGA**
**4.874 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 26. - 27. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
4x1,5L
759
kr. 4x1,5 l
Coca-Cola kippa
4 x 1,5 lítrar
COKE OG PRINCE
198
kr. saman
Coke og Prince
250 ml og 50 g
1 kg
498
kr. 1 kg
Taveners Lakkrís
1 kg
1 kg
998
kr. 1 kg
Walkers Karamellur
1 kg
Ný sending
LÆGRA VERÐ
BRUNATÍMI
ALLT AÐ 4 KLST.
798
kr. stk.
Arinkubbur
2,72 kg - Verð áður 998 kr.
98
kr. 330 ml
Ceres Jóla Hvítöl
Danskt, 330 ml
169
kr. 100 g
Toblerone
100 g
KOMIÐ AFTUR
Í VERSLANIR
JÓLAGRENI
479
kr. búnt
Jólagreni
Búnt
30
pakkar
1.598
kr. karton
Extra Tyggjó
30 pakkar
398
kr. stk.
Bónus Scrubstone
Með svampi
10 m
á rúllu
279
kr. 10 m
Jólapappír
70 cm breiður, 10 m
298
kr. stk.
Bic Kveikjari
Stór
198
kr. stk.
Kubbakerti
12x6 cm, rautt eða hvítt.
KAUPAUKI
2 stk. eldhúsrúllur
998
kr. pk.
Nicky Salernispappír
16 rúllur með kaupauka
Verð gildir til og með 27. nóvember eða meðan birgðir endast

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Verð áður 3.798 kr. kg

TAKMARKAÐ MAGN

**3.198** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar
Verð áður 3.798 kr. kg

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á nautakjötskvóta til innflutnings.

## GOTT VERÐ Í BÓNUS



**295** kr. 300 g

**Myllu Jólaterta**
300 g, 3 tegundir.



98% kjöt

**2.098** kr. kg

**Kalkúnabringa**
Þýskaland, frosin

RJÚPUR



**698** kr. 375 g

**Rjúpa**
Bretland, 375 g, frosin

LÁGT VERÐ ALLA DAGA



**359** kr. 850 ml

**Ribena Sólberjaþykkni**
850 ml

PIPAR HJÖRTU

425g



**398** kr. 425 g

**Gille Piparkökur**
425 g

2,3kg í kassa



**695** kr. 2,3 kg

**Robin Klementínur**
Spánn, 2,3 kg

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



†

Faðir okkar, sambýlismaður, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Ármann Sigurðsson**

Reykjavíkurvegi 52, Hafnarfirði,

sem lést 21. nóv. síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 29. nóv. næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á MS félag Íslands, s: 568-8620.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján, Sigurbjörg og Ægir Ármannsbörn**
**Sigríður Hrólfsdóttir**



†

Bestu þakkir til ættingja og vina fyrir hlýhug vegna andláts og útfarar okkar kæra bróður, mágs og frænda,

**Þorbjörns Bergsteinssonar**

frá Ási í Fellum,

sem lést 10. nóvember sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum, fyrir umönnun og hlýju.

**Jón Bergsteinsson**
**Birna Stefánsdóttir**
**Ásta Magnúsdóttir**
**og systkinabörnin**
**Guttormur, Óli og Bergsteinn Metúsalemssynir**
**Margrét, Jón Rúnar og Bergsteinn Brynjólfsbörn**
**Jón Steinar og Laufey Jónsbörn og fjölskyldur.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Friðgeir Björgvinsson**

Orrahólum 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 30. nóvember klukkan 13.00.

**Sigríður Árnadóttir**
**Helgi Friðgeirsson** **Margrét S. Bárðardóttir**
**Erlingur Friðgeirsson** **Guðrún Eiríksdóttir,**
**Ástríður Friðgeirsdóttir** **Pétur L. Friðgeirsson**
**Árni M. Friðgeirsson** **Björk Mýrdal**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.**



†

Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

**Sigríður Hermannsdóttir**

líffræðingur,
Kúrlandi 16, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 15. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Bjarni Guðmundsson**
**Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir**
**Arndís Bjarnadóttir**
**Guðmundur Hermann Bjarnason**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Egill er lærður setjari og starfar meðal annars sem umbrotsmaður. Hann situr jafnan aðalfundi Hins íslenska bókmenntafélags.**
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Tveggja alda afmæli bókmenntafélags fagnað

**Eitt elsta menningarfélag landsins og jafnvel Norðurlandanna varð 200 ára nýlega. Það er Hið íslenska bókmenntafélag sem Rasmus Kristján Rask stofnaði á sínum tíma.**

Reykjavíkurborg efndi til dagskrár í Ráðhúsinu í tilefni 200 afmælis Hins íslenska bókmenntafélags um liðna helgi. „Það var virkilega falleg stund,“ segir Egill Baldursson, einn félagsmanna „Það voru leiklesnir þættir úr sögu félagsins og tónlistaratriði á milli. Kristinn Sigmundsson söng til dæmis lög frá 1816. Það var glæsilegt,“ lýsir hann.

Eitt af því sem fagnað var á afmælisfundinum var útgáfa ellefta og síðasta bindis Sögu Íslands. „Það verkefni hefur staðið frá þjóðhátíðarárinu 1974 og er mikið afrek,“ segir Egill og getur þess að Sigurður Líndal prófessor og Pétur Hrafn Árnason sagnfræðingur séu ritstjórar þessa bindis en Sigurður hafi stýrt útgáfunni frá upphafi.

Bókmenntafélagið var stofnað að undirlagi málfræðingsins Rasmusar Kristjáns Rask sem taldi að íslensk tunga myndi líða undir lok að 200 árum liðnum ef ekkert yrði að gert. Þetta var árið 1816.

Egill telur það meðal annars félaginu að þakka hversu gott mál við tölum enn í dag og vitnar þar til orða Þorkels Jóhannessonar, prófessors í Sögu Íslendinga, um að gagnger umskipti hafi orðið á viðhorfi fólks til íslenskrar tungu við stofnun félagsins.

Þó telur Egill enn vá fyrir dyrum vegna enskunnar sem flæðir gegnum netið. „Þegar krakkar niður í fimm ára, jafnvel yngri, nota spjaldtölvur sem tala við þau á ensku og fólk les nýútkomnar erlendar bækur á netinu þá er íslenskunni hætt,“ segir hann. „En það má sporna við þessu með því að leggja fé í þýðingar á forritum svo tölvan skilji og tali íslensku.“

**gun@frettabladid.is**



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Þuríðar Gísladóttur**

Kirkjubóli, Bjarnardal.

**Sigurleifur Ágústsson** **Þórhildur Sverrisdóttir**
**Guðmundur Ingi Sigurleifsson** **Fríða Rakel Linnet**
**Benedikt Sigurleifsson** **Rebekka Sif Stefánsdóttir**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir og systir,

**Anne Grethe Salvesen**

Dalhúsum 75, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 19. nóvember. Útför hennar fer fram í Bergen. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskapellu, miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Jóhann Kristinsson**
**Emilie Anne Jóhannsdóttir Salvesen**
**Tove Maj Juulseth**
**Inger Lise af Geijerstam**



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigmundur Andrésson**

bakarameistari, Vestmannaeyjum,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hraunbúðum 16. nóvember. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, laugardaginn 3. desember klukkan 13.00.

**Dóra Bergs Sigmundsdóttir** **Sigmar Magnússon**
**Bergur Magnús Sigmundsson**
**Andrés Sigmundsson**
**Óskar Sigmundsson** **Oddný Huginsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, afa og langafa,

**Baldurs Gunnarssonar**

Víðilundi 24, Akureyri.

**Ásta Hallgrímsdóttir**
**María Baldursdóttir** **Helgi Helgason**
**Guðrún Baldursdóttir** **Halldór Viðir Jónsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

# HRYGGUR Á DÚNDURVERÐI

GOÐA HRYGGUR FROSINN

Verð

1.499

Kr. Kg.

GOÐI



OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

## Merkisatburðir

**1981** Dagblaðið og Vísir sameinast og hefst þar með útgáfa DV. Fyrstu ritstjórar þess eru Ellert B. Schram og Jónas Kristjánsson. Fyrsta blaðið er 40 síður að stærð.

**1981** Broadway, veitinga- og skemmtistaður við Álfabakka í Reykjavík, er opnaður.



**1993** Skilaboðaskjóðan, leikrit eftir **Þorvald Þorsteinsson**, er frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og var í gagnrýni nefnd „fullkomið listaverk“.



**2003** ***Concorde flugvélarnar*** eru teknar úr notkun vegna einnar brotlendingar og vegna hryðjuverkanna 11. september 2001. Concorde vélarnar náðu allt að 2.000 km/klst.



**Gestir í hljóðstofu, Rannveig L. Benediktsdóttir, Guðmundur Valsson, Hrefna Rún Ákadóttir, Andrés Ólafsson, Hjördís Hjartardóttir, Guðrún Guðbjarnadóttir og Trausti Gylfason.**

# Útvarp Akraness í loftinu

### Árlegt Útvarp Akraness sendir út þessa helgi og fyllir Skagamenn og nærsveitunga aðventuanda. Sem fyrr er það Sundfélag Akraness sem stendur að dagskránni.

Þetta er í 28. skiptið sem sent er frá Útvarpi Akraness og það er orðið fastur punktur í menningarlífi Skagamanna fyrstu helgina í aðventu,“ segir Trausti Gylfason, öryggisstjóri Norðuráls á Grundartanga. Trausti er formaður Sundfélags Akraness sem stendur að útvarpsdagskránni nú sem endranær. „Útvarpið er ein helsta tekjulind Sundfélagsins og ég viðurkenni að í byrjun horfði ég einkum til þess en eftir því sem árin líða átta ég mig betur á gildi dagskrárinnar,“ segir hann. „Við fáum fólk úr bænum til að sinna dagskránni og gengur oftast vel að manna útsendingar með þáttum sem snúa að Akranesi og nágrenni.“

> **Ég tel það skyldu okkar í íþróttahreyfingunni að skila til baka til bæjarfélagsins einhverju sem allir íbúar geta notið.**

Trausti segir Sundfélagið svo heppið að tveir dagskrár- og tæknimenn á RÚV séu Skagamenn, þeir Óli Palli og Óli Valur Þrastarson. „Þeir nafnarnir stýra þessu batteríi og allt sem unnið er í kringum þetta er gert í sjálfboðavinnu.“

Stúdíóið er í miðstöð símenntunar sem er í hjarta bæjarins. Þaðan er útsýni yfir torgið þar sem kveikt verður á jólatré um helgina. Meðal dagskrárliða á morgun er þáttur í höndum Gísla Gíslasonar og Hallberu Jóhannesdóttur til heiðurs Íþróttabandalagi Akraness, ÍA, sem er 70 ára í ár. Krakkarnir í 5. bekk í grunnskólanum á Akranesi eru með fasta þætti bæði nú í morgunsárið og í fyrramálið. „Þar erum við að búa okkur til framtíðarhlustendur og þáttagerðarfólk,“ segir Trausti og bætir við: „Ég tel það skyldu okkar í íþróttahreyfingunni að skila til baka til bæjarfélagsins einhverju sem allir íbúar geta notið. Þannig er það með útvarpið. Það er fylgst með dagskrá þess á öllum heimilum hér og í öllum fyrirtækjum.“ **gun@frettabladid.is**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

**Vöggur Jónsson**
frá Eskifirði,
Reynimel 50, Reykjavík,

lést á Landspítalanum föstudaginn 11. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Gréta Jónsdóttir** | **Ingi Þór Vöggsson**
**Sigurður E. Baldursson** | **Þuríður E. Baldursdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Hjartans þakkir við andlát og útför systur, mágkonu og frænku,

**Lilju Sigurðardóttur**
hjúkrunarfræðings og ljósmóður.

Sérstakar þakkir til Sjöunda dags aðventista.

**Guðrún Sigurðardóttir** | **Valur Steinn Þorvaldsson**
**Sigríður Þóra Valsdóttir** | **Sigurður Már Valsson**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, fósturföður og tengdaföður,

**Hrafns Pálssonar**

**Vilborg G. Kristjánsdóttir**
**Halldór Hrafnsson**
**Jóhann Gísli Jóhannsson** | **Guðrún Aldís Jóhannsdóttir**
**og fjölskylda.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigrún Rósa Steinsdóttir**
(Bibi)
(áður Hjallabraut 9,)

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, mánudaginn 28. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu.

**Ólafur Einarsson** | **Drífa Kristjánsdóttir**
**Gunnar Einarsson** | **Sigríður Dísa Gunnarsdóttir**
**Páll Einarsson og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Einar Marinósson**
aðstoðarforstjóri,
Klapparbergi 15, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 22. nóvember. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 1. desember klukkan 15.

**Ólafía Katrín Kristjánsdóttir**
**Margrét S. Einarsdóttir**
**Sigríður Björk Einarsdóttir** | **Sveinn G. Gunnarsson**
**Margrét Soffía Einarsdóttir**
**Kristján Andri Einarsson**
**Katrín Edda Einarsdóttir**
**Sólon Birkir Sveinsson** | **Sölvi Freyr Sveinsson**
**og systkini hins látna.**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Guðrún Víglundsdóttir**

lést á Landspítalanum 23. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Víglundur Gíslason** | **Yuka Yamamoto**
**Albert Gíslason** | **Ólöf Erna Ólafsdóttir**
**Birgir Gíslason** | **Kristjana Schmidt**
**Guðrún Ósk Gísladóttir** | **Jóhann Ólafsson**
**Þórhildur Gísladóttir** | **Hallur Egilsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær sonur minn, faðir, unnusti, bróðir, mágur og frændi,

**Kristbjörn Ægisson**
Austurbrún 2, Reykjavík,

lést af slysförum 13. nóvember. Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 15.00.

**Jenný Ásgeirsdóttir**
**Sólrún Líf Kristbjörnsdóttir**
**Svanbjörg K. Magnúsdóttir**
**María Gylfadóttir** | **Þorsteinn Björgvinsson**
**Jenný, Andri og Bjarki**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sveinbjörg Halldórsdóttir**
Logafold 173, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 21. nóvember. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 29. nóvember kl. 15.00.

**Dagbjartur Pálsson**
**Jóhanna Dagbjartsdóttir** | **Valbjörn I. Valbjörnsson**
**Guðrún Dagbjartsdóttir**
**Páll Dagbjartsson**
**og barnabörn.**


























*góðgæti frá Jóa Fel*

# Jólin að hætti Jóa Fel

Bjóðum upp á allskonar jólagóðgæti til að gleðja sig og sína!

Jói Fel

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**1** Dansóðar skeljarnar elska vangalögin (11)
**10** Grípur aftur gæsafrænkur (10)
**11** Af heitri og bólgueyðandi böku og gerð hennar (11)
**13** Asnamjólk er ágæt, sé hún ekki úr blómum (10)
**14** Mun þá Rósbjörg í búsk álpast og jafnvel tvo (11)
**15** Kórarnir og hljóðfærin þeirra (10)
**16** Ætli það skemmi tréð að tapa nálunum? (11)
**17** Víkjum þá að ástandinu á vinnusvæðinu (10)
**18** Glitrandi bjöllur minna á maura (11)
**19** Set saman kúrs fyrir völunda (8)
**20** Raða mannskap í gossið mitt og flotann (12)
**25** Skynja leyfi til að greiða för sendibréfa (9)
**29** Tel gripasöluna drýgri tekjuleið en happ-drættið (12)
**31** Gagnrýnið land miðað við þjóðarauðinn (9)
**32** Hljóðgrein hvæsir til hinnar sem hefur falleg hljóð (10)
**34** Borga undir frjáls og fánýt (9)
**35** Með 6 lömb til reiðu, enda bóngott fólk (10)
**36** Hef þessa rugluðu statusa næst Japan (7)
**37** Einn á ég félaga, flestum betri og vinsælli (8)
**38** Suðursvalir eru málið, vilji maður brúnku á allan kroppinn (5)
**39** Brýna má naddinn fyrir þann góða en ruglaða karl (9)

**LÓÐRÉTT**
**1** Er sóley glasaplanta í verðlaunavasa? (9)
**2** Rafhlöður halda ekki rafmagni af þessu tagi (11)
**3** Hröð fjársöfnun fyrir fátækling (9)
**4** Hin haldgóða íþrótt vefarans (11)
**5** Hví tætti Addi bleyjurnar? (9)
**6** Í niðursveiflu lést einhver í sósubaukum (10)
**7** Halda sig við brellur í átrúnaði (12)
**8** Allar þessar erjur og verndin sem þessir rugluðu lögmenn veita (12)
**9** Gerum grillsteikur úr nýslátruðu á sjötta glasi (10)
**12** Leiðbeini fólki um líkingar og einstaka hluta þeirra (9)
**19** Vessar í jötunmóð, því kjarnmesti hlutinn er hér (11)
**21** Maður meiðir ungviði, ef marka má einkenn-andi samskiptatáknið (10)
**22** Hirði litlufingur landshornaflakkara (10)
**23** Þessi norn mun töfra fram fé (10)
**24** Hinn verklausi tími á mörkum lífs og dauða (10)
**26** Segir öflugt skipsljós minna á eftirrétt kúlu-varpara (9)
**27** Meinlætatími funans er fyrir þann sem þolir bálið (9)
**28** Um glaða og skeggjaða braggabúa (9)
**30** Hvæsið nú og fnæsið á'ann, fiskinn atarna (8)
**33** Um þvertré og þvermóðsku (6)



| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | O | R | M | Æ | Ð | R | A | | S | | Þ | | K | | A | | A | | V |
| L | | É | | SK | | | R | E | K | K | J | U | V | O | Ð | A | N | N | A |
| O | F | T | E | K | N | U | M | | R | | Ó | | I | | L | | G | | T |
| K | | T | | U | | | B | E | I | N | F | I | S | K | A | | U | | N |
| K | R | A | N | S | Æ | Ð | A | | Ð | | H | | L | | G | Ú | R | K | A |
| A | | R | | T | | | U | | Þ | R | E | K | I | N | N | | V | | F |
| D | Á | F | J | Ö | R | U | G | | U | | L | | N | | A | F | Æ | T | U |
| R | | A | | Ð | | N | A | F | N | A | D | A | G | U | R | | R | | G |
| Æ | I | R | | V | O | G | | | G | | U | | A | | | H | A | G | L |
| T | | I | | U | | A | U | S | T | U | R | B | R | Ú | A | R | | E | |
| T | Í | Ð | A | M | A | N | N | | | P | | Í | | T | | Á | | R | |
| I | | | F | | T | | D | | | P | É | T | U | R | S | K | Ó | N | G |
| R | O | T | T | U | V | E | I | Ð | A | R | | L | | E | | A | | Ý | |
| | F | | A | | I | | R | | | E | F | A | M | I | N | N | S | T | A |
| M | A | N | N | A | N | Ö | F | N | I | N | | P | | Ð | | N | | A | |
| | N | | D | | N | | Ö | | | N | Ú | L | L | A | R | A | R | | A |
| S | K | E | I | F | U | B | R | O | T | A | | Ö | | R | | | Ó | | L |
| | O | | G | | V | | U | | | N | Á | T | T | T | R | Ö | L | L | A |
| | M | | R | | E | Y | L | A | N | D | | U | | Ú | | | I | | U |
| H | U | N | A | N | G | | L | | | I | | M | O | R | S | U | Ð | U | M |

Lausnarorð síðustu viku var
**STUNARFRIÐUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinnings-hafi eintak af **Hæg breytileg átt eftir Guðmund Andra Thorsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gyða Haralds-dóttir, Reykjavík**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist eitthvað sem allir ættu að fá um mánaðarmótin en margir fá þó ekki (14)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. nóvember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, til-kynningar og leiðrétt-ingar ef þörf krefur.

AÐVENTUTÓNLEIKAR
KVENNAKÓR REYKJAVÍKUR




Miðaverð: 3.000 kr. í forsölu
3.500 kr. við innganginn.
Miðar fást hjá kórkonum,
í síma 896 6468 eða á netfanginu
postur@kvennakorinn.is.

Að tónleikum loknum
býður kórinn gestum upp
á léttar og jólalegar veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar.
Allir velkomnir.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### AÐ GERA MIKIÐ ÚR LITLU

Deildakeppnin var spiluð um síðustu helgi, úrslitakeppni 4. efstu sveitanna í 1. deild og 2. deild. Sveit Jóns Baldurssonar bar sigur úr býtum eftir úrslitaleik gegn sveit Málningar. Leikurinn fór 133-100 í impum. Spilarar í sveit Jóns auk hans voru Sigurbjörn Haraldsson, Birkir Jónsson, Aðalsteinn Jörgensen, Steinar Jónsson og Sverrir Ármannsson. Sveit Grant Thornton vann yfirburðasigur í annarri deild, fékk 115,49 stig í 7 leikjum. Spilarar í sveit Jóns eru lunknir við að fá góðar tölur í spilum sem láta lítið yfir sér. Punktunum í þessu spili, úr mótinu um síðustu helgi, er nokkurn veginn jafnt dreift á milli handanna. NS eru með samtals 19 punkta og AV 21. Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson fengu þó góða skor þegar þeir dobluðu eitt grand hjá andstöðunni, en þeir sátu í AV. Vestur var gjafari og allir hættu:

**Norður**
♠ 53
♥ ÁK86
♦ DG103
♣ K63

**Vestur**
♠ ÁD1084
♥ DG52
♦ 52
♣ 42

**Austur**
♠ G72
♥ 43
♦ ÁK84
♣ Á1095

**Suður**
♠ K96
♥ 1097
♦ 976
♣ DG87

Suður var sagnhafi í einu grandi og vestur hitti á gott útspil þegar hann valdi tígulfimmuna. Hann hafði engan áhuga á að gefa sagn-hafa slag á spaðalitinn. Þegar upp var staðið fékk sagnhafi 5 slagi og Jón og Sigurbjörn fengu töluna 500 í sinn dálk. Sú tala var sú eina stóra á öllum borðum. Spilið var spilað á 8 borðum og stærsta talan utan 500, var 170. Á 6 borðum af 8 var samningurinn spaðabútur í AV.

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Sergey Karjakin (2772) átti leik gegn Magnúsi Carlsen (2853) í tíundu skák heimsmeistaraeinvígis þeirra í New York.
Hér átti áskorandinn magnaða leið til jafnteflis sem honum yfirsást. Eftir **20...Rxf2+ 21. Kg2 Rh4+! 22. Kg1** (22. gxh4 Dg6+) **22...Rh3+ 23. Kh1 Rf2+.** Karjakin lék **20...d5?** og tapaði skákinni í 75 leikjum. Staðan er 5-5. Ellefta og næstsíðasta skákin fer fram í kvöld
**www.skak.is:** Allt um heimsmeist-araeinvígið.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.
Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 8 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 6 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 5 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | 4 | 1 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 | 1 |
| 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 1 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 4 | 7 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 |
| 3 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 9 |

markhönnun ehf

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**PETSAMO**
**4.199 KR**




**STRÍÐIÐ MIKLA 1914-1918**
**9.599 KR**




**13 DAGAR**
**4.619 KR**




**BLÓMIÐ**
**4.619 KR**




**ELSKU DRAUMA MÍN**
**4.499 KR**




**HESTVÍK**
**4.157 KR**




**ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA**
**3.167 KR**




**SVARTALOGN**
**4.619 KR**




**STJÖRNU SKOÐUN**
**4.129 KR**




**VÍSINDABÓK VILLA SKYNJUN & SKYNVILLUR**
**3.761 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 26. - 27. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Konráð og félagar á ferð og flugi 227

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!" sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir," sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við," bætti hún við. „Sko," sagði Lísaloppa. „Hérna er þríhyrningur og annar minni inni í honum. Getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði þrír þríhyrningar?" Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut," sagði hann fúll. „Svona nú," sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut."

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut? Færa tvær eldspýtur svo úr verði þrír þríhyrningar.





## Brandarar

**Guðrún:** Eftir hverjum ert þú skírður Hans?
**Hans:** Eftir spænska kónginum.
**Guðrún:** En hann heitir ekki Hans.
**Hans:** Jú, hans hátign.

**Bjarni:** Hvernig stendur á því að kötturinn kostar 5.000 krónur í dag. Hann var á 3.000 í gær?
**Margrét:** Já, en í millitíðinni gleypti hann páfagauk sem kostaði 2.000 krónur.

**Í jólatrjáaskóginum**
**Gamli maðurinn:** Ég ætla að sækja hér um vinnu sem skógarhöggsmaður.
**Verkstjórinn:** Þú ert bara of veikburða til að fella tré.
**Gamli maðurinn:** Ég hef nú oft gert það áður.
**Verkstjórinn:** Hvar?
**Gamli maðurinn:** Í Saharaskógi.
**Verkstjórinn:** Ertu að meina Saharaeyðimörkina?
Gamli maðurinn: Já, hann heitir það í dag.






Katrínu Fjólu finnst stundum gaman að vera fín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Bjó til frumlegasta orðið á Skraflmótinu

**Katrín Fjóla Alexíusdóttir,** átta ára, var yngsti þátttakandinn í skraflmóti sem haldið var á Ísafirði fyrir skemmstu. Hún stóð þar uppi sem stjarna kvöldsins og fékk Skrafl fyrir frammistöðuna.

Hin átta ára Katrín Fjóla Alexíusdóttir vakti athygli fyrir góða frammistöðu á skraflmóti á Ísafirði nýlega. Hún átti bæði hæsta bingóið fyrir orðið rokinni og frumlegasta orðið, sniðlas, sem er greinilega þátíðarmynd af sögninni að sniðlesa. Hún kveðst þó ekki vera vön að spila skrafl.

Þetta var í fyrsta skipti sem ég spilaði. Ég var með mömmu sem kenndi mér skrafl. Það var samt ég sem bjó til orðin.

**Heldurðu að þú fáir ekki skrafl í jólagjöf, fyrst þú varst svona dugleg?** Nei, ég þarf þess ekki því ég fékk það í verðlaun á mótinu.

Það geta fjórir verið í því.

**Lestu mikið?** Já. Mér finnst gaman að lesa bækur.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Þegar það eru lestrarpróf.

**En hvað gerir þú helst eftir skólann?** Þá leik ég mér við systur mínar, Elísabetu, sem er eins árs og Auði sem er þriggja ára. Svo leik ég mér með dótið mitt.

**Áttu mikið dót?** Já, uppáhaldsdótið mitt er Lego Friends.

Þar sem vetrarfrí var í skólanum á Ísafirði brá Katrín Fjóla sér suður í heimsókn til ömmu sinnar og nöfnu í Mosfellsbæ. Þær bralla ýmislegt saman, brunuðu meðal annars í Smáralindina og kíktu í búðir. Þar týndist Katrín Fjóla um stund en fannst inni í mátunarklefa.

**Keyptuð þið amma eitthvað í Smáralindinni?** Já, við keyptum svolítið af fötum.

**Finnst þér gaman að vera fín?** Stundum.

Katrín segir snjóinn hafa verið kominn á Ísafirði. Hún hlakkar að sjálfsögðu til jólanna og vonar að eitthvað skemmtilegt leynist í jólapökkunum undir trénu þegar þar að kemur.

## Krakkar, vissuð þið að ...

... fánadagar Íslands eru: fæðingardagur forseta Íslands (sem er núna 26. júní), nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, hvítasunnudagur, sjómannadagurinn, þjóðhátíðardagurinn 17. júní, fullveldisdagurinn 1. desember og jóladagur?
... alla þessa daga skal draga fána að hún nema föstudaginn langa, þá í hálfa stöng?
... þegar fáni er dreginn í hálfa stöng skal fyrst draga hann að húni og síðan láta hann síga þannig að 1/3 stangarinnar sé fyrir ofan hann?
... ávallt skal gæta þess að fáni snerti ekki jörðu, vatnsyfirborð eða gólf?
... fána skal ekki draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og hann skal að jafnaði ekki vera lengur uppi en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis?
... fáni skal brotinn í fernt eftir endilöngu og síðan í þríhyrninga frá þeirri hlið sem bláu ferningarnir eru minni. Blái liturinn skal snúa út í lokin?
... fáninn skal alltaf geymdur á öruggum stað?






| REYKJAVÍK | | | | KÓPAVOGUR | HAFNARFJÖRÐUR | GARÐABÆR | REYKJANESBÆR | AKUREYRI | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Laugalækur 9 | Barónsstígur 4 | Miklabraut 100 | Suðurfell 4 | Hjallabrekka 2 | Fjörður 13-15 | Litlatún | Hafnargata 55 | Kaupangur | Skagabraut 43 |
| Glæsibær | Grímsbær | Kleppsvegur | Laugavegur 180 | Dalvegur 20 | Staðarberg 2-4 | | Flugstöð Leifs Eiríkss. | | |
| Austurstræti 17 | Héðinshús | Birkimelur 1 | Við Vesturlandsveg | Hagasmári 9 | Melabraut 29 | | Fitjar | | |
| Laugavegur 116 | Hjarðarhagi 47 | Bústaðavegur 20 | Borgartún 26 | | Reykjavíkurvegur 58 | | | | |
| Lágmúli 7 | Eggertsgata 24 | Grjótháls 8 | Bankastræti 11 | | | | | | |
| | | | Seljavegur 2 | | | | | | |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Breytileg átt, víða hæg, en norðvestanstrekkingur og stöku él við norðausturströndina. Vaxandi suðaustanátt og hlýnar sunnan- og vestanlands þegar líður á daginn, en rigning þar um kvöldið.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 9° | Oslo 4° | Stokkhólmur 7° | Gautaborg 9° | Helsinki 4° | Þórshöfn 5° | Nuuk -12° |
| London 7° | Amsterdam 3° | París 11° | Berlín 3° | Madríd 8° | Brussel 5° | Róm 16° |
| Boston 6° | New York 4° | Orlando 15° | Moskva 0° | Singapúr 27° | Tókýó 9° | Sydney 19° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **4.46** | **10.46** |
| 3,47m | 0,91m |
| **5.10** | **10.58** |
| 3,68m | 0,79m |
| **Akureyri** | |
| **8.45** | **2.20** |
| 1,34m | 0,47m |
| **9.02** | **3.02** |
| 1,22m | 0,49m |
| **Ísafjörður** | |
| **6.43** | **12.49** |
| 1,97m | 0,61m |
| **6.39** | **1.03** |
| 1,92m | 0,53m |

## Tunglstaða:

Vaxandi

13%

## Sólarupprás:

10.32

## Sólarlag:

15.56

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↑6 | 5° ↑9 | 1° ←5 | -1° ←10 | 0° ←9 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↗6 | 1° ↗15 | -2° ↑2 | -5° ←8 | -3° ↙10 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑13 | -0° ↑4 | -1° →4 | -8° →3 | -6° ↗5 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↑9 | 0° ↑4 | -0° ↘9 | -7° →6 | -8° →6 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↖4 | 3° ↙1 | -1° ↘5 | -3° ↓4 | -2° ↙5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LJÓSA-HÁTÍÐ

TIL 28. NÓV.



# -25%

## AF ÖLLUM LJÓSUM

ÚTI- OG INNISERÍUR, AÐVENTULJÓS, ÚTI- OG INNILJÓS

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 28. nóvember.




*Opið lengur í Breidd til jóla**

LAU 10-19 SUN 11-18

*Sjá afgreiðslutíma allra verslana á byko.is

AÐVENTUDAGSKRÁ

**Laugardagur:**
13-15 Sirkus Íslands
13-14 Kór Kársnesskóla
14-15 Hreimur og Vignir

**Sunnudagur:**
Tónlistaratriði
13-14 Ingunn og Arnar
14-15 Vigga og Sjonni



25% AFSLÁTTUR AF KERTUM, KERTASTJÖKUM OG LUKTUM



byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS

BYKO SKREYTUM SAMAN

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

## Ljósin tendruð á Hamborgartrénu í 52. sinn á Miðbakkanum við Reykjavíkurhöfn

Ljósin á Hamborgartrénu verða tendruð kl. 17:00 laugardaginn 26. nóvember en tréð er staðsett á Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Þetta er í 52. skiptið sem góðir vinir í Hamborg senda jólatré til Reykjavíkurhafnar en fyrsta tréð kom árið 1965.

Við athöfnina munu fulltrúar frá Hamborg flytja stutt ávarp um leið og þeir afhenda gjöfina. Björn Blöndal, varaformaður Faxaflóahafna sf., þakkar fyrir jólatréð fyrir hönd Faxaflóahafna. Staðgengill sendiherra Þýskalands á Íslandi, Diane Röhrig, ávarpar gesti við tréð ásamt Dr. Sverrir Schopka, fulltrúa Þýsk-Íslenska félagsins í Þýskalandi. Að athöfn lokinni er gestum boðið í heitt súkkulaði og viðeigandi bakkelsi í Hafnarhúsinu. Félagar úr Lúðrasveit Hafnarfjarðar leika jólalög.

Þessi fallegi siður, að senda jólatré til Reykjavíkurhafnar, er tileinkaður íslenskum togarasjómönnum sem sigldu á Hamborg með fisk strax eftir seinni heimstyrjöldina. Þess er sérstaklega minnst að sjómennirnir gáfu svöngu og ráðlausu fólki á hafnarsvæðinu fiskisúpu á meðan verið var að landa úr togaranum.

Á hverju ári síðan árið 1965 hefur Eimskipafélag Íslands flutt tréð endurgjaldslaust til Reykjavikur og í ár eru það Íslandsvinafélögin í Hamborg og Köln sem styrkja þetta framtak. Faxaflóahafnir ásamt Þýsk-Íslenska Viðskiptaráðinu hafa staðið fyrir skipulagningu að móttöku trésins.

## Anleuchten des Weihnachtsbaumes aus Hamburg zum 52. mal am Miðbakki, Reykjavik-Hafen

Am Samstag, den 26. November 2016, um 17:00 Uhr wird pünktlich zur Weihnachtszeit zum 52. mal der Weihnachtsbaum aus Hamburg in Reykjavík angeleuchtet. Der Baum ist ein Zeichen der Dankbarkeit für die Hilfspakete isländischer Seeleute an bedürftige Menschen in Hamburg nach dem Zweiten Weltkrieg. Der erste Baum kam 1965!

Sprecher der Delegation aus Hamburg werden eine kurze Ansprache halten, während sie die Tanne offiziell übergeben. Björn Blöndal, Vizevorsitzender der Faxaflóahäfen wird sich im Auftrag des Hafens für die Tanne bedanken. Daraufhin folgt eine kurze Ansprache von Frau Diane Röhrig, der ständigen Vertreterin des Deutschen Botschafters in Island, begleitet von Sverrir Schopka, Sprecher der Deutsch-Isländischen Gesellschaft in Deutschland. Im Anschluß werden die Gäste zu heißer Schokolade und Gebäck ins Hafenhaus eingeladen. Mitglieder der Hafnarfjörður-Blaskapelle spielen Weihnachtslieder.

Seit 1965 hat Eimskip den Transport der Tanne jedes Jahr gesponsort und dieses Jahr hat ebenfalls Gesellschaft der Freunde Islands, Hamburg, und Deutsch-Isländische Gesellschaft, Köln, dieses Unterfangen unterstützt.

Die Faxaflóahäfen und die Deutsch-Isländische Handelskammer haben den Transport und den Empfang der Tanne organisiert.








„Ég er ekkert góð í að sitja á kvöldin og horfa á Netflix,“ segir Ragnheiður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Er með fimm ára ósvikið háskólanám í andvökunóttum

**Ragnheiður Eyjólfsdóttir hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2015 og Bóksalaverðlaunin í flokki táningabóka fyrir sína fyrstu bók. Nú er hún komin með framhald úr undirheimum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég var byrjuð á þessari bók þegar fyrri bókin kom út. Hin endaði á svo hættulegum stað svo að ég varð að halda áfram og ljúka ævintýrinu,“ segir Ragnheiður Eyjólfsdóttir, höfundur hinnar nýju unglingabókar Skuggasaga – Undirheimar. Fyrsta bókin hennar, Skuggasaga – Arftakinn hlaut tvenn verðlaun í fyrra. Nú er Helga Birgisdóttir, doktorsnemi í íslenskum bókmenntum, búin að ritrýna nýju bókina og virðist ánægð með hana og Vikan fer einnig fögrum orðum um hana.

„Það er ótrúlega gaman að fá svo góðar viðtökur, sérstaklega þar sem ég er byrjandi í ritstörfum og ekkert alveg örugg í því sem ég er að gera,“ segir Ragnheiður. Hún kveðst hafa hug á að halda áfram ritstörfum en það fari svolítið eftir aðstæðum hvort skrifin verði að hliðarverkefni næstu misserin, enda sé seint hægt að lifa af þessu.

„Ég er menntaður arkitekt og hef unnið sjálfstætt hjá arkitektastofum. Þó reyndar minna síðustu ár en áður, út af ritstörfunum, en nú er mig farið að klæja svolítið eftir að taka upp músina aftur! Bókaskrifin eru samt spennandi viðfangsefni og ég er með nokkrar hugmyndir í kollinum. Er ekkert góð í að sitja á kvöldin og horfa á Netflix, mér finnst ég verða að nýta tímann í það sem skilur eitthvað eftir.“

Spurð hvort hún eigi andvökur yfir skriftunum svarar Ragnheiður: „Já, það koma tímabil sem ég vaki við að skrifa. Oftast af því að ég get ekki hætt en líka þegar skiladagur nálgast og ég vanda mig eins og mér er unnt. En ég er með fimm ára ósvikið háskólanám í andvökunóttum eftir arkitektanámið svo það er ekki vandamál!“

Ragnheiður býr úti í Þýskalandi, með eiginmanni, fjögurra ára syni og ketti. Hún segir köttinn vinsælt umræðuefni þegar hún sé að kynna bækurnar fyrir börnum því ein sögupersónan sé skuggabaldur, sambland af ketti og ref, sem á að vera svolítið stór. „Börnin reka upp stór augu þegar ég segi þeim að ég eigi tólf kílóa kött og sýni þeim myndir. Þau sem hlustuðu á mig í fyrra muna enn eftir honum og spyrja núna hvernig hann hafi það.“

**BÖRNIN REKA UPP STÓR AUGU ÞEGAR ÉG SEGI ÞEIM AÐ ÉG EIGI TÓLF KÍLÓA KÖTT OG SÝNI ÞEIM MYNDIR.**

Það verða í kringum tuttugu skólar sem Ragnheiður fer í þetta haustið til að lesa upp. Hún segir það mjög skemmtilegt. „Þegar ég er með krökkum minni ég þau á hvað það er mikilvægt að vera dugleg að lesa, því það opnar svo margar leiðir í framtíðinni. Tungumálið er undirstaða annars náms og með lestri bóka er maður alltaf að læra ný orð.“

Sjálf kveðst hún hafa verið mikill bókaormur sem barn – og vera enn. Viðurkennir að bókin eigi nú í samkeppni við margs konar aðra afþreyingu. „Ég fagna útgáfu rafbóka því þar er verið að tengja tímana saman,“ segir hún. „En auðvitað jafnast ekkert á við að vera með alvörubók í höndunum.“

SKEGG RASPÚTÍNS EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR

# DÁSAMLEG OG TÖFF!




***„Hvernig er hægt að vera svona ljóðrænn og um leið svona töff og hitta naglann á höfuðið? … Dásamleg bók.“***

Jórunn Sigurðardóttir, Orð um bækur

Guðrún Eva Mínervudóttir er einn af okkar fremstu rithöfundum og hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2011 fyrir *Allt með kossi vekur* og Menningarverðlaun DV fyrir *Yosoy* árið 2006 og *Englaryk* árið 2014

BJARTUR

# Of mikið í gangi




BÆKUR

**Einfari**

★★☆☆☆

**Hildur Sif Thorarensen**

**Útgefandi Óðinsauga**
**Prentun:** Í Þýskalandi
**Fjöldi síðna:** 220

Þeir sem reynt hafa vita hvað það er gríðarlega mikið verk að skrifa bók. Sjálf dáist ég að þeim sem skrifa sínar fyrstu bækur af einskærum áhuga, án þess að hafa hugmynd um hvort þessi mikla vinna muni skila sér í launum öðrum en ánægjunni eða hvernig bókinni verður tekið. Hugmyndavinnan er kannski það minnsta, handverkið, tíminn og ástríðan er það sem skiptir máli við að koma hugmynd á blað og gera hana að heilli skáldsögu. Oft eru höfundar fyrstu bóka í fullri vinnu meðfram skrifunum og þurfa væntanlega að færa heilmiklar fórnir til að geta sinnt þeim.

Hildur Sif Thorarensen er verkfræðingur sem stundar nám í læknisfræði við Háskólann í Ósló. Hún hefur að auki búið víða um heim og sjálfsagt lesið aragrúa reyfara á ferðum sínum milli heimshluta og -álfa. Fyrsta bók hennar, Einfari, ber þess nokkur merki. Þetta er glæpasaga sem gerist í Ósló og vitnar óspart í ýmsa þekkta sjónvarpsþætti og persónur. Þannig minnir geðlæknirinn Alexander bæði á Castle úr samnefndum sjónvarpsþáttum og Sebastian Bergman úr sögum Hjort og Rosenfeld, léttkrúttlega en bráðskarpa tæknistelpan hjá löggunni er alveg eins og Penelope Garcia úr Criminal Minds nema hvað hún á ívið fleiri einhyrningabangsa og plastrisaeðlur ofan í skúffu. Aukalöggurnar eru skrautlegir karakterar, annar er vaxtarræktartröll og hinn hommi og samskipti þeirra verða oft spaugileg en koma sögunni ekkert við.

Talandi um sögu þá eru þrjár sögur í gangi í einu sem tengjast ekki innbyrðis, einfalt morðmál þar sem íslenskur karlmaður finnst látinn, en sá hefur farið víða á Tinder, og svo annað flóknara og ógeðfelldara. Enn eitt málið tengist vinkonu móður Alexanders en svo fer móðir hans á óvænt stefnumót á meðan Júlía, hin hranalega yfirlögga með gullhjartað, á líka sína sögu sem við fáum nasasjón af en ekkert meir. Að auki koma við sögu tveir ólíkir söfnuðir, Vottar Jehóva sem ganga milli húsa með bæklinga og nornasöfnuður þar sem krakkar fikta við svartagaldur.

Sem sagt fullt að gerast en ekki tekst nægilega vel að halda fókus þannig að lesandinn haldi þræði enda er hann löngu búinn að gleyma hver heitir hvað þegar hoppað er svo hratt á milli rannsókna, einkalífs og annarra mála sem stundum koma rannsókninni við og stundum ekki. Allt þetta hefði sómt sér prýðilega í sjónvarpsþáttaröð en á 220 blaðsíðum í litlu broti er ekki rými til að gera neinu af því sem kynnt er til sögunnar skil á sannfærandi hátt.

Aftan á bókarkápu er tilvitnun þar sem segir að vel borgi sig að fylgjast með skrifum Hildar Sifjar í framtíðinni. Ég er sammála því. Í bókinni er fullt af góðum hugmyndum og greinileg geta til að búa til plott og persónur. Það hefði hins vegar mátt vinna betur úr þessum hugmyndum, kafa dýpra og jafnvel dreifa þeim á fleiri bækur sem virðast í bókarlok vera væntanlegar. Stundum er minna meira og allt í lagi að gefa hugmyndum rými til að anda. Vonandi fær Hildur Sif tækifæri til þess í næstu bók.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Margar ágætar hugmyndir sem hefði mátt vinna mun betur úr.

# Ekki bara grín

BÆKUR

**Aflausn**

★★★★☆

**Yrsa Sigurðardóttir**

**Útgefandi:** Veröld
**Prentun:** Oddi
**Fjöldi síðna 363**
**Kápa:** Ragnar Helgi Ólafsson

Síminn pípir og tilkynnir að nýtt snapp sé komið frá Stellu, sextán ára. Vinir hennar svara kalli símans en bregður í brún þegar myndskeiðið reynist sýna grófar misþyrmingar á henni sjálfri, biðjandi fyrirgefningar inni á klósetti í bíóinu þar sem hún er að vinna. Þegar lögreglan fær veður af snappinu er Stella löngu horfin og síminn hennar líka og aðeins blóðslóð og upptaka úr öryggismyndavélinni í bíóinu er til frásagnar um afdrif hennar.




Þannig fer glæpamálið í nýjustu sögu Yrsu Sigurðardóttur af stað og teygir sig fljótlega í ákveðna átt, nefnilega að einelti, ósýnilega glæpnum sem allt of oft er afgreiddur sem stríðni, barnabrek eða „bara grín“. „Grínið“ sem lýst er í bókinni felst meðal annars í félagslegri útskúfun og því að segja unglingum að þau séu ógeðsleg og eigi skilið að drepast, stofna vefsíður í þeirra nafni og setja þar inn vafasamt efni og fleira í þeim dúr. Þessar lýsingar Yrsu eru því miður engar ýkjur heldur beinar tilvitnanir í raunveruleg dæmi. Svo má auðvitað ekki gleyma því að einelti er eldra en internetið og fjöldi fólks gengur um með sár á sálinni og jafnvel víðar vegna ítrekaðs aðkasts skólafélaga sinna í æsku og að einelti lifir góðu lífi á vinnustöðum og í garð minnihlutahópa. Yrsa tekur á þessu brýna samfélagsmálefni af þekkingu og færni og sýnir inn í heim grimmdar og þjáninga á einstakan hátt. Þrælslund símanotenda gagnvart tækjunum sínum fær einnig sinn skerf af gagnrýni.

Þrátt fyrir þessi efnistök er Aflausn þó auðvitað fyrst og fremst glæpa- og spennusaga. Við höldum áfram að fylgjast með persónunum sem við kynntumst í DNA og Soginu, lögreglufólkinu Huldari og Erlu og sálfræðingnum Freyju og samskiptum þeirra, ástum og misheppnuðum tilraunum til að ná tökum á lífi sínu. Persónurnar eru vel skrifaðar, og amstur þeirra í senn hlálegt og heiðarlegt. Eins og Yrsu er von og vísa er plottið þétt og frumlegt og vindur ofan af sér í hárréttum spennustuðli allt til enda.

Talandi um grín, eitt af því sem hefur verið fjarverandi í fullorðinsbókum Yrsu Sigurðardóttur, en lesendur barnabóka hennar sakna, er fyndnin sem Yrsa kunni svo sannarlega að skrifa svo allur aldur veltist um af hlátri. Þrátt fyrir alvarlegt umfjöllunarefni má sjá glitta í gamla gríntakta í Aflausn svo oft má skella upp úr yfir aðstæðum og tilsvörum. Óhugnaðurinn sem Yrsa skrifar einnig svo prýðisvel er heldur aldrei langt undan, lýsingar sem fá hárin til að rísa og valda óbragði í munni. Óbragðið er þó mest yfir lýsingunum á því hversu grimm og úthugsuð börn geta verið í því að pynta jafnaldra sína sem ekkert hafa til saka unnið, nema kannski að vera aðeins öðruvísi.

Ég hef ekkert alltaf verið jafnhrifin af glæpasögum Yrsu og fundist þær ekki fara nógu vel út úr samanburðinum við barnabækurnar eða hryllingssögurnar. Það hefur þó breyst síðustu ár og þessi bók finnst mér eiga heima með allra bestu spennusögum sem eiga það sameiginlegt að teygja sig út fyrir ramma sögunnar og ávarpa samfélagsvanda sem brýn þörf er á að horfast í augu við.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einkar góð glæpasaga þar sem efnistök, plott og persónusköpun koma saman í sögu sem heldur lesandanum fram á rauðanótt.






# Með skiptilykil og ananas

„Þetta verður fjölbreytt prógramm,“ segir Frank Aarnink slagverksleikari um efnisskrá tónleikanna Töfratóna Duo Harpverk sem hefjast klukkan 15.15 í Norræna húsinu síðdegis á morgun. Þar spilar hann ásamt Katie Buckley hörpuleikara og saman mynda þau Duo Harpverk.

„Við erum með einn frumflutning, eftir Inga Garðar Erlendsson. Hitt efnið er úr okkar safni,“ segir Frank og heldur áfram: „Þrjú þeirra verka höfum við bara spilað einu sinni áður. Það var 2012 svo við þurfum að æfa þau núna eins og um frumflutning sé að ræða. Þetta eru Oneness of One Is One eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, Brú eftir Þráin Hjálmarsson og Amsterdam eftir Jeppe Petersen. Þráinn er með nóturnar bæði á blöðum og vídeói og nóturnar hennar Bergrúnar eru svo fallega skrifaðar að þær eru listaverk út af fyrir sig,“ segir hann.

Allir sem eiga verk á tónleikunum eru félagar í tónskáldahópnum S.L.Á.T.U.R. Einn þeirra er Áki Ásgeirsson sem á verkið 242 Degrees. Í því kveðst Frank vera með skiptilykil og ananas á sviðinu. Það er greinilega tekið upp á ýmsu hjá þessum hópi. Frank tekur undir það. „ Síðast þegar Ingi Garðar sendi okkur verk þurftum við að spila á plastslöngu, tíu metra langa en við vitum ekki hvað bíður okkar núna.“



**Þau Katie Buckley og Frank Aarnink í Duo Harpverk taka upp á ýmsu bæði utan sviðs og innan.**

Þetta eru síðustu 15:15 tónleikarnir á árinu 2016. **gun@frettabladid.is**

26. – 27. nóvember 2016 í Kópavogi




VILLI OG SVEPPI SKEMMTA, JÓLAMARKAÐUR, JÓLAKORTASMIÐJA, GRÝLA, LEPPALÚÐI, BÓLA OG MARGT FLEIRA

Velkomin á AÐVENTUHÁTÍÐ í Kópavogi fyrstu helgina í aðventu. Dagskrá fyrir alla fjölskylduna í Menningarhúsunum og nágrenni. Njótið upphafs aðventunnar í hjarta Kópavogs!
Nánari dagskrá á kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is











# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 26. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Píanókvöld
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið
Pálmi Sigurhjartar leikur á flygilinn og gestir taka undir.

**Hvað?** Sex Ý fötu
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Hljómsveitin Sex Ý fötu mun kveikja í Hressó í kvöld. Það verður rugluð stemming, herrar mínir og frúr.

**Hvað?** DJ Logi Pedro
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Logi Pedro er af mörgum sagður besti plötusnúður Íslandssögunnar. Drengurinn var að koma heim frá Japan þar sem hann var að útbúa eitthvert kúrekatekknó fyrir japanskt boyband og er örugglega drullu jet lagged og ruglaður og því örugglega uppfullur af óvæntum hugmyndum.

**Hvað?** Valdimar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Valdimar verður með brjáluð læti á Húrra þetta laugardagskvöld og er það bara hið besta mál. Miðaverð er 2.500 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Myndlistarsýningin Norðurljós (Dansað á striga)
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs











Það verður haldið upp á aðventuna í Kópavogi um helgina. MYND/KÓPAVOGUR

Listakonan FÝR (Fjóla Ýr Ómarsdóttir) opnaði sína fyrstu myndlistarsýningu 15. nóvember og mun hún standa til 13. desember.

**Hvað?** Aðventuhátíð í Kópavogi
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Kópavogur
Aðventuhátíð í Kópavogi verður haldin 26. og 27. nóvember frá 13-17 báða dagana. Boðið er upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna á hátíðinni sem fer fram í og við Menningarhúsin í Kópavogi. Tendrað verður á jólatrénu klukkan fjögur á laugardag á útivistarsvæðinu við húsin og þar verður einnig jólamarkaður um helgina þar sem gæðamatvara, heitir drykkir og handverk verður til sölu.

**Hvað?** Mynd af þér
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Skaftfell, Seyðisfirði
Sýning Sigurðar Atla Sigurðssonar opnuð í dag í sýningarsal Skaftfells.

**Hvað?** Inside out
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Mjólkurbúðin, Akureyri
Steinunn Matthíasdóttir opnar ljósmyndasýningu sína, Respect Elderly, sem er liður í Inside Out Project sem gert er út frá New York af franska listamanninum JR í samvinnu við Ted Prize verðlaunin. Inside Out gjörningur Steinunnar var framkvæmdur í Búðardal í sumar þar sem risamyndir af 64 eldri borgurum voru límdar á húsveggi við þjóðveginn og hanga enn uppi. Einnig var 14 mynda úrtak sett upp hjá kirkjutröppum Akureyrarkirkju sem hluti af listasumri en í annarri útfærslu en tíðkast hjá Inside Out Project. Nú eru allar myndirnar mættar í Mjólkurbúðina og sýningin fullkláruð á Akureyri

**Hvað?** Ritsmiðja | Lukka og hugmyndavélin
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Ritsmiðja verður haldin í Borgarbókasafninu í Kringlunni fyrir forvitna og hugmyndaríka krakka á aldrinum 9-12 ára sem hafa gaman af því að búa til sögur.

### Uppistand

**Hvað?** HAHA voða fyndið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Brakandi ferskt uppistand á Rosenberg. Þeir sem grínast þarna eru Andri Ívarsson, Bylgja Babýlons, Jóhannes Ingi, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Hugleikur Dagsson og Jonathan Duffy. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

# Sunnudagur

## 27. NÓVEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Sigurðar Flosasonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús, Grandagarði
Á næsta SunnuDjassi Bryggjunnar brugghúss stígur Kvartett Sigurðar Flosasonar á svið. Kvartettinn skipa, auk Sigurðar, þeir Kjartan Valdemarsson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Einar Valur Scheving. Þeir leika nýja og nýlega tónlist eftir Sigurð. Aðgangur ókeypis.

### Dansleikir

**Hvað?** Dansað í Ásgarði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ásgarður, Stangarhyl
Hljómsveit hússins leikur fjölbreytta dansmúsík. Veitingar við flestra hæfi. Mætum öll og tökum með okkur gesti.

### Viðburðir

**Hvað?** Ljósin á Óslóartrénu tendruð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Austurvöllur
Klukkan 16.00 mun Erik Lunde, borgarfulltrúi Óslóarborgar, afhenda tréð formlega á Austurvelli. S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, veitir gjöfinni viðtöku fyrir hönd borgarinnar og flytur þakkarávarp. Að því loknu mun Völundur Ingi Steen Bjarnason, 7 ára norsk-íslenskur drengur, kveikja á jólaljósunum. Tendrun jólaljósanna á Óslóartrénu markar upphaf aðventunnar í borginni og minnir sem fyrr á áratuga vinasamband Reykjavíkur og Óslóarborgar. Salka Sól og Valdimar syngja aðventuna inn ásamt einvalaliði tónlistarfólks. Lúðrasveit Reykjavíkur flytur nokkur vel valin lög og frést hefur að nokkrir jólasveinar hafi stungið af í bæinn og ætli að skemmta börnum og fullorðnum. Gerður G. Bjarklind kynnir dagskrána en þetta er í 17. skipti sem hún gerir það.

**Hvað?** Skoppa og Skrítla
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Árbæjarkirkja
Skoppa og Skrítla mæta í sunnudagaskóla Árbæjarkirkju í dag. Ókeypis aðgangur.




# GEFÐU SKEMMTILEGA GJÖF UM JÓLIN

## BÍÓMIÐI, PEPSI & POPP GJAFABRÉF Á SAMBIO.IS

EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA









# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.20** Waybuloo
**07.40** Doddi litli og Eyrnastór
**07.50** K3
**08.00** Tindur
**08.10** Með afa
**08.20** Doddi litli og Eyrnastór
**08.30** Ævintýraferðin
**08.45** Mæja býfluga
**09.00** Stóri og litli
**09.10** Blíða og Blær
**09.35** Grettir
**09.50** Ævintýri Tinna
**10.15** Pingu
**10.25** Elías
**10.35** Víkingurinn Viggó
**10.50** Kalli kanína og félagar
**11.15** Beware the Batman
**11.40** Ellen
**12.20** Víglínan
Vikulegur þjóðmálaþáttur á vegum fréttastofu Stöðvar 2. Í þáttunum verða tekin fyrir mál af vettvangi stjórnmála, félags- og menningarmála, þar sem forystufólk víðs vegar að úr samfélaginu situr fyrir svörum.
**13.05** Bold and the Beautiful
**13.25** Bold and the Beautiful
**13.45** Bold and the Beautiful
**14.05** Bold and the Beautiful
**14.25** Bold and the Beautiful
**14.50** The X-Factor UK
**16.00** The X-Factor UK
**16.55** Borgarstjórinn
**17.25** Leitin að upprunanum
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Lottó
**19.10** Friends
**19.35** Spilakvöld
Önnur syrpan af þessum stórskemmtilegu þrautaþáttum. Allir eiga möguleika á að taka þátt með því að gerast liðsstjórar sem leiða stjörnuhlaðið lið sitt til sigurs.
**20.25** Miracles From Heaven
**22.15** The Man from U.N.C.L.E.
Hörkuspennandi og glettilega góð mynd frá 2015 með þeim Henry Cavill, Armie Hammer og Alicia Vikander í aðalhlutverkum.
**00.10** The Drop
**01.55** Idiocracy
**03.20** Collaborator
**04.45** Louie

## STÖÐ 2 SPORT

**08.15** Körfuboltakvöld
**09.55** Formúla 1 2016 – Æfing
**11.00** Evrópudeildarmörkin
**11.50** Premier League Preview
Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**12.20** Burnley - Man. City
**14.50** Liverpool - Sunderland
**17.20** Chelsea - Tottenham
**19.30** Leicester - Middlesbrough
**21.10** Formúla 1 Tímataka Útsending frá tímatökunni fyrir kappaksturinn í Abu Dhabi.
**22.30** UFC Now 2016
**23.20** Davis Cup
**06.50** Leicester - Middlesbrough

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.35** Rostov - Bayern München
**09.20** Celtic - Barcelona
**11.05** B. M'gladbach - Manchester City
**12.45** Arsenal - Paris St. Germain
**14.30** Meistaradeildarmörkin
**15.10** Real Madrid - Sporting Bein útsending
**17.25** Bayern München - Bayer Leverkusen Bein útsending
**19.30** Hull City - WBA
**21.10** Freiburg - Leipzig
**22.50** Boston - San Antonio
**00.45** Swansea - Crystal Palace

## STÖÐ 3

**15.45** Who Do You Think You Are?
**16.45** Hell's Kitchen USA
**17.30** Mike & Molly
**17.50** League
**18.15** Baby Daddy
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Fóstbræður
**20.00** The Great Christmas Light Fight Skemmtilegir og spennandi þættir um nokkrar fjölskyldur í Bandaríkjunum sem etja kappi í hörkuspennandi skreytingakeppni en fjölskyldurnar leggja sig fram við að skreyta heimilin sín fyrir jólin á hvað frumlegastan hátt.
**20.50** Suburgatory
**21.15** Fresh off the Boat
**21.40** Band of Brothers
**22.35** Homeland
**23.25** Bob's Burgers
**23.45** American Dad
**00.10** Fóstbræður
**00.35** The Great Christmas Light Fight
**01.20** Fresh off the Boat
**01.40** Homeland
**02.30** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Kalli á þakinu
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.13** Kormákur
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Kalli á þakinu
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.35** Stóri og Litli
**12.47** Hvellur keppnisbíll
**12.58** Víkingurinn Viggó
**13.11** Kormákur
**13.23** Brunabílarnir
**13.45** Mæja býfluga
**13.58** Dóra könnuður
**14.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.58** Áfram Diego, áfram!
**15.22** Svampur Sveinsson
**15.47** Lalli
**15.53** Rasmus Klumpur og félagar
**15.58** Kalli á þakinu
**16.23** Gulla og grænjaxlarnir
**16.33** Stóri og Litli
**16.45** Hvellur keppnisbíll
**16.56** Víkingurinn Viggó
**17.09** Kormákur
**17.21** Brunabílarnir
**17.43** Mæja býfluga
**17.56** Dóra könnuður
**18.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.43** Doddi litli og Eyrnastór
**18.56** Tarsan Frábær teiknimynd um Tarsan þar sem við fáum að kynnast honum sem barni og fylgjumst með honum alast upp á meðal apanna.

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** OHL Classic
**11.00** PGA Tour 2016 -
**11.55** Nedbank Golf Challenge
**17.15** The Open Championship
**20.15** The Open Official Film
**21.10** Golfing World
**22.00** PGA Tour
**22.25** CME Group Tour Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**07.00** Groundhog Day
**08.40** Skeleton Twins
**10.15** American Graffiti
**12.05** The Amazing Spider-Man 2
**14.25** Groundhog Day
**16.05** Skeleton Twins
**17.40** American Graffiti
**19.35** The Amazing Spider-Man 2
Peter Parker veit fátt skemmtilegra en að nýta einstæða hæfileika sína í að þeysast á milli bygginga í New York sem Köngulóarmaðurinn. Það er sjaldan lognmolla hjá Peter og núna þarf hann að kljást við glæpamenn sem hafa orðið sér úti um ofurkrafta sem gera þá að hættulegustu og öflugustu óvinum hans til þessa. Um leið og hann reynir að berjast við nýja ofurkrafta áttar hann sig á því að þessi kraftmiklu ofurmenni sem hann á í höggi við virðast öll tengjast hinu dularfulla hátæknifyrirtæki Oscorp sem er í eigu vinar hans, Harry Osborne.
**22.00** Sea of Love
**23.55** Horrible Bosses
**01.45** April Rain
**03.20** Sea of Love

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**08.30** Úmísúmí
**08.53** Tré Fú Tom
**09.11** Hvolpasveitin
**09.15** Uss-Uss!
**09.27** Hrói Höttur
**09.37** Skógargengið
**09.49** Lóa
**10.02** Alvin og íkornarnir
**10.15** Frumherjar sjónvarpsins
**11.05** Vikan með Gísla Marteini
**11.50** Útsvar
**13.05** Edda - engum lík
**13.45** Grótta - Stjarnan
**15.55** Á sama báti
**16.50** Sterkasti maður Íslands
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Krakkafréttir vikunnar
**18.20** Skömm
**18.40** Bækur og staðir
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Edda
**20.25** The Queen
**22.10** The Illusionist
**00.00** Af ólíkum toga
**01.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** The McCarthys
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** Benched
**10.15** Trophy Wife
**10.35** Younger
**11.00** Dr. Phil
**11.40** Dr. Phil
**12.20** The Tonight Show
**13.00** The Tonight Show
**13.40** The Tonight Show
**14.20** The Voice Ísland
**15.50** Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
**16.15** Emily Owens
**17.00** Parks & Recreation
**17.25** Growing Up Fisher
**17.50** Difficult People
**18.15** Everybody Loves Raymond
**18.40** King of Queens
**19.05** How I Met Your Mother
**19.30** The Voice USA
**21.00** October Sky
**22.50** Mississippi Grind
**00.40** Reality Bites
**02.20** Life of Crime
**04.00** Being John Makovich

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



**Umsóknarfrestur er til 10. desember**

# Viltu styrkja faglega þekkingu þína?

## Nýtt meistaranám í viðskiptalögfræði

Meistaranám í viðskiptalögfræði (MBL) er hagnýtt og krefjandi nám sem veitir þér trausta þekkingu í spennandi og fjölbreyttum heimi viðskipta og lögfræði. Kjarni námsins byggist á viðskiptatengdum greinum lögfræðinnar og er hið eina sinnar tegundar hér á landi.

Námið miðar að því að undirbúa nemendur fyrir fjölþætt störf á sviði viðskiptalögfræði og styrkja þannig stöðu þeirra í atvinnulífinu.

Meistaranám í viðskiptalögfræði er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða. MBL námið er einnig í boði fyrir þá sem hafa lokið annari grunngráðu en lögfræði.

- **90 eininga MBL gráða í viðskiptalögfræði**
- **120 eininga ML gráða í viðskiptalögfræði**
- **Diplóma í fyrirtækjalögfræði**
- **Diplóma í samningatækni og sáttamiðlun**

**Umsóknarfrestur fyrir vorönn 2017 er til 10. desember**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir*



LEITIN AÐ UPPRUNANUM
Rósíka Gestsdóttir var kornung ættleidd til Íslands en hefur í mörg ár langað að leita að móður sinni og eldri systur. Sjónvarpskonan Sigrún Ósk fer með henni til Srí Lanka en það eru ýmis ljón í veginum.

SÚPER
SUNNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is
365




GAMANÞÁTTUR
BORGARSTJÓRINN
Stórskemmtileg gamanþáttasería um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og starfsfólksins í ráðhúsinu sem er ekki alltaf sátt við störf borgarstjórans. Grátbroslegir og allt öðruvísi gamanþættir með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni í aðalhlutverkum.

GÁSMAMMAN
Sonja hefur lifað afar góðu og áhyggjulausu lífi með fjölskyldu sinni en þegar hætta steðjar að gerir hún allt til að standa vörð um þá sem hún elskar.



SÆNSKUR SAKAMÁLAÞÁTTUR

THE YOUNG POPE
Hörkugóðir þættir sem segja frá upphafi embættistíðar hins mótsagnakennda og umdeilda Lenny Belardo eða Píusar páfa 13. sem er jafnframt fyrsti ameríski páfinn.



SEX AND THE CITY
Carrie Bradshaw er loksins að fara að ganga í það heilaga með Mr. Big en að sjálfsögðu mun sú langþráða athöfn ekki ganga eins og í sögu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

## Sunnudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Elías
**07.55** Doddi litli og Eyrnastór
**08.10** Doddi litli og Eyrnastór
**08.25** Kormákur
**08.40** Ævintýraferðin
**08.55** Zigby
**09.05** Heiða
**09.30** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.40** Tommi og Jenni
**10.00** Teen Titans Go!
**10.20** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga
**10.45** Ellen
**11.25** Jólastjarnan 2016
**11.45** Nágrannar
**12.05** Nágrannar
**12.25** Nágrannar
**12.45** Nágrannar
**13.05** Nágrannar
**13.30** Logi 2016
**14.25** Modern Family
**14.50** Ísskápastríð
**15.25** Spilakvöld
**16.20** Lóa Pind. Bara geðveik
**16.55** Landnemarnir
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** The Simpsons
**19.35** Kevin Can Wait
**20.00** Leitin að upprunanum Vandaðir nýir þættir þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hjálpar þremur íslenskum stúlkum að leita að líffræðilegum foreldrum sínum víða um heim.
**20.40** Borgarstjórinn Ný gamanþáttasería sem skartar einvalaliði leikara og fjallar um daglegt líf Borgarstjórans í Reykjavík.
**21.15** Gásmamman Hörkuspennandi nýir sænskir þættir sem fjalla um Sonju sem hingað til hefur lifað afar góðu og áhyggjulausu lífi með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms.
**22.10** The Young Pope
**23.10** 60 Minutes
**23.55** Eyewitness
**00.35** Þær tvær
**01.00** Westworld Hörkuspennandi þáttaröð úr smiðju J.J. Abrams og Jonathans Nolan sem byggð er á kvikmynd Michaels Crichton. Þættirnir gerast í fullorðins þemagarði sem gengur úr á að vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins.
**01.55** The Night Shift
**02.40** Love is Strange
**04.10** The Face of Love

### STÖÐ 2 SPORT

**06.50** Leicester - Middlesbrough
**08.30** Hull City - WBA
**10.10** Swansea - Crystal Palace
**11.50** Watford - Stoke
**14.10** Arsenal - Bournemouth
**16.20** Man. United - West Ham
**18.40** Premier League World
**19.10** Real Madrid - Sporting
**20.50** NFL Gameday
**21.20** Oakland Raiders - Carolina Panthers
**00.20** Real Sociedad - Barcelona

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.20** Man. Utd. - Feyenoord
**09.10** Wolverhampton - Sheffield Wednesday
**10.50** Bayern München - Bayer Leverkusen
**12.30** Formúla 1 - Keppni
**15.30** Einvígið á Nesinu
**16.20** Southampton - Everton
**18.30** NBA Special. 1984 NBA Draft
**19.40** Real Sociedad - Barcelona
**21.45** Liverpool - Sunderland
**23.25** Man. United - West Ham

### STÖÐ 3

**16.35** Hollywood Hillbillies
**17.00** The Last Man on Earth
**17.20** Comedians
**17.45** League
**18.10** Mike & Molly
**18.35** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Fóstbræður
**19.50** Cougar Town
**20.15** Bob's Burgers
**20.40** American Dad
**21.05** South Park
**21.30** Cold Case
**22.15** The Sopranos
**23.10** The Vampire Diaries
**23.50** Fóstbræður
**00.15** Bob's Burgers
**00.35** American Dad
**01.00** Cold Case
**01.45** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Kormákur
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.13** Kormákur
**11.25** Brunabílarnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.35** Stóri og Litli
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.13** Kormákur
**15.25** Brunabílarnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.35** Stóri og Litli
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Lási löggubíll

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** CME Group Tour Championship
**11.00** Golfing World
**11.50** PGA Championship
**13.50** US Open
**17.05** RSM Classic
**20.05** PGA Tour - Highlights
**21.00** DP World Tour Championship

### BÍÓSTÖÐIN

**08.25** Away & Back
**10.00** Fed up
**11.35** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**12.55** Jersey Boys
**15.10** Away & Back
**16.50** Fed up
**18.25** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**19.45** Jersey Boys
**22.00** Sex and the City Geysivinsæl bíómynd byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum. Í myndinni tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í þáttunum. Carrie Bradshaw er loksins að fara að ganga í það heilaga með Mr. Big. En að sjálfsögðu mun sú langþráða hjónavígsla ekki ganga auðveldlega.
**00.25** Rush Hour 3 Þriðja myndin í hinum geysivinsæla myndaflokki um tvíeykið bardagaglaða sem heldur hér áfram að berjast gegn ótíndum glæpamönnum. Það eru sem fyrr þeir Jackie Chan og Chris Tucker sem fara á kostum í myndinni.
**02.00** Numbers Station
**03.30** Sex and the City

### RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.15** Krakkafréttir vikunnar
**10.30** Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
**10.45** Draumurinn um veginn
**12.30** Tobias og sætabrauðið
**13.00** Áttundi áratugurinn – Bardagi kynjanna
**13.45** Viðtalið
**14.10** Baráttan fyrir hinsegin jafnrétti
**16.05** Reimleikar
**16.35** Kiljan
**17.20** Menningin
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Ævintýri Berta og Árna
**18.00** Stundin okkar
**18.25** Innlit til arkitekta
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.20** Ferðastiklur
**21.05** Svikamylla
**22.10** 79 af stöðinni
**23.35** Fallið
**01.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The McCarthys
**08.20** King of Queens
**08.45** King of Queens
**09.05** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.50** Odd Mom Out
**10.15** Speechless
**10.35** Younger
**11.00** Dr. Phil
**11.40** Dr. Phil
**12.20** Dr. Phil
**13.00** The Tonight Show
**13.40** The Tonight Show
**14.20** The Voice USA
**15.50** Superstore
**16.10** No Tomorrow
**16.55** Royal Pains
**17.40** Psych
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.30** The Voice USA
**20.15** Chasing Life
**21.00** Law & Order: Special Victims Unit
**21.45** The Affair
**22.30** Fargo
**23.15** Hawaii Five-0

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LAGER SALA

## Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## Frábærar jólagjafir!

NÝTT Haust 2016



DÚNJAKKAR *DÖMU & HERRA*
15.000 KR *100% ANDARDÚNN*



PARKA ÚLPA *DÖMU & HERRA*
18.000 KR *EKTA SKINN Á HETTU*



KULDAÚLPUR 9.000 KR
BARNAÚLPUR 7.000 KR
*einnig til í rauðu*



KULDAÚLPUR Á BÖRN
10.000 KR



100% DÚNJAKKAR Á BÖRN
7.000 KR



GRI-SPORT LEÐURGÖNGUSKÓR
10.000 KR



HLÝJIR OG LIPRIR KULDAGALLAR
10.000 KR



POLLAGALLAR Á BÖRN
5.000 KR

OPNUNAR TÍMI
26. NÓV LAUGARDAGUR KL. 12-16
27 NÓV SUNNUDAGUR KL. 12-16

NÝTT KORTATÍMABIL

NORTH ROCK
- heldur á þér hita í vetur!



Johnny Rotten á bar með bjór í dós snemma á ferlinum.



Hljómsveitin í Bandaríkjunum. Frá vinstri: Johnny Rotten, Sid Vicious, Steve Jones og Paul Cook í Bandaríkjunum.



Johnny Rotten á tónleikum Sex Pistols í Roseland Ballroom í New York árið 1996.

# 40 ÁR frá útgáfu lagsins sem breytti PÖNKINU



Johnny Rotten pósar í Notting Hill.



Bandið á síðustu alvöru tónleikum sínum í San Francisco árið 1978.

Lagið **Anarchy in the UK** með **Sex Pistols** kom út fyrir 40 árum en lagið setti breska samfélagið nánast á hliðina. Lagið er númer 56 á topplista Rolling Stone yfir 500 bestu lög allra tíma. Það var einnig tekið inn í rokkhöllina sem einn helsti áhrifavaldur rokkara um víða veröld.




Auglýsingin fyrir lagið God Save the Queen sem birtist í maí 1977. MYND/GETTY



Sid Vicious, ásamt kærustu sinni Nancy Spungen og Lemmy úr Motörhead í góðum gír.



Meðlimir hljómsveitarinnar ásamt umboðsmanni sínum, Malcolm McLaren, að skrifa undir nýjan samning við A&M-útgáfuna þann 10. mars 1977.

# TÓNLIST OG DVD FYRIR JÓLIN




Haukur Morthens er einn ástsælasti söngvari íslenskrar tónlistarsögu og söng hann um 140 lög inn á hljómplötur. Samtals hafa varðveist um 190 upptökur á plötum en þar að auki er allnokkuð til af óútgefnu efni. Nú hafa 42 bestu lög eins eftirminnilegasta tónlistarmanns sem þjóðin hefur átt, verið sett saman á geisladisk til að minnast ævistarfs þessa yndislega tónlistarmanns sem ávallt hafði svo fallega nærveru og kom svo prúðmannlega fram.

**3.199kr**
969456

Glitrandi gullmolar úr Ríósafninu!
Ríó Tríó eiga veglegum ferli að fagna og hefur platan þeirra að geyma 50 af vinsælustu lögum Ríó tríós!




**2.999kr**
969455




Skemmtileg mynd fyrir alla þar sem Rauður, Toggi og Bombi eru í aðalhlutverkum!



**2.399 / 3.499 / 4.699kr**
964584 DVD - 964746 BLR - 964747 BLR 3D




Manny, Sid, Diego og hinir leggja upp í enn eina langferðina og lenda í ýmsum ævintýrum!



**2.399 / 3.499kr**
969933 DVD - 969934 BLR




**2.399kr**
969331




Pó og félagar í pönduparadís!



**2.399kr**
965265




**2.399kr**
964586

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla








The Weeknd er búinn að klippa sig og er orðinn stórstjarna en hann heldur samt alltaf áfram í gamla góða partístandinu sínu.

# Helgarhetjan frá Toronto

**The Weeknd** var að senda frá sér sína þriðju plötu, Starboy, í gær. Platan fjallar um frægðina og allt það erfiði sem henni fylgir.

Kanadíski söngvarinn Abél Makkonen Tesfaye sem í daglegu tali er oftast kallaður The Weeknd hefur sent frá sér sína þriðju breiðskífu og ber hún titilinn Starboy. Titillag plötunnar gerði hann ásamt frönsku raftónlistargoðunum í Daft Punk og hefur það fengið að hljóma töluvert á öldum ljósvakans.

The Weeknd byrjaði feril sinn sem huldumaður árið 2011 en þá sendi hann frá sér mixteipið House of Balloons. Teipið vakti mikla athygli og var ansi ferskt á sínum tíma – tónlistin var mikið til sömpluð úr nokkuð óvenjulegum áttum – Cocteau Twins, Siouxsie and the Banshees og Rock the Boat með Aaliyah og Beach House. Það voru þó textarnir sem voru hvað áhugaverðastir. Þeir voru yfirleitt frá sjónarhorni manns sem minntist sukks og svínarís gærdagsins og mest allt sungið í kynlausri falsettu sem minnir óneitanlega svolítið á meistara Michael Jackson – en textarnir minna þó ekki neitt á konung poppsins og eru töluvert myrkari og grófari en nokkuð það sem Jackson heitinn lét út úr sér.

Árið 2011 var stórt fyrir The Weeknd en auk House of Balloons komu út tvö önnur mixteip – Thursday og Echoes of Silence. Það er ekki fyrr en árið 2013 að Kissland, fyrsta breiðskífa Weeknd kemur út og gengur ágætlega, selst í um 300 þúsund eintökum í Bandaríkjunum.

Hins vegar er það ekki fyrr en árið 2015 sem The Weeknd verður að alþjóðlegri poppstjörnu en þá sendir hann frá sér plötuna Beauty Behind the Madness og hún toppar sölutölur Kissland um næstum milljón eintök. Sú plata innihélt Can't Feel My Face sem varð eitt mest spilaða lag ársins og skaut Abél frá Kanada, sem áður hafði verið frekar listrænn R&B söngvari, beina leið á stjörnuhimininn.



Daft Punk aðstoða The Weeknd í tveimur lögum á nýju plötunni; titillaginu og laginu I Feel It Coming.

En þessi 26 ára Toronto drengur hefur þó ekki breyst mikið, myrkrið hefur reyndar fengið að víkja fyrir töluvert bjartari tónsmíðum og hann klippti á sér hárið, en sukkið er enn þarna – ef textinn við Can't Feel My Face er grandskoðaður má greina gríðarlega lúmskar vísanir í eiturlyfjanotkun... eða er það kannski snarpur stingur ástarinnar sem veldur þessum doða í andlitinu á honum? **stefanthor@frettabladid.is**




# VIÐ FÖGNUM 40 ÁRA AFMÆLI

## FJÖLDI TILBOÐA AF ÝMSUM VÖRUM AF ÞVÍ TILEFNI

TIMEOUT
STÓLL + SKEMILL

25%
AFSLÁTTUR



TILBOÐSVERÐ
284.775
VERÐ ÁÐUR 379.700

TILBOÐSVERÐ
66.430
VERÐ ÁÐUR 94.900



DEGANO

TILBOÐSVERÐ
112.980
VERÐ ÁÐUR 161.400



JERSEY BORÐ MEÐ 2 STÆKKUNUM

TILBOÐSVERÐ
41.840
VERÐ ÁÐUR 52.300



JERSEY HLIÐARBORÐ

TILBOÐSVERÐ
29.900
VERÐ ÁÐUR 39.900



HYPE

CAPPACHINO 80 CM
TILBOÐSVERÐ
36.720
VERÐ ÁÐUR 45.900



CAPPACHINO 60 CM
TILBOÐSVERÐ
24.960
VERÐ ÁÐUR 31.200

LÍNAN

BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGI | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARD. 11 - 16

# Lífið í vikunni
## 20.11.16–26.11.16



### FALLEGAR, MYRKAR OG BRENGLAÐAR FANTASÍUR KANYE WEST

Kanye West var mikið í fréttunum í vikunni. Hann sendi frá sér nýja týpu af Yeezy Boost-skónum sínum og platan hans My Beautiful Dark Twisted Fantasy átti 6 ára afmæli. Hins vegar þurfti hann að hætta við tónleikaferðalag sitt og var lagður inn á sjúkrahús „vegna ofþreytu“ segja fréttamiðlar ytra.



### RISATÓNLEIKAR MEÐ RAMMSTEIN

Þýsku þungarokkararnir í hljómsveitinni Rammstein koma aftur til landsins en þeir komu síðast fyrir einum fimmtán árum. Frosti Logason, kynningarfulltrúi tónleikanna, kallar þessa fyrri tónleika barnaskólaleikrit í samanburði við þá sem verða hér í maí á næsta ári.

### FYLGIST MEÐ GKR

Rapparinn GKR gaf út myndband við lagið Meira fyrir viku en það vakti talsverða athygli bæði hérlendis sem og erlendis, en það var hlaðið upp á YouTube-reikningi Mad Decent-plötuútgáfunnar. Hún er stofnuð af engum öðrum en Diplo sem margt hefur brallað í tónlistarheiminum í gegnum tíðina.



### LYGABLAÐRIÐ Í BLÖÐUNUM



Töluverða athygli vakti í síðustu viku þegar ungur maður sagðist hafa hitt Justin Bieber og eytt með honum tíma hér á Íslandi. En þetta er alls ekki í fyrsta sinn sem fjölmiðlar eru blekktir og Lífið tók saman nokkur skemmtileg tilvik þegar viðmælandi gabbaði blaðamann upp úr skónum.





FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
STILLANLEG HEILSURÚM

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING
· LED-vasaljós
· Klukka
· Vekjaraklukka
· Upp/niður höfðalag
· Upp/niður fótasvæði
· Rúm í flata stöðu
· 2 minni
· Nudd
· Bylgjunudd

STILLANLEGT RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800
Tilboð 442.350 kr.

OKKAR KLASSÍSKI
HEILSUINNISKÓR
Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótsvæðið. Ný og endurbætt útgáfa!
3.900 KR.

NÝJUNG Í BETRA BAKI
SLÖKUN OG VELLÍÐAN
UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. Komdu og prófaðu!
5 zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG
7.900 KR.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK




Brynja Dan Gunnarsdóttir var í fyrstu tveimur þáttum Leitarinnar að upprunanum og sló í gegn svo um munaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fylgst betur með þeim sem stela

**Búið er að kæra einstaklinga fyrir að dreifa ólöglega höfundaréttarvörðu efni. Þættir Jóns Gnarr, Borgarstjórinn, hafa verið niðurhalaðir 21.800 sinnum og Leitin að upprunanum 14.400 sinnum.**

Sérhæfð fyrirtæki munu héðan í frá fylgjast grannt með IP-tölum þeirra sem hlaða íslensku sjónvarpsefni inn á ólöglegar síður. Með því að nýta sér þjónustu eins og Torrent eru þeir sem sækja sjónvarpsefni sjálfvirkt að deila því. Nýlega lagði 365 fram kærur á hendur aðilum sem gerst hafa sekir um að dreifa ólöglega höfundaréttarvörðu efni. Þetta segir í tilkynningu frá fyrirtækinu en þar segir að sex þættir af Borgarstjóranum sem eru sýndir á Stöð 2 hafi verið halaðir niður 21.800 sinnum. Leitin að upprunanum, þáttaröð Sigrúnar Óskar, hefur verið höluð niður 14.400 sinnum.

> ÞETTA MEIÐIR OKKUR SEM VINNUM Í ÞESSU ÞVÍ ÞETTA GERIR OKKUR ERFIÐARA FYRIR AÐ FÁ FJÁRMAGN TIL FRAMLEIÐSLU Á SJÓNVARPSEFNI.
>
> Jón Gnarr

Þar er ekki eingöngu verið að stela frá sjónvarpsstöðvum heldur einnig framleiðslufyrirtækjum, leikstjórum, leikurum, dagskrárgerðarfólki og öðrum stéttum sem koma að framleiðslu íslenskrar dagskrárgerðar og hafa atvinnu af. Að baki hverrar þáttaraðar standa tugir og oft hundruð einstaklinga.

„Það er ekki óskastaða að vera full á móti. Stöndum heldur saman, styðjum innlenda dagskrárgerð, höldum áfram að búa til hágæða sjónvarpsefni, verum stolt af því og njótum þess að horfa á það,“ segir í tilkynningunni.



> STUNDUM SEGIR FÓLK MEIRA AÐ SEGJA Á FACEBOOK AÐ ÞAÐ HAFI HALAÐ ÞÆTTINA NIÐUR OG MERKIR MIG Í FÆRSLUNNI. ÞAÐ EITT SEGIR MÉR AÐ ÞAÐ SÉ EKKI AÐ ÁTTA SIG Á ALVÖRU MÁLSINS.
>
> Sigrún Ósk Kristjánsdóttir

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir dagskrárgerðarkona segist vera hissa á því hvað fólki finnst sjálfsagt mál að sækja sér efni á ólöglegan hátt.

„Auðvitað finnst mér gaman að það séu svona margir sem hafa áhuga á að sjá þættina en um leið sárnar mér að fólki finnist sjálfsagt að stela þeim. Ég fæ það stundum á tilfinninguna að það sé ekki að hugsa málið alveg til enda. Stundum segir fólk meira að segja á Facebook að það hafi halað þættina niður og merkir mig í færslunni. Það eitt segir mér að það sé ekki að átta sig á alvöru málsins.“

Sigrún hefur lagt gríðarlega vinnu í þættina og dagarnir eru oft langir þegar búa á til vandaða þætti. „Ég er búin að leggja allt sem ég á í þessa þætti og mér finnst svolítið skrýtið hvað mörgum finnst sjálfsagt mál að stela því með einum smelli. Þar með minnkar líka möguleiki okkar á að búa til meira vandað efni í framtíðinni.“

Jón Gnarr segir niðurhalið óheppilega hefð.

„Þetta meiðir okkur sem vinnum í þessu því þetta gerir okkur erfiðara fyrir að fá fjármagn til framleiðslu á sjónvarpsefni. Auðvitað væri best ef hægt væri að finna leiðir til að leyfa fólki að nálgast sjónvarpsefni á hagkvæman og löglegan hátt,“ segir Jón.

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




MOUNT
HEKLA

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar



# Kolbrúnarskáldið á Facebook?

Eftir orrustuna við Stiklastaði reikaði Þormóður Kolbrúnarskáld, illa sár, inn í hlöðu þar sem særðir menn lágu. Hrokafullur bóndi hæddist að konungsmönnum og sagði þá kvartsára. Þormóður reiddist og hjó af manninum báðar rasskinnarnar og sagði honum sjálfum að bera sig vel. Bóndinn skrækti þá bæði sárt og hátt. Þormóður sagði þá að hann „brækti“ eins og geit og veinaði sem meri en aðrir í hlöðunni kvörtuðu ekki þrátt fyrir alvarlega áverka. Þormóður gerði gys að þessum vælukjóa, enda tíðkaðist ekki að bera harm sinn á torg.

Nú er öldin önnur. Bóndinn mundi umsvifalaust skrifa um lífsreynslu sína á Facebook og lýsa nákvæmlega áverkum sínum og þjáningum. Hann mundi birta myndir af sér á sjúkrabeði, liggjandi á maganum með umbúðir á rassinum og vökva í æð. Allir vinir bóndans gætu á næstu vikum fylgst nákvæmlega með veikindum hans, lyfjagjöfum, þvaglátum, hægðum og gangi meðferðar. Nýjar myndir daglega. Væntanlega myndi hann fá nokkur þúsund læk og ómælda samúð og athygli.

Afstaða þjóðarinnar til friðhelgi einkalífsins hefur gjörbreyst á síðasta áratug. Athafnir daglegs lífs í gleði og sorg, trúlofanir, afmælisdagar, veikindi, dauði og fæðingar eru gerðar öllum opinberar. Þessu fylgir algjört markaleysi gagnvart viðkvæmum persónulegum upplýsingum og myndum sem er kastað út á internetið gagnrýnislaust. Menn hugsa upphátt fyrir framan tölvuna með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Aldrei hefði Þormóður Kolbrúnarskáld farið á Facebook enda gekk hann undir dulnefninu Ótryggur Tortryggsson í Fóstbræðrasögu. Hann vissi sem var að ekki eru allir viðhlæjendur vinir svo að hann hefði ekki lagt líf sitt í kjöltu alþjóðar.







